



Árbók kirkjunnar 2013-2014

Prófastsdæmi, prestaköll og sóknir

Árbók kirkjunnar 2013-2014

1. júní 2013 – 31. maí 2014

Forsíðumynd:
Vinavikan á Vopnafirði heimsótti
Biskupsstofu á árinu.

Ljósmyndari Árni Svanur Daníelsson

Árbók kirkjunnar 2013-2014 1. júní 2013 - 30. júní 2014

Október 2014

Þar sem Prestastefna 2014 var haldin í júní ná upplýsingar í Árbókinni að þessu sinni til júníloka en ekki maíloka eins og verið hefur undanfarin ár.

Útgefandi: Biskupsstofa, Laugavegi 31, 150 Reykjavík, s. 528 4000
Umsjón: Guðrún Finnbjarnardóttir og Þorvaldur Víðisson (ábm.)

Umbrot: Guðrún Finnbjarnardóttir
Prentun Oddi ehf.

Efnisyfirlit

Prestastefna Íslands 2014	7
Setningarræða biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur	7
Synodusárið 2013-2014	17
Kirkjuþing 2013	19
Ávarp forseta kirkjuþings, Magnúsar E. Kristjánssonar	19
Ávarp innanríkisráðherra, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur	24
Ávarp biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur	28
Kirkjuþing unga fólksins 2014	31
Leikmannastefna Þjóðkirkjunnar 2014	34
Vígslubiskup Skálholtsstiftis	36
Vígslubiskup Hólastiftis	39
Fjármálasvið Biskupsstofu	43
Störf kirkjuráðs	47
Starfið á árinu 2013-2014	52
Fræðslumál – Unglingastarf – Kærleiksþjónusta – Fjölskylduþjónusta kirkjunnar – Alþjóðatengsl og þvertrúarlegt samstarf – Samskipta- og upplýsingamál – Kvikmyndastarf kirkjunnar	
Stofnanir, nefndir, ráð og félög	74
Ellimálanefnd Þjóðkirkjunnar – Fagráð um meðferð kynferðisbrota – Hjálparstarf kirkjunnar – Hópslysanefnd – Kirkjugarðaráð – Kirkjuhúsið Skálholtsútgáfan – Kirkjumiðstöð Austurlands við Eiðavatn – Kirkjumiðstöð í Reykholti – Fræðslusetur Þjóðkirkjunnar að Löngumýri – Holt í Önundafirði-Friðarsetur – Nefnd Þjóðkirkjunnar um kristniboð og hjálparstarf – Samband íslenskra kristniboðsfélaga – Sálmaþókarnefnd – Tónskóli Þjóðkirkjunnar – Þjóðmálanefnd	
Sérþjónustuprestar	110
Fangaprestur Þjóðkirkjunnar – Prestur fatlaðra – Kirkja heyrnarlausra – Prestur innflytjenda – Prestur Íslendinga í Noregi – Trúarleg þjónusta á Sjúkrahúsinu á Akureyri	
Starfið í prófastsdæmunum	133
Suðurprófastsdæmi – Kjalarnessprófastsdæmi – Reykjavíkurprófastsdæmi eystra – Reykjavíkurprófastsdæmi vestra – Vesturlandsprófastsdæmi – Vestfjarðaprófastsdæmi – Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi – Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi – Austurlandsprófastsdæmi	

Mannfjöldi eftir trúfélögum	171
Prófastsdæmi, prestaköll og sóknir	173
Prestar í sérþjónustu	187
Djárnar í sérþjónustu	188
Félög og stofnanir	189
Stjórnir og starfsnefndir	191
Biskupsstofa og aðrar stofnanir	193

Prestastefna Íslands 2014

Setningarræða biskups

Vígslubiskupar, prestar, djáknar og gestir. Það er mér sönn ánægja að bjóða ykkur velkomin við setningu prestastefnunnar hér á Ísafirði. Ég þakka sr. Elínu Hrund fyrir prédikunina við guðsþjónustuna og vígslubiskupunum og prestunum hér í Vestfjarðaprófastsdæmi fyrir helgihaldið. Einnig þakka ég Huldu organista og kirkjukórnum fyrir tónlistina og Ingunni Ósk fyrir einsönginn. Við undirbúningu prestastefnunnar í ár voru margir kallaðir til þjónustunnar. Prófastar landsins, prestarnir hér í Vestfjarðaprófastsdæmi sem og djákni og þau er munu annast málstofur og kynningar á morgun auk fyrirlesarans. Að venju hefur starfsfólk Biskupsstofu lagt sig fram við undirbúninginn. Ég vil þakka ykkur öllum fyrir framlag ykkar sem og þeim Ísfirðingum og Bolvíkingum, sem undirbúið hafa komu okkar hingað, skólastjóra Menntaskólans fyrir að leyfa okkar að nota aðstöðu skólans og starfsfólki sjúkrahússins sem undirbýr kapelluna fyrir einn hópinn. Það hefur verið einstaklega ánægjulegt að finna það jákvæða viðmót og þá miklu þjónustulund sem í fólkinu hér býr, en það kemur mér svo sem ekki á óvart. Ég trúí því líka að prófasturinn sé ánægður með komu okkar hingað, því nokkuð mörg ár eru síðan hann bar fram tillögu þessa efnis á prestafundi, sem samþykkt var og send biskupi.

Síðast var prestastefna haldin hér fyrir 35 árum, árið 1979, en þá voru nokkrir prestanna sem þjóna í dag, ekki fæddir. Þetta eru þó ekki einu skiptin sem Ísafjarðarkirkja hefur verið þéttsetin prestum. Árið 1925 var sá merki atburður



Við upphaf
Prestastefnu 2014
á Ísafirði

í gömlu Ísafjarðarkirkju að vígður var grænlenstur prestur, sem var á leið til Scoresbysunds úr Vestribyggð til að stofna þar nýlendu með fleira fólki. Hitti fólkið hér vígslumanninn Schultz Lorentsen, prófast frá Danmörku. Það er skemmtileg lýing frá þessum atburði í endurminningabók sr. Péturs Sigurgeirssonar enda fylltist bærin af fólki eins og kirkjan. Sú saga gekk hér um bæinn að ef sjö prestar stæðu fyrir altari kirkjunnar í einu myndi Gleiðarhjalli hrynja. Það gerðist ekki og enn blasir hann við þegar gengið er út úr kirkjunni. Faðir Péturs, séra Sigurgeir Sigurðsson, þáverandi sóknarprestur og síðar biskup Íslands, lýsti prestsvígslunni. Vígsluræðutextinn voru síðustu orðin í Matteusarguðspjalli, kristniboðsskipunin.

Vegna kristniboðsskipunarinnar erum við hér í dag. Við höfum hlýtt því kalli er Drottinn sjálfur bar fram. Við höfum fetað í fótspor lærisveinanna, skírt og kennt, í krafti hans er hefur allt vald á himni og á jörðu. Það hefur ekki alltaf verið auðvelt að skipuleggja prestsþjónustu á þessu svæði landsins og eru margar sögur til af ferðum presta gangandi yfir fjöll, siglandi á sjó og svífandi skýjum ofar í flugvél. Með batnandi vegasamgöngum og jarðgangagerð hafa miklar breytingar átt sér stað sem hafa leitt til breytinga í skipun prestakalla og prófastsdæma.

Núna tilheyrir Ísafjarðarprestakall Vestfjarðarprófastsdæmi, sem nær yfir allan



Vestfjarðakjálkann. Árið 1974 tilheyrði Ísafjörður Ísafjarðarprófastsdæmi og í ár minnumst við þessar þegar sr. Auður Eir Vilhjálmsdóttir var vígð til prestsþjónustu á Suðureyri við Súgandafjörð fyrst íslenskra kvenna. Það var sögulegur atburður í kirkjusögunni og vel fagnað þegar hún var sett inn í embættið í byrjun október árið 1974. Í bókinni „Sólin kemur alltaf upp á ný“ lýsir sr. Auður því þegar þau hjón komu fyrst á Suðureyri áður en hún var vígð. Sr. Elína rifjaði það upp í prédikun sinni hér áðan þegar þau hittu Sturlu Jónsson sóknarnefndarformann. Síðar var hann spurður í blaðaviðtali hvernig það legðist í Súgfirðinga að fá konu sem prest. „Mér er óhætt að segja að margir hér eru mjög ánægðir. Auður Eir hefur komið hingað nokkrum sinnum, alltaf í sólskini og blíðu, og henni leist vel á sig og við gleðjumst yfir því. Það varð útfallið að hún ætlað að koma. Við verðum þá víst fyrstir á Íslandi til að hafa konu sem prest. Það er ágætt og rétt þróun sem vonandi er að verði öllum til góðs.“

Vestfjarðarprófastsdæmi er fyrsta prófastsdæmið sem náði því að hafa jafnan fjölda kynja í prestsþjónustu. Svo ég haldi áfram að tengja Ísafjörð við kirkjusöguna, þá má geta þess að síðastliðin 75 ár hefur þriðji hver biskup Íslands komið héðan. Sigurgeir Sigurðsson var prestur hér á Ísafirði en hann varð biskup árið 1939. Pétur sonur hans var alinn upp hér í bæ en hann gegndi biskupsþjónustu alls landsins frá árinu 1981-1989. Sú er hér stendur var kjörin biskup árið 2012. Og svo bæta Ísfirðingar við, þau hafa öll búið í sama húsinu, Pólgötu 10.

Horfum inn á við

Á þessari prestastefnu beinum við sjónum inn á við í kirkjunni. Við hugum að innviðum hennar. Við viljum hafa sterka kirkju með skýra sjálfsmynd. Það er sagt að engin stofnun sé betri eða verri en þau sem þar starfa, enda er stofnun dauð án starfsmannanna. Þjóðkirkjan er stofnun sem hefur þjóna um land allt. Það er sérleiki hennar á meðal stofnana þjóðfélagsins. Þjóðkirkjan er veraldleg stofnun, sem fer eftir landslögum og þeim reglum er henni eru settar af kirkjuþingi. Hún er andleg stofnun er flytur boðskap er kom frá himnum og var fyrst boðaður hirðum úti í haga. Regluverk hennar er flókið og skiptar skoðanir eru um hlutverk hennar í samfélaginu. Það getur því verið ærið verkefni að vera þjónn hennar enda eru miklar kröfur gerðar til okkar er höfum játast því að prédika orð Guðs hreint og ómengað og sinna kærleiksþjónustu í kirkjunni.

Boðskapur þjóðkirkjunnar, hinn kristni boðskapur á mikið erindi til samtímans. Á tímum þegar leitað er að gildum, grunni til að byggja líf sitt á, í flóknum heimi þar sem allt getur gerst og óréttlæti hvers konar veður uppi er þörf á vegvísun á lífsins leið. Kirkjunnar fólk þarf á því að halda að finna styrk til áframhaldandi göngu og djörfung til að þjóna í anda Jesú Krists.

Næstu tvo daga munum við vonandi uppbyggjast til að kirkjan okkar verði enn þá betri og við verðum ennþá öruggari í því sem við erum að gera. Við byrjun hvorn dag á að lesa í Biblíunni, þar sem grundvöllur trúar okkar er birtur. Prófastar landsins hafa undirbúið þann þátt prestastefnunnar. Efnið hefur verið birt á innri vefnum og munu prófastar leiða umræðuna í hópunum. Hvorn dag er hægt að velja og taka þátt í þeim hópi er hugurinn stendur til. Biblíutextarnir eru valdir með það í huga að



uppörva og velta fyrir sér því sem máli skiptir í kirkjunni og fyrir prestinn. Lestrarnir fjalla um viðurkenninguna og valið, yfirvöldin og óttann, hirðinn og hjörðina, valdið og þjóninn, hlutverkið og söfnuðinn, sjálfsmyndina og Guð. Fyrirlesturinn sem fluttur verður í fyrramálið tekur á mörgu því sem gott er að hafa í huga í lífi og þjónustu. Málstofur og kynningar eftir hádegi á morgun fjalla um margt af því sem við sýslum við í daglegri þjónustu.

Prestastefna hefur það hlutverk að fjalla um málefni prestastéttarinnar og önnur kirkjuleg málefni. Á fimmtudaginn verða rædd tvö kirkjuþingsmál er snerta presta mjög mikið sem og kirkjuna alla. Það er frumvarpið um þjóðkirkjulögin og tillögur um val á prestum. Í núverandi lögum er djákna ekki getið en það kann að verða breyting á þegar ný lög verða samþykkt. Tel ég það geta styrkt stöðu djákna í kirkju okkar og skerpt á þeirra mikilvæga hlutverki. Er það von mín að samfélagið við Guð og hvert annað uppörvi og gefi gleði sem fylgir okkur alla leið heim.

Hlutverk og framkvæmd

Hlutverk kirkjunnar hefur ekki breyst í aldanna rás. Það er að boða trú á Jesú Krist. Kirkjunni ber að standa vörð um trú og kristni í landi okkar. Þær aðferðir sem notaðar eru til boðunar hafa breyst. Fleiri miðlar eru í boði og hefur þjóðkirkjan tekið marga þeirra í notkun, bæði yfirstjórnin og söfnuðirnir. Það er umhugsunarefni hvernig Kirkjan miðlar upplýsingum, hvort hún svari kallinu eða stjórni sjálf því sem frá henni fer. Þetta er eitt af því sem til skoðunar er og er þess að vænta að á þessu ári verði komist að niðurstöðu hvað kynningarmál kirkjunnar varðar. Oftar en ekki verð ég vör við að almenningi er ekki kunnugt um það starf er fram fer í kirkjum og söfnuðum landsins. Þess vegna kom upp sú hugmynd að búa til stutt myndbönd er segja frá því helsta er fram fer í prófastsdæmunum. Prófastar tóku vel í hugmyndina



Hólskirkja í Bolungarvík

og afraksturinn verður kynntur hér á stefnunni. Mismunandi aðferðir voru notaðar við öflun efnisins enda prófastsdæmin mörg hver víðfeðm og langt á milli staða. Þetta gæti þó orðið einn liður í að kynna starf kirkjunnar betur.

Á vísitasíum fæ ég að kynnast fjölbreyttu starfi sem unnið er af natni og kærleika til Guðs og manna. Einnig þakklæti fyrir nærveru Kirkjunnar á hversdögum sem hátíðum.

Frá síðustu prestastefnu lauk ég við vísitasíu í Kjalarnesprófastsdæmi og hef hafið vísitasíu í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi sem ljúka mun í lok þessa árs. Auk þess hef ég tekið þátt í kirkjuafmælum og prédikað á kirkjudögum í sóknum.

Eitt af því sem Kirkjan hefur umfram aðra er helgihaldið. Víða í kirkjum landsins fer fram fjölbreytt helgihald. Grunnur helgihaldsins er hin hefðbundna sunnudagsguðspjónusta og eiga landsmenn að geta reitt sig á það að sömu textar séu lesnir í öllum kirkjum í þeim messum og sama hefð viðhöfð alls staðar. Aðrar guðspjónustur á öðrum tímum geta verið fjölbreyttari hvað texta og framkvæmd snertir. Það er staðreynd að við nærumst ekki öll af því sama. Það hefur sýnt sig að eftir því sem helgihaldið er fjölbreyttara sækja fleiri stundirnar og þannig nær boðskapur Kirkjunnar til fleiri.

Eignir og rekstur

Eignir þjóðkirkjunnar standa undir rekstri hennar. Nú stendur yfir skoðun á því hvar prestssetur skuli vera í sveit og hvernig þeim eignum er best fyrirkomið. Ennfremur er fyrirkomulag hlunninda prestssetranna til skoðunar og ef breyting verður þar á munu tillögur þar að lútandi fara fyrir kirkjuþing eins og lög gera ráð fyrir.

Eins og fram kom í skýrslu sem unnin var af nefnd á vegum innanríkisráðherra árið 2012 hafa félagsgjöld kirkjunnar, sóknargjöldin, lækkað sem nemur 25%

Að lokinni gróðursetningu í Lúthersgarðinum í Wittenberg.



umfram annan niðurskurð í þjóðfélaginu. Undanfarið hefur nefnd á vegum innanríkisráðuneytisins skoðað hvernig hægt er að bregðast við þessu og mun hún skila niðurstöðu sinni fljótlega. Það þarf að nást góð sátt um fjármál og skipulagsmál til að hið eiginlega hlutverk kirkjunnar gangi vel fyrir sig.

Ályktanir 2013

Á síðustu prestastefnu var biskup og kirkjustjórnin hvött til að taka menntun, starfsþjálfun og símenntun presta og djákna föstum tókum og gera að forgangsmáli í kirkjunni. Í lok apríl var undirritaður samningur við guðfræði- og trúarbragðadeild sem hefur það að markmiði að efla starfsmenntun við deildina svo að hún nýtist sem best guðfræðingum, prestum, djáknum og öðru starfsfólki kirkjunnar. Er samningurinn liður í því að auka símenntun starfsfólks kirkjunnar þó því verkefni sé engan veginn lokið.

Ennfremur var ályktað um einföldun skýrsluskila og að þau yrðu bætt. Fyrsti áfangi þess verkefnis hefur nú þegar farið fram og unnið er að framhaldi þess. Markmiðið er að allar upplýsingar liggi fyrir og verði smám saman allar tiltækar á rafrænu formi. Til þess að svo megi verða þurfa bæði starfsfólk Biskupsstofu og kirkjunnar þjónar að vinna saman.

Afmælisár

Í ár er þess minnst víða í kirkjum og í samfélaginu að 400 ár eru liðin frá fæðingu Hallgríms Péturssonar prests og sálmaskálds.

Næstu þrjú ár eru líka afmælisár sem byrjað er að undirbúa. Árið 2015 eru 200 ár liðin frá stofnun Hins íslenska Biblíufélags, en stofndagur þessa elsta starfandi félags landsins er 10. júlí árið 1815. Margt er í undirbúningi en aðaláherslan



Að lokinni gróðursetningu í Skálholti.

verður lögð á að kynna Biblíuna og innihald hennar auk þess að fjölga meðlimum félagsins. Undanfarin ár hefur ekki verið fjármagn til að hafa framkvæmdastjóra á launum en vegna vinarbragðs og rausnarskapar félaganna á Norðurlöndum og hinna sameinuðu biblíufélaga, *United Bible Societies*, var hægt að ráða framkvæmdastjóra, sem hóf störf hinn 1. febrúar síðastliðinn og var skrifstofan flutt úr turni Hallgrímskirkju á Biskupsstofu. Vefur félagsins, biblian.is var uppfærður og geymir hann fjölda upplýsinga, texta Biblíunnar frá 2007, 1981 og Guðbrandsbiblíu.

Árið 2016 eru liðin 350 ár frá fyrstu útgáfu Passíusálmana og árið 2017 verður 500 ára ártíðar siðbótar Lúthers minnst. Undirbúningur þeirra hátíðar stendur nú yfir um allan hinn lúterska heim. Í Wittenberg rís nú minningargarður þar sem fulltrúar lúterskra kirkna víðs vegar úr heiminum planta trjám (<http://www.luthergarten.de>). Við Íslendingar plöntuðum tré númer 249 og er það eplatré. Okkur var uppálagt að planta systurtré í landi okkar og var því birkitré plantað í Skálholti í síðasta mánuði. Þetta ár sem og næstu þrjú eru því mikil afmælisár sem munu setja mark sitt á starf kirkjunnar með einum eða öðrum hætti.

Samstarf

Þjóðkirkjan á dýrmætt samstarf við kirkjur og kirkjudeildir innan lands sem utan sem og önnur trúfélög. Samtal og samstarf eykur skilning milli manna og eyðir fordómum. Það er engin ástæða til að lifa í ótta eða ala á ótta gagnvart öðrum trúarbrögðum. Meirihluti Íslendinga hefur lýst yfir vilja sínum til að hin evangelísk lúterska kirkja verði þjóðkirkja hér á landi. Skyldur kirkjunnar við þjóðina eru fyrir hendi og því er ástæða til að styrkja innviði hennar svo hún geti sinnt hlutverki sínu sem kirkja þjóðarinnar.

Þjóðkirkjan er aðili að Evrópska kirknasambandinu, Lútherska heimssambandinu,

Messa á Prestastefnu 2014. Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, Solveig Lára Guðmundsdóttir, vígslubiskup á Hólum, Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup í Skálholti, sr. Páll Ágúst Ólafsson



Alkirkjuráðinu og Porvoo samþykktinni. Í niðurlagi formála Porvoo samþykktarinnar segir: „Ef fagnaðarerindið á að móta líf safnaða okkar þá nægja ekki þær hefðir sem við höfum erfð, heldur verðum við að vera opin fyrir nýjum viðfangsefnum. Sérstakt verkefni bíður þeirra sem tilheyra þjóðkirkjum; að vera gagnrýnin og spámannleg rödd í lífi þjóða sinna en einnig að vitna um eininguna í Kristi sem þekkir ekki þjóðerni né landamæri. Við trúum því að sú innsýn og þær tillögur sem er að finna í þessari skýrslu auðveldi okkur að svara einum rómi spurningum sem slíkt vekur, og að þær auðveldi sérhverri af kirkjum okkar að þjóna og bera trú okkar vitni, ekki aðeins meðal sinnar þjóðar eða menningarsvæðis, heldur einnig í hinu víðara samhengi Evrópu“. Þetta eru umhugsarverð orð, sem við höfum skrifað undir sem kirkja.

Í lok október 2013 og byrjun nóvember fór fram heimsping Alkirkjuráðsins. Það var haldið í Busan í Suður-Kóreu. Biskup og biskupsritari sóttu þingið fyrir hönd þjóðkirkjunnar. Yfirskrift þingsins var „Guð lífsins, leiddu okkur til réttlætis og trúar.“ Fólk frá mörgum þjóðum sótti þingið og frá fleiri kirkjudeildum en tilheyra alkirkjuráðinu. Sjónarmiðin voru mörg og sögurnar misjafnar. Vandamál okkar virtust hjóm eitt miðað við margt sem borið var á borð þarna. Fréttir frá þinginu birtust á vefsvæði kirkjunnar, www.kirkjan.is. og þar segir meðal annars: „Biskup frá Sri Lanka ræddi í frábærri framsögu sinni um „guðfræði fórnarlambins“. Hann dró fram í dagsljósið reynslu hinna þjáðu og lagði áherslu á að reynsla einstaklinga og hópa á jaðrinum í samfélaginu og rödd þeirra þyrfti að heyrast í kirkjunni, því kirkjan væri vettvangur sannleikans, réttlætis, kærleika, sáttargjörðar, endurreisnar, uppris og friðar. Hin spámannlega rödd kirkjunnar þyrfti að heyrast og berast.“

Breytingar

Á synodusárinu hafa nokkrir prestar og djáknar vígst til þjónustu í kirkjunni.

Cand. Theol. María Guðrún Gunnlaugsdóttir, var vígð 14. júlí 2013 og skipuð prestur í Patreksfjarðarprestakall, Vestfjarðarprófastsdæmi frá 15. júlí 2014.

Cand. Theol. Arndís G. Bernhardsdóttir Linn, var vígð 14. júlí 2013 og ráðin prestur til Kvennakirkjunnar.

Cand. Theol. Sigríður Rún Tryggvadóttir, var vígð 1. september 2013 og skipuð prestur í Egilsstaðaprestakalli, Austurlandsprófastsdæmi frá 1. ágúst 2013.

Cand. Theol. Páll Ágúst Ólafsson, var vígður 8. desember 2013 og skipaður sóknarprestur í Staðastaðarprestakalli, Vesturlandsprófastsdæmi frá 1. desember 2013.

Margrét Gunnarsdóttir, var vígð 1. september 2013, sem djákni og ráðin til að starfa hjá Bessastaðasókn.

Hólmfríður Ólafsdóttir, var vígð 29. september 2013, sem djákni og ráðin til starfa hjá Bústaðasókn.

Við þökkum Guði fyrir að hafa kallað þau til þjónustu á akrinum og biðjum þeim blessunar Guðs.

Fleiri breytingar hafa átt sér stað í kirkjunni á synodusárinu.

Þórhildur Ólafs, var skipuð prestur í Hafnarfjarðarprestakalli, Kjalarnesprófastsdæmi frá 1. maí 2013.

Jón Helgi Þórarinsson, var skipaður sóknarprestur í Hafnarfjarðarprestakalli, Kjalarnesprófastsdæmi frá 1. október 2013.

Helga Soffía Konráðsdóttir, var skipuð sóknarprestur í Háteigsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 1. desember 2013.

Við biðjum þeim öllum blessunar Guðs á nýjum starfsvettvangi.

Og nokkrir prestar hafa fengið lausn frá embætti á synodusárinu.

Séra Cecil Haraldsson, fékk lausn frá embætti sóknarprests í Seyðisfjarðarprestakalli, Austurlandsprófastsdæmi frá 1. júní 2013.

Séra Guðjón Skarphéðinsson, fékk lausn frá embætti sóknarprests í Staðastaðarprestakalli, Vesturlandsprófastsdæmi frá 1. júlí 2013.

Séra Rúnar Þór Egilsson, fékk lausn frá embætti sóknarprests í Mosfellsprestakalli, Suðurprófastsdæmi frá 1. júlí 2013.

Séra Tómas Sveinsson, fékk lausn frá embætti sóknarprests í Háteigsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 1. september 2013.

Séra Þórhallur Heimisson, fékk lausn frá embætti sóknarprests í Hafnarfjarðarprestakalli, Kjalarnesprófastsdæmi frá 1. september 2013.

Séra Jóhanna Sigmarsdóttir, fékk lausn frá embætti sóknarprests í Egilsstaðaprestakalli, Austurlandsprófastsdæmi frá 1. maí 2014.

Þeim öllum er þökkuð þjónustan í kirkju Krists. Megi blessun Guðs fylgi þeim á lífsins leið.

Andlát

Á synodusárinu lést Séra Arngrímur Jónsson, fyrrverandi sóknarprestur í Háteigsprestakalli í Reykjavíkúrprófastsdæmi vestra. Hann lést 25. febrúar 2014. Arngrímur var fæddur 3. mars 1923. Lauk embættisprófi í guðfræði frá Háskóla Íslands 1946. Eiginkona hans var Guðrún Sigríður Hafliðadóttir er lést 2005.

Frú Salóme Ósk Eggertsdóttir, ekkja séra Hjalta Guðmundssonar, fyrrv. sóknarprests í Dómkirkjunni í Reykjavík, lést 2. október 2013. Séra Hjalti lést 2001.

Frú Sólveig Ásgeirsdóttir, ekkja séra Péturs Sigurgeirssonar, fyrrv. biskups Íslands og sóknarprests í Akureyrarkirkju, lést 27. desember 2013. Séra Pétur lést 2010.

Við þökkum Guði fyrir trúa þjónustu þeirra í kirkjunni og biðjum Guð að helga minningu þeirra og blessa ástvini þeirra. Rísum úr sætum og lútum höfðum í hljóðri bæn.

Breytingar framundan

Eins og kunnugt er eru margar stöður að losna í kirkjunni. Fjölmargir hafa verið kallaðir til valnefndarstarfa undanfarið og verður svo áfram fram á næsta ár. Ég fagna umræðu um breytingu á starfsreglum um val og veitingu prestsembætta og vona að þeirri umræðu ljúki ekki fyrr en þær bestu mögulegu finnist. Eins og reglurnar eru í dag er ekki einfalt mál fyrir valnefnd að ná niðurstöðu en ég veit að þær leggja sig svo sannarlega fram um það. Ég bið þess að skipun prests og undanfari hennar verði söfnuðunum og prestunum til blessunar og að umræðan hér á prestastefnunni um tillögur að vali og veitingu verði málefnaleg og hjálpleg til áframhaldandi vinnu kirkjupingsnefndarinnar.

Styrkjum innviðina

Við höfum hlutverk í kirkju okkar og við höfum sameiginlegt markmið. Hlutverkin eru ekki öll eins og aðstæður misjafnar, en markmiðið er eitt að boða trú á Jesú Krist, í orði og í verki. Við skulum hjálpast að við þetta verkefni og biðja þess að Kirkja okkar styrkist og að boðskapur hennar nái eyrum sóknarbarna okkar. „Þér eruð greinarnar“ er yfirskrift synodus í ár. Við þekkjum þessi orð úr Jóhannesarguðspjalli þar sem Jesús talar við lærisveina sína og minnir þá á að sá ber mikinn ávöxt sem er í honum og að án hans geti þeir alls ekkert gert. Þetta á við lærisveina Jesú á öllum tímum, án hans getum við ekkert gert. Leyfum honum að verka í lífi okkar og þjónustu, minnumst þess að hann er vínviðurinn, við erum greinarnar. Án stofnsins lífa greinarnar ekki. Þetta vissi Páll er hann sagði: „Allt megna ég fyrir hjálp hans sem mig styrkan gerir.“

Bræður og systur. Megi vinátta okkar styrkjast og samheldni okkar aukast, í Jesú nafni. Prestastefna Íslands 2014 er sett.

Synodusárið 2013-2014

Nývígðir prestar

Cand. Theol. María Guðrún Gunnlaugsdóttir, var vígð 14. júlí 2013, sem skipuð hefur verið prestur í Patreksfjarðarprestakall, Vestfjarðarprófastsdæmi frá 15. júlí 2014.

Cand. Theol. Arndís G. Bernhardsdóttir Linn, var vígð 14. júlí 2013, sem ráðin hefur verið prestur til Kvennakirkjunnar.

Cand. Theol. Sigríður Rún Tryggvadóttir, var vígð 1. september 2013, sem skipuð hefur verið prestur í Egilsstaðaprestakalli, Austurlandsprófastsdæmi frá 1. ágúst 2013.

Cand. Theol. Páll Ágúst Ólafsson, var vígður 8. desember 2013, sem skipaður hefur verið sóknarprestur í Staðastaðarprestakalli, Vesturlandsprófastsdæmi frá 1. desember 2013.

Nývígður djákni

Margrét Gunnarsdóttir, var vígð 1. september 2013, sem djákni og ráðin til að starfa hjá Bessastaðasókn.

Hólmfríður Ólafsdóttir, var vígð 29. september 2013, sem djákni og ráðin til starfa hjá Bústaðasókn.

Skipanir í embætti

Þórhildur Ólafs, skipuð prestur í Hafnarfjarðarprestakalli, Kjalarnesprófastsdæmi frá 1. maí 2013.

Jón Helgi Þórarinnsson, skipaður sóknarprestur í Hafnarfjarðarprestakalli, Kjalarnesprófastsdæmi frá 1. október 2013.

Helga Soffía Konráðsdóttir, skipuð sóknarprestur í Háteigsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 1. desember 2013.

Páll Ágúst Ólafsson, skipaður sóknarprestur í Staðastaðarprestakalli, Vesturlandsprófastsdæmi frá 1. desember 2013.

Lausn frá embætti

Séra Cecil Haraldsson, fékk lausn frá embætti sóknarprests í Seyðisfjarðarprestakalli, Austurlandsprófastsdæmi frá 1. júní 2013.

Séra Guðjón Skarphéðinsson, fékk lausn frá embætti sóknarprests í Staðastaðarprestakalli, Vesturlandsprófastsdæmi frá 1. júlí 2013.

Séra Rúnar Þór Egilsson, fékk lausn frá embætti sóknarprests í Mosfellsprestakalli, Suðurprófastsdæmi frá 1. júlí 2013.

Séra Tómas Sveinsson, fékk lausn frá embætti sóknarprests í Háteigsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 1. september 2013.

Séra Þórhallur Heimisson, fékk lausn frá embætti sóknarprests í Hafnarfjarðarprestakalli, Kjalarnessprófastsdæmi frá 1. september 2013.

Séra Jóhanna Sigmarsdóttir, fékk lausn frá embætti sóknarprests í Egilsstaðaprestakalli, Austurlandsprófastsdæmi frá 1. maí 2014.

Andlát

Prestar

Séra Arngrímur Jónsson, fyrrverandi sóknarprestur í Háteigsprestakalli í Reykjavíkuprófastsdæmi vestra lést 25. febrúar 2014. Arngrímur var fæddur 3. mars 1923. Lauk embættisprófi í guðfræði frá Háskóla Íslands 1946. Eiginkona hans var Guðrún Sigríður Hafliðadóttir er lést 2005.

Prestsmakar

Frú Salóme Ósk Eggertsdóttir, ekkja séra Hjalta Guðmundssonar, fyrrv. sóknarprests í Dómkirkjunni í Reykjavík, lést 2. október 2013. Séra Hjalti lést 2001.

Frú Sólveig Ásgeirsdóttir, ekkja séra Péturs Sigurgeirssonar, fyrrv. biskups Íslands og sóknarprests í Akureyrarkirkju, lést 27. desember 2013. Séra Pétur lést 2010.

Kirkjuping 2013

Setningarræða forseta kirkjupings,

Magnúsar E. Kristjánssonar

Kirkjuping 2013 er sett, 50. kirkjuping hinnar íslensku þjóðkirkju. Verið öll hjartanlega velkomin hingað í dag, kirkjupingsfulltrúar og góðir gestir.

Í dag heilsum við sérstaklega nýjum innanríkisráðherra, frú Hönnu Birnu Kristjánsdóttur. Við væntum árangursríks samstarfs og góðra samskipta við ráðherra og þjóðum hana innilega velkomna á kirkjuping.

Nú fer í hönd síðasta reglulega kirkjuping á þessu kjörtímabili. Eðlilega hljótum við þingfulltrúar að velta því fyrir okkur hvort við höfum komið þeim málum í farveg sem e.t.v. brunnu á okkur þegar við gáfum kost á okkur til þessara starfa. Sjálfsgat sýnist sitt hverjum í þeim efnum en það er ljóst að nokkur veigamikil mál hafa haft meiri fyrirferð en önnur á þessu kjörtímabili.

Í upphafi kjörtímabilsins bar einna hæst skipun rannsóknarnefndar kirkjupings, en tillaga um það var samþykkt við aðra umræðu 14. nóvember 2010. Viðbrögð við niðurstöðu rannsóknarnefndarinnar voru svo rædd á aukakirkjupingi í júní 2011 og svo á reglulegum þingum 2011 og 2012.

Á kjörtímabilinu hafa orðið óvenjulega miklar mannabreytingar í helstu embættum þjóðkirkjunnar. Nýr biskup var kjörinn sem og nýir vígslubiskupar. Einnig sagði forseti kirkjupings af sér af heilsufarsástæðum. Svo miklar breytingar á stuttum tíma hafa auðvitað áhrif.

Niðurskurður á samningsbundnum greiðslum til kirkjunnar sem og stórfelldur niðurskurður á sóknargjöldum hefur auðvitað litað flest mál sem hafa verið tekin fyrir á undanförunum kirkjupingum. Sá fjárhagsvandi sem sóknir hafa þurft að glíma við sem og verulega skertar tekjur kirkjumálasjóðs hafa valdið öllu kirkjupingsfólki miklum áhyggjum og auðvitað hafa umræður um þá stöðu verið afar fyrirferðamiklar, og því miður er sú erfiða staða ekki að baki.

Það eru mörg stór mál sem við í þjóðkirkjunni þurfum að takast á við.

Nefna má:

Fækkun fólks í kirkjunni.

Punga fjárhagsstöðu.

Viðfangsefni er varða viðhorf og traust kirkjunnar.

Samskipti við ríkisvaldið.

Eðlilega veltir fólk því fyrir sér hverju við kirkjupingsfulltrúar höfum komið í verk og þá kannski sérstaklega því sem t.d. varðar þessar stóru áskoranir sem ég nefndi hér á undan sem og ýmsar aðrar. Mörg mál eru viðkvæm og oft er sársaukafullt að takast á við slík verkefni. Spurningin er hinsvegar hvenær er góður tími til þess að glíma við þau?

Það er staðreynd að fólki hefur fækkað í þjóðkirkjunni sé litið til hlutfalls landsmanna sem skráðir eru í hana. Samkvæmt mínum heimildum eru rúmlega 245

Kór Langholts-
kirkju undir stjórn
Jóns Stefánssonar
söng við setningu
kirkjubings 2013



þúsund manns skráðir í þjóðkirkjuna af tæplega 322 þúsund landsmönnum. Það eru rúm 76% landsmanna. Árið 1998 voru um 500 færri skráðir í þjóðkirkjuna en það voru þá 89.9% landsmanna. Er þarna ekki verkefni sem kirkjan þarf að takast á við? Ef svarið er já, hvenær er þá góður tími til að bregðast við þessari fækkun?

Frá hrúni hefur þjóðkirkjan ekki haft nægar tekjur fyrir árlegum útgjöldum. Það hefur því þurft að selja eignir og taka fé úr sjóðum s.s. jöfnunarsjóði sókna til að standa undir rekstri kirkjunnar, einkum launagreiðslum. Margir segja að svona sé ekki hægt að reka stofnunina áfram. Gjöld mega ekki vera meiri en þær tekjur sem kirkjan hefur til ráðstöfunar. Ef fólk er sammála því hvenær er þá góður tími til að bregðast við þessum fjárhagshalla?

Það er fagnaðarefni að í ár segjast 34% treysta þjóðkirkjunni samkvæmt þjóðarpúlslinum hjá Capacent. Það er aukning úr 28% frá fyrra ári. Er það nógu gott að þriðjungur þjóðarinnar beri mikið traust til þjóðkirkjunnar? Erum við sáttt við það? Eigum við að, og getum við, einhvern veginn staðið undir auknu trausti? Ef svarið við þeirri spurningu er já hvenær er þá góður tími til að gera eitthvað í því.

Samskipti við ríkisvaldið hafa verið erfið undanfarin ár. Við auðvitað vonum að þau aukist, styrkist og batni. Það hefur komið fram að það standi til að efna til viðræðna um þau samskipti, einkum fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju. Hver verða okkar markmið í slíkum viðræðum? Skiptir máli að undirbúa slíkar viðræður vel? Ef svarið við því er já þá má spyrja hvenær er góður tími til að gera það?

Það eru margar stofnanir, félög, fyrirtæki og fjölskyldur sem hafa þurft að bregðast við breyttum aðstæðum undanfarin ár. Margir hafa lent í erfiðleikum. Aðstæður breytast. Viðhorf breytast. Umhverfið breytist. Fólk sem hefur unnið við rekstrarráðgjöf orðar það stundum þannig að þeir sem hafi lent í erfiðri stöðu eigi það oft sameiginlegt að gera of lítið of seint til að bregðast við því.

Staðreyndin er sú að það er aldrei þægilegur tími að bregðast við í erfiðum málum og kannski er tíminn til þess aldrei góður. Tíminn til þess verður samt sjaldan betri þó málum sé frestað.

Það reynir á alla á erfiðum tímum. Það á líka við um okkur sem störfum fyrir þjóðkirkjuna!

Þegar minna fé er til skiptanna í mörg þörf verkefni verður oft ágreiningur um

hvað skuli gera og hverju skuli sleppt. Þetta þekkjum við. Stundum getur vandinn orðið það stór að ekki nægi ár eftir ár að ræða um hvernig eigi að skipta síminnkandi köku þegar hugur þeirra sem vilja ræða skiptinguna er bundin einhverju stærra kökuformi. Að því kemur að lögun og stærð formsins þurfi að hugsa upp á nýtt.

Í grunninn er skipulag í okkar kirkju byggt á sveitakirkjunni sem var flutt í bæinn. Sóknin er eining sem er mjög sjálfstæð. Þó stutt sé í næstu sókn og næstu kirkju er samstarf og samnot oft lítið. Það má velta því fyrir sér að ef okkur væri falið að skipuleggja nýja þjóðkirkju frá grunni hvort við leggjum upp með það skipulag sem við höfum í dag? Myndum við kannski komast að þeirri niðurstöðu að aðstæður í þéttbýli séu allt aðrar en í dreifbýli? Á sama skipulagið að gilda á öllu landinu eða gæti verið farsælt að skoða skipulag sem gæti hentað mismunandi aðstæðum? Er ekki nauðsynlegt að opna fyrir umræðu um hvort eitthvert annað fyrirkomulag geti tryggt fleira fólk betri þjónustu af hálfu kirkjunnar? Það hlýtur að vera markmið okkar að tryggja sem flestum sem besta þjónustu fyrir þau gæði sem við höfum til ráðstöfunar.

Ég hef velt því fyrir mér hver raunveruleg staða leikmanna sé í ábyrgðarstörfum kirkjunnar.

Hefur kirkjan þörf fyrir leikmenn í slíkum embættum? Er lýðræðið mikilvægt kirkjunni?

Það er margt sem við nefnum á sparidögum. Þá er oft talað um þátttökukirkju. Rætt um kirkjuþing sem æðstu stofnun þjóðkirkjunnar á Íslandi og stundum látið fylgja að þar séu leikmenn í meirihluta. En eftir því hefur verið tekið að á stórum stundum í kirkjunni er ekkert sérstaklega munað eftir þessum kirkjuþingsleikmönnum sem svo eru nefndir til aðgreiningar.

Það hefur ekki farið fram hjá þeim sem eru í þeim hópi hvaða sess þeim er búinn við biskupsvígslur og á sérstökum kirkjuhátíðum. Þetta er ekki nefnt hér til að pirra út í einn eða annan eða til að kalla eftir eftir einhverjum forgangi þessa hóps. Þetta er bara enn eitt atriðið sem undirstrikar þá aðgreiningu sem er á fólk innar kirkjunnar. Jafnvel þeirra sem eru í helstu ábyrgðarhlutverkum innan hennar. Það er of mikið af þið og við.

Ég tel þetta ekki vera heppilegt. Allir þurfa að stuðla að því að fólk vinni meira saman og að við sé meira notað orð en þið. Það mundi hjálpa til ef hlutverk hinna óvígðu trúnaðarmanna kirkjunnar væri skilgreint og í framhaldinu jafnvel viðurkennt.

Sjálfur er ég þeirrar skoðunar að meiri almenn þátttaka óvígðra í starfsemi þjóðkirkjunnar og trúnaðarstörfum innan hennar verði til blessunar og að framtíðar hagsmunir kirkjunnar séu m.a. fölgir í því að vel takist til í þeim efnum. Það má líta til Þýskalands og læra af því hvernig þau hjá EKD hafa brugðist við fækkun í kirkjunni og minni fjárráðum. Meðal annars með því að fá aukin fjölda sjálfboðaliða til starfa fyrir kirkjuna. Benda má þeim sem áhuga hafa á þessu á ágæta skýrslu um þátttökukirkjuna sem dreift var á kirkjuþingi 2010. Það er t.d. mjög áhugavert sem þar er sagt varðandi skilgreiningu á andlagi kirkjunnar á móti sjálfboðinni þjónustu.

Þorsteinn Pálsson fyrrverandi forsætisráðherra og kirkjumálaráðherra kom og ræddi við okkur á stuttum málfundi sem við höldum í tengslum við kirkjuþingsfundir í mars fyrr á árinu. Þorsteinn hvatti til þess að kirkjan gætti vel að baklandi sínu.

Ræktaði það, sinni og byggði upp. Það sem hann sagði var auðvitað hárrétt. Kirkjan þarf virkilega að gæta að baklandi sínu.

Þessi brýning Þorsteins kemur oft upp í hugann í tengslum við ýmis samskiptamál kirkjunnar. Það verður að segjast eins og er að við hljótum að geta gert betur í þeim efnum. Einhvern vegin er það svo að mál sem manni finnast ekki stór geta farið á versta veg fyrir þjóðkirkjuna. Skýringin getur ekki alltaf verið sú að einhverjir séu svo andsnúnir kirkjunni að þess vegna fari hún illa út úr umræðunni. Oft þannig að kirkjan hrökklist undan á flótta í málum þar sem í raun engu hefur verið klúðrað, nema kannski umræðunni. Stundum fara jafnvel starfsmenn kirkjunnar mikinn á slíkum stundum. Á þessu þurfum við að taka fulla ábyrgð og í þessum efnum þurfum við að gera miklu betur. Málstaður kirkjunnar er oftast góður og það er auðvitað einlægur vilji þeirra sem innan hennar starfa að gera vel og gera rétt. Við þurfum hins vegar einhverjar leiðbeiningar um með hvaða hætti við komum því á framfæri. Þurfum að læra hvernig kirkjan og einstakir fulltrúar fyrir hennar hönd eiga í samskiptum við fólk í gegnum allar tegundir fjölmiðla sem og manna á meðal. Þjóðkirkjan, stærsta fjöldahreyfing landsins á ekki og í raun má ekki vera svona oft á flótta í umræðunni.

Betri samskipti eru aðeins einn liður af mörgum sem þarf að huga vel að þegar kemur að því að rækta bakland kirkjunnar. Margt fleira þarf að koma til. Það er ákaflega mikilvægt að þessi mál verði sett á dagskrá af fullri alvöru og það strax. Það er einnig á okkar ábyrgð, góðir kirkjupingsfulltrúar, að gera okkar í þessum efnum. Við þurfum að taka þátt í þessum ræktunarstörfum sem Þorsteinn Pálsson brýndi okkur til.

Á síðasta kirkjupingi var samþykkt ákvæði til bráðabirgða um að fresta mætti þingfundum um allt að 6 mánuði. Kirkjuping 2012 kom saman í þremur lotum. Fundurinn í desember það ár var þó sérstaklega boðaður til að ræða mál sem snéri að gerð samkomulags við ríkisvaldið, en annars voru þingfundir í nóvember og mars.

Fosætisnefnd leggur á þessu þingi til að þingsköpum verði breytt svo þetta verði áfram heimilt.

Nú þegar við göngum til þingstarfa á þessu síðasta þingi kjörtímabilsins eru 31 mál á dagskrá. Sum hver stór og þýðingamikil fyrir kirkjuna s.s. tillaga að nýjum þjóðkirkjulögum. Það er mál sem lengi hefur verið unnið að á vettvangi kirkjupings. Svo stórt mál þarfnast vandaðrar umræðu bæði á þingfundum, í nefndum og eins utan kirkjupings. Ábyrgð okkar kirkjupingsfulltrúa er mikil í því máli.

Þá eru auðvitað mál á dagskrá sem búast má við að kalli á mikla umræðu og að um þau geti verið mjög skiptar skoðanir.

Verkefni okkar er koma öllum málum í farsælan farveg og leitast við að ná eins góðri niðurstöðu og unnt er. Það er mikilvægt að við höfum heildarhagsmuni kirkjunnar í huga í hverju máli og gleymum ekki að það skiptir miklu að ná góðri sátt um niðurstöður. Því þó skoðanir fólks séu skiptar og stundum sé tekist á í umræðum þá minni ég á að án efa eru allir kirkjupingsfulltrúar hér til að vinna að hagsmunum þjóðkirkjunnar af fullum heilindum.

Dagskrá þessa þings verður nokkuð þéttari en stundum hefur verið áður. Einhverjir hafa gert athugasemdir við forseta um það að dagskráin sé stíf aðrir

fagnað því að dagarnir séu nýttir til fulls. Við munum leitast við að halda þá dagskrá sem hefur verið kynnt en til að koma til móts við öll sjónarmið þá má auðvitað hnippa í forseta ef mönnum finnst vinnuálagið vera farið að hafa áhrif á gæði starfa kirkjupingsins.

Kæru kirkjupingsfulltrúar. Þau þrjú ár sem við höfum setið saman hér á kirkjupingi hafa verið viðburðarrík en þau hafa líka verið þjóðkirkjunni erfið. Stundum hættir manni til að einblína um of á þungu málin og vera upptekin af erfiðleikum. Mikilvægt er að staldra við og líta til þess sem vel hefur heppnast og á allt það góða starf sem er innan vébanda hinnar íslensku þjóðkirkju. Málstaðurinn er góður. Erindið mikilvægt og tilgangur þeirra þjónustu sem veitt er fagur. Það gleymist oft í umræðunni af hverju kirkjan er til og hvaða þjónusta er veitt innan hennar.

Við sem sitjum á kirkjupingi berum mikla ábyrgð og talsverðar væntingar eru um að niðurstaðan af okkar starfi hér verði góð. Kæru vinir öxlum þá ábyrgð og stöndum undir þeim væntingum.

Kirkjuþing 2013

Ávarp innanríkisráðherra, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur

Heiðruðu fulltrúar á kirkjuþingi – Biskup Íslands, góðir gestir.

Það er mikil ánægja fyrir mig að fá tækifæri til að ávarpa kirkjuþing og vera hér með ykkur við setningu þess.

Nú er tæpt hálf tónn síðan ég settist í stól innanríkisráðherra og tók þar með við kirkjumálum í stjórnarráðinu. Ég hef á þessum tíma átt góð, upplýsandi og uppbyggileg samskipti við fulltrúa þjóðkirkjunnar og vænti áframhaldandi góðs samstarfs um mikilvæg mál fyrir íslenskt samfélag.

Við sem hér erum – fulltrúar ríkisvalds og fulltrúar kirkjunnar – eigum samleið á svo mörgum sviðum. Þess vegna er mikilvægt að við vinnum vel saman til að virkja samtakamátt þjóðarinnar – byggja upp traust, velvilja og von. Þar gegnir kristin trú og kærleiksboðskapur kirkjunnar miklu hlutverki og getur verið ljós í því myrkri sem mætt hefur of mörgum í okkar annars góða samfélagi.

Kæru þingfulltrúar.

Þær breytingar sem við höfum öll upplifað á undanförunum árum – hafa tekið sinn toll. Sóknin hefur þurft að víkja fyrir vörninni hjá of mörgum einstaklingum og það sama er að segja um þjóðfélagið allt – sem þurft hefur að skilgreina flestar forsendur og forgangsröðun upp á nýtt.

En þó við vitum og séum reglulega minnt á það að mótvindurinn sé ekki frá – þá stefnum við á betri tíma og þangað stefnum við meðal annars með trúna að vopni.

Nokkur umræða hefur verið í samfélaginu á liðnum misserum um gildi og hlutverk kristinnar trúar. Það er ekkert nema eðlilegt að við sem samfélag skiptumst á skoðunum um slík grunngildi – en sum sveitarfélög og sumir stjórnálamenn hafa talið það forgangsverkefni á þeim tímum sem við nú lifum – að finna leiðir til að færa trúna, boðskap hennar og áherslur eins langt frá æsku þessa lands og mögulegt er. Á tímum þar sem eðlilega er mikið rætt um víðsýni, umburðarlyndi og fjölbreytni er þannig markvisst unnið að því að halda öllu sem skilgreina má sem trúarlegt frá skólábörnum.

Ég er ekki sammála þeirri stefnu og það segi ég ekki bara sem stjórnálamamaður – heldur miklu frekar sem móðir tveggja barna á grunnskólaaldri. Á sama tíma og börnin okkar kynnast flestu ef ekki öllu sem gerist í samfélaginu; heimsækja reglulega á vegum skólans fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök, fá í heimsókn boðbera ólíkra sjónarmiða í skólana sína, að því ógleymdu að dvelja flest óáreitt langdvölum í netheimum – er Gídeonfélagið hins vegar sett á bannlista samhliða því sem af alvöru er rætt um að heimsóknir barna í kirkjur landsins, einstaka Faðir vor eða jólasálmur geti skaðað æsku þessa lands. Á ögurstundum í lífi þessarar þjóðar getur það varla verið forgangsmál að forða börnunum okkar frá boðskap um kristni og kærleika – enda hlýtur skólastarf nútímans að eiga að einkennast af fjölbreytni, vali og trú á því að einstaklingarnir sjálfir fái með fræðslu og upplýsingu tækifæri til að móta sínar lífsskoðanir, trú og sannfæringu.



Hanna Birna
Kristjánsdóttir,
innanríkisráðherra

Það er oft talað um að eiga sér barnatrú. Sú trú er að mínu mati mikilvægari en flest annað. Þannig má aldrei vanmeta þær minningar og tilfinningarnar sem tengjast því að eiga trú sem barn og eiga að fylgja okkur alla ævi. Kærleikurinn er kjarninn í kristinni trú og með kærleikann að leiðarljósi stígum við mörg skref í átt að betra samfélagi.

Kæru þingfulltrúar.

Mig langar að nota þetta tækifæri til að segja ykkur örstutt frá því þegar ég sem ung kona átti þess kost, ásamt vinahópi mínum, að eiga stund með sr. Sigurbirni Einarssyni biskup og ræða við hann um sýn hans og sjónarmið. Ég hafði auðvitað alist upp við það sem barn að hlýða með athygli á orð hans, ljóð og ræður og á okkur krakkana var ídullega sussað þegar Sigurbjörn talaði til þjóðarinnar í gegnum útvarp eða sjónvarp þess tíma.

Í Skálholti fyrir um það bil 15 árum nutum við nokkur þess að eiga við hann upplýsandi samtál. Hann kom til fundar við okkur ásamt eiginkonu sinni og gaf sér góðan tíma til að ræða málin. Ein úr hópnum spurði í lokin hvort hann gæti í stuttu máli sagt okkur hvað Guð væri fyrir honum. Hann svaraði að bragði: Guð er allt hið góða sem birtist í gjörðum Jesú Krists. Svo einfalt og svo skýrt. Þessi kjarnryrta lýsing hans hafði áhrif á okkur öll og þegar við hjónin eignuðumst yngri dóttur okkar færði þessi vinkona okkur sérhannað koddaver þar sem þessi orð sr. Sigurbjörns voru letuð á.

Þessi stutta tilvitnun segir svo margt. Ég hjó sérstaklega eftir því að hann talaði um gjörðir frelsarans en ekki orð. Það færir okkur aftur að umræðunni um kærleikann og setur um leið ákveðna ábyrgð á herðar okkar sem okkur er ætlað að axla. Líf okkar á að vera vitnisburður um kærleika. Að við sýnum góðvild og kærleika í verki.

Það er á þessum grunni sem við treystum kirkjunni fyrir okkar stærstu stundum

í lífinu. Ég þarf auðvitað ekki að segja ykkur að kirkjustarf snýst ekki um hús eða byggingar, heldur fólkið sem hana sækir. Á þeim grundvelli þarf kirkjan að verða aukinn hluti af okkar daglega lífi, og þá ekki bara á stóru stundunum. Kirkjan á Íslandi hefur stigið stór skref í því að bjóða alla velkomna og þannig sett kærleikann í öndvegi. Hún hefur mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu og mig langar til að biðja ykkur sem hér sitjið um að gleyma því aldrei. Ég veit að reglulega hittast leiðtogar kristinna trúfélaga á Íslandi til að biðja fyrir landi og þjóð og af því er gott að vita. Það gefur okkur sem störfum í stjórnámálum aukinn styrk en umfram allt þá gefur það þjóðinni einnig aukinn styrk.

Kæru þingfulltrúar.

Undanfarið hafa komið til mín mætir einstaklingar, bæði frá kirkjunni og einstaka sóknum, til að ræða um sóknargjöldin og gert mér rækilega grein fyrir skerðingum á þeim umfram aðrar stofnanir. Þessi ríkisstjórn ber ekki ábyrgð á þeim aðgerðum – því ójafnræði í niðurskurði – en það er engu að síður vilji minn að nota komandi misseri til að ná sátt við þjóðkirkjuna og önnur trúfélög um þau mál.

Það er ekki sanngjarnt að gera þá kröfu til núverandi ríkisstjórnar að hún leiðrétti þessa umframskerðingu í einu skrefi og það strax. Við þurfum öll sem hér erum að skilja þá erfiðu stöðu sem enn er til staðar í fjármálum ríkisins. Eins og áður hefur verið greint frá má gera ráð fyrir því að ríkissjóður verði rekinn með um 30 milljarða króna halla á þessu ári. Það er sú staða sem blasir við nýrri ríkisstjórn en við stefnum hins vegar á hallalaus fjárlög á næsta ári og frá því mikilvæga markmiði verður ekki hvikað.

Eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi næsta árs munu sóknargjöldin hækka um rúmar 65 milljónir króna á næsta ári umfram verðlag. Það er ekki sjálfgefið í núverandi árferði en við fjármálaráðherra komumst að þeirri niðurstöðu að leggja þetta til. Þetta er mikilvægt fyrsta skref og eins og ég sagði vil ég gjarnan að við stöndum upp frá þessu verkefni á næstu misserum sátt við þá niðurstöðu sem þá liggur fyrir.

Kæru þingfulltrúar.

Ég átti góðan fund með biskupi Íslands á mínum fyrstu dögum sem ráðherra í sumar. Á fundinum gerði biskup mér grein fyrir fjárhagslegum málum þjóðkirkjunnar og afhenti mér minnisblað kirkjuráðs um þau mál. Í framhaldi af þeim fundi ákvað ég að skipa starfshóp sem fjalla á um fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju.

Það er mér sönn ánægja að tilkynna hér í dag að ég hef beðið Sigríði Önnu Þórðardóttur, fv. ráðherra, að leiða þann starfshóp. Ég treysti henni einstaklega vel til að komast að góðri, sanngjarnri og uppbyggilegri niðurstöðu um framtíðarfyrirkomulag þessara samskipta – og treysti því að þið í þessum hópi gerið það einnig.

Vinna hópsins verður í meginatriðum tvíþætt. Annars vegar byggist hún á endurskoðunarákvæði í 4. gr. kirkjujarðasamkomulagsins svokallaða og hins vegar á lögum um sóknargjöld. Þetta er mikilvægur starfshópur og ég bind miklar vonir við að í framhaldi af vinnu hans náum við að móta stefnu til framtíðar sem tryggir sjálfbærni í fjármálum kirkjunnar.

Ég vil í þessu samhengi víkja stuttlega að viðræðum sem stóðu nýlega yfir við

Prestafélagið um nýja gjaldskrá fyrir aukaverk presta. Ég veit að ekki voru allir í sáttir við niðurstöðu mína í því máli, en ég var ekki tilbúin til að fallast á tillögu presta um mikla hækkun á gjaldskránni, þó svo að ég skilji þau sjónarmið sem þar komu fram og rökstuðninginn fyrir þeim. Ég hef þó í framhaldinu óskað eftir viðræðum um breytt fyrirkomulag, enda tel ég ekki eðlilegt að ráðherra ákveði slíka gjaldskrá. Í mínum huga kemur til greina að afnema löggin sem um þetta gilda, enda hefur margt breyst frá því að þau voru samþykkt fyrir rúmum 80 árum. Ég veit að þetta er til umræðu hér á þessu þingi núna um helgina og ég vonast til þess að við komumst að farsælli niðurstöðu um þau mál.

Kæru þingfulltrúar.

Þrátt fyrir að undanfarin ár hafi um margt verið umbrotatími í starfi íslenskrar kirkju – hefur kirkjan sýnt kærleikann í verki með ýmsum hætti. Fyrst og fremst hefur það verið gert með því að viðurkenna ákveðinn fortíðarvanda og þá þætti í kirkjustarfi sem betur hafa mátt fara til framtíðar.

Samhliða því hefur kirkjan lagt sig fram um aukinn skilning, umburðarlyndi og virðingu fyrir því að samfélag okkar tekur stöðugum breytingum sem mikilvægt er að fylgja – þrátt fyrir að grunnildi kristinnar trúar séu óbreytt. Kirkjan steig einnig stórt skref sem afdráttarlaus þátttakandi í brýnustu úrlausnarefnum þjóðarbúsins með því að hefja söfnun fyrir tækjakaupum á Landspítalann og fyrir það er þjóðin þakklát. Og risaskref var svo stigið í átt til aukins jafnréttis kynjanna innan kirkjunnar og í samfélaginu almennt með þegar kirkjan valdi sér konu sem biskup – fyrir það eigum við öll að vera þakklát.

Ég vil að lokum hvetja okkur öll til að muna það alltaf að við erum að þjóna fólkinu í landinu. Við erum að leggja grunn að betra samfélagi og á þeirri vegferð megum við aldrei víkja frá gildum okkar.

Kirkjan á Íslandi hefur tækifæri til að byggja enn frekar á þeim sterka grunni sem hún hefur þegar reist í þjóðarsálinni. Sá grunnur er ekki reistur á sambandi ríkis og kirkju heldur á sambandi kirkjunnar við þjóðina. Sambandi kirkjunnar við kærleikann – það sem æðra er og betra og ekki síst sambandi kirkjunnar við þá sátt, samstöðu og samtakamátt sem á og verður að ríkja í okkar góða samfélagi.

Ég hvet kirkjuna til að gera allt sem í hennar valdi stendur til að eiga áfram öfluga samleið með íslenskri þjóð og langar að enda þá hvatningu mína til ykkar – með upphafsorðum ljóðs sem ég hef miklar mætur á eftir sr. Sigurbjörn Einarsson biskup:

Fræ í frosti sefur

fönnin ei grandar því.

Drottins vald á vori

vekur það upp á ný.

Kirkjuping 2013

Ávarp biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur

Innanríkisráðherra, forseti kirkjupings, kirkjupingsfulltrúar, vígslubiskupar, góðir gestir.

Lífsins Guð, leiddu okkur til réttlætis og friðar.

Þessi setning heyrðist æði oft á 10. heimspingi Alkirkjuráðsins, sem haldið var í Busan í Suður-Kóreu í síðustu og þar síðustu viku. Hún var yfirskrift pingsins, bæn þeirra þúsunda sem sóttu það, vakti von í brjóstum þeirra sem búa við óréttlæti og ófrið og leiddi hugann að aðstæðum í eigin landi og kirkju. Alkirkjuráðið var stofnað eftir síðari heimsstyrjöldina, árið 1948 og voru kirkjudeildirnar í upphafi 147 talsins. Nú eru þær 345 og telja um hálfan milljarð manna. Þjóðkirkjan er aðili að þessum samkirkjulegu samtökum, sem og Lúterska heimssambandinu og kirknasambandi Evrópu, sem vinnur að einingu á milli hinna mismunandi kirkjudeilda í Evrópu eins og Alkirkjuráðið á heimsvísu.

Það sem tengir kristna menn úr hinum ýmsu kirkjudeildum er trúin á Jesú Krist. Það er dýrmætt að geta sameinast um hana þó við deilum ekki sama skilningi hvað kenningu og túlkun varðar. Við biskupsritari, sem sóttum áður nefnt heimsping Alkirkjuráðsins nýverið fundum það glögggt hve gefandi og nauðsynlegt er að fá að taka þátt í samfélagi kristins fólks víðs vegar að úr heiminum og úr mörgum kirkjudeildum. Við deildum sameiginlegri trú og kærleika til þess Guðs er Jesús birti okkur og boðaði. Samkirkjulegt starf hefur verið hér á landi um áratuga skeið og hefur það leitt til þess að hinar ýmsu kristnu kirkjudeildir hafa getað sameinast um bænadaga og helgihald. Eining kristninnar er það mikilvæga atriði sem fær okkur til að taka þátt í samkirkjulegu starfi þó vissulega greini okkur á um ýmsa þætti í kenningunni.

Lífsins Guð, leiddu okkur til réttlætis og friðar.

Öll þráum við frið og gerum okkur grein fyrir því að friður, jafnvægi, næst ekki nema réttlæti ríki. Við búum ekki við ófrið af því tagi er margir sögðu frá á heimspinginu í Busan. Þjóð okkar er ekki klofin í tvennt og helmingnum haldið föngnum eins og Kóreanar búa við. Kirkjur okkar eru ekki brenndar og prestar drepnir, eins og Egyptar búa við. Landið okkar er ekki hertekið. Samt er þörf fyrir bæn til Guðs lífsins um réttlæti og frið. Það er ófriður í landi okkar, það er ófriður í kirkju okkar. Ófriður í þeirri merkingu að margir upplifa óréttlæti, þvinganir, afskiptaleysi, ósjálfstæði, ójafnrétti, kvíða, reiði. Þjóðkirkjan eins og aðrar stofnanir og heimili þjóðfélagsins hafa fundið fyrir efnahagshruninu og þurft hefur að fara í sársaukafullar aðgerðir til að mæta niðurskurði. Fjármál sóknanna eru erfið og komin á alvarlegt stig hjá sumum. Merkja má aukningu í sálgæsluviðtöl og fleiri taka þátt í ört vaxandi framboði starfs í kirkjunum. Þjóðkirkjan er stærstu samtök fólks hér á landi og þrátt fyrir prósentufækkun hefur einstaklingum fjölgað í henni síðustu ár.

Hvert er erindi kirkjunnar? Það er sístæð spurning, sem við verðum alltaf að vera með í huga. Auðvitað er erindi kirkjunnar alltaf það sama, það er að boða Jesú

Krist. Segja frá honum, læra af honum, líkja eftir honum, biðja til hans, lifa í trú á hann. Spurningin er þá hvernig komum við því erindi til skila og hvar á það erindi helst við. Á þinginu í Busan talaði biskup frá Sri Lanka. Hann talaði um guðfræði fórnarlambins og dró fram í dagsljósið reynslu hinna þjáðu og lagði áherslu á að hlustað væri á reynsla þeirra sem eru á jaðrinum. Rödd þeirra þarf að heyrast í kirkjunni sagði hann því kirkjan á að vera vettvangur sannleikans, réttlætis, kærleika, sáttargjörðar, endurreisnar, upprisu og friðar. Hann sagði að hin spámannlega rödd kirkjunnar þyrfti að heyrast. Ræða hans leiddi huga minn til minnar kirkju og þjóðar og sannfærði mig enn frekar um það að rödd kirkjunnar þarf að heyrast betur og hún á að tala máli þeirra sem ekki geta látið í sér heyra eða fá ekki áheyrn. Rödd kirkjunnar heyrst ekki aðeins innan fjögurra veggja kirkjuhúsanna heldur í þjóðfélaginu, enda á hún að vera boðberi kærleikans og friðarins. Hún á að vinna að réttlæti og friði. Kirkjan á að standa með þeim sem minna mega sín. Sér þjónusta kirkjunnar er nauðsynleg. Kirkjan á að vera stolt af þeirri þjónustu sem sérþjónustuprestarnir veita. Þá þjónustu má ekki skerða. Stöndum vörð um hana.

Fólk hefur væntingar til kirkjunnar. Merki þess eru e.t.v. frekar á landsbyggðinni, þar sem fólksfækkun hefur víða orðið og þjónusta minnkað. Þar hefur kirkjan mikilvægu hlutverki að gegna. Hún er samnefni samfélagsins, jafnvel einnig í augum þeirra sem ekki tilheyra henni. Hún stendur með fólki í gleði og sorg og er öllum opin. Ekki hvað síst kemur það í ljós þegar á bjátar.

Hver er sjálfsskilningur okkar? Hver er sjálfsskilningur kirkjunnar? Hluti af vanda kirkjunnar á hverjum tíma er að við deilum ekki sameiginlegri sýn á kirkjuna og hlutverk hennar. Stundum ber líka á því að spenna ríki milli vígðra og óvígðra. En það er næsta víst að kirkjan er okkur öllum mikils virði, enda værum við ekki saman komin hér í dag ef við vildum ekki vinna henni gagn. Við spyrjum ekki hvað getur kirkjan gert fyrir mig, heldur hvað get ég gert fyrir kirkjuna.

Lífsins Guð, leiddu okkur til réttlætis og friðar.

Á heimsþinginu í Busan var athyglisvert að sjá hve vel þess var gætt að jafnrétti ríkti í hvívetna. Þar var jöfn skipting kynja, fólk var á öllum aldri og fatlaðir voru fullgildir þátttakendur. Þáttakendur voru hið minnsta 5000 og sjálfboðaliðar, ungt fólk, kom frá 90 löndum.

Þjóðkirkjan statar af jafnréttisstefnu, sem fara ber eftir. Réttlæti mun aldrei verða náð nema jafnrétti sé virt. Í skýrslu jafnréttisnefndar kirkjunnar sem eru í gögnum kirkjupings kemur fram að upplýsingum hafi verið safnað „um laun starfsfólks kirkjunnar, annars vegar á prófastsdæmisvísu hvað varðar starfsfólk safnaða og hins vegar á landsvísu hvað varðar presta og starfsfólk Biskupsstofu og stofnana kirkjunnar, sbr. kafla 3 í framkvæmdaáætlun. Einnig voru teknar saman tölulegar upplýsingar um starfsfólk kirkjunnar, þær greindar út frá kyni og teknar voru saman upplýsingar um kynjahlutóll í nefndum, ráðum og stjórnunum á vegum kirkjunnar. Helstu niðurstöður eru að hlutfall launaðs starfsfólks hefur minnkað og þá hjá báðum kynjum. Kynin bæði virðast öflug í sjálboðnu starfi og varla er þar marktækur munur á milli kynja. Mun fleiri karlar en konur eru organistar og flestir þeirra eru á verktakagreiðslum. Konur og karlar gegna nokkuð jafnt kirkjuvörslu en karlar virðast vera að fá meira greitt fyrir þau störf en konur. Sama má segja um meðhjálparastarfið þó eru þar fleiri karlar og þiggja þeir flestir verktakagreiðslur.

Konurnar taka að sér ræstingarstörfin með örfáum undantekningum og fá oftast málamynda greiðslu fyrir en þær sinna oftast en ekki kirkjuvörslu einnig og jafnvel meðhjálparastarfi líka“.

Segja má að niðurstöður gefi til kynna nokkuð góða mynd af jafnrétti innan kirkjunnar miðað við það sem almennt gerist, þó má ekki sofna á verðinum. Markmið jafnréttisstefnunnar er „að stuðla að jafnri stöðu og jöfnum rétti kvenna og karla í þjóðkirkjunni og jöfnum möguleikum kynjanna til starfa, áhrifa og þjónustu“.

Lífins Guð, leiddu okkur til réttlætis og friðar.

Ég hef orðið vör við sársauka í kirkju okkar. Mörgum finnst þau ekki fá áheyrn, eru óörugg með stöðu sína eða finnst á þeim brotið. Það er nauðsynlegt að hlúa að kirkjunnar fólki, sem hefur það hlutverk að hlúa að öðrum. T.d. hafa heyrt raddir um að embættisskipti færu ekki fram á réttlátan hátt og kallað hefur verið eftir reglum um þau. Ákveðið hefur verið að setja á blað reglur, en binda þær ekki í starfsreglur. Reglurnar felast í því að hafi prestur áhuga á því að skipta tímabundið um starfsvettvang geri hann biskupi óskir sínar kunnar skriflega, þannig að öll embættisskipti fari í gegnum biskupsembættið en ekki í gegnum persónuleg samskipti. Reglurnar verða kynntar nánar síðar á þessu ári. Sóknarnefndarfólk hefur þurft að glíma við fjárhagsvanda og eru margir orðnir þreyttir og vonsviknir enda virðist vandinn engan endi ætla að taka.

Hlutverk kirkjupings er að setja kirkjustarfinu umgjörð sem styður það starf og þá þjónustusem kirkjan sinnir. Það er að sönnu vandasamt einkum þegar fjármagn er af skornum skammti. Það fylgir því líka viss vandi að vera fámenn þjóð í stóru landi. Þjóðkirkjan hefur skuldbundið sig til að hafa þjónustu í nærsamfélaginu um allt land. Kirkjuping 2013 fær það verkefni að skoða tillögur um skipan þjónustunnar um land allt, ekki í fyrsta skipti, enda eru skipulagsmál sístætt verkefni.

Í landi okkar ríkir spenna milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Það á einnig við í kirkjunni. Sú spenna er tengd þjónustupörfinni og þjónustubyrðinni. Ef til vill þurfum við að sætta okkur við það að við getum ekki látið það sama yfir allt landið ganga. Í reglum verður að taka tillit til aðstæðna. Skilningur og sanngirni þurfa að vera í fyrirrúmi, sem og viljinn til að kynna sér raunverulegar aðstæður og vanda. Sem kirkja erum við hluti af líkama Krists. Ef einn hluti þjáist, þjáist allur líkaminn. Ekki má gleyma samkenndinni.

Kirkjan er fólk á ferð. Hún er ekki stöðnuð stofnun heldur lifandi samfélag þeirra er trúá Jesú Krist. Kirkjan gengur inn í heiminn og biður þess að kraftur Guðs, megi hafa áhrif, lækna, græða, gera heilt. Framgöngum í anda hans, sem er fyrirmynd okkar og frelsari. Við þörfnumst Guðs og við þörfnumst hvers annars. Við þjónum Guði og hvert öðru.

Ég vil nota tækifærið og þakka þeim er undirbúið hafa kirkjupingið, starfsfólk Biskupsstofu, forsætisnefnd og þingfulltrúum. Einnig þeim er flytja okkur ljúfa tóna hér í dag. Einnig þakka ég sóknarpresti og sóknarnefnd Grensáskirkju fyrir afnotin af kirkju og safnaðarheimili.

Lífins Guð, leiddu okkur til réttlætis og friðar.

Kirkjuþing unga fólksins 2014

Sigríður Rún Tryggvadóttir

Kirkjuþing unga fólksins kom saman á Biskupsstofu laugardaginn 17. maí 2014. Að þessu sinni voru kirkjuþingsfulltrúar tuttugu og þrjár frá öllum prófastsdæmum og KFUM/K. Kirkjuþingsfulltrúarnir voru á breiðu aldursbili og með mismunandi tengsl við kirkjuna, þau eru leiðtogar, æskulýðsbörn, koma úr kórastarfi og úr ungliðahreyfingu Hjálparstarfsins. Kirkjuþingfulltrúar endurspegla því því vel þann breiða hóp ungs fólks sem með einum eða öðrum hætti tekur virkan þátt í starfi kirkjunnar.

Hlutverk Kirkjuþings unga fólksins er að vera vettvangur ungs fólks til að hafa áhrif á starfsemi kirkjunnar og að ræða stöðu og hlutverk ungs fólks í þjóðkirkjunni og í hinni kristnu kirkju um heim allan.

Forseti kirkjuþings unga fólksins er Þóra Björg Sigurðardóttir, æskulýðsfulltrúi Grafarvogskirkju og hún var einnig valin til setu sem áheyrnarfulltrúi á hinu almenna kirkjuþingi.

Fjögur mál voru að þessu sinni tekin fyrir á Kirkjuþingi unga fólksins en við fyrri umræðu var einu málinu skipt upp í tvö mál og tveimur ályktunum skilað.

Fimm ályktanir voru samþykktar á þinginu:

Ályktun um barna og æskulýðsmál

Kirkjuþing unga fólksins hvarmar niðurskurð í barna- og æskulýðsmálum. Kirkjuþing unga fólksins vill undirstrika mikilvægi þess að kirkjan og stjórnvöld standi vörð um barna- og æskulýðsmál og stuðli að uppbyggingu á þeim vettvangi frekar en niðurskurði. Einnig minnum við á ábyrgð þessara aðila gagnvart börnum og unglingum. Kirkjuþing unga fólksins vill hvetja þá sem stýra í þessum málaflokki að skapa starfsumhvergi sem hlúir að sameignlegum vettvangi barna- og æskulýðsmála.

Ályktun um undirbúning á málum fyrir kirkjuþing unga fólksins

Kirkjuþing unga fólksins hefur nú verið haldið þrisvar sinnum samkvæmt starfsreglum sem hið almenna kirkjuþing samþykkti 2010. Árið 2013 kom tillaga að nýjum starfsreglum og eru þær í gildi í fyrsta skipti á þessu þingi 17. maí 2014.

Í 1. gr starfsreglnanna kemur fram eftirfarandi: „Þingmál skulu hafa borist þingfulltrúum a.m.k. fimm virkum dögum fyrir þingdag“. Illa hefur gengið að undirbúa þingmál með þeim fyrirvara sem er tilgreindur í starfsreglum og viljum við með einhverjum hætti reyna að bæta úr því til að stuðla að því að kirkjuþingsmál endurspegli sem best vilja, hugmyndir og skoðanir ungs fólks í kirkjunni sem Kirkjuþing unga fólksins á að vera fulltrúi fyrir.

Við leggjum til að haldin séu leiðarþing í hverju prófastdæmi þar sem ungt fólk

Kirkjuþing unga fólksins



Í kirkjunni kemur saman, undirbýr mál og velur þau mál sem helst á þeim hvíla með góðum fyrirvara. Við leggjum þetta til svo þingið geti betur starfað eftir þeim starfsreglum sem því er gert að gera.

Við leggjum til að búinn verði til rafrænn umræðuvettvangur fyrir ungt fólk til að ræða um kirkjuna og samfélagið í heild. Þannig geti fleiri haft áhrif á málin sem tekin eru fyrir á kirkjuþingi.

Ályktun um umhverfismál

Kirkjuþing unga fólksins skorar á kirkjuna að beita sér og vera sýnileg í umhverfismálum og að hún geri umhverfisstefnu sína sýnilegri. Við skorum á kirkjuna að láta rödd sína heyrast og vera samkvæm umhverfisstefnu sinni í stórum málum sem hafa áhrif á stöðu ímynd þjóðarinnar og taki systurkirkjur sínar á Norðulöndum sér til fyrirmyndar. Kirkjur í Noregi eru t.d. með græn kirkjunet. Umhverfismál eru heita málið í nútímanum og við viljum sjá þjóðkirkjuna sem leiðandi afl í stefnmótun um umhverfismál.

Ályktun um réttindi og ábyrgð leiðtoga í barna- og æskulýðsstarfi

Kirkjuþing unga fólksins 2013 ályktaði um réttindi leiðtoga í barna- og æskulýðsstarfi, þar sem niðurstaðan var að launaðir leiðtoga ættu að vera á launþegar hjá sóknum en ekki starfa sem verktakar, einnig að það væri skýrt í upphafi starfs hvort að leiðtogi sé í launaðri stöðu eða sjálfboðaliði. Ungmenni sem ráðin eru sem verktakar ættu þá að vera sérstaklega upplýst um þá ábyrgð sem verktakinn ber á starfinu, t.d. ef slys eða óhöpp verða.

Enn er ekki til neinn launataxti fyrir leiðtoga sem að gæti verið viðmið fyrir



Magnús E. Kristjánsson
forseti Kirkjubings
flytur ávarp við
setningu KUF

söfnuði um það hvað leiðtogi fær í laun, svo sem fyrir starfið, fyrir ferðalög o.s.fv.

Sá launataxti ætti að taka mið af nokkrum hlutum, svo sem aldri, reynslu og menntun.

Það hefur ekki sýnt sig innan kirkjunnar að sú menntun sem að leiðtogar sækja sér skili þeim miklu varðandi vinnu eða réttindi.

Ekki er skylda að mennta sig meira með námskeiðum, eða klukkutímum í fræðslu til þess að vinna í æskulýðsstarfi kirkjunnar, skyndhjálparkunnáttu ætti einnig að vera skilyrði. Það að vinna með börnum eru foréttindi ekki mannréttindi og starfsumhverfið ætti að hvetja leiðtoga til að sækja námskeið, mennta sig og viðhalda sinni menntun og það myndi skila leiðtogum einhverjum réttindum.

Ályktun um skyldur þeirra sem starfa í barna og æskulýðsstarfi

Eins og staðan er í dag er engrar lágmarkskunnáttu krafist til þess að vinna í barna og æskulýðsstarfi. Gerð ætti að vera krafa um að leiðtogar sækji viðunandi námskeið og það sé á ábyrgð sóknanevndar að námskeiðið standi þeim til boða og að símentun sé í boði fyrir leiðtoga.

Skyndihjálparnámskeið á að vera krafa og að það sé endurnýjað reglulega.

Starfsumhverfið ætti að hvetja leiðtoga til að sækja námskeið, mennta sig og viðhalda sinni menntun og það myndi skila leiðtogum eitthverjum réttindum.

Leikmannastefna 2014

Marinó Þorsteinsson

Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir setti 28. Leikmannastefnu Þjóðkirkjunnar í Seltjarnarneskirkju. Hún fór með bæn og flutti síðan ávarp.

Formaður leikmannaráðs, Marinó Þorsteinsson, flutti skýrslu ráðsins og greindi frá reikningum. Var hvorutveggja samþykkt án umræðu.

Aðal fundarefni stefnunnar voru þrjú:

- I Kynning á frumvarpi til Þjóðkirkjulaga
Ásbjörn Jónsson, kirkjuráðsmaður og Egill H Gíslason, kirkjuþingsmaður kynntu nýtt frumvarp til Þjóðkirkjulaga. Einnig frumvarp til laga um breytingar á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar nr 78/1997. Þessu frumvarpi er ætlað að ná fram þeim þáttum úr því frumvarpi til Þjóðkirkjulaga, sem liggur fyrir kirkjuþingi sem þola ekki lengri bið. – Nokkrar umræður urðu um frumvörpin.
- II Ný fræðslustefna
Sr. Sigfús Kristjánsson, verkefnastjóri fræðslumála, flutti erindi um nýja fræðslustefnu Þjóðkirkjunnar með sérstaka áherslu á átak í fermingarfræðslu. Nokkrar umræður voru um erindið og voru fundarmenn almennt sammála um að hér væri á ferðinni eitt brýnasta verkefni kirkjunnar.
- III Er pláss fyrir Guð í tækniþjóðfélagi ?
Pallborðsumræða: Frummælendur voru: Svana Helen Björnsdóttir, verkfræðingur. Sr. Sveinn Valgeirsson, sóknarprestur og Vilhjálmur Bjarnason, alþingismaður. – Umræðustjóri var Jón Hákon Magnússon. Líflæg umræða var að loknum erindum.

Leikmannaráð skipa nú:

Aðalmenn:

Formaður: Marinó Þorsteinsson, Reykjavíkurrófastsdæmi vestra.

Ritari: Þórdís Friðbjörnsdóttir, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi.

Meðstjórnandi: Jón Hákon Magnússon, Reykjavíkurrófastsdæmi vestra.

Varamenn: Guðný Guðnadóttir, Suðurprófastsdæmi.

Jón Oddgeir Guðmundsson, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.

Reynir Sveinsson, Kjalarnessprófastsdæmi.

Leikmannastefnuna sátu um 40 fulltrúar og gestir. Var henni var slitið í Biskupsgarði. Samþykkt var eftirfarandi ályktun:



Frá Leikmannastefnu 2014

Ályktun um kirkjupingsfrumvarp

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til laga um breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997. Þessu frumvarpi er ætlað að ná fram þeim þáttum úr því frumvarpi til þjóðkirkjulaga, sem liggur fyrir kirkjuþingi sem þola ekki lengri bið.

Með frumvarpinu er verið að auka sjálfstæði kirkjupings eins og því ber sem valdamestu stofnun þjóðkirkjunnar með því að fjárstjórnarvaldið er fært yfir til þingsins.

Leikmannastefna þjóðkirkjunnar, haldin í Seltjarnarneskirkju 5. apríl 2014, lýsir ánægju sinni með að þetta frumvarp sé nú fram komið. Vonast er til að það verði að lögum á þessu vorþingi og taki gildi 1. janúar 2015.

Vígslubiskup Skálholtsstiftis

Minnisverð tíðindi 2013

Þegar litið er til baka yfir árið 2013 bar ótvírætt hæst Skálholtshátíðina þegar þess var minnst að 50 ár voru liðin frá vígslu Skálholtsdómkirkju og þess atburðar er þjóðkirkjan fékk til eignar Skálholtsstað allan með öllu sem honum fylgdi, í samræmi við lög frá Alþingi þess efnis.


Segja má að kirkjuvígslan og afhending staðarins 1963 hafi verið hápunktur þess ferils er hófst með sameinuðu átaki til endurreisnar Skálholtsstaðar laust fyrir miðja öldina. Með byggingu kirkjunnar fékk Skálholtsstaður nýtt yfirbragð sem mótaði allar frekari framkvæmdir á staðnum, eins og arkitektúr Skálholtsskóla er fagurt dæmi um. Með þessum byggingum eignaðist Skálholtsstaður andlit nútímans, eins og staðfest er með friðun ytra og innra byrðis Skálholtsdómkirkju og ytra byrðis Skálholtsskóla, sem frá var gengið í aðdraganda hátíðarinnar þann 29. desember 2012.

Með afhendingunni 1963 undirgekkst þjóðkirkjan ákveðnar skuldbindingar gagnvart ekki aðeins arfleifð kirkjunnar heldur þjóðarinnar allrar. Í greinargerð með lögnum um afhendingu Skálholts segir svo:

Allmiklar umræður hafa verið um framtíðarhlutverk staðarins og þá jafnframt um það, að hverju sé stefnt með því, sem þar hefur þegar verið gert í því skyni að hefja hið forna höfuðsetur úr þeirri niðurlægingu, sem yfir það féll með ráðstöfunum stjórnarvalda undir lok 18. aldar. Tvennt er öllum augljóst, hverjar sem skoðanir kunna að vera í þessu efni að öðru leyti. Í fyrsta lagi það, að staðurinn er of verðmætur fyrir þjóðina, einkum vegna söguhelgi sinnar, en einnig sakir þess, sem þegar hefur verið til hans lagt á næstliðnum árum, til þess að nú verði við skilizt án frekari aðgerða. Í öðru lagi: Til þess að þessi verðmæta alþjóðareign megi ávaxtast á komandi tímum til sem mestra nytja fyrir þjóðina í andlegu og menningarlegu tilliti, þarf frumkvæði og forgöngu, sem sprettur af dhuga, vakandi ræktarsemi við þá erfð, sem helgar staðinn í meðvitund þjóðarinnar og samtök um að gera hana með tímabærum aðferðum frjóa fyrir nútíð og framtíð. Má þykja eðlilegt, að til kirkjunnar sé einkum horft um þetta og að hún vænti tiltrúar í þessu efni.

Það er skilningur þess sem þetta ritar að allar framtíðarákvarðanir um húsakost á Skálholtsstað sem og um þá starfsemi sem þar fer fram hljóti að taka mið af því sem vakti fyrir þeim sem færðu þjóðkirkjunni Skálholt aftur með lögnum 1963.

Á Skálholtshátíðinni 2013 var haldinn stofnfundur Skálholtsfélags hins nýja. Kjörin var bráðabirgðastjórn sem svo var skipuð: Jón Sigurðsson, formaður, K.Hulda Guðmundsdóttir varaformaður, Halldóra Þorvarðardóttir, gjaldkeri, Karl Sigurbjörnsson, ritari, Guðmundur Ingólfsson meðstjórnandi sem heldur utan um



Steindur gluggi í Skálholtskirkju

félagatal. Varamenn í stjórn voru valin, Hildur Hákonardóttir, Vilhjálmur Árnason og Þorfinnur Þórarinsson.

Félaginu voru sett lög á stofnfundinum. Samkvæmt þeim er tilgangur félagsins að styðja við kirkjulegt og menningarlegt starf í Skálholti, er efli tengsl kirkju og þjóðlífs og stuðli að sem víðtækustum áhrifum kristinnar trúar og kristinnar menningar í íslensku þjóðlífi. Auk þess eru ákvæði í lögunum m.a. um nokkur meginsvið sem félaginu er ætlað að sinna.

Lög og samþykktir þjóðkirkjunnar um Skálholtsdómkirkju, Skálholtskóla og Skálholtsstað eru grundvöllur félagsins, svo og fordæmi hins elda Skálholtsfélags sem stofnað var 1948. Eitt stærsta verkefni félagsins er viðgerð listglugga Gerðar Helgadóttur í Skálholtsdómkirkju.

Félagið stóð fyrir málþingi um stöðu og framtíð Skálholts í október 2013, þar sem rætt var um hugmyndir um byggingu endurgerðrar miðaldadómkirkju í Skálholti.

Starfsemi á Skálholtsstað var annars með svipuðum hætti og verið hefur nema að þess gætir verulega að síðan kirkjuráð ákvað að segja upp öllu starfsfólki Skálholtsstaðar í nóvember 2011 hefur ekki verið starfandi rektor Skálholtskóla. Annað starfsfólk hefur verið endurheimt. Þessi tilhögun að hafa ekki rektor til að sinna skyldugum verkefnum Skálholtskóla samkvæmt lögum um skólann má helst líkja við að að hafa bæði skip og háseta en engan sem kann að ræsa vélina eða halda um stýrið.

Um önnur störf vígslubiskups þarf ekki að fara mörgum orðum. Þar er annarsvegur um að ræða verkefni sem honum eru falin af biskupi Íslands, innan lands sem utan, og í umboði hans, þ.e. hennar í fjarveru eða leyfi, og hins vegar þær skyldur sem vígslubiskup ber gagnvart sínu umdæmi. Þar ber hæst kirkjuheimsóknir og vísitásiur. Um hið síðarnefnda gilda ákveðnar reglur og venjur og skýrslur þar að lútandi eru varðveittar í skjalasafni.

Um önnur störf vígslubiskups á árinu í tengslum við nefndir og ráð sem hann situr í má lesa í skýrslum þeirra nefnda, en sérstök ástæða er til að nefna útgáfu sálmaþókarviðbættis undir heitinu Sálmar 2013 sem kom út í lok ársins og birtir afrakstur mikillar vinnu sálmaþókarnefndar undir forustu dr. Einars Sigurbjörnssonar, formanns nefndarinnar.

Að lokum. Það hefur ekki farið framhjá okkur í Skálholti að til eru þeir sem vilja leita leiða til þess að stýra Skálholtsstað fyrst og fremst út frá markmiðum hinnar veraldlegu arðsemi. Gæta þarf að því að tillögur þar að lútandi brjóti ekki í bága við hið eiginlega hlutverk Skálholtsstaðar samkvæmt forsendum þeirra sem rifu staðinn upp úr grassverðinum um miðja síðustu öld, eða samkvæmt forsendum þeirra sem töldu kirkjuna vel til þess fallna að gæta þeirrar alþjóðareignar sem Skálholt sannarlega er.

Í Skálholti er enn kallað til bæna dag hvern kvölds og morgna auk þess að messað er sérhvern helgan dag og margoft á virkum dögum einnig í samstarfi við þau sem nýta Skálholtsskóla eins og lög mæla fyrir um. Hver dagur hefur sinn lestur eftir ákveðinni lestraskrá. Það er ástæða til að minna á einn þann lestur í þessu samhengi.

Hann er að finna í 1.Tím. 6.-10 og hljóðar svo:

Já, trúin samfara nægjusemi er mikill gróðavegur. Því að ekkert höfum við inn í heiminn flutt og ekki getum við heldur flutt neitt út þaðan.

Vígslubiskup Hólastiftis

Solveig Lára Guðmundsdóttir

Sumarið 2013 hófst hér á Hólum með miklum undirbúningi fyrir 250 ára afmæli Hóladómkirkju, en hún var vígð 20. nóvember árið 1763 og telst því vera elsta kirkja landsins.

Kirkjuafmælið var haldið tvisvar, fyrst á Hólahátíð og síðan 24. nóvember, en þá prédikaði sr. Jón Aðalsteinn Baldvinsson við messu í kirkjunni og veglegt kirkjukaffi var eftir messu í Hólaskóla.

Hólahátíð var haldin að venju í 18. viku sumars og bar helgina upp á 16.-18. ágúst. Þorsteinn Gunnarsson arkitekt og Guðmundur Oddur Magnússon sáu um gerð myndbands um sögu kirkjunnar, sem frumsýnt var í Auðunarstofu föstudagskvöldið 16. ágúst og gekk myndbandið alla helgina. Aðfaraorð um sögu kirkjubyggingarinnar hafði Þorsteinn Gunnarsson. Laugardaginn 17. ágúst var frumflutt nýtt íslenskt leikrit, Sabinski og kirkjubyggingin eftir Björgu Baldursdóttur kennara og formann sóknarnefndar Hólasóknar. Var það sýnt þrisvar yfir hátíðina af Leikfélagi Hofsóss undir leikstjórn Maríu Grétu Ólafsdóttur. Á laugardeginum var gengið upp í Gvendarskál undir leiðsögn Skúla Skúlasonar. Þegar upp var komið messaði vígslubiskup og sr. Sigríður Gunnarsdóttir sóknarprestur á Sauðárkróki prédikaði. Sveinn Sigurbjörnsson lék á trompet á skálarbrúninni. Einnig var gengið upp að Námunni þaðan sem sandsteininn var tekinn, sem er efniviður Hóladómkirkju. Sú ganga var undir leiðsögn Hjalta Pálssonar. Viðar Sverrisson sýndi við Auðunarstofu hvernig hægt er að höggva til sandsteininn. Hápunktur afmælishátíðarinnar var hátíðarmessa í Hóladómkirkju þar sem frú Agnes M. Sigurðardóttir prédikaði og Kristján Jóhannsson söng einsöng. Trompetleikari var Sveinn Sigurbjörnsson. Kórsöng annaðist Kirkjukór Hóladómkirkju. Eftir veglegt kirkjukaffi í Hólaskóla var haldin hátíðasamkoma í kirkjunni þar sem Vilhjálmur Egilsson rektor Háskólans á Bifröst hélt ræðu og Kristján Jóhannsson söng einsöng við undirleik Helgu Bryndísar Magnúsdóttur. Sr. Hjörtur Pálsson flutti frumsamið afmælisljóð um Hóladómkirkju.

Kirkjuheimsóknir

Þann 17. júní prédikaði ég við hátíðaguðsþjónustu á Melstað í Miðfirði og sama dag hélt ég hátíðarræðu við þjóðhátíðarhöldin á Sauðárkróki. Sunnudaginn 30. júní heimsótti ég sr. Ragnheiði Karítas Kristjánsdóttur sem starfar í Noregi og tók þátt í helgihaldi með henni í gömlu fjallaseli. Sunnudaginn 14. júlí prédikaði ég við messu í Sólheimakirkju í Grímsnesi. Þann 8. september prédikaði ég á 130 ára afmælishátíð í Hjaltastaðakirkju í Austurlandsprófastsdæmi. Sunnudaginn 22. september prédikaði ég við 150 ára afmæli Skútutaðakirkju í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi. Sunnudaginn 13. október heimsótti ég Siglufjarðarsöfnuð, talaði til barnanna í afar vel sóttum sunnudagskóla um morguninn og prédikaði við messu eftir hádegis. Miðvikudaginn 16. október heimsótti ég unga og aldna

á vinavíku á Vopnafirði. Það var stórkostleg upplifun að verða vitni að hinu blómlega unglingastarfi þar. Sunnudaginn 27. október komu sóknarprestur og kirkjukórar frá Blönduósi og nærsveitum í heimsókn heim að Hólum. Prédikaði sóknarprestur og komu síðan allir í kirkjukaffi heim á biskupssetrið. Þriðjudaginn 29. október heimsótti ég foreldramorgunn í Ólafsfjarðarkirkju þar sem Sigrún Magna Þórsteinsdóttir var með krílasálma. Á aðventunni talaði ég hjá Sjálfsbjörgu á Sauðárkróki og á aðventuhátíð í Höfðaborg á Hofsósi. Á aðfangadagkvöld messaði ég í Hóladómkirkju, en á jóladag varð messufall vegna veðurs. Söfnuðinum var bætt upp jólamessan sunnudaginn 29. desember. Fjölskyldustund hef ég síðan á gamlársdag í Hóladómkirkju, en hápunktur áramótahátíðahaldanna er að hringja kirkjuklukkum Hóladómkirkju á miðnætti um áramótin.

Ég heimsótti æskulýðsmót á Grenivík 7. febrúar, en það er samstarfsverkefni ÆSKEY og ÆSKA. Var ánægjulegt að sjá hversu þróttmikið æskulýðsstarfið er í þessum landshlutum. Þann 20. febrúar heimsótti ég starf aldraðra í Gleráarkirkju og sagði þeim frá starfi mínu og lífinu hér á Hólum.

Á skírdag las Halldór Hauksson alla passíúsálma Hallgríms Péturssonar og lék á virginal Barokksmiðju Hólastiftis eftir fimmta hvern sálm. Var það vel við hæfi í ár þegar við höldum upp á 400 ára fæðingarafmæli Skagfirðingsins og sálmaskáldsins. Á föstudaginn langa var fyrirhugað að ganga pílgrímagöngu frá Gröf á Höfðaströnd þar sem skáldið fæddist hingað heim að Hólum þar sem hann ólst upp frá 10 ára aldri. Veður var hins vegar afar vont og blés stíft af suðvestri. Var því minna um göngu, en við lásum saman í Grafarkirkju, ókum að Kolku þar sem aftur var lesið og áttum síðan helgistund við háaltari Hóladómkirkju þar sem var helgistund og sungnir passíúsálmar. Á páskadag messaði ég í Hóladómkirkju og kirkjukaffi var á biskupssetrinu.

Á uppstigningardag þann 29. maí prédikaði ég við messu í Sauðárkróskirkju.

Erlend samskipti

Dagana 24.-27. júní 2013 sótti ég ásamt biskupi Íslands frú Agnesi M. Sigurðardóttur og manni mínum sr. Gylfa Jónssyni norrænan biskupafund í Lofoten í Noregi. Var það afar ánægjulegt og fróðlegt að kynnast starfi kirknanna á Norðurlöndum og efla kynni meðal kollega.

Dagana 3.-8. júlí 2013 sótti ég þing KEKK Kirknasambands Evrópu í Búdapest. Þingið sóttu auk mín, sr. María Ágústsdóttir og sr. Gylfi Jónsson. Á þinginu voru gerðar miklar skipulagsbreytingar og samþykkt ný stjórnarskrá sambandsins.

Dagana 12.-16. maí 2014 sótti ég Evrópuþing WICAS sem er kvennavettvangur Lúterska heimssambandsins. Meginefni þingsins var að ræða um konur í siðbótinni allt frá siðbótartímanum og til okkar daga.

Háskólinn á Hólum

Við Háskólann á Hólum eru starfræktar þrjár brautir, hestafræði, fiskeldisfræði og ferðamálafræði.

Tvisvar á starfsárinu var ég fengin til að halda erindi við ferðamáladeildina.

Hið fyrra var um kirkjuárið og hið síðara um kyrrðardaga. Var ánægjulegt að finna áhuga ferðamálafræðinema á þessum kirkjulegu efnum. Auk þess tek ég reglulega á móti staðarlotunemum sem eru í fjarnámi við skólann, sýni þeim kirkjuna og segi frá sögu staðarins.

Málþing og ráðstefnur

Á starfsárinu stóð ég ásamt fleirum fyrir einu málþingi og einni ráðstefnu. Á vegum Jafnréttisnefndar stóðum við fyrir málþingi sem var nokkurs konar hugflæði um næstu framkvæmdaáætlun Jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar. Málþingið var haldið í safnaðarheimili Glerárkirkju.

Ráðstefna var haldin hér heima á Hólum um Hallgrím Pétursson í 400 ár. Var ráðstefnan samvinnuverkefni Guðbrandsstofnunar og Árnastofnunar. Var hún haldin í Auðunarstofu og var sérstaklega vel heppnuð og vel sótt.

Hólanefnd

Vígslubiskup Hólastiftis er formaður Hólanefndar, en auk mín sitja í nefndinni rektor Hólaskóla, dr. Erla Björk Örnólfsdóttir, prófastur í Húnvatns- og Skaga-fjarðarprófastsdæmi, sr. Dalla Þórðardóttir og formaður sóknarnefndar Hólasóknar Björg Baldursdóttir. Hlutverk Hólanefndar er umsjón með Hóladómkirkju og Auðunarstofu. Fundað er þegar þurfa þykir aðallega í tengslum við fjárhagsáætlanir því nefndinni er afar þröngur stakkur skorinn. Í vetur höfum við einbeitt okkur að 400 ára afmælishátíð Hallgríms Péturssonar, sem haldin verður á Hólahátíð og munum við leitast við að hafa hátíðina í ár fjölskylduhátíð þar sem allir aldurshópar eiga að finna eitthvað við sitt hæfi.

Kirkjuvörður er Laufey Guðmundsdóttir, en hún starfar við kirkjuna allan ársins hring. Auk þess að vera meðhjálpari tekur hún á móti hópum sem koma heim að Hólum og vekur upp sögu staðarins í hugum þeirra sem staðinn heimsækja. Þegar þess er óskað sé ég líka um að taka á móti hópum, bæði innlendum og erlendum. Auk Laufeyjar vinnur Magnús Ástvaldsson við kirkjuvörslu yfir sumarið. Viðar Sverrisson sér um hirðingu garðs og viðhald Auðunarstofu. Ritari nefndarinnar og framkvæmdastjóri er sr. Gyli Jónsson.

Guðbrandsstofnun

Vígslubiskup er formaður Guðbrandsstofnunar, sem er samstarfsverkefni vígslubiskupsins á Hólum, f.h. þjóðkirkjunnar, Háskólans á Hólum og Háskóla Íslands. Stjórn Guðbrandsstofnunar skipa auk mín dr. Erla Björk Örnólfsdóttir rektor og dr. Hjalti Hugason prófessor.

Fastur liður í starfi Guðbrandsstofnunar eru sumartónleikar í kirkjunni alla sunnudag frá miðjum júní til Hólahátíðar. Sumartónleikarnir 2014 hafa nú þegar verið skipulagðir og listafólkið sem leggur sumartónleikunum lið sumarið 2014 eru Kristjana Arngrímsdóttir og Kristján Eldjárn Hjartarson, Hallfríður Ólafsdóttir og Ármann Helgason, Gunnar Kvaran og Guðný Guðmundsdóttir, Benedikt Hermann

Hermannsson, Lára Sóley Jóhannsdóttir og Hjalti Jónsson, Alexandra Chernyshova, Kevin Kees, Irina Petrik og Einar Bjartur Egilsson, Bára Grímsdóttir og Chris Foster og Maria Cederborg og Enrique Canales Fuentes. Sumartónleikarnir eru styrktir af Menningarsjóði KS og kirkjumálasjóði.

Haustið 2013 hófum við þá nýbreytni að boða til: *Fræðafunda heima á Hólum*. Efnit var til eins fræðafundar í mánuði yfir vetrartímann. Markmið þeirra er almenningsfræðsla og/eða umræður um efni á einhverju því sviði sem tilgreint er í 3. mgr. 1. gr. í starfsreglum stofnunarinnar. Nú höfum við enn á ný boðið völdu fræðafólki að koma til vikudvalar á Hólum gegn því að halda erindi um hugðarefni sín í Auðunarstofu.

Kirkjuþing

Þann 16.-21. nóvember sat ég Kirkjuþing í Grensáskirkju og framhaldskirkjuþing í Seljakirkju 7.-8. mars. Auk þess var haldið málþing fyrir kirkjuþingsfólk í Skálholti dagana 13.-14. september og sat ég það málþing einnig

Biskupa- og prófastafundir

Biskupafundir voru á starfsárinu þrjár talsins. Einnig sat ég prófastafund í Reykjavík 14.-15. janúar 2014.

Nefndir

Ég á sæti í tveimur nefndum, Jafnréttisnefnd Þjóðkirkjunnar þar sem ég er formaður og í nefnd sem undirbýr fimm alda minningu síðbótarinnar.

Fundir og viðtöl

Auk nefndafunda sótti ég alla þrjá héraðsfundi stiftisins. Þá sótti ég þingmálafundi og leiðarþing. Ég var boðuð á alla hina mánaðarlegu prestafundi í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmis og sótti næstum alla. Þá heimsótti ég þó nokkra presta og átti við þá spjall um starfið og lífið.

Guðfræðidagar á Hólum

Samkvæmt venju hélt Prestafélag Hólastiftis hins forna, guðfræðidaga hér á Hólum 19.-21. maí. Að þessu sinni voru fyrirlesarar dr. Arnfríður Guðmundsdóttir og dr. Sólveig Anna Bóasdóttir. Voru guðfræðidagarnir vel sóttir og uppbyggilegir í alla staði. Síðasta kvöldið var móttaka hjá okkur hjónum í biskupsgarði.

Lokaorð

Ég vil að lokum þakka öllum þeim sem hafa komið að því mikla og góða starfi sem unnið er hér heima á Hólum og í stiftinu öllu. Á hausti komanda mun ég vísitera Austurlandsprófastsdæmi og er það mikið tilhlökkunarefni.

Fjármálasvið Biskupsstofu

Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri

Grundvöllur

Samkvæmt lögum um Kristnisjóð, Jöfnunarsjóð sókna og Kirkjumálasjóð ber Biskupsstofa að sjá um reikningshald þeirra. Biskupsstofa annast einnig reikningshald samkvæmt samkomulagi fyrir, Tónskóla Þjóðkirkjunnar, Kirkjugarðasjóð, Strandarkirkju og Strandarkirkjugarð, Hinn almenna kirkjusjóð og ýmsa aðra sjóði í vörslu biskups Íslands. Frá og með árinu 2012 hefur Biskupsstofa séð um reikningshald Skálholts. Ríkisendurskoðun endurskoðar reikningshald þessara sjóða og stofnana.

Starfsemi

Meginverkefni fjármálasviðs Biskupsstofu er að halda utan um bókhaldsgögn og meðhöndla þau og breyta þeim í upplýsingar sem nýtast stjórnendum til ákvörðunar í rekstri sjóða og stofnana. Biskupsstofa annast reikningshalds- og greiðsluþjónustu ásamt launaþjónustu og áætlanagerð fyrir stofnanir og sjóði kirkjunnar. Markmiðið er að sníða þjónustuna að þörfum kirkjunnar með það að leiðarljósi að stuðla að betri nýtingu fjármuna hennar.

Starfsmenn fjármálasviðs eru Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri, Hildur Gunnarsdóttir, féhírðir, Magnhildur Sigurbjörnsdóttir, verkefnisstjóri, Ólína Hulda Guðmundsdóttir, bókarí, Ólöf Kristjánsdóttir, aðalbókarí og Vigdís Helga Eyjólfsdóttir, bókarí.

Tekjur kirkjunnar 2013 samkvæmt lögum og samningum

Hækkun á tekjum milli árana 2013 og 2012 var um 3,6% í heild þegar tekið er tillit til endurmats vegna launa.

Fjárlagaliður	Rauntölur 2013	Rauntölur 2012	Mism. %	Mism. kr.
06-701 Þjóðkirkjan	1.439,0	1.440,1	-0,1%	-1,1
06-705 Kirkjumálasjóður	238,9	229,4	4,1%	9,5
06-707 Kristnisjóður	73,1	74,0	-1,2%	-0,9
06-735 Sóknargjöld	1.715,8	1.604,4	6,9%	111,4
06-736 Jöfnunarsjóður sókna	309,1	296,8	4,1%	12,3
Samtals	3.775,9	3.644,7	3,6%	131,2

Sóknargjöld

Sóknargjöld 2013 voru ákveðin 728 kr. á mánuði fyrir einstakling 16 ára og eldri. Í skýrslu nefndar innanríkisráðherra til að meta áhrif niðurskurðar fjárveitinga á starfsemi þjóðkirkjunnar sem kom út í apríl 2012 kemur fram að sóknir þjóðkirkjunnar hafa orðið fyrir mun meiri skerðingu en stofnanir innanríkisráðuneytisins í kjölfar hrunsins. Ríkið viðurkenndi þetta misræmi og greiddi tímabundið 45 m.kr. til sóknanna til viðbótar við sóknargjöldin árið 2013. Árið 2014 var sóknargjaldið ákveðið 750 kr. á mánuði. Þar fyrir utan var greitt 100 m.kr. tímabundið viðbótarframlag til sóknanna og fyrirheit um 40 m.kr. viðbótarframlag á árinu 2015.

Biskupsstofa

Meginhlutverk Biskupsstofu er að annast stjórnýslu þjóðkirkjunnar. Jafnframt innir Biskupsstofa af hendi margvíslega sameiginlega þjónustu fyrir kirkjulegar stofnanir. Samkvæmt ársreikningi 2013 er 8,1 m.kr. tekjuafgangur í samanburði við 11,8 m.kr. tekjuhalla á árinu 2012. Skuld við ríkissjóð var 7,1 m.kr. í árslok 2013 í stað 15,1.kr. skuldar í árslok 2012.

Kristnisjóður

Kristnisjóður starfar skv. lögum nr. 35/1970 og er hlutverk hans m.a. að styðja hvers konar starfsemi kirkjunnar til eflingar kristinni trú og siðgæði með þjóðinni, svo sem útgáfu á hjálpargögnum í safnaðarstarfi og kristlegu fræðslu, enn fremur að styrkja félög og stofnanir, sem vinna að mikilvægum verkefnum á kirkjunnar vegum. Tekjur Kristnisjóðs eiga að samsvara 15 árslunum presta eða 105,3 m.kr. samningi ríkis og kirkju. Framlag á fjárlögum 2013 var hinsvegar 73,1 m.kr. Í ársbyrjun 2006 voru verkefni Kristnisjóðs færð yfir á Kirkjumálasjóð. Ársreikningur Kristnisjóðs árið 2013 er því aðeins fólgin í tilfærslu fjármuna frá Kristnisjóði til Kirkjumálasjóðs.

Jöfnunarsjóður sókna

Jöfnunarsjóður starfar skv. lögum um sóknargjöld o.fl. nr. 91/1987. Hlutverk sjóðsins er m.a. að veita styrki til þeirra sókna sem hafa sérstöðu umfram aðrar sóknarkirkjur og að leitast við að jafna aðstöðu og styrkja sóknir þar sem sóknargjöld nægja ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum. Jafnframt annast sjóðurinn fjársýslu með veittum lánum Kirkjubyggingasjóðs. Þá hefur Jöfnunarsjóður heimild til að veita ábyrgðir, sbr. reglugerð um Jöfnunarsjóð sókna. Tekjur miðast við 18,5% ofan á sóknargjöld og breytist gjaldið í hátt við breytingu á meðaltekjuskattsstofni eins og sóknargjöldin. Niðurskurður ríkis á sóknargjöldum hefur bitnað á tekjum Jöfnunarsjóðs sókna.

Kirkjumálasjóður

Kirkjumálasjóður starfar samkvæmt lögum nr. 138/1993. Hlutverk Kirkjumálasjóðs

er m.a. að kosta viðhald prestssetra, að standa straum af kostnaði við Kirkjuþing, Kirkjuráð, Prestastefnu, biskupsгарð, fjölskylduþjónustu, tónskóla, starfsþjálfun guðfræðikandídata og ýmis önnur verkefni. Í ársbyrjun 2008 fluttust fasteignir og langtímaskuldir Skálholts til Kirkjumálasjóðs. Tekjur sjóðsins miðast við 14,3% ofan á sóknargjöld. Niðurskurður ríkis á sóknargjöldum hefur bitnað á tekjum Kirkjumálasjóðs. Fasteignir og jarðir Kirkjumálasjóðs eru færðar á fasteignamati í efnahagsreikningi, nema Skálholtskirkja er færð á brunabótamati. Í ársbyrjun 2011 var rekstur Fjölskylduþjónustu kirkjunnar sameinaður Kirkjumálasjóði. Samkvæmt ársreikningi 2013 er 6,1 m.kr. tekjuhalli í samanburði við 64,5 m.kr. tekjuhalla á árinu 2012. Hagnaður af sölu fastafjármuna hækkaði um 29 m.kr. milli ára og rekstrargjöld lækkuðu um 29,5 m.kr. milli ára.

Biskupsstofa

	2013	2012	2011	2010	2009
Rekstur					
Tekjur	218.523	221.328	251.504	241.620	187.854
Gjöld	(1.649.388)	(1.673.262)	(1.580.313)	(1.617.843)	(1.675.152)
Stofnkostnaður			(1.586)	(285)	(606)
Greiðslur ríkis	1.439.000	1.440.100	1.319.800	1.382.100	1.482.300
Tekjuafgangur (-halli)	8.135	(11.834)	(10.595)	5.592	(5.604)
Efnahagur					
Veltufjármunir	33.213	7.567	2.148	22.439	7.243
Eignir alls	33.213	7.567	2.148	22.439	7.243
Höfuðstóll	(16.763)	(24.899)	(13.064)	(2.469)	(8.061)
Skammtímaskuldir	49.976	32.465	15.212	24.908	15.304
Eigið fé og skuldir alls	33.213	7.567	2.148	22.439	7.243

Kristnisjóður

	2013	2012	2011	2010	2009
Rekstur					
Tekjur	73.100	74.000	76.300	82.200	87.900
Gjöld	(73.101)	(74.001)	(76.430)	(82.201)	(88.251)
Rekstrarafgangur (-halli)	(1)	(1)	(130)	(1)	(351)
Fjármunatekjur (-gjöld)	37	19	2	6	103
Tekjuafgangur (-halli)	36	18	(128)	5	(248)
Efnahagur					
Fastafjármunir	0	0	0	0	0
Veltufjármunir	364	32	14	390	137
Eignir alls	364	32	14	390	137
Eigið fé	68	32	14	142	137
Langtímaskuldir	0	0	0	0	0
Skammtímaskuldir	296	0	0	248	0
Eigið fé og skuldir alls	364	32	14	390	137

Jöfnunarsjóður sókna

	2013	2012	2011	2010	2009
Rekstur					
Tekjur	309.104	296.824	296.982	331.869	361.671
Gjöld	(288.169)	(309.913)	(320.116)	(397.374)	(431.955)
Rekstrarhagn (-halli)	20.935	(13.089)	(23.134)	(65.505)	(70.284)
Fjármunatekjur	3.636	6.895	9.618	8.313	17.350
Tekjuafgangur (-halli)	24.571	(6.194)	(13.516)	(57.192)	(52.934)
Efnahagur					
Fastafjármunir	28.357	44.257	50.815	32.214	44.054
Veltufjármunir	197.500	161.220	150.193	162.667	212.955
Eignir alls	225.857	205.747	201.008	194.881	257.009
Höfuðstóll	194.052	169.482	175.676	189.192	246.384
Langtímaskuldir	0	0	0	0	0
Skammtímaskuldir	31.805	36.265	25.332	5.689	10.625
Eigið fé og skuldir alls	225.857	205.747	201.008	194.881	257.009

Kirkjumálasjóður

	2013	2012	2011	2010	2009
Rekstur					
Tekjur	559.973	532.367	591.495	610.352	623.374
Gjöld	(536.633)	(566.076)	(617.119)	(573.652)	(554.633)
Fjármagnsliðir	(29.490)	(30.839)	(29.316)	(16.512)	(60.343)
Tekjuafgangur (-halli)	(6.150)	(64.548)	(54.940)	20.188	8.398
Efnahagur					
Rekstrarfjármunir	3.183.433	2.970.994	2.843.383	2.488.317	6.218.052
Veltufjármunir	152.709	95.654	126.671	84.816	161.862
Eignir alls	3.336.142	3.066.648	2.970.054	2.573.133	6.379.914
Höfuðstóll	2.941.181	2.693.561	2.583.165	2.279.537	5.973.837
Langtímaskuldir	315.628	319.033	316.282	256.021	326.662
Skammtímaskuldir	79.333	54.054	70.607	37.575	79.415
Eigið fé og skuldir alls	3.336.142	3.066.648	2.970.054	2.573.133	6.379.914

Störf kirkjuráðs

Ragnhildur Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri

Inngangur

Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir er forseti kirkjuráðs lögum samkvæmt. Auk biskups sitja í ráðinu fjórir fulltrúar kjörnir af kirkjupingi til fjögurra ára, tveir leikmenn og tveir guðfræðingar. Kjörnir fulltrúar í kirkjuráði eru Ásbjörn Jónsson hrl., sr. Gísli Gunnarsson, sóknarprestur í Glaumbæjarprestakalli, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi, sr. Gunnlaugur Stefánsson, sóknarprestur í Heydala-prestakalli, Austurlandsprófastsdæmi og Katrín Ásgrímsdóttir, framkvæmdastjóri Sólskóga ehf. Varamenn þeirra eru Birna G. Konráðsdóttir, Svana Helen Björnsdóttir og dr. Sigurður Árni Þórðarson. Sr. Elínborg Gísladóttir var kosinn varamaður í kirkjuráð á kirkjupingi 2012 í stað sr. Solveigar Láru Guðmundsdóttur, en hún var kosin vígslubiskup í Hólaumdæmi árið 2012 og sagði því af sér sem varamaður í kirkjuráði. Hinir kjörnu kirkjuráðsmenn og varamenn þeirra sitja allir á kirkjupingi. Forseti kirkjupings situr fundi kirkjuráðs þegar kirkjupingsmálefni eru til umfjöllunar og forsætisnefnd að jafnaði tvisvar á ári. Einnig situr vígslubiskupar fundi ráðsins þegar málefni biskupsstólanna eru rædd. Kjörtímabili þess kirkjuráðs sem nú situr lýkur í lok næsta kirkjupings en það var kosið á kirkjupingi 2010. Í maí sl. var kosið til kirkjupings og verður því nýtt kirkjuráð kjörið í lok næsta þings.

Kirkjuráð samþykkti að veita framkvæmdastjóra kirkjuráðs leyfi frá störfum sínum í allt að eitt ár og var Ragnhildi Benediktsdóttur, fv. skrifstofustjóra Biskupsstofu, falið að leysa hann af. Lögfræðingur á fasteignasviði sagði starfi sínu lausu sl. haust og var ákveðið að ráða ekki í starf hans að svo stöddu. Framkvæmdastjóri kirkjuráðs gegnir starfi sviðsstjóra fasteignasviðs árið 2014.

Hér verður gerð grein fyrir helstu störfum kirkjuráðs frá 1. júní 2013 til 31. maí 2014.

Störf kirkjuráðs – Almennt

Kirkjuráð fer með framkvæmd þeirra sameiginlegu verkefna þjóðkirkjunnar sem lög og stjórnvaldsreglur ætla því og erinda sem vísað er til þess, m.a. af hálfu kirkjupings, prestastefnu, samtökum leikmanna, Alþingis og ráðherra. Kirkjuráð undirbýr kirkjuping í samráði við forseta kirkjupings. Þá undirbýr ráðið ýmis þingmál og veitir kirkjupingsfulltrúum, sem þess óska aðstoð og ráðgjöf. Kirkjuráð annast almennt framkvæmd ákvarðana þingsins ef annað er ekki ákveðið af kirkjupingi. Kirkjuráð hefur yfirumsjón með fjármálum og fasteignamálum þjóðkirkjunnar, fer með stjórn Jöfnunarsjóðs sókna og kirkjumálasjóðs og úthlutar úr sjóðunum á grundvelli umsókna og fjárhagsáætlana stofnana. Í fjármálaumsýslunni felst m.a. að gera fjárhagsáætlanir og fjárlagatillögur og árita ársreikninga þeirra sjóða sem ráðið stýrir og leggur fram á kirkjupingi. Kirkjuráð veitir sóknum margháttaða ráðgjöf um fjármál. Kirkjuráð hefur sér til fulltingis þrjá starfshópa sem undirbúa mál fyrir kirkjuráðsfundi, það eru: lagahópur, fjármalahópur og kirkjustarfshópur.

Kirkjuþing

Haldið var framhaldskirkjuþing í mars sl. en starfsreglum um þingsköp kirkjuþings var breytt á kirkjuþingi í nóvember 2012 og veitt heimild til að gera allt að sex mánaða hlé á þingfundum milli umræðna eða áður en síðari umræðu um þingmál lyki. Þessi heimild var nýtt og var kirkjuþingi frestað og því síðan framhaldið í Seljakirkju 1. og 2. mars 2014 og var þá slitið.

Tekjuskerðing þjóðkirkjunnar

Undanfarin ár hefur þjóðkirkjan tekið á sig umtalsverða tekjuskerðingu þar sem greiðslur ríkisins til kirkjunnar hafa minnkað ár frá ári. Annars vegar er þar um að ræða lögbundin sóknargjöld, félagsgjöld, sem ríkið innheimtir og hins vegar samningsbundnar greiðslur ríkisins vegna kirkjueigna sem ríkinu voru afhentar með sérstöku samkomulagi frá 1997. Óumdeilt er að sóknir þjóðkirkjunnar hafa orðið fyrir mun meiri skerðingu en stofnanir innanríkisráðuneytisins. Ríkið hefur viðurkennt þetta misræmi og hyggst bæta skerðingu sóknargjalda undanfarinna ára að hluta með tímabundnu viðbótarframlagi. Fram hafa farið viðræður þjóðkirkjunnar og ríkisins um fjárhagsleg samskipti. Markmið þeirra viðræðna er m.a. leiðrétting á sóknargjöldunum, að gerður verði skriflegur samningur um innheimtu og skil sóknargjalda og að skerðingar undanfarinna ára á kirkjujarðasamkomulaginu gangi til baka. Kirkjuráð leggur þunga áherslu á að ríkið standi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningum ríkis og kirkju.

Fram kemur í ársreikningum sjóða og stofnana að góður árangur hefur náðst í rekstri þjóðkirkjunnar undanfarin ár samhliða því að unnið hefur verið að því að verja grunnþjónustu kirkjunnar.

Nefnd um sóknargjöld

Á fundi kirkjuráðs í október sl. var kynnt erindi frá innanríkisráðherra, þess efnis að ráðherra óskar eftir tilnefningum þjóðkirkjunnar í starfshóp sem fái það verkefni að leggja drög að heildarendurskoðun á fyrirkomulagi á fjárhagslegum samskiptum ríkisins og þjóðkirkjunnar, safnaða hennar og annarra trú- og lífsskoðunarfélaga. Kirkjuráð áréttaði að um tvö mál væri að ræða, annars vegar lögum um sóknargjöld o.fl. frá 1987, og hins vegar tvíhliða samningur ríkis og kirkju um kirkjujarðir frá 10. janúar 1997. Kirkjuráð samþykkti, að markmið kirkjunnar í starfi nefndarinnar um endurskoðun sóknargjalda, væri að tryggja að ríkisvaldið geti ekki einhliða breytt þeirri upphæð sem innheimt er, heldur verði gerður samningur um innheimtu sóknargjaldanna. Starfshópurinn hefur skilað skýrslu til ráðherra.

Viðræður um 3. gr. kirkjujarðasamkomulagsins, frá 1997, munu fara fram í tvíhliða viðræðum á milli þjóðkirkjunnar og ríkisvaldsins og mun þjóðkirkjan skipa nefnd til þeirra viðræðna sbr. 5. lið dagskrár.

Skipun fulltrúa kirkjunnar í viðræðunefnd um kirkjujarðasamkomulagið.

Kirkjuráð skipaði séra Gísla Gunnarsson, Ingu Rún Ólafsdóttur og Valgerði

Sverrisdóttur í viðræðunefnd kirkjunnar við ríkisvaldið um kirkjujarðasamkomulagið og mun fjármálastjóri Biskupsstofu starfa með nefndinni.

Viðaukasamningur við Samkomulag íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna Þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997.

Vegna áframhaldandi niðurskurðarkröfu ríkisins á hendur Þjóðkirkjunni árið 2013 var fimmta árið í röð gerður nýr tímabundinn viðaukasamningur við Samkomulag íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna Þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997. Samningsviðaukinn felur í sér, eins og áður, tímabundna breytingu á fjárframlögum frá ríkinu samkvæmt framangreindu kirkjujarðasamkomulagi vegna kröfu ríkisins á hendur kirkjunni um hagræðingu í fjármálum.

Einföldun fjármálaumsýslu Þjóðkirkjunnar

Kirkjuráð hefur unnið að því að gera fjármálaumsýslu sína skilvirkari með því að einfalda sjóðakerfi kirkjunnar og framsetningu á fjárhagsáætlunum.

Skálholt

Kirkjuráð og biskup Íslands hafa forræði um framkvæmdir og starfrækslu Skálholtsstaðar samkvæmt lögum nr. 32/1963 um heimild handa ríkisstjórninni til þess að afhenda Þjóðkirkju Íslands Skálholtsstað.

• Ábúð í Skálholti

Um síðustu áramót sögðu ábúendur jarðarinnar þau Signý Berglind Guðmundsdóttir og Guttormur Bjarnason upp ábúðinni eftir rúmlega 20 ára ábúð. Kirkjuráð ákvað að áfram skyldi stundaður búskapur í Skálholti og var því jörðin auglýst laus til ábúðar. Kirkjuráð hefur gert ábúðarsamning við hjóni Ásgeir Ásgeirsson og Jónu Þormóðsdóttur um ábúð til fimm ára. Ábúendaskipti í Skálholti urðu 15. júní sl.

• Leiga á gisti- og veitingarekstri í Skálholti.

Kirkjuráð auglýsti eftir tilboðum í leigu á gisti- og veitingarekstri í Skálholti en kirkjuþing 2013 hvatti til „þess að fundnar verði nýjar leiðir varðandi rekstur staðarins.“ Kirkjuráð ákvað að leita til Ríkiskaupa um aðstoð á gerð auglýsingar o.fl. vegna útleigunnar. Fimm aðilar skiluðu inn tilboðum. Kirkjuráð hefur unnið að því undanfari að skoða með hvaða hætti gisti- og veitingarþjónustu verður best við komið. Taka þarf tillit til lögbundinna verkefna Skálholtsskóla við samningsgerð um leiguna ef af verður.

• Menningarhús í miðaldastíl í Skálholti.

Eins og fram kom í skýrslu frá fyrra ári ályktaði Kirkjuþing 2012 um hugmyndir um menningarhús í miðaldastíl í Skálholti og að skoðað yrði ítarlega hvort þau

Strandarkirkja í
Selvogi.
Ljóm. Sigurður
Herlufsen



áform gætu styrkt rekstur staðarins. Kirkjuráð hefur unnið að málinu, einkum að samningsgerð við forsvarsmenn verkefnisins um bygginguna með hliðsjón af samþykktum kirkjupings. Unnið hefur verið að deiliskipulagi fyrir Skálholtsjörðina og þá fyrst og fremst á svæðinu þar sem dómkirkjan og Skálholtsskóli standa, auk fleiri bygginga. Ljóst er að kirkjan mun ekki taka fjárhagslega þátt í verkefni eða bera áhættu af því að öðru leyti en því að kosta gerð deiliskipulags. Áhugamenn um byggingu tilgátuhúss í formi menningarhúss í miðaldastíl í landi Skálholtsjarðarinnar ákváðu að hverfa frá áformum sínum að svo stöddu um síðla árs 2013. Verkefnið hefur aftur verið tekið á dagskrá og mun kirkjuráð vinna áfram að hugmyndinni ásamt áhugamönnum.

Strandarkirkja

Kirkjuráð hefur forræði yfir málefnum Strandarkirkju en Strandarkirkjunefnd, skipuð af kirkjuráði, hefur umsjón með rekstrinum fyrir hönd kirkjuráðs. Strandarkirkjunefnd bauð kirkjuráði til fundar og vettvangsskoðunar í Strandarkirkju í Selvogi á starfsárinu. Strandarkirkja á jarðirnar Hlíð, Strönd, Stakkahlíð og Vogsósa. Unnið hefur verið að deiliskipulagi jarða Strandarkirkju og var það kynnt á fundinum í máli og myndum af Guðrúnu Jónsdóttur, arkitekt, sem unnið hefur að skipulagsvinnunni. Rannsakað hefur verið veðurfar, lífríki og náttúrufer á svæðinu. Á svæðinu eru ýmsar náttúruminjar og fornleifar sem þarf að huga að og vernda. Nýr suðurstrandavegur hefur breytt miklu varðandi samgöngur á svæðinu.

Fasteignasýsla

Unnið hefur verið að sölu fasteigna kirkjumálasjóðs á grundvelli söluheimilda sem kirkjuping 2013 veitti. Seldar voru á starfstímabilinu fyrrum prestssetursjarðirnar Kálfafellsstaður, Holt undir Eyjafjöllum og prestsbústaðirnir í Þorlákshöfn, Grindavík, Bíldudal og Neskaupsstað.

Tónskóli Þjóðkirkjunnar.

Stjórn og varastjórn Tónskóla Þjóðkirkjunnar baðst lausnar sl. sumar. Kirkjuráð samþykkti að skipa bráðabirgðastjórn til vorsins 2014. Auk hefðbundinna stjórnarstarfa fékk stjórnin það hlutverk að hrinda í framkvæmd tillögum starfshóps um tónlistarmál sem kirkjuráð skipaði og skilaði af sér í apríl 2012. Kirkjuráð skipaði bráðabirgðastjórn og varastjórn Tónskólans, sem starfa skyldi fram á vor 2014. Aðalmenn í stjórn eru Sveinbjörg Pálsdóttir, formaður, Kári Þormar og Helga Þórdís Guðmundsdóttir. Varamenn eru Kjartan Sigurjónsson, Jón Bjarnason og Hlín Torfadóttir. Kirkjuráð stefnir að því að tónlistarstjóri kirkjunnar verði ráðinn frá 1. júní 2014.

Prestsþjónusta í Danmörku og Svíþjóð

Kirkjuping 2013 skipaði nefnd sem skyldi koma með tillögur um hvernig prestsþjónusta verði háttað í Svíþjóð og Danmörku. Hlutverk nefndarinnar var að afla tengsla og upplýsinga um hvernig megi efla kirkjustarf og auka prestsþjónustu fyrir Íslendinga í Danmörku og Svíþjóð.

Nefndin hefur verið að vinna tillögur að framtíðarfyrikomulagi prestsþjónustunnar þar. Íslenski söfnuðurinn í Noregi hefur lagt fram fjárstyrk til Biskupsstofu, sem gerir þjóðkirkjunni kleift að fjármagna hálf tónlistarþjónustu við söfnuðina í Svíþjóð og Danmörku í fimm mánuði á árinu 2014. Kirkjuráð þakkar íslenska söfnuðinum í Noregi það höfðinglega framlag.

Hér hefur verið stiklað á stóru um störf kirkjuráðs. Vísað er til fundargerða kirkjuráðs á vef kirkjunnar til frekari fróðleiks og upplýsinga.

Starfið á árinu

Þjónustusvið Biskupsstofu

Þorvaldur Víðisson, biskupsritari

Þjónusta við sóknir kirkjunnar eru eitt mikilvægasta verkefni Biskupsstofu. Þjónustusvið Biskupsstofu hefur með að gera málefni sem snerta helgihald, kirkju-tónlist, fræðslumál, diakoníu, guðfræði og þjóðmál, samkirkjumál, prestsþjónustu, djáknaþjónustu, fjölskylduþjónustu, stefnumál kirkjunnar, almannatengsl, vefstjórn og fleira.

Meiri reynsla er nú komin á nýtt skipurit Biskupsstofu og er ljóst að það verður áfram til skoðunar.

Breytingar urðu á starfsmannahópi Þjónustusviðs á liðnu ári. Launalaus leyfi og embættaskipti settu svip sinn á starfsmannahópinn. Undanfarin ár hefur Þjónustusviðið verið undirmannað, sökum þess að prestar af Biskupsstofu hafa verið sendir til afleysinga út í söfnuði. Sú verður einnig raunin á komandi ári.

Gróska og kraftur einkenndi starfið á árinu, eins og fram kemur í skýrslunum hér á eftir.

Fræðslumál

Elín Elísabet Jóhannsdóttir, fræðslufulltrúi á þjónustusviði

Mönnun í fræðslumálum

Undanfarin ár hafa verið litrík í starfsmannamálum fræðslueiningar þjónustusviðs eins og fram hefur komið í árbókum undanfarinna ára. Mikið hefur verið um mannbreytingar. Halldór Reynisson skipti við Sigfús Kristjánsson prest í Hjallakirkju þannig að Sigfús kom í hans stað. Sigfús fer aftur í Hjallakirkju í haust. Irma Sjöfn Óskarsdóttir þjónaði í afleysingum í Hallgrímskirkju en enginn var ráðinn í hennar stað.

Elín Elísabet Jóhannsdóttir og Sigfús Kristjánsson voru bæði í fullu starfi þetta starfsár í 100% starfshlutfalli hvort um sig.

Unnin verkefni þessa tímabils: (veturinn 2013-14)

Hér fyrir neðan verða tíunduð helstu verkefni fræðslueiningar þjónustusviðs Biskupsstofu. Að vísu verða undanskilin öll smærri verkefni og útköll" en þó er rétt að taka það frá að margt smátt gerir eitt stórt og geta þessi smáu verkefni tekið ótrúlegan tíma þegar allt er lagt saman.

En hér fyrir neðan koma stærstu póstarnir.

Efnisveita kirkjustarfsins

Efnisveitan er fyrir löngu búin að sanna sig sem drjúgt stuðningstæki við fræðslustarf kirkjunnar enda er þar að finna fjölbreytt efni fyrir flesta starfshópa innan kirkjustarfsins.

Umtalsverð fjölgun var á skráningum nýrra notenda þetta árið og var þá mest áberandi fjölgun presta. Skýringin á því gæti verið sú að prestar séu í auknum mæli orðnir meðvitaðir um tilvist efnisveitunnar en einnig sú að efnispáttum hefur fjölgað.

Það er mikil vinna að halda úti vef eins og efnisveitunni en slíkur vefur þarf að vera lifandi og stöðugt þarf að koma með eitthvað nýtt og ferskt inn í kirkjustarfið.

Til þess að efnisveitan virki sem best þarf að vera innstreymi efnis frá grasróttinni og viljum við þakka öllum þeim sem hafa lagt efnisveitunni lið á þann hátt á þessu starfsári. Höfundar efnis á efnisveitunni eru fyrir löngu orðnir fleiri en 100 talsins.

Starfsfólk kirkjunnar hefur ókeypis aðgang að vefnum og er þetta liður í því að styðja við kirkjustarfið og fækka útgjaldaliðum eins mikið og kostur er.

Yfir vetrartímann eru yfir 100 heimsóknir inn á síðuna í viku hverri sem telst gott fyrir vef sem er lokaður og ætlaður litlum markhópi. Efnisveitan hefur fyrir löngu sannað notagildi sitt sem þjónustuleið við söfnuðina.

Fræðsluefni fyrir barnastarf

Út kom nýtt efni fyrir barnastarfið og 6-9 ára starfið. Yfirskrift þess var: *Lífið er gjöf!* <http://kirkjan.is/efnisveita/node/4860>. Höfundur efnisins og ritstjóri var Elín Elísabet Jóhannsdóttir. Elín teiknaði hreyfimyndir með hverri biblíusögu og einnig leyniteikningar.

Þessi vetur einkenndist því af mikilli teiknivinnu. Annað efni samveranna var tekið úr leiðtogaheftum frá liðnum árum.

Halla Sólveig Þorgeirsdóttir teiknaði myndir á útgefin spjöld sem börnin söfnuðu í litla pappírskistu. Skálholtsútgáfa bar veg og vanda af útgáfu spjaldanna og kistunnar.

Gerður var nýr DVD diskur fyrir barnastarfið í samstarfi við Skálholtsútgáfuna og Bróðerni. Tófa var aðalsöguhetjan á disknum og var tilgangurinn að tengja þættina á einn eða annan hátt við biblíusögurnar. Gerður var vandaður búningur fyrir Tófu.

Guðmundur Karl Brynjarsson gerði handritið og var það unnið í samstarfi við Þorleif Einarsson. Guðmundur Karl vann einnig myndagátur sem notaðar voru í efni vetrarins.

Vefurinn barnatru.is var áfram hafður í salti. Honum var þó haldið opnum en ekki unnið í honum sérstaklega. Notkun hans fólst aðallega í því að safna upplýsingum á einn stað um það hvar barnastarf væri og hvenær.

Vinna við gerð fræðsluefnis næsta starfsárs hófst í lok þessa starfsárs og er nú í vinnslu. Það efni ber yfirskriftina *Í sjöunda himni*. <http://kirkjan.is/efnisveita/node/5413>

Er stefnan að það efni verði síðasta efni í fjögurra ára seríu „leiðtogahefta“ sem eru inni á efnisveitunni.

Að því loknu verður heftið frá vetrinum 2011-2012 <http://kirkjan.is/efnisveita/node/4192> endurskoðað og boðið upp á það veturinn 2015-2016.

Fræðsluefni fyrir unglingastarfið:

Í fyrra var sett var af stað vinna við gerð nýs fræðsluefnis fyrir unglingastarfið. Var hún í höndum Margrétar Rósar Harðardóttur og Kristínar Tómasdóttur. Efnið hlaut yfirskriftina Græn í garði Guðs og var það sett inn á efnisveituna.

Efnið er eins og nafnið bendir til náttúruverndarefni þar sem áhersla er lögð á virðingu fyrir sköpuninni m.a. með endurvinnslu. Í þessum efnispakka var einnig efni fyrir æskulýðsdaginn. Slóð efnisins á efnisveitunni er: <http://kirkjan.is/efnisveita/node/4946>

Fermingarstörfin

Fermingarstörfin hafa fengið algjöran forgang í starfsemi fræðsluviðs þetta árið, enda er gert ráð fyrir því í nýrri fræðslustefnu að fermingarstörfin séu sett á oddinn næstu fjögur árin.

Í fyrra var unnið var að gerð nýs fræðsluefnis fyrir fermingarstörfin. Annars vegar var unnið að þýðingu fermingarkversins *Con Dios* og hins vegar gerðir tíu stuttir þættir, *Guðspjall*, til að sýna í fermingarfræðslunni en leikararnir Halldóra Geirharðsdóttir og Bergur Ingólfsson unnu að þeim ásamt Jónu Hrönn Bolladóttur. Stefán Drengsson tók þættina upp.

Allt þetta efni var unnið í nánu samstarfi við Skálholtsútgáfu en mikill tími fór í að vinna texta kversins og gera hann tilbúinn til útgáfu. Efnið var kynnt fyrir prestum og fræðurum í Hallgrímskirkju 10. júní en var þá ekki komið út.

Kverið *Con Dios* for svo í notkun í fyrsta sinn síðastliðið haust.

Elín Elísabet hélt námskeið um efnið í öllum landsfjórðungum og voru þau námskeið í flestum tilfellum tengd haustnámskeiðunum sem áður voru kölluð *Innandyra*.

Ákveðið var að kalla presta og aðra fermingarfræðara oftast saman og bjóða þeim upp á fundi í tengslum við *Con Dios*. Fyrsti slíki fundurinn var haldinn í Hjallakirkju þann 12. febrúar. Áætlað er að halda fleiri slíka fundi eða námskeið um landið.

Að allri kynningu lokinni þurfti að taka ákvörðun um áframhald. Settur var inn á efnisveituna sérstakur þjónustuvefur *Con Dios*. Þjónustuvefnum er ætlað að bæta við tækjum og tólum sem gætu komið að notum í fermingarfræðslunni. Sjá: <http://kirkjan.is/efnisveita/node/5294>

Þar er gengið út frá hugmyndum presta og annarra fermingarfræðara um það hvað vantar til þess að auðvelda störf þeirra. Allt sem fer inn á þennan vef er unnið fyrir opnum tjöldum þannig að ekkert er í raun endanlegt. Það má alltaf bæta við laga og breyta.

Vefurinn er enn í mótun og mun að öllum líkindum halda áfram að vaxa og mótast um ókomna tíð.

Þar er m.a. hægt að finna vísi að áætlun til næstu fjögurra ára. Áætlunin er höfð opin og er ekki endanleg ennþá enda er óljóst hversu miklir peningar verða lagðir í verkefnið þegar til lengri tíma er litið. Eins og málum er háttað nú getum við ekki vitað nema eitt ár fram í tíman hver fjárheimildin vegna fermingarstarfanna verður. Það er stór galli þar sem við þurfum að geta búið til heildaráætlun. Annað sem setur strik í reikninginn varðandi gerð heildaráætlunar er óstöðugleiki í starfsmannamálum.



Nýja fermingarfræðslukverið, *Con Dios*

Stofnað var til samstarfs við Hið íslenska biblíufélag um gerð myndbands fyrir fermingarstörfin. Myndbandið á að þjóna því hlutverki að kynna Biblíuna fyrir fermingarbörnunum og svara spurningunni um það hvers konar bók Biblían er. Leitað var til Odds Bjarna Þorkelssonar, guðfræðings og leikstjóra, sem hefur haft umsjón með verkefninu.

Reiknað er með því að myndbandið verði tilbúið á haustmánuðum og fer það þá inn á efnisveituna. Prestar og aðrir fermingarfræðarar geta þá sótt sér það þangað án endurgjalds.

Unnið hefur verið að gerð auglýsingabæklinga fyrir fermingarstörfin. Eðlilegt þykir að þjóðkirkjan kynni fermingarstörfin og sendi út bækling á heimili fermingarbarna á sama hátt og Siðmennt gerir. Bæklingurinn kemur væntanlega út í haust.

Á áætlun fræðsluviðs um áframhaldandi stuðning við fermingarstörfin eru hinir svo kölluðu spegluðu kennsluhættir. Fræðslueiningin hefur ákveðið að styrkja Hildi Björk Hörpudóttur og Jóhönnu Gísladóttur til verksins en þær eru að útbúa slíkt efni sem fylgir þá Con Dios kverinu að mestu leyti. Efni þetta er nú þegar komið í vinnslu.

Starf aldraðra

Starf eldri borgara er blómlegt í mörgum kirkjum. Auk þess sinna margir prestar og djáknar elli- og hjúkunarheimilum. Það var því hafist var handa við gerð á nýju fræðslufni fyrir starf aldraðra á síðasta ári. Höfundur þess er Ásdís Blöndal, djákni.

Efnið var notað í fyrsta skipti þetta árið og var almenn ánægja með það. Efnið er einstaklega fjölbreytt og aðgengilegt og greinilegt að höfundur hefur mikla reynslu af starfi með þessum aldurs hópi. Efnið einkennist af miklum skilningi á þörfum og áhuga þessa hóps auk þess sem það er unnið af hugsjón, hlýju og virðingu. Efnið er á efnisveitunni: <http://kirkjan.is/efnisveita/node/4770>

Í tengslum við þetta nýja efnis fyrir eldri borgarastarf var gefinn út CD diskur til undirleiks. Þar má finna ýmsar perlur, bæði andlegar- og veraldlegar. Óskar Einarsson sá um undirleik. Diskurinn var samstarfsverkefni fræðsluviðs og Skálholtsútgáfu.

Unglingastarfið

Sigfús Kristjánsson

Farskóli leiðtogaefna gekk afar vel í vetur og var skólalastjóri Jónína Sif Eypórsdóttir. Farskólunum lauk með útskrift í Digraneskirkju þar sem Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir afhenti nemun brautskráningarskírteini. Alls voru útskrifaðir 28 nemendur af bæði fyrra og seinna ári. Fræðsluvið hefur einnig styrkt farskóla leiðtoga á austurlandi.

Endurskoðun á fræðslufni farskólans hefur staðið yfir um nokkurt skeið og er þeirri vinnu að ljúka núna. Umsjón með efninu hefur verið í höndum Sr. Sigríðar Tryggvadóttur og Dagnýjar Höllu Tómasdóttur. Ásamt þeim hefur Pétur Björgvin Þorsteinsson samið efnið.

Fræðsluvið hefur staðið fyrir ýmsum námskeiðum fyrir leiðtoga í barna og unglingsstarfi í samstarfi við Kfum og k, Æskp, Æskr og Kjalarnesprófastsdæmi. Má þar nefna vel heppnað og vel sótt námskeið í hugleiðingagerð, námskeið um lýðræði og ýmis fleiri námskeið sem haldin eru árlega eins og grunnnámskeið fyrir leiðtoga. Samstarf þessara aðila var blómlegt í vetur og ásamt Sigfúsi Kristjánssyni frá Biskupsstofu skipuðu samráðshóp. Magma Sverrisdóttir fyrir KFUM, Dagný Halla Tómasdóttir fyrir hönd ÆSKR, Sr. Gunnar Jóhannesson fyrir hönd Kjalarnesprófastsdæmis og Eva Björk Valdimarsdóttir fyrir hönd Æskp. Samráðsnefndin þakkar öllum sem komu að fjölbreyttu námskeiðshaldi fyrir samstarfið. Fyrirhugað er að halda áfram næsta vetur með fjölda námskeiða af fjölbreyttu toga.

Einn stærsti viðburður æskulýðsstarfs kirkjunnar er Landsmótið sem að þessu sinni fór fram í Reykjanesbæ. Næsta landsmót verður á Hvammstanga og er undirbúningur þegar hafin.

Fullorðinsfræðsla

Starfs- og leikmannaskólinn hefur ekki látið mikið að sér kveða undanfarið. Síðasta



Búningakeppni á
Landsmóti ÆSKP

vetur voru þó haldin tvönn sóknarnefndarnámskeið og stefnt var að því þriðja á Akureyri en í samráði við heimamenn var ákveðið að fresta því til haustsins.

Fræðsluvið tók einnig þátt í skipulagningu og framkvæmd á samveru á aðventu fyrir syrgjendur sem fram fór í Grafarvogskirkju.

Þrátt fyrir að starfs og leikmannaskólinn hafi ekki verið afkastamikill undanfarið ár er það vilji fræðsluviðs að standa fyrir fullorðins og starfsmannafræðslu. Fræðsluvið er því með afar metnaðarfullt námskeið á dagskrá í september sem er stuðningur við bæði presta og aðra starfsmenn kirkjunnar. Þar mun David Lose guðfræðiprófessor frá Luther Seminary fjalla um bæði prédikun og fjölbreytni í helgihaldi og boðun. Er hugmyndin að námskeiðið styðji ríkulega við fermingarfræðara og verði einnig eins og vítamínsprautu fyrir starfsfólk þjóðkirkjunnar. Seinni hluti þess námskeiðs er haldin í samvinnu við samráðsvettvang æskulýðsmála sem getið er um hér að ofan.

Kynningar

11. nóvember var haldin fræðslufulltrúafundur og mættu fræðslufulltrúar flestra prófastsdæma. Fæstir þeirra voru þó með viðtæka þekkingu á fræðslustörfum prófastsdæmanna og dró það nokkuð úr gagnsemi fundarins. Þar var kynnt stefna fræðsluráðs varðandi fermingarstarf og efnisgerð. Mikil ánægja var hjá fræðslufulltrúum með þá stefnu og endurspegladi það viðhorf prófastea sem kom fram á kynningu fræðsluráðs á prófastafundi. Fræðsluvið var einnig með erindi á leikmannastefnu þjóðkirkjunnar og var þar hvatt til að halda áfram á þeirri vegferð sem lagt hefur verið í. Það er auðvitað stefna fræðsluráðs og vonandi fær það stöðugleika í aðstöðu, fjármagni og ekki síst starfsmannahaldi til að hægt verði að fylgja stefnunni eftir.

Haustrámskeiðin 2013

Að venju var vetrarstarfinu ýtt úr vör með haustrámskeiðum. Námskeiðin voru á eftirtöldum stöðum og voru víðast hvar vel sótt.

24.-25. ág.: Námskeið í Kaupmannahöfn (á vegum íslensku kirkjunnar í Noregi)

27. ág.: Háteigskirkja Barnastarfið: Elín Elísabet/unglingastarfið: Kristín Þórunn Tómasdóttir

28. ág.: Háteigskirkja Öldrunarstarfið: Ásdís Pétursdóttir Blöndal/Magnea Sverrisdóttir

29. ág.: Háteigskirkja Fermingarstörf: Elín Elísabet Jóhannsdóttir, Guðmundur Karl Brynjarsson, Edda Möller

10. sept.: Gleráirkirkja Barna- og unglíngastarfið: Elín Elísabet Jóhannsdóttir

14. sept.: Eiðar: Elín Elísabet Jóhannsdóttir

23. sept.: Vestmannsvatn: Fermingarstörf og Öldrunarstarf (prestafundur) Elín Elísabet Jóhannsdóttir

23. sept.: Eiðar: Barnastarf/fermingarstörf: Elín Elísabet Jóhannsdóttir

24. sept.: Hella: Barnastarfið/fermingarstörf: Elín Elísabet Jóhannsdóttir

26. sept.: Stykkishólmur: Barnastarfið/fermingarstörf: Elín Elísabet Jóhannsdóttir

Heildarfjöldi þátttakenda var u.þ.b. 200.

Kannanir

Gerð var könnun vegna samstarfs kirkju og leikskóla/grunnskóla á aðventu. Var könnunin send til allra sóknarpresta og skólustjóra grunnskólanna. Erfiðara var að senda hana á leikskólustjórana þar sem ekki virðast vera til heildstæðir póstlistar yfir þá. Einnig var gerð lítil könnun vegna útgáfu á undirleiksdiski fyrir barnastarfið.

Samstarf við Skálholtsútgáfu/stjórnarfundir/útgáfuráðsfundir

Samstarf við Skálholtsútgáfuna er fræðslueiningu þjónustusviðs mjög mikilvægt. Það sem ekki er hægt að setja á efnisveituna vegna kostnaðar við framleiðslu sér Skálholtsútgáfan um að framleiða og dreifa. Þetta þýðir að stöðugt samstarf þarf að vera í gangi. Edda Möller hefur staðið eins og stytta við hlið okkar í gegnum alla þá byltingu sem orðið hefur í fræðslumálum fermingarstarfanna. Hún bar t.d. veg og vanda og hitann og þungann af útkomu *Con Dios* efnisins og færum við henni okkar dýpstu þakkir fyrir þá elju og áhuga sem hún hefur sýnt þeim málaflokki.

Nú höfum við enn og aftur leitt saman hesta okkar og mun foreldrahefti *Con Dios* koma út fyrir haustið.

Daginn í dag diskarnir hafa verið frábært innlegg inn í barnastarf kirkjunnar og skila sér augljóslega inn í sunnudagaskólann. Þeir prestar sem ekki hafa möguleika á að vera með barnastarf vegna mikilla vegalengda eða fámennis hafa getað sinnt fræðsluskyldum sínum með því að gefa börnum sóknarinnar diskana í staðinn.

Elín hefur átt sæti í útgáfuráði og stjórn Skálholtsútgáfunnar í nokkur ár og hafa tengsl útgáfu og fræðslueiningar margfaldlega sannað gildi sitt. Nú á Sigfús Kristjánsson einnig sæti í stjórn útgáfunnar og eflir það tengslin enn frekar.

Ráðstefnur, nám og námskeið

Pegar mikið þarf að gefa af sér þarf líka að fylla á tankinn. Elínu var boðið af norsku kirkjunni á málþing sunnudagaskólafræðara sem haldið var í Osló dagana 13.-17 júní 2013. Auk þess fór hún á fund NSN (sem er samstarfshópur sunnudagaskólamála á Norðurlöndunum). Fundurinn var haldinn í Helsinki dagana 5.-8. nóvember. Auk þess fór Elín á WordPress námskeið hjá Endurmenntunarstofnun Háskólans, þar sem stefnt er að því að færa efnisveituna inn á það form á næstunni.

Elín lauk markþjálfanámi á árinu með það fyrir augum að geta stutt starfsfólk kirkna enn betur í starfi og hjálpað þeim að ná starfslegum markmiðum sínum.

Kærleikspjónustusvið Ragnhildur Ásgeirsdóttir, verkefnisstjóri

Inngangur

Kærleikspjónustusvið er hluti af þjónustusviði Biskupsstofu. Ragnheiður Sverrisdóttir djákni sem unnið hefur sem verkefnisstjóri sviðsins var ráðin til Glerárkirkju í eitt ár og þá var Ragnhildur Ásgeirsdóttir djákni í Fella- og Hólakirkju fengin til að leysa hana af. Fram til 1. febrúar var nýr verkefnisstjóri í fullu starfi en var þá ráðin sem framkvæmdastjóri Hins íslenska biblíufélags. Ragnhildur sinnti þó nokkrum verkefnum sviðsins fram í júnílok.

Starfsþjálfun nema

Á liðnu starfsári var undirritaður samningur milli Þjóðkirkjunnar og guðfræði- og trúarbragðafræðideildar Háskóla Íslands og er því starfsþjálfun samstarfsverkefni þessara aðila. Verkefnisstjóri sá um og annaðist undirbúning starfsþjálfunar með aðstoð fagaðila. Tekin voru viðtöl við djákna- og prestnema með Elísabetu Bertu Bjarnadóttur félagsráðgjafa frá fjölskylduþjónustu kirkjunnar. Marteinn Steinar Jónsson sálfræðingur lagði fyrir nemana persónuleikapróf og tók ásamt verkefnisstjóra viðtöl við nemana. Námskeiðið „Leiðtogar í samfylgd“ var haldið á starfsárinu en Marteinn Steinar annaðist kennsluna. Verkefnisstjóri fór í vettvangsheimsóknir og fylgdist með nemum í þjálfun og átti viðtöl við leiðbeinendur djáknanema. Verkefnisstjóri annaðist samverustund fyrir leiðbeinendur starfsþjálfunar. Elísabet Berta Bjarnadóttir, félagsráðgjafi, flutti erindi auk þess að sjá um undirbúning stundarinnar ásamt sr. Þorvaldi Karli Helgasyni og verkefnisstjóra. Mikil ánægja var með þessa samveru og mikilvægt er að hlúa áframhaldandi að þeim hópi sem tekur að sér þetta mikilvæga hlutverk. Námskeiðið „Stofnanakynningar“ var haldið í maí en þá heimsóttu nemarnir stofnanir á vegum kirkjunnar, formaður prestafélagsins og formaður djáknafélagsins kynntu sín félög og starfsfólk Biskupsstofu tók þátt í fræðslunni.

Matsviðtöl fóru fram í lok starfsþjálfunarinnar og fimmtudaginn 9. júlí 2014 útskrifuðust níu nemar úr starfsþjálfun þjóðkirkjunnar.

Tveir djáknar voru vígðir til þjónustu á liðnu starfsári. Það voru þær Hólmfríður

Ólafsdóttir til djáknaþjónustu í Bústaðasókn og Margrét Gunnarsdóttir sem vígð var til djáknaþjónustu í Bessastaðasókn.

Fræðsla – námskeið

Í október var haldinn fræðslufundur um eftirfylgd í erfiðum aðstæðum. Guðrún Kristín Þórsdóttir djákni kynnti handbók kirkjunnar um eftirfylgd og það tilrauna-verkefni sem unnið var um sérhæfða eftirfylgd árið 2007.

Verkefnisstjóri hélt námskeið um vanaheimsóknir á Sauðarkróki þar sem gott samstarf hefur skapast á milli Rauða krossins og þjóðkirkjunnar. Námskeiðið var haldið í húsi Rauða krossins á Sauðarkróki.

Í febrúar voru kyrrðardagar í Skálholti þar sem nemum var sérstaklega boðið að taka þátt. Þar sá meðal annarra sr. Arndís G. Bernhardsdóttir Linn um efnið.

Í mars var haldið námskeið um vanaheimsóknir í Fella- og Hólakirkju en verkefnisstjóri annaðist undirbúning og fræðslu ásamt Þóreyju Dögg Jónsdóttur djákna og framkvæmdastjóra ellimálaráðs og Hólmfriði Ólafsdóttur djákna. 12 sóttu það námskeið.

Námskeiðið „Árangursríkt kirkjustarf eldri borgara“ var haldið í febrúar og mættu yfir 30 manns á það námskeið. Undirbúning og skipulag önnuðust auk verkefnisstjóra, Ásdís Pétursdóttir Blöndal djákni og Þórey Dögg Jónsdóttir djákni og framkvæmdastjóra ellimálaráðs.

Erlend samskipti

Haldinn var norrænn samstarfsfundur í október í Finnlandi en verkefnisstjóri sat það þing og kynnti kærleikspjónustu á Íslandi. Í nóvember kom til Íslands fulltrúi Eurodiakoniu-samtakanna, Clotilde Clark-Foulquier vegna málþings sem haldið var á Íslandi en verkefnisstjóri kynnti fyrir gestinum kærleikspjónustu kirkjunnar í safnaðarstarfi, hjúkrunarheimili og Hjálparstarf kirkjunnar. Haldið var áfram að vinna gegn fátækt og félagslegri einangrun með þátttöku í EAPN (European Anti Poverty).

Verkefnisstjóri kærleikspjónustusviðs situr í undirbúningsnefnd fyrir norrænt djáknaþing sem haldið verður á Íslandi um miðjan ágúst en rúmlega 60 þátttakendur eru skráðir til þingsins. Í undirbúningsnefnd sitja auk verkefnisstjóra, Ásdís Pétursdóttir Blöndal djákni, Guðrún Kristín Þórsdóttir djákni, Jón Jóhannsson djákni og Ragnheiður Sverrisdóttir djákni.

Sérþjónusta kirkjunnar

Reglulegir fundir voru haldnir með fulltrúm Hjálparstarfsins, Fjölskylduþjónustu kirkjunnar og sérþjónustu sem ráðnir eru af kirkjunni og voru þeir vel sóttir.

Annað

Haldin var sorgarsamvera í desember en það er samstarfsverkefni LSH, þjóðkirkjunnar og Nýrrar dögunar. Fulltrúi fræðslusviðs tók einnig þátt í undirbúningnum.

Verkefnisstjóri sat í kristniboðs- og hjálparstarfsnefnd ásamt sr. Ragnari Gunnarssyni, framkvæmdastjóra SÍK, Bjarna Gíslasyni, framkvæmdastjóra Hjálparstarfs kirkjunnar og Katrínu Ásgrímsdóttur en hún situr í kirkjuráði.

Í Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar sitja auk verkefnisstjóra, sr. Magnús Björnsson, Stefanía Baldursdóttir, sjálfboðaliði í kirkjustarfi eldri borgara, sr. Svanhildur Blöndal og Þórey Dögg Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Ellimálaráðs Reykjavíkurprófastanna. Í nefndinni var unnið að stefnumótun og fræðslustefnu fyrir eldri borgara.

Verkefnisstjóri sat einnig fundi í samstarfsnefnd kristinna trúfélaga og undirbjó með þeirri nefnd bænaviku sem haldin var í janúar.

Verkefnisstjóri annaðist og undirbjó málstofu á prestastefnu á Ísafirði í júní „Saman í þjónustu, fjölbreytt starf með fjölhæfu fólki“. Þar tóku þátt sr. Birgir Ásgeirsson, sr. Guðrún Eggertsdóttir, sr. Gunnlaugur Garðarson, Jón Jóhannsson djákni og Kristín Árnadóttir djákni.

Verkefnisstjóri tók þátt í guðspjónustu í Kolaportinu, annaðist guðspjónustu á hjúkrunarheimilinu Sóltúni, prédikaði á degi kærleikspjónustunnar í Fella- og Hóla-kirkju, heimsótti starfið í Hátúni og annaðist gospelsmessu þar ásamt Guðrúnu Kr. Þórsdóttur djákna.

Í desember fór fulltrúi kærleikssviðs í heimsókn í kirkjustarf eldri borgara og foreldramorgna annaðist helgistundir og sá um efni fundanna. Verkefnisstjóri sinnti einnig almennri sálgæslu (sjó viðtöl).

Lokaorð

Hér hefur verið stiklað á stóru um liðið starfsár. Ég þakka starfsfólki Biskupsstofu, fulltrúum sérþjónustunnar, djáknum, prestum og öðru starfsfólki kirkjunnar innilega fyrir gott samstarf á liðnum vetri.

Fjölskylduþjónusta kirkjunnar Rannveig Guðmundsdóttir, forstöðumaður

Frá nóvember 2011 hefur starfsemi Fjölskylduþjónustu kirkjunnar verið til húsa í kjallara Grensáskirkju. Stöðugildi við þjónustuna eru 2.75. Vegna veikindaleyfis starfsmanns eru nýtt ca. 1.90 til 2 stöðugildi þegar þetta er skrifað. Samningur hefur verið í gangi við Hjálparstarf kirkjunnar sem keypti þjónustu af Fjölskylduþjónustu kirkjunnar sem svaraði 10% af stöðugildi seinni hluta árs 2013 og fram á mitt ár 2014 en nú hefur þeim samningi verið sagt upp vegna erfiðra fjárhagsaðstæðna hjá hjálparstarfinu.

Starfsmenn þjónustunnar eru:

Benedikt Jóhannsson, sálfræðingur

Elísabet Berta Bjarnadóttir, félagsráðgjafi

Guðlaug Magnúsdóttir, félagsráðgjafi (er í veikindaleyfi)

Rannveig Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi, forstöðumaður

Mun Rannveig gegna starfi forstöðumanns næstu tvö árin en hefð er fyrir því að starfsmenn skiptist á um það hlutverk, tvö ár í senn.

Starfsmenn hafa allir sérfræðimenntun á sviði fjölskyldumeðferðar og handleiðslu og auk þess hafa Elísabet og Rannveig lokið diplómanámi í sáttamiðlun.

Starfsemin hefur verið svipuð og undanfarin ár. Lítillega hefur dregið úr aðsókn í þjónustuna og munar svona tíu til tuttugu fjölskyldum á ári. Skýringin er vafalaust sú að lítið hefur verið gert til kynningar eða auglýsingar á starfinu. Kynning hefur alltaf skilað sér í aukinni eftirspurn og hefur starfsfólkið ávallt slíkt í huga þegar tækifæri býðst og mannskapur er fyrir hendi til að sinna aukinni eftirspurn.

Árið 2013 leituðu 190 fjölskyldur til fjölskylduþjónustu kirkjunnar og bárust beiðnir úr öllum landshlutum en þó mest af höfuðborgarsvæðinu og af Suður- og Vesturlandi. Algengast er að fólk leiti til Fjölskylduþjónustunnar vegna sambúðararfiðleika og er það um þriðjungur tilvika. Einnig er beðið um skilnaðarráðgjöf (sáttamiðlun) og ráðgjöf vegna umgengni barna við foreldra sína eftir skilnað. Höfum við orðið vör við jákvæða þróun hvað það varðar að fólk vill vanda sig við uppeldi og umönnun barna sinna eftir skilnað þó óneitanlega séu einnig dæmi um alvarlegan ágreining sem bitnar á börnunum. Þá er leitað til þjónustunnar vegna samskipta barna og unglinga við foreldra. Loks má nefna að áföll svo sem missir, fjárhagserfiðleikar, veikindi, drykkja og fátækt eru þemu sem oft eru til umræðu hjá því fólki sem til okkar leitar. Algengt er að fólk sem notið hefur aðstoðar okkar leiti síðar með ný viðfangsefni vegna góðrar reynslu af þjónustinni eða vísi ættingjum sínum og vinum til þjónustunnar.

Handleiðsla er mikilvægur þáttur í starfi Fjölskylduþjónustu kirkjunnar og er mikill áhugi meðal presta og djákna að fá handleiðslu á störf sín innan kirkjunnar. Seinni hluta árs 2013 voru fimm handleiðsluhópar starfandi og á þessu ári hafa sömuleiðis fimm hópar verið í gangi, þar af einn hópur djákna. Þá hafa einstaklingar innan kirkjunnar, einkum prestar og djáknar haft aðgang að einstaklingshandleiðslu og sömuleiðis starfsfólk Hjálpræðishersins og Hjálparstarfs kirkjunnar. Geta má þess að Elísabet Berta hefur í gegnum árin unnið að starfsþjálfunarmálum presta og djákna ásamt fleirum á Biskupsstofu.

Fræðsla, fyrirlestrar og kynningarstörf hafa skipað sinn sess hjá fjölskylduþjónustu kirkjunnar en með auknum stöðugildum væri unnt að efla þessa þætti verulega. Elísabet Berta mun halda fyrirlestur á norrænu þingi djákna sem haldið verður á Íslandi í ágúst á þessu ári. Síðastliðið vor fór hún að beiðni skólaskrifstofu Vopnafjarðar út á land að halda fyrirlestra um málefni og aðstæður fjölskyldna á Íslandi. Benedikt hefur unnið að kynningu á rannsókn sinni um fjölskyldur eftir skilnað og var í því sambandi kallaður fyrir velferðarnefnd Alþingis þar sem málefnið var til umfjöllunar. Þá hafa Rannveig og Elísabet skrifað umsagnir um bækur er varða fjölskyldulíf í tímarit félagsráðgjafa. Fyrir tveimur árum var Rannveig skipuð prófdómari við Háskóla Íslands til að dæma MA verkefni félagsráðgjafanema sem taka fyrir fjölskyldurannsóknir.

Kynning á starfi Fjölskylduþjónustu kirkjunnar hefur verið fastur liður fyrir guðfræði- og djáknanema. Einnig hefur verið tekið á mótí bæði erlendum og innlendum aðilum þegar eftir því hefur verið leitað og fólk verið frætt um hina ýmsu þætti starfsins og faglegar aðferðir kynntar.

Alþjóðatengsl, samkirkjulegt og þvertrúarlegt samstarf

Þorvaldur Víðisson

Þjóðkirkjan hefur frumkvæði að samkirkjulegu og þvertrúarlegu samstarfi innanlands og erlendis. Þjóðkirkjan er m.a. stofnaðili að Alkirkjuráðinu (World Council of Churches), lútherska heimssambandinu (Lutheran World Federation), Kirknasambandi Evrópu (Conference of European Churches) og Þorvoo kirkna-samfélaginu (Þorvoo Communion).

Alkirkjuráðið hélt sitt tíunda heimsping á liðnu ári, sem haldið var í Busan í S-Kóreu. Þjóðkirkjan á fulltrúa í stjórn lútherska heimssambandsins sem miðlar með starfi sínu og þátttöku mikilvægum upplýsingum inn í starf kirkjunnar á Íslandi. Starfið í kirknasambandi Evrópu er að breytast mikið og verður forvitnilegt að sjá hvaða verkefni verða þar á oddinum í framtíðinni. Fundur höfuðbiskupa Þorvoo kirknasamfélagsins var haldinn hér á landi á liðnu ári.

Reglulega er haldnir fundir á vegum samkirkjunefndar, samstarfsnefndar kristinna trúfélaga og samráðsveitvangs trúarbragðanna. Samstarfið innanlands er líkt og erlenda samstarfið, ríkulegt. Hér í framhaldinu verður greint nánar frá því sem að ofan greinir.

Alkirkjuráðið (WCC) og heimspingið í Busan í Suður Kóreu

Tíunda heimsping Alkirkjuráðsins var haldið dagana 30. október til 8. nóvember 2013 í hafnarborginni Busan í Suður-Kóreu með þátttöku fleiri þúsund fulltrúa allsstaðar að úr heiminum. Yfirskrift þess var: *Guð lífsins, leið okkur til réttlætis og friðar*. Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sóttu pingið fyrir hönd þjóðkirkjunnar.



Agnes biskup ásamt erkibiskup lettnesku kirkjunnar í útlöndum Elmär E. Rozitis og tveimur fulltrúum Afríkuríkja.

Porvaldur Víðisson biskupsritari skrifar á borða Friðarlestarinnar. Fyrir heimsþingið fór friðarlest frá Berlín til Busan með viðkomu í Moskvu, Irkutsk, Peking, Pyongyang og Seoul. Mælst var til að allir þátttakandur rituðu nafn sitt á borðann.



Þátttaka í heimsþinginu var mikil upplifun. Dagskráin var þétt frá morgni til kvölds. Ólíkar kirkjuhefðir fengu að njóta sín í helgihaldi þingsins og ályktanir voru samþykktar um ýmis málefni, sem öll má tengja við yfirskriftina.

Heimsþingið samþykkti m.a. að kristin kirkja væri á sameiginlegri vegferð með Guði í átt að réttlæti og friði (Unity in Christ: The Journey of the Fellowship). Meðal málefna sem til umræðu voru má nefna friðarguðfræði, guðfræði fórnarlambins, staða ríkisfangslausra, vopnasalan í heiminum, ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs, vopnahléið á Kóreuskaga, umhverfismál, staða kvenna ofl. Samkirkjuleg umræða var einnig mikil og í henni tóku þátt fulltrúar annarra trúarbragða, s.s. múslíma og gyðinga.

Skipulag þingsins var til fyrirmyndar og þátttaka aðildarkirknanna öllum mikilvæg. Nágrannakirkjur okkar á Norðurlöndum sendu stórar sendinefndir, en áskorun biskups og biskupsritara felst í því að koma áhrifum þingsins á framfæri í íslensku samhengi. Nánari upplýsingar um þingið má finna á síðunni: <http://wcc2013.info/en>

Lútherska heimssambandið (LWF)

Magnea Sverrisdóttir, djákni, á sæti í stjórn Lútherska heimssambandsins f.h. þjóðkirkjunnar.

Kynjastefna sambandsins hefur verið á dagskrá síðustu misseri og var samþykkt á stjórnarfundum í júní 2013. Hún er stórt skref í átt til jafnréttis innan kirkjunnar og mun hún hafa áhrif á störf Alkirkjuráðsins.

Hjónabönd samkynhneigðra hafa einnig verið til umfjöllunar hjá sambandinu og þá sérstaklega vegna afstöðu Mekane Yesus kirkjunnar (EECMY) frá Eþíópíu til sænsku kirkjunnar og ELCA frá Ameríku, vegna ólíkrar afstöðu til hjónabands samkynhneigðra. Sambandið undirbýr að krafti komandi tímamót 2017, þegar 500



Agnes biskup ásamt Father Michael Lapsley sem starfaði með Mandela í S-Afríku og barðist þar gegn aðskilnaðarstefnunni. Einn daginn opnaði hann bréf, sem sent hafði verið á skrifstofu þeirra. Í umslaginu voru tvö rit og á milli þeirra sprengja. Sprengjan sprakk í höndunum á honum, hann missti báðar hendur og annað augað og var vart hugað líf.

ár verða frá upphafi siðbótarinnar. Næsta heimsping sambandsins verður haldið það ár í Windhoek í Namibíu. Auk stjórnarstarfa starfar Magnea í stjórnskráreftnd sambandsins og Department of Mission and Development (DMD), þar sem hún er einnig í framkvæmdanefnd f.h. Norðurlandanna. DMD stjórnar úthlutun fjármuna í þróunarverkefni á vegum sambandsins, en sambandið veitir um 4,5 m evra á ári í styrki til þróunarverkefna. Þess má geta að sambandið er annar helsti farvegurinn sem Hjálparstarf kirkjunnar nýtir í sínu mikilvæga starfi erlendis.

Porvoo

Porvoo kirknasamfélagið er samband kirkna sem hafa skuldbundið til samstarfs og samfélags í boðun og þjónustu. Porvoo samfélagið er rekið án yfirbyggingar. Engin skrifstofa er starfandi en fulltrúar kirknanna á hverjum stað sinna starfinu. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir hefur um árabíl sinnt Porvoo samfélaginu af alúð, f. h. Þjóðkirkjunnar, og lét það vera sitt síðasta verk, áður en hún lét af því starfi, að undirbúa, ásamt Karli Sigurbjörnssyni, höfuðbiskupafund Porvoo kirknanna, sem haldinn var á Íslandi í október 2013.

Erkibiskupinn af Kantaraborg, Justin Welby, predikaði við guðspjónustu í Dómkirkjunni í Reykjavík, við setningu fundarins. Fundurinn sem haldinn er á tveggja ára fresti, er samtalsfundur biskupanna og gegnir mikilvægu upplýsingahlutverki til að miðla sýn, rökum og skýringum á þróun mála í meðlimakirkjunum. Sampykkt var á fundinum að veita litháisku kirkjunni erlendis, LELCA, sem og lúthersku kirkjunni á Bretlandseyjum fulla aðild að Porvoo kirknasamfélaginu.

Sigurður Árni Þórðarson hefur nú tekið við af Steinunni Arnþrúði Björnsdóttur sem fulltrúi Þjóðkirkjunnar í tengslahópi Porvoo kirknanna.

Höfuðbiskupar
Porvoo kirknanna
funduðu í
Reykjavík í
október 2013.



Norðurlöndin, Balkanlöndin og KEK

Tengsl þjóðkirkjunnar við systurkirkjurnar á Norðurlöndum og Balkanlöndum eru mikilvæg. Árlega er haldinn fundur starfsmanna samkirkjumála í þessum löndum og var hann haldinn í Tallinn í Eistlandi dagana 28. – 31. janúar og sótti Þorvaldur Víðisson fundinn. Heimsping Alkirkjuráðsins sem haldið var í Busan, var til umræðu og tók Þorvaldur þátt í að segja frá heimspinginu í máli og myndum, ásamt fulltrúum norsku kirkjunnar. KEK var einnig á dagskrá og tók Guy Liagre, framkvæmdastjóri KEK þátt í fundinum og kynnti nýjar áherslur í starfi KEK. Að hans sögn hefur KEK verið í tilvistarkreppu frá falli múrsins. Guy taldi upp fjölda ólíkra verkefna sem áhersla verður lögð á næstu árin, mörgum fannst vanta fókus og að markmiðin væru óskýr. Á fundinum var margt á dagskránni og þar á meðal umræða um Religion and Society: Role of the Ecumenical Council in Society.

Samkirkjunefnd

Í starfsreglum kirkjupings um samkirkjunefnd þjóðkirkjunnar nr. 1006/2005 segir í fyrstu grein að biskup Íslands fari með samkirkjuleg mál fyrir hönd þjóðkirkjunnar. Biskupi til stuðnings er samkirkjunefnd.

Í henni eiga sæti: Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, fráfarandi formaður, og Þorvaldur Víðisson starfsmaður nefndarinnar, skipuð af biskupi, Bjarni Gíslason frá Hjálparstarfi kirkjunnar, María Ágústsdóttir og Sigurður Árni Þórðarson, kosin af kirkjupingi. Varamenn eru K. Hulda Guðmundsdóttir og Bernharður Guðmundsson. Þeir fulltrúar kirkjunnar sem sótt hafa þing eða ráðstefnur auk þeirra sem sinna trúnaðarstörfum f. h. þjóðkirkjunnar í samkirkjulegum stofnunum hafa einnig tekið þátt í fundum nefndarinnar.

Ársfundur samkirkjunefndar var haldinn í Neskirkju 6. febrúar 2014. Á fundinn mættu auk stjórnarinnar og biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, vígslubiskup í Skálholti, Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup á Hólum, Solveig Lára Guðmundsdóttir, Sveinbjörg Pálsdóttir, Gylfi Jónsson, Elínborg Gísladóttir, Bjarni Þór Bjarnason, Magnea Sverrisdóttir, Sigfús Kristjánsson og Gunnþór Ingason.

Á ársfundinum voru kynntar skýrslur þeirra sem tóku þátt í samkirkjulegu starfi f.h. þjóðkirkjunnar á liðnu ári og umræður um starfið.

Agnes biskup kynnti skýrslu sína en samstarf biskupsembættisins við systurkirkjur í nágrennlöndum og kirkjudeildir á Íslandi hefur gengið prýðilega og verið ánægjulegt. Samskiptin hafa verið á ýmsu formi, fundir, bænastundir, bréfaskriftir, samtöl og símtöl, allt eftir málefnum hverju sinni. Árið 2013 var viðburðarríkt á sviði samkirkjumála og stórir viðburðir sem fóru fram og biskup tók þátt í.

Elín Elísabet skilaði fundinum skýrslu um erlend samskipti í tengslum við efnisveituna og sunnudagaskólann og þátttöku sína á Generalforsamling 2013 Söndagskolen Norge, sem hún sótti í janúar.

Árni Svanur skilaði fundinum skýrslu um erlend samskipti á sviði upplýsingamála, en hann sótti fund í Árósum í Danmörku þar sem komu saman samstarfsmenn í kirkjum Norðurlandanna sem starfa að upplýsingamálum. Notkun samfélagsmiðla var ofarlega á baugi og hvernig kirkjan getur nýtt sér þá nýju farvegi í boðun fagnaðarerindisins.

Þorvaldur skilaði fundinum skýrslu um fund biskupsritara á Norðurlöndunum sem haldinn var í Sigtuna/Uppsala í Svíþjóð dagana 19.-20. september 2013. Biskupafundir voru til umræðu og staða þeirra í stjórnkerfi kirknanna.

Ragnheiður Sverrisdóttir skilaði fundinum skýrslu um erlent samstarf á sviði kærleikspjónustu, þar sem fjallað var um Eurodiakoniu, EAPN (European Anti-Poverty Network) og sameiginlegan fund Norðurlandanna um kærleikspjónustu, sem haldinn er annað hvert ár.

Þorvaldur skilaði fundinum skýrslu um þátttöku sína í norska kirkjupinginu sem haldið var í Kristiansand. Forsætisnefnd kirkjupings fékk boð á norska kirkjupingið og varð það að ráði að biskupsritari færi á þingið f.h. þjóðkirkjunnar.

Jónína Sif Eypórsdóttir, formaður Æskulýðssambands kirkjunnar í Reykjavíkurbíofastsdæmum (ÆSKR), og Dagný Halla Tómasdóttir, æskulýðsfulltrúi, skiluðu fundinum skýrslu um erlend samskipti ÆSKR. Sambandið er aðili að Ecumenical Youth Council in Europe, en áherslan í því starfi næstu þrjú árin mun beinast að fátækt og kallast herferðin Poverty Exposed.

Eva Björk Valdimarssdóttir, framkvæmdastjóri Æskulýðssambands þjóðkirkjunnar (ÆSKÞ) skilaði fundinum skýrslu. Sambandið er í samstarfi við European Fellowship of Christian Youth (EF) sem heldur á hverju ári námskeiðið Easter Course fyrir ungmenni á aldrinum 17-25 ára. Námskeiðið var haldið á Íslandi vikuna 24.-31. mars með 54 þátttakendum frá níu löndum.

Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga

Samstarfsnefndar kristinna trúfélaga hélt reglulega fundi á síðasta starfsári og skiptast kirkjurnar á því að annast fundina. Ánægjulegt er að koma saman í heima-

kirkjunum, biðja saman og rækta eininguna, sem er sterk. María Ágústsdóttir sem starfað hefur í nefndinni um árabil, og m.a. verið formaður, var í leyfi frá störfum og kom Irma Sjöfn Óskarsdóttir inn í starfið í hennar stað og er Þorvaldur Víðisson annar fulltrúi Þjóðkirkjunnar í nefndinni. Sú breyting varð á þetta starfsárið að Eric Guðmundsson forstöðumaður Aðventista leiddi starf nefndarinnar í fjarveru Maríu.

Ýmislegt hefur verið til umræðu á fundunum, svo sem námskeiðið *Verndari barna*, lóðarúthlutanir fyrir trúfélög, kynning á fyrirhuguðum Kristsdegi sem haldinn verður í Hörpu, samskiptin við Þjóðskrá, doktorsverkefni Maríu, fráveitu- og fasteignagjöld kirkna o.fl.

Helsta verkefni samstarfsnefndarinnar er að annast samkirkjulega bænaviku sem fram fór dagana 18.-25. janúar. Ragnhildur Ásgeirsdóttir, djákni, annaðist ásamt fleirum undirbúning bænavikunnar f.h. Þjóðkirkjunnar. Þessa viku sameinast kristið fólk um allan heim í bæn fyrir einingu. Bænavikan er undirbúin af Alkirkjuráðinu (World Council of Churches) og kapólsku kirkjunni. Þemað að þessu sinni var fengið úr fyrsta Korintubréfi 1: 1-17, „Er þá Kristi skipt í sundur?“ Boðið var upp á bænagöngu, námskeið, guðsþjónustur og bænastundir alla vikuna. Dagskráin var því fjölbreytt eins og sjá má:

Laugardagur 18. janúar

Kl. 18 Bænaganga frá Hallgrímskirkju til Hvítasunnukirkjunnar, Fíladelfíu.

Súpa í Fíladelfíu.

Kl. 20 Samkoma í Hvítasunnukirkjunni, Fíladelfíu.

Prédikari: Hr. Karl Sigurbjörnsson, biskup.

Sunnudagur 19. janúar

Kl. 11 Útvarpsguðsþjónusta í Áskirkju í umsjá sr. Irmu Sjöfnar Óskarsdóttur og sr. Sigurðar Jónssonar. Prédikari: Kafteinn Sigurður Ingimarsson.

Kl. 16 Blessun hafsins í Nauthólsvík í umsjá Timur Zolotuskiy.

Mánudagur 20. janúar

Kl. 20 Helgistund í Hafnarfjarðarkirkju.

Kl. 20 Bænastund í Hvítasunnukirkjunni, Akureyri.

Þriðjudagur 21. janúar

Kl. 18-21 Erindi og samtal í húsakynnum Kristskirkjunnar. Efni: „Vígsla og þjónusta. Prestar, forstöðumenn og foringjar. Mismunandi nálgun trúfélaga gagnvart vígslunni og þjónustunni.“ Fyrirlesarar: Dr. Eric Guðmundsson, forstöðumaður Aðventkirkjunnar á Íslandi, Helgi Guðnason, aðstoðarforstöðumaður Fíladelfíu í Reykjavík og sr. Jakob Rolland prestur í Kapólsku kirkjunni á Íslandi.

Kl. 20 Aftansöngur í Kapólsku kirkjunni, Péturskirkju, Akureyri.

Miðvikudagur 22. janúar

Kl. 12 Bænastund í Friðrikskapellu, Reykjavík.

Kl. 12 Bænasamkoma í Hjálpræðishernum, Akureyri.

Kl. 20 Bænastund í Dómkirkju Krists konungs, Landakoti. Hugvekja, frú Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands.

Fimmtudagur 23. janúar

Kl. 12 Kyrrðar- og fyrirbænastund í Akureyrarkirkju.

Kl. 12 Kyrrðar- og bænastund í Hallgrímskirkju.

Kl. 20 Bænastund í Herkastalanum, Reykjavík.

Föstudagur 24. janúar

Kl. 18-20 Fjölskyldusamvera á lokavöldi í Suðurhlíðarskóla, Reykjavík. Skólabörn og kennarar úr Suðurhlíðarskóla taka þátt.

Kl. 20 Sameiginleg samkoma með þátttöku trúfélaga á Akureyri í Glerárkirkju. Ræðumaður: Sr. Hjalti Þorkelsson, prestur Kapólsku kirkjunnar á Akureyri.

Laugardagur 25. janúar

Kl. 12. Bænasamkoma í Gamla Lundi hjá Aðventistum, Akureyri.

Kl. 13.30 Erindi og samtal í safnaðarheimili Óháða safnaðarins, Reykjavík. Efni: „Sköpun og þróun – trú og vísindi. Vísindin styðja Guðsorðið.“ Fyrirlesarar: Dr. Sveinbjörn Gizurarson, prófessor í lyfjafræði og Timur Zolotuskiy, prestur Rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar á Íslandi.

Gróska er í samkirkjulegu starfi á Íslandi og má þar nefna alþjóðabænadag kvenna sem haldinn er árlega víða um land. Samkirkjulegur bænahópur fyrir Íslandi, hefur komið saman í Friðrikskapelli í Reykjavík undanfarin ár og staðið fyrir stórviðburðum. Bænarstarfið er víða öflugt.

Samstarfsvettvangur trúarbragðanna

Starfshópur þjóðkirkjunnar um þvertrúarleg málefni hefur starfað síðan árið 2002. Árið 2006 var Samráðsvettvangur trúfélaga og lífsskoðunarfélaga um trúarleg málefni og samstarfsaðila þeirra stofnaður, en stefnuyfirlýsing var undirrituð 24. nóvember 2006. Á liðnu starfsári kom Sveinbjörg Pálsdóttir inn í starfið ásamt þeim Bjarna Randver Sigurvinsyni og Toshiki Toma, sem sinnt hafa starfinu f.h. þjóðkirkjunnar undanfarin ár.

Samskiptasvið **Árni Svanur Danielsson**

Samskiptastefna 2010-2014

Samskipta- og upplýsingarsvið sinnir bæði uppbyggingu samskipta og miðlunar innan þjóðkirkjunnar sem og almannatengslum. Verkefnið sem unnin eru móttast af samskiptastefnu þjóðkirkjunnar, sem leggur áherslu á ytri og innri upplýsingamiðlun, virkt og gott samstarf við fjölmiðla til að miðla kirkjustarfi og sýnileika í nýmiðlum og félagsmiðlum. Í stefnunni er minnt á mikilvægi þess að þjálfar starfsfólk í samskiptatækni og svo að það sé undirbúið fyrir álagstíma. Samskiptastefnan er lögð til grundvallar í samskiptastarfi og upplýsingamiðlun kirkjunnar. Samskiptastefnan rennur út í lok ársins 2014. Hana þarf að endurskoða og rétt væri að nota það tækifæri til að útfæra hana nánar með áætlun um það hvernig ná eigi markmiðum stefnunnar.

Kirkjufréttir í máli og myndum

Þjóðkirkjan heldur úti fjölda vefmiðla. Á kirkjan.is eru fluttar fréttir af kirkjustarfi og greint frá viðburðum í kirkjunni. Á starfsárinu birtust 358 fréttir á vefnum. Á tru.is fer fram samtal um trú og trúarlíf. Þar birtust á starfsárinu fjöldi prédíkana og pistla eftir starfsfólk og sjálfboðaliða í kirkjunni. Á tru.is voru einnig birtir rúmlega 162 nýir sálmar sem komu út haustið 2013. Vorið 2014 voru upptökur af nokkrum sálum einnig birtar á vefnum þannig að hægt er að hlusta á þá. Unnið er að endurskoðun á tru.is og mun endurbættur vefur líta dagsins ljós veturinn 2014-15.

Vefirnir eru lesnir af meðlimum þjóðkirkjunnar, starfsfólki hennar og fjölmiðlum. Gestir á kirkjan.is og tru.is voru 150 þúsund þúsund á starfsárinu. Lögð er áhersla á að segja frá mikilvægum viðburðum í kirkjunni í máli og myndum, vekja athygli á hátíðum kirkjuársins. Reglulega er kallað eftir fréttum úr héraði og mikill vilji er til að segja frá sem flestu sem á sér stað innan kirkjunnar og gefa þannig mynd af lífandi og fjölbreyttri þjóðkirkju.

Jóladagatal um kærleikann

Öðru sinni var búið til jóladagatal í myndböndum. Að þessu sinni samanstóð það af 24 myndböndum um kærleikann sem var miðlað undir yfirskriftinni Koma kærleikans. Dagatalið var birt á YouTube og dreift á kirkjan.is, Facebook og Twitter. Meðal þeirra sem komu fram í dagatalinu voru sr. Hildur Eir Bolladóttir, Þorsteinn Guðmundsson leikari, Bjúgnakrækir, sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir, Gerður Kristný skáld, Guðfinnur Sigurvínsson fjölmiðlamaður, Ármann Gunnarsson djákni og Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands. Hægt er að skoða dagatalið á <http://kirkjan.is/joladagatal/kaerleikur/>.

Umsjón með jóladagatalinu hafði Árni Svanur Daníelsson. Kristín Þórunn Tómasdóttir, Sigfús Kristjánsson, Örvar Kárason og fleiri hafa veittu ráðgjöf og aðstoðuðu við gerð dagatalsins. Hver dagatalsgluggi var rammaður inn með tónum úr laginu Hin fyrstu jól af jólaplötunni Eitthvað fallett. Svavar Knútur, Kristjana Stefáns og Ragnheiður Gröndal fluttu.

Margmiðlun kirkjunnar

Myndir eru líka mikilvægur hluti af miðlun þjóðkirkjunnar, ekki síst á samfélagsmiðlum. Tilkoma snjallsíma sem flestir eru búnir myndavélum hefur stóraukið möguleika á að nálgast myndir frá ýmsum viðburðum og miðla hraðar frá þeim en áður var hægt. Í myndasafni kirkjunnar á <http://flickr.com/kirkjan> eru nú tæplega 11 þúsund ljósmyndir.

Á kirkjan.is er miðlað stuttum myndböndum í vefsjónvarpi kirkjunnar, það eru upptökur af tónlistarflutningi í kirkjunum. Þá var gerð tilraun með að taka upp sálma og miðla þeim á tru.is eins og rætt er hér að framan.

Ekki má gleyma fréttamiðlum og samtali sem fer fram á samfélagsmiðlum. Þar er Facebook mikilvægasti vettvangurinn. Þjóðkirkjan heldur úti nokkrum síðum á Facebook og það hefur sýnt sig að þær eru mikilvægur vettvangur til að koma á framfæri fréttum úr starfinu. Daglega eru sett Biblíuvers og/eða bænir á síðu

kirkjunnar á Facebook. Einnig er nauðsynlegt fyrir upplýsingafulltrúa og starfsfólk kirkjunnar að vera vakandi fyrir umræðunni um trúmál og þjóðkirkju á Facebook því slík umræða er ekki bundin við opinberar síður og fjölmiðla. Einnig hefur Twitter verið notað með virkum hætti fyrir kirkjuna og tiltekin verkefni á hennar vegum.

Tekin hefur verið upp sú nýbreytni að senda Viðförla, fréttabréf Biskupsstofu, sem fréttabréf í tölvupósti. Áskrifendur að honum eru á annað þúsund. Einnig er sent út fréttabréf biskups Íslands í tölvupósti.

Meginvefir þjóðkirkjunnar eru samstarfsverkefni alls starfsfólks kirkjunnar þótt ritstjórn og umsjón sé í höndum upplýsingafulltrúa. Beinn aðgangur hefur verið gefinn að sumum hlutum vefjanna, s.s. dagbókinni sem geymir upplýsingar um viðburði í kirkjunum um allt land. Starfsfólk kirkjunnar getur sjálft skráð viðburði í gegnum þjónustuvef kirkjunnar og birt á kirkjan.is. Einnig hafa prestar og djáknar fengið aðgang að tru.is til að skrá þar prédikanir og pistla. Prédikanir geta þau birt sjálf þegar þær hafa verið fluttar en pistlar bíða samþykkis ritstjóra. Þetta er gert til að stjórna flæðinu á vefnum.

Innri miðlun og samskipti

Þjónustuvefur kirkjunnar á innri.kirkjan.is hefur verið endurbættur á starfsárinu. Opnaður var nýtt svæði kirkjupings á þjónustuvefnum sem auðveldar mjög alla dreifingu upplýsinga.

Efla þarf þjónustuvefinn sem vettvangur fyrir samskipti þannig að hann nýtist meðal annars fyrir skeytasendingar og til samtals um málefni þjóðkirkjunnar. Brynt er að af því geti orðið sem fyrst.

Erlend samskipti og ýmsar fyrirspurnir

Á sviði upplýsingamála eru allmikil erlend samskipti. Bæði eru það formleg tengsl við kirkjur og kirknasamtök og eins svör við fyrirspurnum af ýmsum toga, frá fjölmiðlum og einstaklingum. Þar á meðal eru óskir um ýmsa fyrirgreiðslu, svo sem varðandi prestsathafnir, beðni um tölulegar upplýsingar, útskýringar, viðtöl og fleira. Slík mál eru misflókin en á upplýsingasviði er fjöldi slíkra erinda svarað árlega.

Þá er einnig til staðar formlegt samráð milli upplýsingasviða þjóðkirknanna á Norðurlöndum. Annað hvert ár er haldin ráðstefna fólks sem starfar að upplýsingamiðlun. Hún verður næst haldin í Sigtuna í Svíþjóð og er samstarfsverkefni sænsku kirkjunnar og þjóðkirkjunnar. Hitt árið er haldinn fundur þeirra sem leiða upplýsingastarf kirknanna á landsvísu. Hann er ráðgerður haustið 2014.

Starfsfólk

Árni Svanur Daníelsson gegndi starfi upplýsingafulltrúa á starfsárinu. Halldór Reynisson og Irma Sjöfn Óskarsdóttir þjónuðu í söfnuðum veturinn 2012-13 og unnu ekki við sviðið. Því var aðeins einn starfsmaður sem sinnti upplýsingamiðlun þjóðkirkjunnar. Það gengur ekki til lengdar, enda er verksviðið umfangsmikið og verkefni

mörg, á sviði almannatengsla, ytri og innri samskipta. Elína Hrund Kristjánsdóttir, sóknarprestur á Reykhólum, hefur tekið að sér að miðla biblíuversum á síðu kirkjunnar á Facebook. Það er dýrmæt þjónusta og mikilvæg. Þá leggur starfsfólk kirkjunnar og fjöldi sjálfboðaliða mikið efni til kirkjan.is og trú.is sem er sannarlega þakkarvert.

Kvikmyndastarf kirkjunnar **Árni Svanur Danielsson, verkefnisstjóri**

Nestisboxið fékk kvikmyndaverðlaunin

Kvikmyndaverðlaun kirkjunnar voru veitt í áttunda sinn á Alþjóðlegri kvikmynda-hátíð í Reykjavík 2012. Kvikmyndaverðlaun kirkjunnar eru veitt framúrskarandi kvikmynd úr hópi aðalkeppnismynda sem glímur við mikilvægar tilvistarspurningar. Kvikmyndin Nestisboxið (Lunchbox) eftir Ritesh Batra fékk kvikmyndaverðlaun kirkjunnar að þessu sinni. Myndin fellur vel að þeim mælikvörðum sem lagðir voru til grundvallar við veitingu verðlaunanna.

Nestisboxið segir frá samskiptum og sambandi Saajan og Ila. Röng afhending skilvirku kerfi nestisboxasendinga í Mumbai á Indlandi tengir þau óvænt saman. Ila er húsmóðir sem býr á hverjum degi til nesti handa eiginmanni sínum og sendir honum í vinnuna. Saajan er eldri skrifstofumaður. Eftir að nestisbox frá Ilu fer fyrir mistök til Saajan taka þau að skiptast á bréfum í nestisboxunum. Með þeim tekst vinátta sem skiptir þau bæði miklu máli.

Í umsögn dómnefndar kirkjunnar segir:

„Nestisboxið er lit-, ilm- og bragðrík kvikmynd um samskipti fólks. Hún sýnir hve óralangt getur verið á milli fólks sem deilir híbýlum, en stutt á milli fólks sem hefur aldrei sést.

Nestisboxið er falleg kvikmynd sem miðlar nánd og hlýju í samskiptum þar sem



einlæglega er hlustað, sorg og sigrum er deilt. Hún minnir á að nánd og hlýja skipta sköpum þegar þarf að brjóta upp lífsmynstur sem kæfa og fólk þrífst ekki lengur. Hún meðhöndlar samskipti fólks og samband kynslóða af nærfærni og hlýju.

Nestisboxið kallar fram hungur eftir innilegum samskiptum og góðum mat. Hún býður upp á endurtekið áhorf.“

Leikstjórinn Ritesh Batra ólst upp í Mumbai á Indlandi og býr nú bæði í Mumbai og New York. Hann tók þátt í handrita- og leikstjórasmíðjunni á Sundance hátíðinni árið 2009 með handrit að Sögunni af Ram. Stuttmyndir hans, meðal annars Café Regular, Cairo, hafa verið sýndar á fjölmörgum alþjóðlegum hátíðum og á listasöfnum. Nestisboxið er fyrsta myndin hans í fullri lengd.

Dómnefndina í ár skipuðu sr. Árni Svanur Danielsson, Grétar Einarsson, kirkjuvörður, og Laufey Ásgrímsdóttir, meðlimur í Deus ex cinema. Árni Svanur Danielsson veitti verðlaunin í lokahófi hátíðarinnar.

Fyrirlestrar og fermingarfræðsla

Fjöldi námskeiða og fyrirlestra um guðfræði og kvikmyndir var haldinn á árinu. Kvikmyndir eru einnig nýttar í fermingarfræðslu víða um land. Undirritaður hefur veitt ráðgjöf um það. Þá hefur hann veitt ráðgjöf í tengslum við útfáfu fræðsluefnis fyrir ýmsa aldurshópa.

Kvikmyndaverðlaun kirkjunnar eru styrkt af kirkjumálasjóði og hefur greinahöfundur haldið utan um þau. Ýmsir aðrir hafa lagt hönd á plóg í kvikmyndastarfi í kirkjunni. Sérstaklega ber að þakka framlag meðlima *Deus ex cinema* hópsins sem hafa lagt mikið af mörkum undanfarin ár.



Skjaskot úr Nestisboxinu

Stofnanir, nefndir, ráð og félög

Ellimálanefnd Þjóðkirkjunnar

Sr. Magnús Björn Björnsson, formaður

Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar hefur það hlutverk að styðja og efla kirkjulegt starf með eldri borgurum í þjóðkirkjunni um allt land, í söfnuðum, prófastsdæmum eða á þeim stöðum þar sem skipuleg þjónusta er veitt öldruðum af kirkjulegum aðilum. Hún hefur náið samstarf við fræðslu- og kærleiksþjónustusvið kirkjunnar og Ellimálaráð Reykjavíkurrófastsdæma. Ellimálanefnd er skipuð af Kirkjuráði. Störf nefndarinnar má rekja allt til ársins 1979 er herra Sigurbjörn Einarsson skipaði nefnd sem nefndist: „Samtaliþópur um málefni aldraðra.“ Árið 1982 gerði herra Pétur Sigurgeirsson þá tillögu að uppstigningardagur yrði gerður að degi aldraðra í kirkjunni. Sér nefndin um útvarpsguðsþjónustu á þeim degi. Var það viðeigandi að fráfarandi formaður Ellimálanefndar og framkvæmdastjóri Ellimálaráðs Reykjavíkurrófastsdæma, Valgerður Gísladóttir, prédikaði, síðast liðinn uppstigningardag. Eru henni þökkúð dýrmæt og óeinggjörn störf fyrir kirkjuna. Ellimálanefnd heldur úti vefsíðunni www.gamlinoi.is, en hún var opnuð árið 2000. Vefstóri er Guðrún Loftsdóttir.

Helstu verkefni síðast liðið starfsár hafa verið að safna upplýsingum um starf með eldri borgurum í söfnuðum, en einnig að fá upplýsingar um helgistundir á hjúkrunarheimilum og sjúkrahúsum. Þá hefur nefndin unnið að stefnumótun kirkjunnar í starfi fyrir eldri borgara. Þar er áherslan á hvernig við mótum markvisst og árangursríkt eldri borgarastarf í söfnuðum landsins. Einnig hefur nefndin unnið að endurbættri fræðslustefnu fyrir eldri borgarastarf í þjóðkirkjunni. Væntanlega verða tillögurnar lagðar fram á Kirkjuþingi 2014.

Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar er nú þannig skipuð:

sr. Magnús Björn Björnsson, formaður.

Þórey Dögg Jónsdóttir, djákni, varaformaður.

Ragnhildur Ásgeirsdóttir, djákni, ritari.

Meðstjórnendur: Stefanía Baldursdóttir og

sr. Svanhildur Blöndal

Fagráð um meðferð kynferðisbrota

Gunnar Rúnar Matthíasson, formaður

Á árinu 2013 bárust Fagráði fimm erindi. Einu var vísað til viðkomandi barnaverndarnefndar, þremur lokið á árinu en eitt var enn í vinnslu við lok ársins. Tvö erindanna vörðuðu ásökun um kynferðisbrot af hendi einstaklinga í þjónustu kirkjunnar, tvö aðkomu kirkjunnar þjóna að meðferð og ferli kynferðisbrotamála af öðrum vettvangi og eitt varðaði síðan hvort og þá hvaða sjálfboðaliðsstörfum einstaklingur með sögu um kynferðisbrot gæti sinnt innan kirkjunnar.

Fyrir utan þessi erindi fékk fagráð eitt erindi þar sem sóknarprestur og sóknarnefndarformaður báðu fagráð að fara yfir verklag sem þau höfðu viðhaft í kjölfar ábendingar um að dæmdur kynferðisbrotamaður starfaði innan safnaðarins. Fagráð fór yfir málið og gaf ábendingar eftir því sem við átti en fann ekki tilefni til að finna að verklagi því sem viðhaft var.

Á árinu hafa fulltrúar fagráðs fundað með aðilum sem eru að vinna að verklagsreglum um meðferð kynferðisbrota fyrir félagasamtök og stofnanir. Fagráð hefur deilt reynslu sinni með þessum aðilum og lýsir ánægju sinni með að fagráð sjálfstæðra trúfélaga tók til starfa á árinu. Fagráð fagnar þeirri vinnu sem sjúklingasamtök og samtök öryrkja eru að vinna til að koma á samhæfðu verklagi hjá sínum félögum og sömuleiðis þeirri vinnu sem er í gangi hjá opinberum stofnunum og skólum um meðferð ásakana um kynferðisbrot. Fagráð um meðferð kynferðisbrota innan Þjóðkirkjunnar vonast til að geta átt góða samvinnu við þessa aðila í framtíðinni.

Fagráð hefur á árinu fundað reglubundið með biskupi, frú Agnesi Sigurðadóttur og þakkar stuðning og samstarf allra kirkjuyfirvalda sem og annarra stofnana kirkjunnar.

Hjálparstarf kirkjunnar

Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri

Skipulag, stjórn, starfsfólk

Hjálparstarf kirkjunnar starfar eftir skipulagsskrá undir stjórn fulltrúaráðs; níu fulltrúa prófestsdæma, fimm fulltrúa kirkjuráðs og breytilegs fjölda fulltrúa prestakalla. Á þessu starfsári voru 60 í fulltrúaráði. Skal formaður framkvæmdastjórnar vera úr þeim hópi sem kirkjuráð kýs. Ráðið fundar tvisvar á ári, á aðalfundi að hausti og fulltrúaráðsfundi að vori. Ráðið kýs framkvæmdastjórn sem nú skipa:

Ingibjörg Pálmadóttir formaður

Lóa Skarphéðinsdóttir hjúkrunarfræðingur

Páll Kr. Pálsson hagverkfræðingur

Varamenn:

Hörður Jóhannesson aðstoðarlögreglustjóri

Guðmundur Guðmundsson héraðsprestur

Stjórnin fundar u.þ.b. einu sinni í mánuði. Starfsfólk er: Bjarni Gíslason framkvæmdastjóri, Áslaug Arndal sem sér um skrifstofuhald og fósturbörn, Kristín Ólafsdóttir fræðslu- og upplýsingafulltrúi, Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi og umsjónarmaður innanlandsaðstoðar, Sædís Arnardóttir félagsráðgjafi í 50% starfi. Atli Geir Hafliðason hefur umsjón með fatalager, sölu Friðarljósa o.fl., Ólóf Rún Benediktsdóttir er í 20% starfi við að leiða starf Breytanda – Changemaker. Ráðgjafar Fjölskyldupjónustu kirkjunnar hafa sinnt 10-20% starfi við ráðgjöf í tengslum við innanlandsaðstoðina.

Þess ber að geta að í janúar 2014 lét Jónas Þórir Þórisson formlega af störfum sem framkvæmdastjóri Hjálparstarfsins eftir 23 ára farsælt starf. Ber að þakka honum frábær störf. Anna Ólafsdóttir verkefnastjóri hætti störfum á haustmánuðum 2013 eftir margra ára vel unnin störf. Henni eru einnig færðar bestu þakkir.

Hlutverk Hjálparstarfs kirkjunnar er samkvæmt skipulagsskrá að hafa forgöngu um og samhæfa hjálparstarf á vegum kirknanna í landinu, heima og erlendis. Í því felst fjáröflun, stuðningur við verkefni erlendis, framkvæmd innanlandsaðstoðar, talsmannshlutverk og fræðslustarf. Starfsár stofnunarinnar er 1. júlí til 30. júní. Um rekstrartölur vísast í reikninga sem liggja fyrir í september.

Aðstoð á Íslandi

Hjálparstarf kirkjunnar er með aðstoð um allt land í gegnum net presta og djákna. Á höfuðborgarsvæðinu fá barnafjölskyldur aðstoð með inneignarkortum í matvöruverslanir. Þar sem kortaleiðin er dýr verður að takmarka hópinn og er barnlausum einstaklingum bent á að fara til annarra hjálparsamtaka sem hafa hefðbundna matarúthlutun. Á þeim stöðum sem öðrum hjálparsamtökum er ekki til að dreifa fá allir inneignarkort. Eftir sem áður geta allir, barnafjölskyldur og aðrir, notið faglegrar ráðgjafar og ýmissa annarra úrlausna stofnunarinnar en mataraðstoðar. Veitt er fjármálaráðgjöf og stuðningur vegna skólagöngu og tómsunda barna sem og vegna lyfjakaupa. Fatnaði er úthlutað og fólk stutt til þátttöku í sjálfstyrkingar-, sauma- og matreiðslunámskeiðum. Í hverjum mánuði leita um 200 barnafjölskyldur sem búa við sára fátækt eftir aðstoð.

1.479 umsóknir voru afgreiddar í jólaaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar í desember. Ætla má að um 4.400 einstaklingar um allt land hafi notið góðs af. Afhent voru ný inneignarkort í matvöruverslunum og lagt inn á eldri kort og fór upphæð eftir fjölskyldustærð og fjárhagsstöðu. Miðlæg skráning umsókna var með mæðrastyrksnefndum og Rauða krossinum í Hafnarfirði, Kópavogi, Garðabæ, Mosfellsbæ og á Akureyri en þar var Hjálpræðisherinn einnig með. Á Selfossi voru kirkjan, Rauði krossinn, sveitarfélagið og kvenfélög í samstarfi um jólaaðstoð.

Margir sjálfboðaliðar leggja starfinu lið í hverri viku. Þeir vinna að flokkun og greiningu gagna og sinna úthlutun fatnaðar o.fl.

Fræðslu- og kynningarmál

Fréttablað Hjálparstarfsins *Margt smátt...* sem kom út í september 2013 og júlí 2014 var sent 6.000 áskrifendum. Í tengslum við jóla- og páskasöfnun kom blaðið út sem fylgiblað með Fréttablaðinu. Farið var í fjölda heimsókna m.a. í eldri borgarastarf, í leik-, grunn-, framhalds- og háskóla. Heimasíða Hjálparstarfsins er help.is. 2208 líkaði við facebooksiðu Hjálparstarfsins í júní 2014.

Ungliðahreyfingin Breytendur

Breytendur – Changemaker á Íslandi er ungliðahreyfing Hjálparstarfs kirkjunnar og hluti af hinni alþjóðlegu Changemaker hreyfingu. Hreyfingin er vettvangur fyrir ungt fólk til að láta skoðun sína heyrast og hafa áhrif til hins betra. Breytendur tóku þátt í Landsmóti ÆSKP í Reykjanesbæ í október. Meðal fastra liða var þátttaka í Friðargöngunni 23. desember. Í júlí var haldið *Fjaðrafok*, árlegt helgarnámskeið Breytenda, með þátttöku gesta frá Finnlandi og Noregi. Sjá meira á www.changemaker.is

Samstarf við félög og stofnanir

Hjálparstarfið hefur á árinu unnið áfram á samstarfsvettvangi mannúðarsamtaka í þróunaraðstoð. Í september stóðu þau ásamt Þróunarsamvinnustofnun Íslands að átakinu „Þróunarsamvinna ber ávöxt“ með áherslu á gildi menntunar og fræðslu í þróunarstarfi. Tilgangurinn var að koma á framfæri mikilvægi þróunarsamvinnu.

Hjálparstarfið er aðili að Almannaheillum sem er samstarfsvettvangur félaga og sjálfseignarstofnana sem vinna að almannaheillum á Íslandi. Hjálparstarfið fundar árlega með hjálparstofnunum kirkna á Norðurlöndum.

Safnanir og fjáröflun

Fermingarbörn um allt land gengu í hús dagana 4.-12. nóvember 2013 með bauk Hjálparstarfs kirkjunnar. Fyrir söfnunina sáu börnin myndaseríu um vatnsskort í Afríku og hvernig hreint vatn úr brunni breytir lífinu til hins betra. Þátttaka í söfnuninni var mjög góð, 64 prestaköll voru með og söfnuðust 8.2 milljónir króna.

Í jólasöfnuninni 2013 var safnað fyrir vatnsverkefni í Afríku. Heildarsöfnunarfé til verkefna erlendis og innanlandsaðstoðar í desember og janúar að gjafbréfum meðtöldum var 57 milljónir króna þar af voru 35 milljónir eyrnamerkar innanlandsaðstoð. Einstaklingar, fyrirtæki og samtök standa að baki þessum gjöfum.

Vefsíðan framlag.is auðveldar fólki að styrkja verkefni Hjálparstarfsins heima og erlendis. Gjafabréfasíðan gjofsemgefur.is er mjög vinsæl en 40 mismunandi gjafabréf eru í boði til stuðnings verkefnum á Íslandi, Indlandi og í Afríku. Verð á gjafabréfum eru frá 1.600 upp í 180.000 krónur. Geiturnar eru vinsælastar en hænur og hlutdeild í brunni er einnig mjög vinsælt.

Ekki liggja fyrir endanlegar tölur úr páskasöfnun en ljóst er að hún hefur ekki gengið eins vel og oft áður. Safnað var fyrir vatnsverkefni Hjálparstarfsins í Epiópiu,



Nýr brunnur í Beyio í Jijiga-héraði í Eþíópíu.

Malaví og Úganda undir yfirskriftinni „Hreint vatn bjargar mannlífum“. Valgreiðslur voru sendar í heimabanka landsmanna um miðjan apríl.

Verkefni í Afríku

Malaví

Hjálparstarf kirkjunnar starfar í Malaví með innlendum ábyrgðar- og framkvæmdaaðilum, Evangelical Lutheran Development Service (ELDS), að stuðningi við sjálfspurftarbændur. Verkefnið snýst um vatnsöflun í héraðinu Chikwawa. Unnið er í 37 þorpum með 952 fátækustu fjölskyldunum. Markmiðið er að auka aðgengi að hreinu vatni með því grafa brunna og kenna fólki að nýta vatn til að tryggja betur fæðuöryggi með því að rækta þurrkþolnari og fjölbreyttari tegundir. Nota vatn í áveitur og tað sem áburð og halda skepnur. Auka hreinlæti með fræðslu, byggja kamra og handpottaaðstöðu. Trjám er plantað, námskeið haldin um umhverfisvernd og sjálfbærni, matvælaræktun eflað með nýjum korntegundum og skepnuhald styrkt með því að afhenda geitur og hænur sem bæta lífsafkomuna. Kostnaðaráætlun fyrir verkefnið árið 2014 er 44.000 EUR og lýkur verkefninu á árinu en það hefur verið í gangi í tæp 10 ár.

Úganda

Hjálparstarf kirkjunnar hefur um nokkurra ára skeið stutt verkefni í Úganda. Verkefnið er hluti af fjölþættu þróunarverkefni sem kirkjulegar hjálparstofnanir innan Lútherska heimssambandsins reka í landinu meðal þeirra sem líða vegna alnæmis. Það er unnið í þremur héruðum: Rakaí, Lyantonde og Sembabule og snýr að því að draga úr tíðni HIV-smits og áhrifum alnæmis á samfélagið. Sá hluti sem Hjálparstarfið styður snýst um að hjálpa börnum sem misst hafa báða foreldra úr



Í verkefninu í Eþíópíu er mikil áherslu á vald-eflingu kvenna og að bæta framtíðarmöguleika stúlkna.

alnæmi og búa ein eða sjúka foreldra og ömmur sem hafa barnabörn á framfæri. Áhersla er á að bæta lífsskilyrði þeirra með því að reisa handa þeim íbúðarhús með grunnhúsbúnaði og eldaskála með sérhönnuðum hlóðum sem spara eldsneyti og helstu áhöldum; auka á hreinlæti á heimilum með því að gera kamra og hreinlætisaðstöðu og fræða um samband hreinlætis og smithættu. Einnig á að auka aðgang að hreinu vatni með því að koma upp safntönkum. Upplýsingafulltrúi og framkvæmdastjóri fóru í eftirlistferð til Úganda í maí. Kostnaðaráætlun fyrir verkefnið árið 2014 er 142.000 EUR.

Eþíópía

Verkefni Hjálparstarfsins í Eþíópíu er í Jijiga héraði í Austur-Eþíópíu og er unnið í samstarfi við Lúterska heimssambandið og þróunarsvið lútersku kirkjunnar í Eþíópíu, Mekane Jesus. Markmiðið er að tryggja íbúum aðgang að hreinu vatni til neyslu, ræktunar og skepnuhalds með því að grafa vatnsprær. Styrkja landbúnað með bættum ræktunaraðferðum og efla skepnuhald. Efla efnahagslegt öryggi og réttindi kvenna. Styrkja stjórnkerfi samfélagsins og þar með þjónustu við íbúa. Mörg námskeið hafa verið haldin í tengslum við matargerð, varðveislu matar og einnig um jafnrétti kynjanna þ.a.m. umræður um umskurð kvenna. Margar konur hafa í gegnum verkefnið tekið örlán til að byrja atvinnustarfsemi þar sem þær ráða yfir þeim tekjum sem aflast. Þjálfaðir hafa verið nokkurskonar dýralæknar þ.a.m. fyrsta konan. Fjölmörg námskeið hafa verið haldin í tengslum við umhirðu búfjár, ræktun korns og umhverfisvernd. Námskeið hafa verið haldin fyrir starfsfólk staðaryfirvalda til að sinna fræðslu um HIV og Alnæmi.

Fræðsla um hreinlæti og smitleiðir sjúkdóma hefur haft ápreifanleg áhrif og vitund aukist.

Grafnar eru vatnsprær. Vatnið sem safnast er yfirborðsvatn því hafa vatnsnefndir

María Rhoda er 33 ára gömul einstæð móðir sem býr í Lyantonde í Úganda. Hún er HIV-smituð. Í fyrra fóru hún og börnin hennar þrjú úr hripleku hreysi í öruggt hús. Við nýja húsið er kamar og vatnstankur fyrir rigningarvatn.



kynnt og bjóða efni sem bætt er út í vatnið og gerir það drykkjarhæft. Aukin áhersla er á að grafa brunna þar sem það er mögulegt en jarðvegur er mjög harður og erfiður víða á svæðinu en nokkrir brunnar eru þegar komnir í gagnið. Framkvæmdastjóri fór ásamt fulltrúa frá Utanríkisráðuneytinu í ferð til Epiópiu í maí. Kostnaðaráætlun fyrir árið 2014 er 270.000 EUR.

Starf á Inlandi

Í samvinnu við mannréttindasamtökin Social Action Movement (SAM) hefur verið stutt við starf sem snýr að hinum stéttlausu þar sem reknir eru forskólar þar sem börn eru búin undir nám í almennum grunnskólum, kvöldskólar fyrir börn sem verið er að leysa úr skuldaánað og háskólastarf. Eftir meira en 20 ára samstarf stefnir í að formlegu samstarfi við SAM ljúki á þessu ári. Margir þættir starfsins eru orðnir sjálfbærir og góður árangur hefur náðst. Með Sameinuðu indversku kirkjunni (UCCI) eru starfræktir grunnskólar, iðn- og framhaldsskólar. Fósturforeldrar styðja um 400 börn í gegnum UCCI, flest þeirra eða 320 búa á heimavist við skólana.

Alþjóðahjálparstarf kirkna – ACT Alliance

Hjálparstarf kirkjunnar veitir neyðarhjálp í gegnum ACT Alliance, Alþjóðahjálpar kirkna og hefur lagt sitt af mörkum til hjálpar á neyðarsvæðum í Sýrlandi og Filippseyjum. Með góðum stuðningi frá Utanríkisráðuneytinu sem leggur fram 90% framlags voru í janúar rúmlega 16 milljónir króna sendar til neyðarhjálp í Sýrlandi og rúmlega 11 milljónir króna til Filippseyja.

Hópslysanefnd

Gísli Jónasson, formaður

Hópslysanefnd er fastanefnd sem starfar í umboði kirkjuráðs og biskups Íslands og ber ábyrgð á að skipuleggja og hafa umsjón með viðbrögðum kirkjunnar vegna stórslysa. Í nefndinni eiga sæti:

- a) Biskupsritari
- b) Framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar
- c) Forstöðumaður Fjölskyldupjónustu kirkjunnar
- d) Sjúkrahúsprestur þjóðkirkjunnar
- e) Einn fulltrúi tilnefndur af kirkjuráði og er hann formaður nefndarinnar.

Núverandi nefnd skipa: Sr. Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar, Benedikt Jóhannson, f.h. Fjölskyldupjónustu kirkjunnar, sr. Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, sjúkrahúsprestur og sr. Gísli Jónasson, prófastur, sem er formaður nefndarinnar.

Starfsmaður nefndarinnar er sr. Guðrún Eggertsdóttir, sem hefur eins og nokkur undanfarin ár verið í 10% starfshlutfalli.

Nefndin hefur á liðnu starfsári unnið áfram að því verkefni, að aðlaga skipulag kirkjunnar vegna viðbragða við hópslysum, að þeim breytingum sem hafa orðið á prófastsdæmunum, en þetta skipulag er byggt á Viðbragðaáætlun kirkjunnar, sem samþykkt var á kirkjuþingi 2006. Viðbragðaáætlunin var á sínum tíma gefin út í litlu hefti sem dreift var til allra presta, sóknarnefnda o.fl. Einnig má svo nálgast hana á vefsvæði þjóðkirkjunnar (www.kirkjan.is/vidbrogd) ásamt ýmsum fylgigögnum sem henni fylgja.

Viðbragðaáætlunin gerir ráð fyrir því að útbúnaður séu sérstakar viðbragðaáætlanir prófastsdæmanna. Hafa flest þeirra lokið við áætlanir sínar, en þó á enn eftir að endurskoða einhverjar þeirra með tilliti til þeirra breytinga, sem orðið hafa.

Nefndin vinnur að því að útbúa tillögur að helgistundum, bænum og ritningarlesturum sem nota mætti við hin ýmsu tækifæri þegar slys- eða hamfarir hafa orðið. Er að því stefnt, að slíkt efni verði aðgengilegt á netinu.

Þátttaka kirkjunnar og starfsmanna hennar var æfð í tengslum við nokkrar flugslysaæfingar, en þátttaka í slíkum æfingum og undibúningi þeirra hefur á undanförmum árum gefið bæði þeim starfsmönnum kirkjunnar, sem taka þátt og hópslysanefndinni dýrmæta reynslu. Hægt hefur verið að prófa viðbragðaáætlunina og einstaka þætti hennar við raunverulegar aðstæður og nota síðan reynsluna til að slípa þá til. Þá hefur á síðustu árum reynt á áætlunina í tengslum við jarðskjálfta og eldgos á Suðurlandi og sömuleiðis í kjölfar nokkurra alvarlegra slysa og virðist hún hafa reynst vel við þessar aðstæður.

Í framhaldi af endurskoðun á skipulagi áfallahjálpar á Íslandi, sem gengið var frá haustið 2010 voru stofnaðir samráðshópar áfallahjálpar í öllum lögregluumdæmum landsins. Prófastsdæmin skipa fulltrúa sína í samráðshópana og hafa þeir verið virkir þátttakendur í fræðslufundum og æfingum sem þeim tengjast.

Þá taka fulltrúar nefndarinnar þátt í störfum Samráðshóps áfallahjálpar í Samhæfingarstöð almannavarna, en þessi hópur hefur yfirumsjón með allri áfallahjálpi í landinu og fundar reglulega.

Að lokum skal svo á það minnt, að nefndin ber, ásamt biskupi Íslands, ábyrgð á og sinnir, eftir því sem við á, stuðningi við presta og aðra starfsmenn kirkjunnar, sem unnið hafa við stórslysaaðstæður og/eða verið undir miklu álagi vegna stuðnings við syrgjendur. Og sömuleiðis skal það ítrekað, að neyðarskipulag kirkjunnar er að sjálfsögðu þannig hugsað, að það geti haldið utan um viðbrögð kirkjunnar í hvert sinn er neyðarástand skapast, jafnvel þótt ekki sé um almannavarnaástand að ræða.

Kirkjugarðaráð

Guðmundur Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri

Í lögum um kirkjugarða er gerð góð grein fyrir lögbundnum verkefnum kirkjugarða. Samkvæmt þeim er kirkjunni falið að stýra þessum málaflokki þó verkefni séu ekki beinlínis tengd trúmálum. Innanríkisráðuneytið er fagráðuneyti kirkjugarða en biskup, kirkjugarðaráð, prófastar, prestar, sóknarnefndir og starfsmenn kirkjugarða sjá um stjórnun og framkvæmd verkefna.

Kirkjugarðaráð

Kirkjugarðaráð hefur yfirumsjón með kirkjugörðum landsins. Í ráðinu sitja Ragnhildur Benediktsdóttir, fulltrúi biskups og formaður ráðsins; Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands, ritari ráðsins; Valtýr Valtýsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP tilnefndur af Kirkjugarðasambandi Íslands; Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar tilnefndur af Kirkjupingi. Framkvæmdastjóri ráðsins er Guðmundur Rafn Sigurðsson, en á vegum ráðsins starfar einnig Sigurgeir Skúlason landfræðingur og kortagerðarmaður. Sér hann um uppmælingu og stærðarútreikninga kirkjugarða vegna gjaldalíkans auk þess að vinna að gerð lóðarblaða uppdráttu og legstaðaskráa fyrir kirkjugarða. Á árinu hélt Kirkjugarðaráð níu fundi og framkvæmdastjóri ráðsins heimsótti 108 kirkjugarða á árinu.

Styrkveitingar kirkjugarðasjóðs - framkvæmdir

Kirkjugarðaráð fer með úthlutun úr Kirkjugarðasjóði að fenginni umsögn framkvæmdastjóra ráðsins. Á árinu 2013 voru veittir styrkir úr Kirkjugarðasjóði til 45 verkefna, samtals að upphæð tæplega 47 milljónir. Meðal kirkjugarða sem styrktir voru má nefna: *Brekka Mjóafirði*: Lagfæring innan garðs. *Reyðarfjörður*: Bygging þjónustuhúss. *Höfn*: Greiða niður skuld vegna stækkunar kirkjugarðs. *Hraungerði*: Greiða niður skuld kirkjugarðs við kirkjuna. *Gaulverjabær*: Hlaða umhverfis stækkun kirkjugarðs. *Kirkjugarðar Keflavíkur*: Endurbætur á Hólmsbergskirkjugarði.



Kirkjugarðurinn í Gufudal

Kirkjugarðar Reykjavíkur: Vegna uppbyggingar í Kópavogskirkjugarði og duftgarðs í Leynimýri. *Borgarnes:* Lagfæring og stækkun garðs. *Lundur:* Ljúka hleðslu um kirkjugarðinn. *Fáskrúðabakkasókn:* Endurbætur á görðum sóknarinnar. *Hellnar:* Endurnýjun og stækkun kirkjugarðs. *Stykkishólmur:* Þökuleggja stækkun kirkjugarðs. *Breiðabólstaður Skógarströnd:* Greiða niður lán vegna framkvæmda við lagfæringu garðs. *Gufudalur:* Greiða niður bankalán vegna framkvæmda við garðinn. *Súðavík:* Endurnýja umgjörð kirkjugarðsins. *Víðidalstunga:* Bæta aðgengi og endurnýja girðingu. *Keta:* Endurnýja girðingu og þökuleggja garðinn. *Goðdalir:* Lagfæra innan garðs og þökuleggja garð. *Dalvík:* Lagfæringar af völdum snjóskemmda. *Saurbær Eyjafirði:* Endurnýjun á umgjörð kirkjugarðsins. *Svalbarðseyri:* Stækkun og lagfæring á núverandi garði. *Póroddsstaður:* Endurnýja umgjörð og endurtyrfa garð. *Nes í Aðaldal:* Stækkun og einhlaða vegg úr hraungrýti. *Húsavík:* Greiða niður skuld.

Á árinu var unnið við lagfæringar á nokkrum niðurlögðum görðum eins og *Arnarbæli í Ölfusi*, *Búðardal á Skarðsströnd*, *Selárdal*, *Söndum í Dýrafirði*. Að lokum má geta þess að Kirkjugarðasamband Íslands fékk styrk samkvæmt þjónustusamningi við Kirkjugarðaráð til áframhaldandi vinnu við gagnagrunninn gardur.is, til fræðslumála kirkjugarða o.fl.

Ritröðin um kirkjur Íslands.

Árið 2001 kom út fyrsta bindi í ritröðinni *Kirkjur Íslands*. Ritstjórar verksins eru þeir Þorsteinn Gunnarsson og Jón Torfason. Vinnan við útgáfuna skiptist á milli Minjastofnunar Íslands, Þjóðminjasafns Íslands og Biskupsstofu. Í ritröðinni er fjallað um allar friðaðar kirkjur á Íslandi, sem í dag eru 2014. Sagt er frá sögu kirkjustaðarins, byggingasögu kirkjuhúsins, lýsingu á kirkjunni, innri gerð hennar, kirkjubúnaði, messuföngum, minningarmörkum og kirkjugarði. Kirkjugarðaráð hefur í síðustu

Kirkjugarðurinn á Höfn í Hornafirði



bindum lagt til skrif um kirkjugarðana og hefur framkvæmdastjóri ráðsins séð um þau skrif. Nú eru komin út 23 bindi og er stefnt að því að lokabindið sem jafnframt verður væntanlega númer 27 komi út árið 2016. Ritróðin Kirkjur Íslands er mikið stórvirki og hafa meira en 70 höfundar komið að verkinu. Þar er búið að safna á einn stað mikið af upplýsingum sem koma að góðu gagni fyrir alla þá sem áhuga hafa á sögu einstakra kirkjustaða og kirkna.

Kirkjuhúsið-Skálholtsútgáfan

Edda Möller, framkvæmdastjóri

Árið 2013 var ár stórra verkefna hjá Skálholtsútgáfunni. Mörg þeirra áttu langan aðdraganda, enda stór og fjölbreytt. Ritstjórn og kynningar þeirra áttu hug okkar allan og teljum við að vel hafi tekist til. Skálholtsútgáfan vinnur náið með starfsfólki þjónustusviðs Biskupsstofu.

Fyrst má nefna að í lok árs kom út þriðji diskurinn af **Daginn í dag** verkefningu. Það má með sanni segja að *Daginn í dag* útgáfan (þrjú DVD diskar) hafi slegið í gegn. Hafdís, Klemmi og Haffi eru víða heimilisvinir á íslenskum heimilum en líka þekkt í barnastarfi kirkjunnar, þar sem við höfum einnig gefið út stuttmyndir til notkunar í kirkjustarfi með þeim félögum. Þetta efni byggir á kristnum gildum, styrkir kristna boðun, sunnudagaskólastarfið og kirkjustarf allt, og eykur áhuga foreldra á kirkju og kristni. *Daginn í dag 1-3* er skemmtilegt og ævintýralegt efni á kristnum grunni þar sem kenndar eru 10 dæmisögur Jesú, 40 barnasálmar og söngvar, tíu bænir sr. Hallgríms og tíu minnisvers úr Biblíunni. Efnið afar vinsælt hjá börnum, hollt og gott.

Daginn í dag 1,2 og 3 er stærsta verkefni sem Skálholtsútgáfan hefur tekið að sér hingað til.

Í öðru lagi skal nefna **Con Dios – fermingarefnið** sem kom út í lok júlí, lesbók fyrir börnin og kennsluleiðbeiningar og verkefni fyrir fermingarfræðarana til ljósritunar.

Con Dios er sænskt efni sem við löguðum að íslenskum veruleika. Þetta var mikil vinna sem tók á annað ár. Það ánægjulegasta við þessa útgáfu er að menn eru mjög ánægðir með efnið, finnst auðvelt að vinna með það og finnst það höfða til fermingarbarna. Við höldum ásamt þjónustusviði Biskupsstofu málþing um útgáfuna í byrjun vorannar 2014 í Hjallakirkju í Kópavogi. Þar kom vel í ljós hve ánægðir prestar eru með efnið. Samkvæmt þjónustustefnu þeirri sem starfað er eftir innan þjóðkirkjunnar og samþykkt var af Kirkjuþingi 2013 er fermingarfræðslan og markviss tengsl við fjölskyldur fermingarbarna áhersluþáttur næstu fjögurra ára.

Con Dios er í stöðugri þróun og mun ýmislegt efni bætast við næstu þrjú árin en allt hefur það að markmiði að styðja við fermingarstörfin.

Þriðja stóra verkefnið var útgáfan á **Sálmar 2013**. Um tilraunaverkefni er að ræða sem mun leiða til útgáfu nýrrar sálmabókar innan nokkurra ára. Auk leyfismála sá Skálholtsútgáfan um umbrot og registra og hönnun og kápugerð.

Heftið er mikið notað og greinilegt að nútímalegri sálmar voru vel þegnir, útvarpsmessurnar sýna það! Nú er eftir að vinna nokkur verkefni með sálmabókarnefnd tengt útgáfunni, „singalong“ í Hallgrímskirkju og víðar og útsetningar á hluta efnisins fyrir blandaða kóra. Undirleiksbók kom út um leið og söngheftið.

Fjórða stóra verkefnið er **útgáfa á nýrri barnabíblíu** sem kom síðan út í samstarfi útgáfufélaga kirknanna á Norðurlöndum. Hún kemur út á færeysku, íslensku, norsku, samísku, sænsku, finnsku og dönsku. Á íslensku heitir hún; **Sögur úr Biblíunni handa börnum á Norðurlöndum**, á sænsku heitir hún t.d. „Bibelberättelser för barn i Norden“. Hún verður kynnt sem „*Sex ára barnabíblían*“, boð til sex ára barna að koma til guðsþjónustu á fyrsta skólaári og þiggja Barnabíblíu að gjöf.

Skálholtsútgáfan ásamt þjónustusviði Biskupsstofu stóðu sameiginlega að tveimur stórum verkefnum á sviði barnastarfs og fermingarstarfs; **Stuttmyndir með Tófu** fyrir barnastarf kirkjunnar á DVD (flestir nota skjávarpa, sem er mikið notaður í sunnudagaskólanum) og **Guðspjall fyrir fermingarstörfin**. Þar hafa stuttmyndirnar sömu þemu og Con Dios kaflarnir.

Einnig var gefinn út undirleiksdiskur fyrir kirkjustarf eldri borgara, þar sem Óskar Einarsson leikur þekktu sálma og ættjarðarsöngva á píanó. Samstarfsverkefni með þjónustusviði Biskupsstofu.

Útgáfa á barnastarfefni er árleg og til að styðja enn betur við foreldrana í bænauppeldi var gefin út sérútgáfa af Bæninna mínar fyrir sunnudagaskólann, falleg bók, full af fróðleik!

Jólasögur fyrir börn á öllum aldri kom út í nóvember.

Kyrrðarbænin – Centering Prayer bókin eftir Thomas Keating kom út á haustmánuðum. Kyrrðarbænin (Centering Prayer) er víða stunduð í hópum á Íslandi – og um allan heim! Kyrrðardagar og námskeið með áherslu á iðkun Kyrrðarbænarinnar má kynna betur á vefnum undir www.kristinihugun.is

Rekstur 2013

Skálholtsútgáfan hreyfist til og frá, lóðrétt og lárétt, í samræmi við stöðu fjármála



Nýja Barnabíblían.

þjóðkirkjunnar. Á yfirstandandi samdráttarskeiði – sem við vonandi sjáum nú ljúka bráðlega – höfum við aldeilis þurft að herða ólína, en samt tekist að gera okkur sjáanleg á útgáfumarkaði. Við erum stödd í veruleika netverslunar. Netverslun Kirkjuhússins-Skálholtsútgáfunnar er í vinnslu og er áætlað að hún opni eigi síðar en 1. október 2014. Við vinnum hana sjálfar frá grunni.

Sóknarfæri

Kirkjuhúsið – Skálholtsútgáfan greinir víða sóknarfæri. Það eitt að hugsa til allra þeirra barna sem skirð eru á Íslandi má alveg hugsa sér það að kynna betur skírnar-gjafir í Kirkjuhúsinu. Vefverslunin sem senn verður opnuð hleypir einnig kappi í kinn! Við viljum gefa út stuðningsefni fyrir foreldra sem vilja ala börn sín upp í kristinni trú og bæn og fræða þau um siðræn gildi. Við viljum einnig gefa út í ódýru kiljuformi efni sem mætir þörf fólks sem vill fræðast um kristna trú og lífa í flókinni veröld. Við viljum á allan hátt reyna að mæta fólki þar sem það er statt hverju sinni, í meðbyr og mótlæti, gleði og sorg.

Verslunin Kirkjuhúsið

Verslunin bóka-verslun á kristnum grunni þar sem, auk bóka, er seld tónlist og gjafavara sem fellur undir að hafa kristin gildi. Hún verður að vera nútímaleg og aðlaðandi og höfða til almennings á öllum aldri. Einnig tengja saman kristna trú og veruleika fólks. Í Kirkjuhúsinu mætist daglega gleðin og sorgin. Það er metnaðarmál að allir fari sáttir úr versluninni, hvert svo sem erindið er.

Kirkjuhúsið er í víðtækum skilningi þjónustumiðstöð kirkjunnar.

Skálholtsútgáfan og þjónustusvið Biskupsstofu vinna saman að allri útgáfu og er

að öllu leyti hliðar á sama peningi! Í stjórninni situr áhugasamt fólk sem kemur víða að og vinnur að verkefnum ásamt útgáfustjórninni.

Það hefur alla tíð verið gæfa Kirkjuhússins-Skálholtsútgáfunnar að hafa öfluga formenn stjórnar og áhugasamt stjórnarfólk. Hreinn Hákonarson formaður er vakinn og sofinn yfir þessari litlu útgáfustofnun þjóðkirkjunnar og verður það seint fullpakkað.

Starfsfólkið, Guðbjörg, Lára og Edda eru í góðu sambandi við presta og starfsfólk og Kirkjuhúsið oft eins og kaffistofa í stóru fyrirtæki þegar prestar líta við.

Kirkjumiðstöð Austurlands við Eiðavatn

Þorgeir Arason

Við Eiðavatn á Héraði eru nú reknar einu sumarþúðir þjóðkirkjunnar. Þær sækja einkum börn af Austurlandi, þ.e. svæðinu frá Bakkafirði til Hornafjarðar, en stundum koma börnin lengra að, jafnvel frá Stór-Reykjavíkursvæðinu. Kirkjumiðstöð Austurlands (KMA) gegnir þó einnig mun víðtækara hlutverki í kirkjustarfi í fjórðungnum.

Stjórn og starfsfólk

Að loknum héraðsfundi Austurlandsprófastsdæmis árið 2013 skipa eftirtaldir stjórn KMA:

Sr. Davíð Baldursson, Eskifirði, formaður, fulltrúi Prestafélags Austurlands

Kristjana Björnsdóttir, Borgarfirði eystra, gjaldkeri

Þórður Júlíusson, Neskaupstað, ritari

Sr. Jóna Kristín Þorvaldsdóttir, Fáskrúðsfirði, meðstjórnandi

Sr. Sigurður Rúnar Ragnarsson, Neskaupstað, meðstjórnandi



Buslað í Eiðavatni á hlýjum sumardegjum.

Sumarbúðastrákar
í skemmtilegri
bátsferð á
Eiðavatni.



Á stjórnarfundum Kirkjumiðstöðvarinnar þann 12. mars 2013 tók héraðsprestur Austurlandsprófastsdæmis við forstöðu KMA af sóknarpresti Egilsstaðaprestakalls. Þar með lét sr. Jóhanna I. Sigmarsdóttir af starfi forstöðumanns eftir hátt í 15 ára trúfasta þjónustu í þágu Kirkjumiðstöðvarinnar. Breytingar verða að nýju síðar á árinu 2014 er nýr héraðsprestur tekur til starfa. Forstöðumaður hefur almenna umsjón með húsnæði og rekstri á staðnum, skipuleggur starfsemina, ræður starfsfólk og greiðir reikninga og laun. Björn Aðalsteinsson hjá Skrifstofuþjónustu Austurlands annast nú launaútreikninga og bókhald fyrir KMA. Kristjana Björnsdóttir er matráðskona staðarins og annast auk þess í sjálfböðavinnu ásamt manni sínum, Jóni Helgasyni, ótal þætti er snúa að húsnæði og aðstöðu Kirkjumiðstöðvarinnar. Er það afar þakkarvert.

Sumarbúðastarfið

Sumarbúðastjóri undanfarin ár hefur verið Hjalti Jón Sverrisson, guðfræðingur, tónlistarmaður og æskulyðsfulltrúi úr Fellabæ og ber að þakka gott starf hans ásamt öflugum hópi ungs fólks. Aðstoðarsumarbúðastjóri árið 2014 var Bogi Benediktsson, guðfræðinemi úr Reykjavík. Að öðru leyti var starfið mannað með heimafólki á Austurlandi. Sóknarprestarnir á Fáskrúðsfirði og Skeggjastöðum og héraðsprestur störfuðu u.þ.b. einn flokk hver í sumarbúðunum árið 2014 og sparaðist þannig launakostnaður auk þess sem dýrmæt tengsl mynduðust.

Sem fyrr er í sumarstarfinu lögð áhersla á ýmiss konar útivist og leiki í bland við daglega, kristna fræðslu og helgihald. Guðspjónusta er haldin í hverjum flokki sem börnin undirbúa sjálf. Eiðavatn og annað umhverfi staðarins er vel nýtt í starfinu til bátsferða og annarrar útiveru og dagskrár. Má þar nefna tjarnir á landi Kirkjumiðstöðvarinnar, þangað sem gjarnan er gengið með nestismal til kanóróðra,



Hressar vinkonur í sumarbúðum.

og einnig lítið skógarjódur sem nýtist sem e.k. útikapella. Sumarbúðabörnin eru á aldrinum 7-14 ára í ólíkum aldursflokkum.

Sú nýbreytni var í sumarbúðastarfinu árið 2013 að bjóða upp á sérstakan leiklistarflokk þar sem hluta af hverjum degi var varið í æfingar, leiki og aðra vinnu tengda leiklist undir stjórn sumarbúðastjóra. Afrakstur vikunnar, leikþáttur byggður á guðspjallsstefjum í nútímabúningi, var sýndur foreldrum í flokkslok. Þá voru ánægjulegar heimsóknir listakonunnar Lóu (Ólafar B. Bragadóttur) í fyrstu tvo dvalarflokkana 2013, en þátttakendur máluðu litríka viðarbúta undir hennar stjórn, sem mynduðu svo hluta af verki hennar á sýningunni „Óskatré í Hallormsstaðaskógi.“ Framhald þessara verkefna var sk. listaflokkur á árinu 2014 þar sem unnið var jöfnum höndum með myndlist, leiklist og tónlist. Verkefnið naut stuðnings Menningarráðs Austurlands og Alcoa-Fjarðaáls. Sigríður Lára Sigurjónsdóttir sviðslistafræðingur og leikskáld á Egilsstöðum annaðist leiklistarnámskeið í flokknum og sumarbúðastjóri og starfsfólk leiddu ýmiss konar vinnu og fræðslu tengda tón- og myndlist. Listaflokkurinn var vel heppnaður þrátt fyrir að aðsókn í hann hafi valdið vonbrigðum en aðeins 11 börn tóku þátt í flokknum.

104 börn dvöldu í sumarbúðunum í fjórum dvalarflokkum árið 2013. Auglýstir voru fimm flokkar en sá síðasti felldur niður vegna dræmrar aðsóknar. Nýting dvalarplássanna var því 65% en dvalargestum fækkaði um 11 milli árunna 2012-2013 og hafði þá fjöldi þeirra dvínað árlega frá árinu 2009.

Þegar þetta er ritið er sumarstarfinu árið 2014 að ljúka. Að þessu sinni voru auglýstir fjórir flokkar og ánægjulegt er að 119 börn hafa dvalið í sumarbúðunum þetta árið og er það umtalsverð aukning dvalargestanna milli ára. Nýting dvalarplássanna jókst því í 74% og aðsókn í aðra flokka en listaflokk var reyndar mjög góð.

Söngurinn er eitt af einkennum samarbúðastarfsins - í fræðslu, helgihaldi og á kvöldvökum.



Önnur starfsemi

Að vanda voru fermingarnámskeið (3) og TTT-mót (2) Austurlandsprófastsdæmis haldin í Kirkjumíðstöðinni á starfsárinu og sömuleiðis námskeiðshelgi í Farskóla leiðtogaefna. Af öðrum viðburðum á staðnum á árinu má nefna Innandyranámskeið barnastarfsins, orlofshelgi Krabbameinsfélags Austurlands, leiðarþing og fund Kirkjuráðs í október, héraðsfund í vor og æfingabúðir Kórs Egilsstaðakirkju. Samvirkjafélag og Kvenfélag Eiðapinghár stóðu í fyrsta sinn fyrir veiðikeppni og veitingasölu á staðnum í tengslum við héraðshátíðina Ormsteiti 2013, svo nokkuð sé nefnt.

Svoltil útleiga er sem fyrr í húsinu, t.d. fyrir brúðkaups- og fermingarveislur.

Húsnæði og lóð

Nú stendur yfir vinna við að mála húsið að utan (sumarið 2014) og hafa sjálfbóðaliðar á vegum Alcoa-Fjarðaáls m.a. lagt þar hönd á plóg í sk. Action-verkefni fyrirtækisins, en því fylgir styrkur til verksins. Soroptimistaklúbbur Austurlands hefur hreinsað lóðina á vorin, unnið að vorhreingerningu o.fl. og á móti fengið aðstöðu þar fyrir fundi sína yfir veturinn. Bóndi úr sveitinni hefur séð um að slá fótboltavöllinn. Fánastöngin var máluð sl. vor.

Rekstur

Rekstur KMA er erfiður og skilaði á árinu 2013 0,3 mi. kr. halla, sem skýrist reyndar fyrst og fremst af fjármagnskostnaði. Stofna þurfti til skammtímaskuldar (2,5 mi. kr. í árslok) vegna halla árána 2011 og 2012, þar sem m.a. nýting dvalarplássu í samarbúðunum var óhagstæð auk þess sem mikið tjón varð vegna vatnsleka í

byrjun árs 2013, sem aðeins fékkst að hluta til bætt úr tryggingum. Nú er unnið að viðsnúningi í rekstri KMA. Reynt er að gæta aðhalds í rekstrinum og auka tekjur. Tólf fyrirtæki á Austurlandi keyptu t.d. styrktarlínur og -merki í kynningarbæklingi sumarstarfsins 2014. Þegar er getið styrktaraðila listaflokks og málningarvinnu.

Mestu munar þó um viðbótarframlag til rekstrarins úr Kirkjumálasjóði á árinu 2014, en Kirkjumiðstöðin nýtur auk þess árlegs rekstrarframlags úr héraðssjóði prófastsdæmisins. Þakkarvert er að Kirkjumiðstöðin njóti þessara styrkja þrátt fyrir að harðnað hafi á dalnum hjá kirkjunni, enda lít ég svo á að starfsemi hennar sé eitt af flaggskipum íslensku þjóðkirkjunnar. Við horfum björtum augum til komandi ára við Eiðavatn.

Kirkjumiðstöð í Reykholti

Geir Waage

Almanaksárið 2013 var fjórða starfsár Kirkjumiðstöðvar í Reykholti. Kirkja í Reykholti hefur gegnt margvíslegu hlutverki umfram þörf og getu sóknarinnar frá því hún var vígð á Ólafsmessu hinni fyrri sumarið 1996. Samstarf Reykholtss- Hvanneyrar- og Stafholtsprestakalla var í svipuðum skorðum og undanfarin ár. Útfarir í sóknunum prestakallanna fara oft fram frá Reykholtskirkju, þótt greftrað sje í kirkjugörðum sókna prestakallanna. Ekki er tekið gjald af aðstandendum, sem jafnan er þjóðkirkjufólk. Loks er messað í kirkjunni allar helgar sumarsins frá miðjum júní fram í september. Kirkjan er meira notuð almennt, en í þágu sóknarinnar.

Kirkjumiðstöð í Reykholti er heimili Pílagrímagangnanna, en fjelag um pílagrímagöngur hefur skipulagt göngur á milli kirkna á lönguföstu, auk þess sem gengið er úr Bæ í Borgarfirði í Skálholt til Þorláksmessu á sumar.

Sóknarprestar leysa hverjir aðra af og standa að sameiginlegum athöfnum í kirkjunni. Sameiginlegar messur voru á Kyndilmessu og á Boðunardegi Maríu auk þess sem prestarnir stóðu að sameiginlegri Páskavöku í Reykholti á páskanótt.

Árlegt fermingarbarnamót prestakalla í hjeraði, annarra en Garðaprestakalls á Akranesi, er jafnan haldið í Reykholti. Auk Reykholtss-, Hvanneyrar- og Stafholtsprestakalla, standa Saurbæjar- og Borgarprestaköll að mótinu. Mótið var haldið 25. febrúar.

Reykholtshátíð hefur verið haldin um kirkjudag frá árinu 1997 og hefur gestum jafnan verið boðnar veitingar í safnaðarsal eftir kirkjudagsmessu. Í tengslum við ýmsar samkomur sem varða staðinn eru boðnar veitingar ýmist í boði Snorrastofu, kirkjunnar og sóknarinnar. Reykholtshátíð var að venju haldin í tengslum við kirkjudag Reykholtskirkju á Ólafsmessu hinni fyrri, dagana 26.-28. júlí. Stjórnandi tónlistarhátíðarinnar er Sigurgeir Agnarsson fiðluleikari.

Reykholtshátíð 2013

Við hátíðarmessu á Kirkjudegi predikaði biskup Íslands, frú Agnes Sigurðardóttir.

Samstarf

Vegna umsvifa í kirkjunni umfram þarfir safnaðarins greiðir kirkjan Snorrastofu, sem kostar alla ræstingu í Reykholtskirkju – Snorrastofu, hlutfall af ræstingarkostnaði, sem nemur einum mánaðarlaunum. Jafnframt greiðir kirkjan Snorrastofu ein mánaðarlaun móttökustjóra ásamt launatengdum gjöldum.

Kirkjan hefur nokkrar tekjur af mörgum þeim tónleikum og tónlistarupptöku í kirkjunni og annari útleigu hennar, en þar var grunnskólanum á Kleppjárnsreykjum slitið 5. júní og þar fór fram útskrift á vegum Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri þann 31. júní. Annars styður kirkjan við tónlistarstarf eftir megni, með því, meðal annars, að ljá aðstöðu til tónleika án endurgjalds.

Snorrastofa stendur fyrir móttöku ferða- og fræðimanna og annast móttökustjóri Snorrastofu skipulag tónleika á vegum kirkjunnar. Gott samstarf er um þetta og hefur sóknarprestur ásamt öðrum haldið fjölda fyrirlestra um staðinn og sögu hans. Móttökustjóri Snorrastofu, frú Dagný Emilsdóttir, annast skipulag og gestamóttöku í Reykholtskirkju-Snorrastofu og viðburðastjórn í Reykholtskirkju.

Um 2000 grunnskólanemendur vitja Snorra árlega. Tekur sóknarprestur á móti þeim. Gestir Reykholtskirkju-Snorrastofu eru um 30.000 á ári en hátt í 200.000 manns munu hafa komið á staðinn á árinu 2013.

Á jólaföstu er efnt til sölu jólatrjáa, sem fólk sækir sjálf í Reykholtsskóg. Að skóg-ræktinni og umhirðu skógarins stendur Skógræktarfelag Borgarfjarðar í samvinnu við staðinn. Með sölnni fæst fje til þess að gróðursetja í nýskóginn norðan við staðinn. Miðstöð jólatrjáasölnnar er í Höskuldargerði, hrossarjett staðarins. Í söðlabúrinu er reitt fram kaffi, kakó og piparkökur.

Af staðarins hálfu hefur einnig verið staðið að baki Framfarafjelags Borgarfjarðar, sem meðal annars hefur staðið fyrir sveitamörkuðum í Reykholti og víðar.

Úrbætur á staðnum

13 milljón króna styrkur frá Ferðamálasjóði fjekkst til úrbóta á staðnum gegn mótframlagi að heiman. Var gert mikið átak í stígagerð um staðinn, en tekizt hefur að útrýma flestum tröppum á göngustígum og setja í staðinn skábretti fyrir hjóla-stóla. Lagði Vegagerðin staðnum til yfirborðsefni á stígana án endurgjalds auk þess sem bætt var heimreiðin á staðinn. Mikil hætta hefu skapazt í Snorragerði vegna breytinga á hveravirkni í kjölfar landskjálfta. Höfðu opnast mörg smá, sjóðandi hveraaugu í grasflötum í garðinum. Sóknarprestur gekkst fyrir því, að grafin voru lokræsi og heita vatninu safnað í tjörn þar sem það er kælt áður en því er hleypt í vegræsið. Framræsluskurðum og vegskurðum heima á staðnum hefur verið lokað. Lokræsagerð þessari er ekki lokið, en stefnt er að verklokum á árinu 2014. Þá verður bílastæði framan við kirkjuna malbikað og mun Borgarbyggð leggja fram mótframlagið við styrkinn til þess verkefnis. Sóknarprestur hefur einnig haldið áfram gerð lokræsa við hina fornu þjóðleið ofan staðarins og við tengda stíga í samvinnu við Tryggva Konráðsson staðarráðsmann og sumarstarfsmenn.

Mikinn árangur undanfarinna ára má þakka góðu samstarfi allra starfsmanna Reykholtskirkju-Snorrastofu, ekki sízt er að þakka Bergi Þorgeirssyni, forstöðumanni Snorrastofu, elju hans og þrotlaust starf að fjármögnun verkefna.

Verktakar og aðrir þeir sem að verkum hafa komið hafa lagt fram mikla vinnu og efni án endurgjalds í þágu þessa átaks. Einari Steinþóri Traustasyni verktaka, Birni Húnboga Sveinsyni og Sveini Björnssyni í Varmalandi skal hjer sjerstaklega þakkað.

Viðhald Reykholtskirkju-Snorrastofu

Vaxandi þörf er á viðhaldi byggingarinnar, en til þess eru engir fjármunir.

Þorvaldur Jónsson, formaður sóknarnefndar, hefur að venju lagt kirkjunni mikið lið með ýmis konar viðhaldi innan dyra sem utan. Hann endurnýjaði handrið við tröppur að aðalinngangi kirkjunnar. Hið nýja handrið er gert af galvanhúðuðu járn. Fyrirtækið Búhagur, Árni Ingvarsson á Skarði í Lundarreykjadal, annaðist smíðina, en undirbúning og uppsetningu annaðist Þorvaldur Jónsson með aðstoð Óskars Jóhannssonar flugstjóra. Vinnuna við undirbúning og uppsetningu gáfu þeir fjelagar og efnið að miklum hluta.

Þorvaldur lagði og mikla vinnu í viðgerð á hringibúnaði klukkanna í turni kirkjunnar og fjekk liðsinni kunnáttumanna til þess, einnig án annars endurgjalds en greiðslu aksturskostnaðar.

Gjafir

Auk fyrrgreindra gjafa og framlaga til kirkju og staðar gaf Jón Emilsson, rafvirkja-meistari kirkjunni lýsingu á háaltari í kór kirkjunnar og á altari í Þjetursstúku. Jafnframt gaf hann lýsingu á kross á kórpili og annaðist uppsetningu og frágang með Karli Emil Jónssyni rafvirkja. Er mikil úrbót að þessari lýsingu og fegurðarauki. Jafnframt lögðu þeir feðgar í leiðinni ýmislegt það sem ábótavant var í lýsingu og rafkerfi hússins.

Velvild og hlýhugur hinna fjölmörgu sem lagt hafa kirkjunni og staðnum lið verður seint fullþakkað. Einkum munar um örlæti þessa fólks nú, þegar fjárhagur kirkjunnarleyfir engar framkvæmdir og ekki ekki er svigrúm til lágmarks viðhalds.

Fjármál

Sóknargjöld hafa ekki fengizt hækkuð sem neinu nemur og hrökkva þau engan veginn fyrir nauðþurftum kirkjunnar. Framlag til kirkjumíðstöðvar er aftur hið sama og á síðasta ári, eða kr. 700 þúsund. Engar lyktir hafa fengizt á deilur við Orkuveitu Reykjavíkur um holræsagjalðið. Þar hefur þó náðst sá árangur að O.R. hefur fellt niður fráveitugjald af gamla kirkjuhúsinu í Reykholti, sem aldrei hefur haft nokkurt frárási, enda hefur þar hvorki verið vatn nje salerni. Það mál snertir ekki fjárhag sóknarinnar, þar eð Þjóðminjasafnið rekur þá byggingu alfarið. Sóknarnefnd hefur ritað alþingismönnum í Norðvestur-kjördæmi ítarlegt erindi um málið og sent ljósrít af öllum samskiptum við hina ýmsu aðila, er það varðar. Áður hafði sóknarnefndarformaður setið tvo fundi með ofangreindum aðilum um þetta mál.

Þann 6. febrúar 2014 fjell Hæstaréttardómur í máli nokkurra fyrirtækja gegn O.R. í máli þar sem O.R. hafði innheimt veitugjöld af húshlutum sem ekki höfðu vatns-eða fráveitu. Dómurinn féll gegn O.R. og varð hún að endurgreiða þessi gjöld.

Hvort þetta hefur áhrif á ágreining sóknarnefndar Reykholtskirkju við O.R. er ekki vitað enn. Að öðru leyti er þetta mál tíundað í síðustu ársskýrslu.

Fræðslusetur þjóðkirkjunnar að Löngumýri

Gunnar Rögnvaldsson

Að líta yfir farinn veg og meta það sem vel var gert og það sem betur má fara er gott að gera reglulega, berja í bresti og blása í glæður. Liðið starfsár var án stórra breytinga frá undangengnum svo stiklað verður á stóru. Löngumýrarnefnd er óbreytt og veitir sr. Gísli í Glaumbæ henni forystu og með honum eru þau Lárus Ægir Guðmundsson á Skagatrönd og sr. Sigríður Gunnarsdóttir á Sauðárkróki. Það sama má segja um starfsfólk þar sem Lovísa Sveinsdóttir og Ingibjörg Jóhannsdóttir hafa staðið vaktina til margra ára ásamt Sigurbjörgu Egilsdóttur sem er að hefja sitt sjötta sumar.

Starfsemin

Þær megin breytingar áttu sér stað að Valgerður Gísladóttir lét af störfum sem framkvæmdastjóri Ellimálaráðs sl. haust og um leið lét hún stýristauma sumardvalar eldri borgara í hendur nýja framkvæmdastjórans Þóreyjar Daggar Jónsdóttur djákna. Valgerður ásamt Eddu Jónsdóttur aðstoðarkonu sinni kom hér þrisvar á ári í meira en áratug með hópana sína og urðu þær fljótt traustir vinir og vorboðar. Það var aðdúanarvert að sjá hvernig Valgerður sinnti fólkinu af hlýju en ákveðni og naut óskoraðs trausts allra sem með henni störfuðu. Starfsfólk Löngumýrar þakkar einstaklega skemmtilegt og lærdómsríkt samstarf um leið og við óskum þeim stallsystrum velfarnaðar.

Þórey Dögg kemur með ferskan andblæ inn í vorið og hefur nú þegar sýnt okkur að hér er enginn byrjandi á ferð. Henni til aðstoðar er Hólmfríður Ólafsdóttir djákni og saman mynda þær teymi sem við hlökkum til að vinna með og væntum mikils af.

Það bar og til tíðinda að sr. Bjarni í Seltjarnarneskirkju kom norður með fermingar-barnahópin sinn og dvaldi hér í tvær nætur. Þar voru hnýtt bönd vinskapar við jafnaldra á Sauðárkróki en söfnuðurnir eru vinasöfnuðir. Gaman var að fylgjast með fermingarfræðslunni þar sem Bjarni hafði með sér fólk úr sóknarnefndinni til þeirra hluta ásamt hópi foreldra til gæslu og virtust allir njóta sinna verkefna til hlítar og sömuleiðis börnin. Var þessi heimsókn til fyrirmyndar að öllu leyti og verðug til eftirbreytni fyrir þá sem vilja brjóta fermingarfræðsluna upp því þegar allt kemur til alls er ekki svo langt hingað norður.

Sumarbúðir fatlaðra eru í ákveðinni óvissu eftir að Rauði krossinn sagði sig frá þeim, en vonandi kemst þar festa á að nýju.

Prestarnir í nágrenninu sr. Gísli og sr. Dalla voru með sameiginlegan kirkjuskóla, TTT starf og fermingarfræðslu á staðnum og þá var oft glatt á hjalla. Að auki voru margar guðsþjónustur haldnar þar sem sest var að snæðingi á eftir og samverustundin lengd öllum til yndisauka.

Þegar þessar línur eru ritaðar eru sumarþúðir sykursjúkra barna í gangi, haldnar í tólfta sinni ávallt með sama starfsfólkinu og börnum á aldrinum sex til tólf ára sem kynnast hvert öðru þar sem „normið“ er að vera sykursjúkur og þurfa að læra að



Fermingarár-gangurinn sér um veitingasölu á æskulýðsdaginn og styrkir um leið indverska stúlku sem prestakallið styður til náms.

sprauta sig og annað það sem fylgir því að lifa góðu lífi með svona sjúkdóm. Öll umgjörð og utanumhald er einstaklega fagmannlegt en um leið lífligt í meira lagi.

Til viðbótar má svo minnast á fjölmarga fundi og mannfagnaði að ógleymdum frábærum þrjóna- og bútasaumsheulgum Quiltbúðarinnar

Fleira mætti nefna en yrði meira og minna upptalning frá fyrri árum svo hér verður látið staðar numið.

Framkvæmdir

Engar stórframkvæmdir eru fyrirhugaðar en reynt að halda í horfinu eins og fjármunir leyfa. Ekki verður litið hjá því að margt er komið á endastöð bæði innan- og utanhúss og brýnt að bæta þar úr á næstu árum. Mörgu er haldið gangandi af kunnugleika þeirra sem um sýsla, en betra er heilt en gróíð og að lokum gefast tól og tæki upp stundum með auknum kostnaði umfram það sem þurft hefði.

Að lokum

Það er gefandi og skemmtilegt að starfa með fólki og að Löngumýri kemur bara gott fólk sem er þakklátt og hvetjandi. Alltaf viljum við samt sjá fleiri og enn og aftur hvet ég presta og söfnuði landsins til að kynna sér aðstöðuna á Löngumýri og máta við sínar hugmyndir og starfsemi. Það getur nefnilega verið gaman og gagnlegt að stíga út fyrir hinn daglega ramma og halda á nýjar slóðir.

Öllum gestum, velunnurum og ekki síst starfsfólki eru þökkun samskipti og trúfesta við staðinn.

Holt í Önundarfirði-Friðarsetur

Fjölur Ásbjörnsson

Holt í Önundarfirði-Friðarsetur, Flateyri, var stofnað af Ísafjarðarprófastsdæmi og kirkjusóknum í Holtsprestakalli. Eftir sameiningu prófastsdæma á Vestfjörðum er Vestfjarðaprófastsdæmi aðili að rekstri Friðarsetursins.

Hlutverk stofnunarinnar er að standa fyrir fjölbreyttu kirkju- og menningarstarfi og að skapa aðstöðu til félagsstarfs fyrir heimamenn og velunnara.

Stjórnin er skipuð fimm manns: prófastur er formaður, sóknarprestur í Holti er varaformaður, héraðsfundur Vestfjarðaprófastsdæmis velur einn stjórnarmann og sóknarnefndir í Holtsprestakalli velja tvo fulltrúa. Stjórnin er skipuð til tveggja ára í senn og miðast upphaflega við 1. október 2002. Fyrsti stjórnarfundur var haldinn 3. desember 2002, húsið var afhent 1. apríl 2003 og starfsemi hófst í maí 2003.

Húsið er fyrrum Holtsskóli, sem stofnunin keypti af Prestssetrasjóði. Árlegt starfsfé kemur frá kirkjuráði og frá héraðssjóði Vestfjarðaprófastsdæmis og þarf að skila skýrslum og reikningum til þeirra. Að öðru leyti þarf stofnunin að standa undir rekstrarkostnaði með starfsemi sem greitt er fyrir og leita annarra styrkja eftir þörfum. Stofnunin hefur árlega sótt um styrk frá ríkinu til viðhalds og endurbóta á húsnæðinu.

Stjórnin frá 2013 til 2014

- Formaður: Sr. Magnús Erlingsson, prófastur, Ísafirði
- Varaformaður: Sr. Fjölur Ásbjörnsson, sóknarprestur í Holti
- Meðstjórnandi: Barði Ingibjartsson, Súðavík, (varamaður: Bergur Torfason, Þingeyri)
- Ritari: Jóhanna G. Kristjánsdóttir, Flateyri, (varamaður: Hafdís Sigurðardóttir, Flateyri.)
- Gjaldkeri: Kolbrún Guðbrandsdóttir, Ytri-Hjarðardal, (varamaður: Sigríður Magnúsdóttir, Kirkjubóli, Valþjófsdal.)
- Umsjónarmaður tilnefndur af stjórn: Ásvaldur Magnússon, bóndi, Tröð, 425 Flateyri

Framkvæmdir

Á ellefta starfsári var lítið framkvæmt af viðhaldi og endurbótum umfram reglubundið viðhald, vegna fjárhagsstöðu en þess má geta að viðbygging var máluð

Starfsemi

Í kirkju-, félags- og menningarmiðstöð, fer fram kirkjustarf, félagsstarf og menningarstarf. Sumt er hefðbundið og reglulegt, annað tilfallandi.

Kirkjustarfið:

Barnánámskeið var haldið í júní 2013 eins og verið hefur undanfarin ár. Námskeiðið stóð yfir í fimm daga og var boðið uppá gistingu meðan á því stóð. Megin áherslan

var á fræðslu, holla útiveru og leiki. Barnastarfskonurnar úr Ísafjarðarkirkju, Árný Herbetsdóttir og Elín H. Friðriksdóttir höfðu yfirumsjón með námskeiðinu, þessi námskeið hafa notið vinsælda og alltaf hefur verið nánast fullt á þeim.

12-spóra námskeið er í gangi vikulega allan veturinn.

Söngæfingar Holtsprestakall fara yfirleitt fram í Friðarsetrinu. Sömuleiðis fundir og kirkjukaffi í Holtssókn. Prestafundir eru einnig haldnir þar. Fermingarfræðslunámskeið fyrir svæðið var einnig haldið í Friðarsetrinu og sóttu það tugir barna úr nágrenninu.

Félagsstarf

Kvenfélag Mosvallahrepps hélt marga fundi sína í Friðarsetrinu.

Bændafundir og ýmsir aðrir fundir heimamanna voru haldnir þar.

Árlegt þorablót heimamanna var að venju haldið í Friðarsetrinu

Menningarstarf

Sérstaklega má telja starfsemi nefndar, sem sett var á laggirnar til að minnst Guðmundar Inga Kristjánssonar, heitins, frá Kirkjubóli í Bjarnardal, með menningardagskrá sem tengist nafni hans og fæðingardegi á ári hverju. Í þessari nefnd eru: Ásvaldur Magnússon í Tröð, Sigríður Magnúsdóttir á Kirkjubóli og Halla Signý Kristjánsdóttir, nú í Bolungarvík. Nefndin stóð fyrir menningaruppákomu 15. janúar 2014. Á ellefta starfsári var kvöldvaka tileinkuð Fjalla-Eyvindi en í ár eru 300 ár frá fæðingu þessa mikla útilegumanns. Að því tilefni sýndi Kómedíuleikhúsið sitt vinsæla leikrit um Fjalla-Eyvind. Fjalla-Eyvindur er án efa frægasti útilegumaður allra tíma hér á landi, enda var hann í útlegð í eina fjóra áratugi. Hann var einfaldur sveitapiltur en þótti samt strax í föðurgarði öðruvísi en hans jafnaldrar. Eyvindur var mikill hæfileikamaður, smiður góður, fimur mjög og meira að segja læs, svo þótti hann eigi ómyndarlegur. Hann neyddist til að halda á fjöll eftir að hafa verið grunaður um þjófnað en aldrei sannaðist þó neitt á hann. Í leikritinu var saga hans túlkuð á nýjan og óvæntan máta. Höfundur og eini leikarinn var Elfar Logi Hannesson og leikstjórn var í höndum Marsibil G. Kristjánsdóttur. Að lokum var boðið upp á rjómapönnukökur en það er venja á þessum slóðum að gera það þegar sólin sést fyrst eftir skammdegið. Guðmundur Ingi Kristjánsson bauð gjarnan upp á rjómapönnukökur á afmælinu sínu og hefur þeim sið verið haldið. Kvöldvakan var vel sótt eins og jafnan og voru gestir almennt ánægðir með framkvæmdina.

Önnur starfsemi

Auk þess starfs sem Friðarsetrið sjálft og heimamenn standa fyrir, er húsið leigt ýmsum aðilum. Nokkrir hópar frá Háskólastrinu á Ísafirði dvöldu á setrinu sumarið 2013, haldin voru ættarmót, brúðkaup, afmæli, fermingarveislur o.fl. og margir einstaklingar gistu í friðsældinni. Vinnustaðir hafa notað aðstöðuna til samverustunda og námskeiða og félög utan Önundarfjarðar haldið fundi og samkomur og Sunnukórinn staðið fyrir æfingabúðum svo eitthvað sé nefnt.

Nefnd þjóðkirkjunnar um kristnið og hjálparstarf

Ragnar Gunnarsson, formaður

Nefnd þjóðkirkjunnar um kristnið og hjálparstarf hefur verið að störfum frá því að kirkjuping samþykkti árið 1996 að nauðsyn væri að efla þekkingu, skilning og stuðning við kristnið og hjálparstarf innan hennar. Nefndin hefur á þeim tíma staðið fyrir ráðstefnum, fyrirlestrum og fundum um kristnið og hjálparstarf, tekið þátt í útgáfu efnis og reynt að hvetja söfnuði jafnt sem einstaklinga til ábyrgðar og starfa fyrir þessu mikilvægu málefni.

Nefndin hefur reynt að minna presta, sóknarnefndir og safnaðarfólk á þessa málaflokka og mikilvægi þess að kristnið og hjálparstarf sé í ríkari mæli eðlilegur hluti safnaðarstarfsins og beðið sé fyrir því í guðsþjónustum og öðru starfi safnaðanna. Hefur samstarf við fræðsludeild Biskupsstofu verið mjög gott og ánægjulegt.

Nefndin hefur á liðnum árum verið í sambandi við séra Jakob Á. Hjálmarsson til að fræðast um framvindu verkefnisins *Söfnuður til safnaðar* þar sem íslenskum söfnuðum gefst tækifæri til að tengjast ákveðnum söfnuðum á starfssvæði kristniðsins í Afríku vináttuböndum. Tengsl milli safnaða eru missterk en ýmislegt jákvætt gerst á þeim vettvangi.

Meðal verkefna undanfarið hefur verið að fylgja þessum málum eftir og að minna á stefnumörkun þjóðkirkjunnar um kristnið sem samþykkt á Kirkjupingi 2011. Meðal annars hefur nefndin reynt að minna sóknir landsins á að taka upp sem víðast samskot til Kristniðssambandsins og Hjálparstarfs kirkjunnar. Einnig er stefnt að útgáfu bókamerkis með bænarefnum kristniðs og hjálparstarfs. Nefndin er nú skipuð af kirkjuráði. Í henni hafa setið: Ragnar Gunnarsson framkvæmdastjóri sem er formaður, Jónas Þórir Þórisson fyrrum framkvæmdastjóri og Katrín Ásgrímsdóttir skógræktar-bóndi. Ragnhildur Ásgeirsdóttir verkefnisstjóri kærleiksþjónustusviðs Biskupsstofu sat einnig fundi nefndarinnar sem ritari hennar og tók þátt í störfum hennar.

Samband íslenskra kristniðsfélaga

Ragnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri

Inngangur

Kristniðssambandið er 85 ára í ár. Að baki er löng saga með óteljandi einstaklingum sem hafa heyrt fagnaðarerindið um kærleika Guðs í Jesú Kristi eða notið kærleiksþjónustu kristniðs og samstarfsaðila okkar með einhverjum hætti. Við komum á framfæri þökkum til allra sem, með einum eða öðrum hætti, hafa stutt starfið eða einstök verkefni þess.



Markaðsdagur í
Konsó, Eþíópíu.

Alþjóðastarf

Eþíópía

Árið 1954 komu fyrstu kristniboðarnir til starfa í Konsó og er starfið í Eþíópíu því 60 ára. Fjöldi kristniboða hefur verið þar í þjónustu SÍK. Kristniboðssambandið styður við bakið á starfinu í suðvesturhluta landsins með margvíslegum hætti meðal annars með styrk fyrir ýmis verkefni á vegum kirkjunnar, svo sem þýðingu Biblíunnar yfir á tungu Tsemai-manna sem búa í Voitódalnum. Þar styrkir SÍK einnig fjárhagslega umfangsmikið boðunarverkefni til nýrra staða. Karl Jónas Gíslason kristniboði dvaldi frá janúar fram í apríl í Eþíópíu til að fylgja eftir því starfi sem þar hefur verið unnið á liðnum árum í Ómó Rate. SÍK styrkir einnig nemendur við presta- og leiðtogaskóla kirkjunnar í Addis Abeba og rekstur biblíu- og kristniboðsskólans í Awasa. Lestrarverkefnið í Ómó Rate hefur nú staðið yfir í sex ár og miðar að því efla lestrarþekkingu almennt og að kenna fólki að kenna öðrum að lesa. Um 30 börn og fjölskyldur fá hjálp til að koma í veg fyrir að börn betli á götum höfuðborgarinnar Addis Abeba í verkefninu *Afgötu í skóla*.

Jóhannes Ólafsson kristniboði og læknir var 18. mars sl. sæmdur stórriddaraskrossi Noregskonungs fyrir störf sín í þjónustu við konur og börn í Eþíópíu. Jóhannes var læknir og skurðlæknir við margar heilsugæslustöðvar og sjúkrahús kirkjunnar í Eþíópíu og tók þátt í uppbyggingu spítala og heilsugæslu víða í landinu. Í læknisstörfum hefur hann lagt áherslu á heilsu kvenna og barna, sérstaklega meðgöngu og fæðingarhjálp.

Kenía

36 ár eru liðin frá upphafi starfsins í Keníu. Norðvesturbiskupsdæmi ELCK, Evangelísk lútersku kirkjunnar í Keníu, er samstarfsaðili okkar og starfssvæðið Pókothérað og nærliggjandi sveitir og héruð. Hjónin Fanney Krístrún Ingadóttir og Jón Fjölñir

Nokkrir af
nemendum
Embo Asis
Secondary School,
Pókothéraði,
Keníu.



Albertsson dvöldu síðastliðið sumar, ásamt tveimur sona sinna, í tvo mánuði í Kapenguria. Meginverkefnið var stuðningur við útbreiðslu- og boðunarstarf kirkjunnar á nýjum stöðum. Starfið hefur teygst sig inn í nærliggjandi héruð og lönd, en við styðjum nú boðunarverkefni kirkjunnar í Kara-Pókot, norðvesturhluta héraðsins. Aðrir angar útbreiðsluverkefnisins eru í Túrkana, Baringó og Sabei við rætur Mt. Elgon fjallsins.

Í fyrra voru byggðar tvær heimavistir við Propoi Girls Secondary School. Stór hluti þeirra var fjármagnaður af Utanríkisráðuneytinu.

Japan og Suðvestur-Asía

Upphafsráð Kristniboðssambandsins á alþjóðavettvangi voru í Kína. Árið 2010 bættist Japan við sem kristniboðsland. Aðeins tæplega 1% þjóðarinnar telst kristinn. Leifur Sigurðsson, kristniboði, býr þar ásamt eiginkonu sinni Katsuko og tveimur börnum. Þau störfuðu fyrst í Kobe í Vestur-Japan en fluttu fyrir tveimur árum til Fukuyama. Þau hafa m.a. unnið að því að efla tengsl við fólk á svæðinu og eins að fylgja þeim eftir sem sýna áhuga og koma í kirkjuna. Þau koma í ársleyfi til Íslands í sumar.

Tjaldgjörðarkristniboð og fjölmiðlar

Aðalfundur samþykkti fyrir tveimur árum að stíga skref í átt að vaxandi tjaldgjörðarkristniboði sem byggir á því að fólk fer til starfa en sér sjálfu sér farborða. Það sinnir kristniboði í frítíma sínum sem sjálfboðaliðar. SÍK er í tengslum við Noru og Gísla Jónsson sem starfa við ráðgjöf og baráttu gegn mansali í Búlgaríu og styrkir Janet Sewell kristniboða til náms í kristilegri fjölmiðlun í Bandaríkjunum en hún hefur undanfarin ár starfað í Grikklandi.

SÍK styrkir ákveðnar sendingar NOREA-radio og samstarfsaðila til Kína. Markhópur þessara sendinga er einkum fólk á landsbyggðinni sem ekki kemst í kirkju og hefur takamarkaða þekkingu á kristinni trú.

SÍK er samstarfsaðili Sat-7, samkirkjulegs sjónvarpsstarfs í Mið-Austurlöndum og N-Afríku. Fjögur myndver, í Beirút, Kairó, London og á Kýpur eru notuð til að framleiða þætti sem henta þessum menningarheimi. Undanfarin ár hafa reynt mörgum erfið vegna mótmæla og uppreisna sem hafa haft áhrif á starf Sat-7. Með boðun og fræðslu er reynt að styrkja kirkjurnar og kristið fólk á svæðinu til að iðka trú sína í aðstæðum sem oft eru mjög erfiðar.

Fimm rásir heyra nú undir Sat-7, þar af ein sem er eingöngu með barnaefni. Sent er út á arabísku, tyrknesku og farsí. Áhorfendur eru um 15 milljónir þar af um 10 milljónir börn og unglingar.

Önnur erlend tengsl og samstarf

Kristniboðssambandið er í tengslum og samstarfi við ýmsa aðila erlendis. Helst er að nefna NLM, Norsk Luthersk Misjonssamband, kirkjurnar í kristniboðslöndunum, Nordisk Indremisjonsråd, European Evangelical Missionary Alliance og Nordisk Teltmaker Netverk.

Innanlandsstarf

Störf stjórnar og starfsmenn á heimavelli

Stjórn Kristniboðssambandsins er kjörin á aðalfundi. Í henni sitja sjö einstaklingar og tveir varamenn. Formaður stjórnar er Haraldur Jóhannsson læknir og framkvæmdastjóri er Ragnar Gunnarsson. Stjórnin notaði á starfsárinu góðan tíma í að vinna að framtíðarstefnumótun. Þrjú áherslusvið eru viðfang okkar næsta árið, þ.e. góðar samkomur fyrir alla fjölskylduna, öflugt fræðslustarf og starf með börnum, unglingum og ungmennum eða tónlistarstarf fyrir þessa aldurshópa. Næstu ár á eftir er ætlunin við skoða hvernig við getum fengið fleiri kristniboða, eftt bænalífið og kærleiks- og vináttusamfélag innan Kristniboðssambandsins.

Kynning og tengsl innanlands

Starfsmenn SÍK voru nokkuð á ferðinni í vetur. Mestur hluti kynningar- og boðunarstarfsins fór fram á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni þar sem ýmsir hópar, félag, kirkjur og skólar voru heimsótt. Margar sóknir þjóðkirkjunnar voru heimsóttar í vetur. Starfsmenn hafa einnig tekið þátt í fundum kristniboðsfélaganna. Þau eru grunneiningar og burðarás Kristniboðssambandsins þar sem beðið er trúfastlega fyrir starfinu og fjármunum safnað til þess með ýmsum hætti.

Ýmsir vinir kristniboðsins, bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi, biðja fyrir starfinu og styðja það fjárhagslega af mikilli trúfesti, án þess að vera í kristniboðsfélagi. Allir þessir einstaklingar leggja sitt af mörkum og mynda stóra heild og bakvarðasveit starfsins sem er ómetanleg. Er þeim hér með þakkað af alhug.

Ýmsir atburðir og Kristniboðssalurinn

Kristniboðsvikan í Reykjavík í upphafi marsmánaðar tókst vel. Samverur vikunnar voru á nokkrum stöðum og sérstakur gestur vikunnar var Martin Hickey frá Sat-7 á Kýpur.

Árlegt kristniboðsmót á Löngumýri var haldið í júlí og voru mótsgestir mjög ánægðir. Á dagskránni voru biblíulestur, vitnisburðarstund, samfélagsstund, kristni-

boðssamvera og heimsókn í guðspjónustu. Í fyrrasumar var einnig helgarmót í Skálholti, um miðjan júní en færri komu en búist hafði verið við.

Samkomur eru í Kristniboðssalnum á hverju miðvikudagskvöldi allan ársins hring. Í vetur var farið að taka upp flestar hugleiðingar á samkomum og birta á vefsíðunni okkar. Meðal þeirra sem nýta sér salinn er samfélag kristinna Eþíópía sem hittist þar flest laugardagskvöld. Salt kristið samfélag flutti samkomur sínar í salinn nú í maí. Annan hvern föstudag hafa verið fjölskyldusamverur sem hafa byrjað með mat kl. 18.

Kanga-kvartettinn hélt endurkomutónleika í fullum Kristniboðssalnum þann 22. apríl s.l. og rann aðgangseyririnn til kristniboðsins. Fjóröflunartónleikar voru einnig haldnir í haust til að safna fyrir nýjum flygli í salinn. Fjölmíðla- og fræðslustarfið Sakkeus stóð fyrir nokkrum kvikmyndasýningum í vetur, þ.á.m. *The Bible Series*.

Basarinn er ekki einungis nytjamarcaður heldur einnig starfsstöð þar sem við komumst í samband við fólk, kynnum starfið, spjöllum við það og veitum sálgæslu og bjóðum fólk að taka þátt í starfi Kristniboðssambandsins.

Í undirbúningi er ferð til Eþíópíu í ágúst með ungt fólk, alls níu manns.

Útgáfa og kynningarmál

Kristniboðsfréttir eru prentaðar í 4500 eintökum og koma út fjórum sinnum á ári og sendar til áskrifenda um allt land. Blaðið er mjög mikilvægur tengiliður við fjölda fólks og í blaðinu geta þau sem hafa áhuga fylgst með fréttum af starfinu. Kristín Bjarnadóttir er ritstjóri blaðsins.

Bjarmi, tímarit um kristna trú, kemur nú út þrisvar á ári. Salt ehf. útgáfufélag gefur út blaðið í samstarfi við SÍK. Blaðið er nú gefið út í 600 eintökum eftir að ýmsar gjafaáskriftir voru grisjaðar út, einkum vegna hækkandi póstkostnaðar. Ritstjóri er Ragnar Gunnarsson.

Tölvubréfið *Kristniboðspósturinn* er sent út tvisvar til þrisvar í mánuði. Í póstinum birtum við fréttir af kristniboðunum, starfinu úti og heima, tilkynningar um viðburði og fleira.

Kristniboðsalmanakið var gefið út í 10.000 eintökum. Miklum hluta upplagsins var dreift í kirkjum landsins á kristniboðsdaginn og næstu vikur á eftir. Almanakið var einnig sent með Kristniboðsfréttum til allra áskrifenda þess fyrir jólin.

Heimasíða SÍK, sik.is, er andlit okkar út á við. SÍK er einnig með síðu á Facebook þar sem atburðir eru kynntir og fréttum miðlað.

Salt ehf er í eigu SÍK. Í vetur komu út bækurnar *Dóttirin* eftir Hönnuh Shah og *Draumeyjan* eftir Hermann Inga Ragnarsson.

Samstarf

SÍK hefur í áratugi verið í góðu samstarfi við KFUM og KFUK og eins Kristileg skólasamtök og Kristilegt stúdentafélag. Starfsmenn hafa tekið þátt í samverum og mótum fyrir börn, unglinga og fullorðna, kynnt starfið og haft hugleiðingar og biblíulestra.

Kynning fór fram í mörgum þjóðkirkjusöfnuðum á liðnu starfsári, bæði meðal



Nemendur við grunnskólann í Chepareria, Pókóthérðaið, Keníu.

barna, fermingarbarna, eldri borgara og í guðsþjónustum. Kristniboðssambandið fær styrk úr kirkjumálasjóði upp á tvær milljónir króna. Samskot til starfs okkar eru tekin reglulega í Grensáskirkju og Hallgrímskirkju í Reykjavík og við allar Tómasarmessur í Breiðholtskirkju en SÍK er í samstarfi um þær. Mörg prófastsdæmanna styrkja okkur og er framlag Reykjavíkurprófastsdæmis eystra myndarlegast eða 400 þúsund krónur á liðnu ári. Einnig hafa margir söfnuðir þjóðkirkjunnar stutt starfið en mest komið frá Hallgrímskirkju og Grensáskirkju m.a. vegna samskota. Á heildina litið hefur þó dregið nokkuð úr stuðningi prófastsdæma og sókna eftir bankahrúnið 2008.

Starfsmenn hafa átt mjög gott samstarf við kærleiksþjónustusvið Biskupsstofu. Á annan tug sókna þjóðkirkjunnar hafa tekið að sér vináttusamband undir heitinu *Söfnuður til safnaðar*. Svo virðist sem halda þurfi þessum tengslum vel við og minna á mikilvægi þeirra.

SÍK styður útvarpsstöðina Lindina með mánaðarlegu framlagi og einnig flytja starfsmenn og sjálfboðaliðar Kristniboðssambandsins þar hugleiðingar og kynna starfið. SÍK tekur einnig þátt í samkirkjulegum bænastundum sem haldnar hafa verið í Friðrikskapelli frá því í ágúst 2008. Beðið er fyrir þjóðinni og ráðamönnum hennar. SÍK var þátttakandi í verkefninu *Hátíð vonar* ásamt fjölda kirkna og samtaka hér á landi. Hápunkturinn voru tvær stórsamkomur í Laugardalshöll 28. og 29. september. Nú er í undirbúningi samkirkjulegur bænadagur í Hörpunni 27. september. Þar verður dagskrá í þrem hlutum með áherslu á söng, tónlist, bæn og ritningarlestur.

SÍK á fulltrúa í undirbúningsnefnd Global Leadership Summit og er í óformlegu samstarfi átta mannuðarsamtaka í þróunarsamvinnu.

Fjármál og skrifstofa

Skrifstofa og afgreiðsla SÍK er nú í Miðbæ við Háaleitisbraut, 2. hæð, fyrir neðan Kristniboðssalinn. Basarinn, nytjamarkaður Kristniboðssambandsins er í Austurveri. Heildartekjur voru rúmar nítján milljónir í fyrra en þá er ekki reiknað með launa- eða húsnæðiskostnaði.

Kristniboðssambandið fær tekjur sínar að mestu leyti frá trúföstum velunnurum starfsins. Undanfarin ár hefur fjárhagsáætlunin farið hækkandi en aðeins dregið úr útgjöldum vegna fárra kristniboða að störfum úti. Tekjur eru annars vegar gjafir og styrkir og hins vegar sala á munum og vörum, s.s. notuðum frímerkjum, vörum sem gefnar eru á haustmarkað, tekjur af skógámum og svo tekjur Basarsins. Heildartekjur voru í fyrra um 61 milljón og rekstrargjöld rúmlega 58,5 milljónir. Heildarfjárhagsáætlun rekstrar yfirstandandi árs er um 67 milljónir króna.

Þakkarorð

Við þökkum öllum sem tengjast Kristniboðssambandinu með beinum eða óbeinum hætti og hafa lagt starfinu lið með fjárframlögum, munum á Basarinn, sjálfböðinni vinnu, fyrirbænum og öðru sem hefur orðið starfinu til eflingar.. Við þökkum hverjum og einum og biðjum þeim blessunar Drottins og að hjörtun fyllost gleði yfir að fá að leggja sitt af mörkum svo ávöxtur starfsins verði enn ríkulegri. Mættum við áfram vera trúföst og þjóna Drottni með gleði, boða fagnaðarerindið og kærleika Guðs í Jesú Kristi og þjóna náunganum í kærleika.

Blessaður er sá maður sem treystir Drottni,

Drottinn er athvarf hans. (Jer 17.7)

Skýrsla starfsins í fullri lengd er á:


<http://www.sik.is/frettir/frettir-um-sik/834-starfsskyrsla-sik>

Sálmabókarnefnd

Einar Sigurbjörnsson

Biskup Íslands skipaði sálmabókarnefnd árið 2005 til að undirbúa útgáfu nýrrar sálmabókar íslensku þjóðkirkjunnar. Fulltrúar í nefndinni eru auk undirritaðs, sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir, sr. Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup, Hörður Áskelsson, fv. söngmálastjóri, sr. Hjörtur Pálsson, skáld, dr. Margrét Eggertsdóttir, rannsóknarprófessor og sr. Lena Rós Matthíasdóttir.

Í fyrstu vann Sálmabókarnefnd með það að markmiði að ný sálmabók gæti komið út árið 2011. Vegna kreppunnar 2008 varð að draga úr starfi nefndarinnar og fresta áformum um nýja sálmabók. Nefndin varð hins vegar sammála um að koma út tilraunahefti með nýjum sálmum og söngvum og birta þannig synishorn af því nýja efni sem nefndinni hafði þá borist og gæti komið inn í nýja sálmabók. Í samráði við Eddu Möller, framkvæmdastjóra Skálholtsútgáfunnar, var hugmyndin kynnt og söfnuðir hvattir til að skrá sig fyrir kaupum á heftinu um leið og þeir lýstu vilja til



Nýja sálmaheftið;
Sálmar 2013

að taka þátt í tilraunaverkefni um að kynna þessa nýju sálma í helgihaldi sínu. Ef nægilega margir söfnuðir fengjust til að skrá sig fyrir kaupum á bókinni yrði hægt að selja hana ódyrt. Hugmyndin mæltist vel fyrir og margir söfnuðir skráðu sig fyrir bókinni og nægði það til þess að hægt var að ráðast í útgáfu og selja mjög ódyrt. Nýja heftið kom út í september 2013 og nefnist Sálmar 2013. Það telur 162 sálma og eru nr. 801-962.

Sálmar 2013 er í raun þriðji viðbæturinn við Sálmaheftið 1972 sem taldi 532 sálma. Fyrsti viðbæturinn var Sálmar 1991 sem telur nr. 533-616, þar af eru fjórir sálmar á táknmáli. Allir sálmarnir í Sálmahefti 1991 voru tónsettir. Árið 1997 voru Sálmahefti 1972 og Sálmar 1991 gefin út í einni sálmahefti og voru allir sálmarnir tónsettir og til viðbótar var viðauki með nýjum sálmahefti nr. 701-772.

Sálmaheftið var valdi sálmahefti í Sálmahefti 2013 úr sálmahefti sem henni hafa borist. Margir þeirra eru hefðbundnir sálmar og jafnvel nýjar þýðingar á gömlum sálmahefti en aðrir eru með nýju sniði. Nokkrir hinna nýju sálma hafa verið í söngbókum sem hafa verið notaðar í æskulýðsstarfi kirkjunnar um nokkurt skeið. Margir hinna nýju sálma eru afrakstur verkefnisins Sálmahefti sem hefur verið styrkt af Tónmenntasjóði kirkjunnar og verið á dagskrá Hallgrímskirkju nokkur undanfarin ár. Fáeinir eru hefðbundnir sálmar eftir þekkt sálmahefti en meirihlutinn er nýir sálmar, margir frá fjarlægum heimshlutum. Til að auðvelda notkun heftisins eru allir sálmarnir prentaðir með nótum og auk þess eru hljómasetningar sem eiga að auðvelda hvers konar undirleik og gagnast ekki síst þeim sem vilja notast við gítarundirleik. Meiningin er að ganga frá öllum sálmahefti í nýrri sálmahefti með þessum hætti. Sálmaheftið var einnig gefið út í stærra broti (A4) fyrir organista og kórstjóra. Sálmar 2013 hafa verið birtir í Sálmahefti bókinni á vefnum (tru.is/salmabok). Sálmaheftið hefur fengið kóra til þess að vinna hljóðupptökur af sálmahefti og er hægt að fara inn á tru.is/salmabok og hlýða á upptökur af nokkrum sálmahefti úr nýja heftinu.

Heftið Sálmar 2013 er fyrst og fremst hugsað til kynningar á nýju sálmaefni og því ætlað að vera til undirbúnings nýrri sálmaefni. Því er æskilegt að söfnuðir noti það við guðsþjónustur og kirkjuathafnir ásamt sálum úr gildandi Sálmaefni. Það er hægt að koma athugasemdum og viðbrögðum við texta og lög sálma á framfæri við Sálmaefnaráðgjafarmann sem einnig tekur við ábendingum um nýja sálma og lög á netfangið salmabokarnefnd@kirkjan.is. Og það er nauðsynlegt að notendur heftisins láti álit sitt óspart í ljós og mun Sálmaefnaráðgjafarmann fjalla um athugasemdirnar og taka tillit til þeirra.

Tónskóli Þjóðkirkjunnar

Björn Steinar Sólbergsson skólastjóri

Tónskóli Þjóðkirkjunnar starfar samkvæmt starfsreglum um kirkjutónlist á vegum Þjóðkirkjunnar nr. 768/2002. Meginverkefni skólans er að sjá til þess að ávallt sé nægur fjöldi organista og annarra starfsmanna á sviði kirkjutónlistar er hafi viðhlítandi menntun og færni. Skólinn starfar eftir námskrá sem kirkjuráð samþykkir.

Bráðabirgðatjónn skólans er skipuð Sveinbjörgu Pálsdóttur sem er formaður, Helgu Þórdísi Guðmundsdóttur og Kára Þormar. Stjórnin fundar reglulega með skólastjóra, Birni Steinari Sólbergssyni.

Aðalstöðvar skólans eru í Grensáskirkju en kennsla fór einnig fram í Akureyrarkirkju, Fella- og Hólakirkju, Hallgrímskirkju, Kópavogskirkju og Langholtskirkju.

Námsframboð

Boðið er upp á þrjár námsbrautir; kirkjuorganistapróf, sem veitir réttindi til starfa við minni kirkjur, kantorspróf, sem veitir starfsréttindi við stærri söfnuði og BA-gráða í kirkjutónlist sem kennd er í samvinnu við Listaháskóla Íslands. Auk þess er boðið upp á einleiksáfangar fyrir þau sem vilja bæta menntun sína í orgelleik.

Einnig er boðið upp á nám í kórstjórn og raddþjálfun og hefur það einkum verið hugsað fyrir stjórnendur barna- og unglingakóra.

Markmið Tónskóla Þjóðkirkjunnar er að tónlistarfolk sem starfar fyrir kirkjuna öðlist til þess fullnægjandi menntun, þ.e. kirkjuorganistapróf fyrir litla söfnuði og kantorspróf eða masterspróf í kirkjutónlist fyrir þau sem starfa við stærri söfnuði.

Starfsfolk

Kennarar við Tónskólann í vetur voru auk skólastjóra; Eypór Ingi Jónsson, Guðmundur Óli Gunnarsson, Glúmur Gylfason, Guðný Einarsdóttir, Hreinn S. Hákonarson, Hörður Áskelsson, Jónas Þórir Þórisson, Laufey Helga Geirsdóttir, Lenka Mátéova og Þróstur Eiríksson.

Fulltrúi á skrifstofu er Laufey Helga Geirsdóttir.

Skólastjóri er Björn Steinar Sólbergsson.



Frá útskrift
Tónskólans í
Hallgrímskirkju.

Inntökuskilyrði

Inntökuskilyrðin til að hefja nám við skólann verða eins og áður, þ.e. nemendur þurfa að hafa lokið miðstigi í píanóleik auk viðtals við skólastjóra. Fyrir áframhaldandi nám þ.e. kantorsnám, nám við Listaháskólann eða nám í einleiksáfangi þurfa nemendur að þreyta inntökupróf.

Skólastarfið

Tónskólinn var settur í Grensáskirkju þriðjudaginn 9. september 2013 þar sem höfuðstöðvar skólans eru. Skólastarfið var með hefðbundnum hætti, bæði er um einkakennslu, hópkenndu og fjarkennslu að ræða. Allt nám við skólann er metið til eininga. Námsmat fer fram tvisvar á ári, nemendur fá umsögn og einkunn frá kennurum í lok haustannar og vorannar. Próf eru að mestu tekin að vori til. Allir nemendur fá umsagnir eftir veturinn og prófblöð með einkunn og umsögnum prófdómara, ásamt ferilsblöðum.

Skólaslit fóru fram í Hallgrímskirkju í Reykjavík föstudaginn 23. maí.

Alls voru 16 nemendur á skrá, þar af einn á Akureyri. Tveir nemendur stunduðu nám í kórstjórn og raddþjálfun eingöngu.

Sérlega ánægjulegt er að sjá stöðuga aukningu yngra fólks sem stefnir á nám í kirkjutónlist.

Einnig er endurmenntun mikilvægur þáttur í starfi skólans þar sem starfandi organistar geta bætt menntun sína með námi við skólann. Þar vegur þungt útibú Tónskólans á Akureyri þar sem organistar af Norður og Austurlandi hafa sótt nám. Mikill áhugi er innan stjórnar að efla námsframboð víðar um landið.

Tveir nemendur luku áfangi frá Tónskólanum; Elísabet Þórðardóttir og Jóhann Ólafsson luku kirkjuorganistaprófi.

Glúmur Gylfason, fyrrverandi organisti Selfoskirkju hélt námskeið um sögu tíðasöngs og „gregorssöngs“ hérlandis og erlendis sem og flutningshátt. Hann kynnti jafnframt bók sína „Íslenskur tíðasöngur“ sem út kom árið 2010. Bókin inniheldur tónsettar tíðabætur morgun- og aftansöngs fyrir hvert tímabil kirkjuársins.

Mánudaginn 14. október 2014 sungu sr. Jón Dalbú Hróbjartsson sóknarprestur í Hallgrímskirkju og nemendur Tónskólans aftansöng í Hallgrímskirkju.

Tvennir tónleikar voru á haustönn:

- Tónleikar Kirkjutónlistarbrautar Listaháskóla Íslands í Langholtskirkju 6. desember 2013 þar sem Steinar Logi Helgason lék á Noack-orgel kirkjunnar.
- Jólatónleikar Tónskólans fóru fram í Langholtskirkju 6. desember. Þar komu fram nemendur skólans í orgelleik og kórstjórn.

Tónskólinn bauð til aftansöngs að hætti ensku kirkjunnar í Skálholtsdómkirkju mánudaginn 27. janúar 2014. Nemendur í kórstjórn fluttu og stjórnuðu aftansöngnum, sem margir þekkja undir enska nafninu „Evensong“ og tíðkast hefur við margar kirkjur í Bretlandi síðan á 16. öld. Víglubiskupinn í Skálholti sr. Kristján Valur Ingólfsson tók á móti hópnum og söng með okkur aftansönginn. Einnig sýndi Jón Bjarnason organisti í Skálholtskirkju hópnum Frobeniusarorgel kirkjunnar.

Mánudaginn 17. febrúar sungu nemendur og kennarar Tónskólans ásamt sr. Irmu Sjöfn Óskarsdóttur morgun og aftansöng í Hallgrímskirkju. Var þetta liður í framhaldsnámskeiði Glúms Gylfasonar um íslenskan tíðasöng.

Tónskólinn fékk góða heimsókn frá Noregi því að dagana 27.-30. mars heimsótti organistinn Björn Vidar Ulvedalen frá Re í Noregi Ísland ásamt tíu ungum orgelnemendum sínum á aldrinum 7-20 ára. Ulvedalen er frumkvöðull á sviði orgelkennslu barna, hefur gefið út námsefni og rekur skóla í Noregi þar sem börn læra á orgel.

Í tengslum við heimsóknina var haldið námskeið í Fella- og Hólakirkju föstudaginn 28. mars. Þar gafst áhugasömum kostur á að hlýða á fyrirlestur um þetta efni og fylgjast með kennslu. Einnig voru haldnir tónleikar sama dag í Fella- og Hólakirkju þar sem fram komu þessir ungu nemar frá Noregi ásamt þremur ungum íslenskum orgelnemum. Laugardaginn 29. mars héldu svo nemendurnir stutta hádegistónleika í Hallgrímskirkju.

Fresta varð fyrirhugaðri ferð nemenda Tónskólans til Akureyrar helgina 21.-23. mars s.l. vegna óveðurs þar sem til stóð að halda námskeið og syngja barokk-Tónskólamessu í Akureyrarkirkju. Þess í stað var messað í Hallgrímskirkju á boðunardegi Maríu 6. apríl. Sr. Jón Dalbú Hróbjartsson messaði. Flytjendur tónlistar voru nemendur Tónskólans í litúrgískum orgelleik og kórstjórn auk kvartetts úr kammerkórnum Schola cantorum.

Prennir tónleikar voru á vegum Tónskólans á vorönn.

- Mánudaginn 12. maí kl. 16.30 voru tónleikar kirkjutónlistarbrautar LHÍ í Hallgrímskirkju. Þar komu fram Sólveig Anna Aradóttir og Steinar Logi Helgason og fluttu efnisskrá með frönskum formerkjum.
- Í tengslum við framhaldspróf Ólafs W. Finnssonar voru tónleikar í

Kópavogskirkju fimmtudaginn 15. maí.

- Laugardaginn 17. maí voru vortónleikar Tónskólans í Hallgrímskirkju þar sem fram komu nemendur skólans í orgelleik.

Tilraunaverkefni Guðnýjar og Einars um sameiginlegar æfingarmessur orgel- og guðfræðinema hélt áfram. Skiptir miklu að styðja þetta mikilvæga verkefni.

Bráðabirgðastjórn Tónskólans hefur unnið að skipulagsbreytingum á kirkjutónlistarmálum þjóðkirkjunnar. Er sú vinna á lokastigi og er mikil áhersla er lögð á af hálfu nefndarinnar að standa vörð um grunnmenntun organista og þar með Tónskólann. Einnig er mikill áhugi á að efla sí- og endurmenntun og er það vel.

Vefsíða Tónskólans er: www.tonskoli.is

Þjóðmálanefnd þjóðkirkjunnar

Þorvaldur Víðisson formaður

Á kirkjuþingi 2013 var til umfjöllunar tillaga um að leggja Þjóðmálanefnd niður. Tillöggunni var hafnað og nefndinni gefið svigrúm til að starfa fram að næsta kirkjuþingi. Formaður nefndarinnar séra Baldur Kristjánsson hafði áður óskað eftir því að láta af störfum í nefndinni. Undirrituðum var, á kirkjuþingi í mars sl., falin formennska í nefndinni fram að næsta kirkjuþingi.

Einn fundur var haldinn í aðdraganda sveitastjórnarkosninga í maí. Nefndin hvatti presta og kirkjufólk til að láta sig kosningarnar varða og lagði áherslu á mikilvægi samfélagslegrar ábyrgðar og þess að samfélagið sýndi frambjóðendum þakklæti fyrir að bjóða sig fram til ábyrgðarstarfa í samfélagi okkar. Greinar voru skrifaðar í bæjar- og fréttablöð um málið af biskupi Íslands, nefndarmönnum og fleirum.

Stefnt er að öðrum fundi nefndarinnar í september.

Sérþjónustuprestar

Fangaprestur Þjóðkirkjunnar

Sr. Hreinn S. Hákonarson

Fyrir 85 árum, eða þann 8. mars 1929 voru fyrstu fangarnir skráðir í dagbók Litla-Hrauns. Það voru tveir danskir fangar og einn íslenskur og komu þeir úr Hegningarhúsinu í Reykjavík. Sennilega var það fyrsti forstöðumaður hælisisins, Sigurður Heiðdal (1884-1972), sem ritaði nöfn þessara manna í dagbókina. Mörg fleiri nöfn áttu eftir að fylgja.

Þetta vor var „fremur kalt. Sumarið í góðu meðallagi. Haustið ekki gott, og fremur rysjótt veðurfar úr því árið út.“ Svo sagði í Árbók Íslands fyrir það ár. Þar er getið ýmissa tíðinda eins og vígslu nýja Kleppsspítalans og kaþólsku kirkjunnar í Reykjavík og björgunarstöðvar í Sandgerði, tveggja „landskjálftakippa“ í Kolbeinsstaðahreppi, húsbruna á Hornafirði og nauðlendingar sænskrar flugvélar, og að hlaða hafi fokið í Hnappadalssýslu og önnur í Mýrarsýslu. Ekki er eitt aukatekið orð um að í marsmánuði þetta ár hafi vinnuhælið að Litla-Hrauni verið tekið í notkun.

Þetta sama ár var presturinn á Stóra-Hrauni, Árnassýslu, sr. Gísli Skúlason (1877-1942), ráðinn til að gegna prestsþjónustu á Litla-Hrauni og umsamin þóknun fyrir þá þjónustu voru kr. 300. Jafnframt óskaði hann eftir því að „fá sjerstakt skipunarbrjef að nefndu starfi, fyrst ráðuneytið óskar eftir prestsþjónustu af minni hálfu.“ Prestsþjónusta á Litla-Hrauni er því jafngömul starfi fangelsisins. Í dagbókum fangelsisins má sjá að sr. Gísli hefur komið og rætt við fanga og stundum verið kallaður sérstaklega út til að sinna föngum sem glímdu við margvíslegan vanda. Fangar fengu og að fara í guðsþjónustu til prestsins í Eyrabakkakirkju. Eftirmenn sr. Gísla sinntu fangelsinu hver með sínum hætti og þjónustan var ætíð vel þegin. Svo hafði og verið um Hegningarhúsið í Reykjavík. Dómkirkjupresturinn hafði það á sinni könnu og kona hans aðstoðaði hann við guðsþjónustuhald.

Sérþjónustan fór í nútímalegan farveg með skipan sérstaks fangaprests og var tekið mið af því hvernig slíkri þjónustu er fyrirkomandi í nágrannalöndum okkar. Eins og kunnugt er þá var það sr. Jón Bjarman (1933-2011) sem ruddi þá braut með farsælum hætti en hann var skipaður fangaprestur árið 1971.

Sérþjónusta kirkjunnar á þeim sviðum þar sem hefðbundinni prestsþjónustu verður ekki við komið er mjög þýðingarmikil. Þessi þjónusta kirkjunnar fer ekki alltaf hátt en hún er vel þegin og þau sem hennar njóta eru þakklát fyrir. Kirkjan má aldrei gleyma þeim sem búa tímabundið eða varanlega við aðstæður þar sem aðgengi að almennri prestsþjónustu er erfiðleikum bundið. Allar breytingar á þjónustu kirkjunnar við þessa hópa verða fyrst og síðast að taka mið af þeim sérstöku aðstæðum sem einstaklingarnir búa við og þær verður að gera í samráði við þá. Þetta er sagt hér vegna þess að annað veiðið ber á skilningsleysi á eðli

sérþjónustunnar og umfangi hennar og sömuleiðis kemur fyrir að um leið séu viðraðar illa ígrundaðar skoðanir á henni.

En störf fangaprests á liðnu ári hafa verið með svipuðum hætti og hin fyrri ár:

Fangaprestur situr í húsnefnd áfangaheimilis Verndar. Sú nefnd hittist vikulega allan ársins hring og hefur það hlutverk að velja þá fanga sem teljast hæfir til að búa á áfangaheimilinu. Fangar geta lokið síðasta hluta afplánunar sinnar eða allt að ári á áfangaheimili Verndar í Reykjavík. Skilyrði er að þeir séu í námi eða vinnu.

Þá er fangaprestur ritstjóri Verndarblaðsins eins og undanfarin ár. Kemur að jafnaði út eitt blað á ári. Ritarn hann ýmislegt í blaðið um málefni fanga og fangelsa. Blað þessa árs var sérstaklega helgað 85 ára afmæli Litla-Hrauns sem áður er getið um. Auk þess ritar hann greinar í dagblöð eftir því sem tilefni gefast til.

Í nokkur skipti hefur fangaprestur rætt einu sinni á ári við fermingarbörn í Dómkirkjusókn í Reykjavík. Hefur hann sagt þeim frá starfi sínu og hvers vegna kirkjan hefur á að skipa sérþjónustu. Þetta hafa verið einkar ánægjulegar og gefandi stundir með fermingarbörnunum.

Samstarf fangaprests við félagasamtökin Vernd og önnur félög og samtök sem láta sér annat um málefni fanga hefur verið gott. Vernd gegnir mikilvægu hlutverki í sambandi við afplánun fanga utan fangelsis. Samstarf við starfsmenn Fangelsismálastofnunar ríkisins er sem fyrr gott og afar nauðsynlegt. Ekki má gleyma samstarfi fangaprests við fangaverði sem er mjög þýðingarmikið vegna þess að þeir eru jafnan í eldlínu hversdagsins í fangelsunum.

Fangaprestur hefur einnig átt mjög gott samstarf við meðferðarstöð hvítasunnnumanna í Hlaðgerðarkoti og samstarf við Hjálparstarf kirkjunnar er sem fyrr hið besta.

Samstarf fangaprests við Hjálpræðisherinn hefur verið gott en þess má geta að Herinn gefur öllum föngum jólagjafir og hefur fangaprestur séð um að dreifa þeim í fangelsin.

Fangaprestur er einnig tengiliður kaþólskra fanga við prestana í Landakoti þegar því er að skipta. Sinna þeir hinum kaþólsku föngum þegar eftir þeirri þjónustu er kallað. Hinir kaþólsku fangar koma flestir frá Póllandi og Litháen en fjöldi þeirra er mismikill. Á liðnu starfsári voru kaþólskir fangar rúmlega einn tugur.

Fangaprestur fer reglulega í fangelsin en þau eru nú sex að tölu: Litla-Hraun, Kviabryggja, Kópavogsfangelsið, Hegningarhúsið, fangelsið á Akureyri, og Sogn í Ölfusi. Þjónustupörfin er eins og að líkum lætur mest í stærsta fangelsinu, Litla-Hrauni, og þangað kemur fangaprestur tvisvar til þrisvar í viku hverri og oftast þá þörf er á. Fangaprestur leitast við að vera í sem bestu sambandi við starfsmenn fangelsa, fangaverði og yfirmenn. Hann sinnir einnig föngum á áfangaheimili Verndar.

Starf fangaprests felst fyrst og fremst í sálusorgun fanga og þeirra aðstandenda er til hans leita. Fangaprestur gerir sér far um að umgangast fangana í fangasamfélaginu, fer um húsakynni fangelsanna, á vinnustaði þeirra og klefa. Ræðir við fanga og starfsmenn eftir atvikum. Með þessu móti verður þjónustan mjög sýnileg í fangelsunum og fangar geta hvenær sem er snúið sér til hans og rætt við hann um það sem liggur þeim á hjarta. Hann kynnist flestum þeirra býsna vel og þekkir þá vitaskuld með nafni.

Englatréð í
Grensáskirkju



Fangaprestur á sæti í stjórn Kærleikssjóðs Sogns sem er hollvínasjóður réttargeðdeildarinnar á Kleppi. Nú skipa stjórn sjóðsins: Hreinn S. Hákonarson, fangaprestur, dr. Sigurður Páll Pálsson, geðlæknir og yfirlæknir réttargeðdeildarinnar, og Kristjana Thorarensen, leikskólaperapisti.

Helgihald í fangelsunum var með svipuðu sniði og hin fyrri ár. Ármann Hákon Gunnarsson hefur liðsinn fangapresti við guðspjónustuhald af lipurð og samviskusemi – einnig Lárus Óskar Sigmundsson og Snævar Jón Andrjesson. Nokkrir kór-félagar úr kirkjukór Selfoskirkju syngja jafnan við jólamessur á Litla-Hrauni og opna fangelsinu að Sogni. Organistar eru þeir Haukur Gíslason og Ingi Heiðmar Jónsson. Eru þeim öllum færðar þakkir fyrir stuðning og vel unnin störf.

Fangaprestur kom í áttunda sinn upp s.k. englatré í Grensáskirkju á síðustu aðventu í samvinnu við Grensássöfnuð. Englatréð er heiti á verkefni sem snýst um að gefa börnum fanga jólagjafir. Viðtökur við englatrénu hafa verið afar góðar frá fyrstu tíð og er Grensássöfnuði þakkað kærlega fyrir aðstoðina.

Fangaprestur deilir sem fyrr skrifstofu með prestri heyrnarlausra og er það sambyli ánægjulegt. Ýmsir koma á skrifstofu fangaprests og hefur hann einnig

iðulega farið í heimahús til að ræða við aðstandendur fanga og þau sem eru á leið í afplánun. Þá fer fangaprestur einnig með föngum í heimsóknir á heimili þeirra þegar fjölskylduaðstæður þeirra eru erfiðar. Einnig fylgir það starfi fangaprests að tilkynna föngum lát náinna aðstandenda. Fangaprestur fer iðulega með föngum í ýmsar kirkjulegar athafnir eins og fermingar og jarðarfarir. Sá þáttur er afar vel metinn af fjölskyldum fanga og öðrum vandamönnum þeirra.

Fréttabréf fangaprests: *Á leiðinni*, kom út að venju mánaðarlega og er hægt að lesa marga pistla þess á heimasíðu fangaprests: <http://www.kirkjan.is/fangaprestur>. Hefur fréttabréfið komið út í fjórtán ár og aldrei fallið út einn mánuður. Allir fangar fá fréttabréfið í sínar hendur sem og þeir starfsmenn refsivörslukerfisins sem þess óska.

Í opnu fangelsunum tveimur, Sogni og Kvíabryggju, hafa fangar heimild til netnotkunar, og sömuleiðis fangelsinu á Akureyri með nokkrum takmörkunum þó. Margir fanganna hafa nýtt sér þetta og verið í tölvupóstssamskiptum við fangaprest út af ýmsum málum.

Það eru sérstakar stundir í fangelsunum þegar fangar eru kvaddir hinstu kveðju í minningarstundum. Nokkrar slíkar voru á liðnu starfsári. Enda þótt margir fangar viti að líf þeirra sé háskalegt þá kemur dauðinn alltaf í opna skjöldu. Menn standa hnípnir eftir. Og enginn vill að sjálfsgöðu deyja í fangelsi – menn vilja deyja sem frjálssar manneskjur.

Fangelsilíf mótar manneskjuna. Fangi horfir að sönnu með eftirsjá til þeirra ára sem renna honum úr greipum. Hvert ár í volki daganna er á við mörg ár í lífi hversdagslegs fólks. Þú hittir kannski fyrir tuttugu árum kröftuga manneskju, gustmikla og djarfmælt. Manneskju sem margt er í spurnið og þér finnst að eigi ekki heima í fangelsi og ekki fráleitt að kæmist hún á rétta braut stæðu þessari sömu manneskju margar dyr opnar. En það tekst ekki alltaf enda þótt manneskjan vilji það. Eitthvert afl dró hana aftur og aftur til annarra verka – skyndilega var hún stödd á eyðistöðum mannlífsins – hún vildi ekki vera þar en hún var þar.

Lífið fangans er iðulega barátta við öfl sem illa gengur að sigrast á og sigurstundirnar eru ekki margar. Vandi hans í lífinu er sjálf lífsglíman sem hann nær ekki tókum á. Ógæfuspör sem stigin voru vegna óreglu og volks eru ekki aftur tekin og það veit fanginn mæta vel – hann dregur ekki fjöður yfir það. Innst inni vill hann svo sannarlega sigrast á vanda sínum eins og hver sá sem glímir við margvíslega óreglu.

Margra ára fjarvist frá hringiðu samfélagsins setur mark sitt á fólk. Það er ekki eins auðvelt og margur hyggur að stíga aftur inn í samfélagið sem breytist hratt. Í huganum verður til annað viðhorf til samfélagsins og jafnvel litið svo á að fanginn fyrrverandi sé ekki hluti af því – bæði af honum sjálfum og öðrum. Önnur leið er oft farin um langa eða skamma hríð og sú liggur meðfram samfélaginu eða utan þess – hún er heimur út af fyrir sig – og hún tærir líkama og sál.

Það er ekki auðvelt að hefja nýtt líf eftir að hafa staðið á jaðri samfélagsins – og horfa vonarbjörtum augum til framtíðar. Það er hins vegar ekki vonlaust, það er barátta þar sem menn þurfa stuðning og kærleika. Þurfa að endurmeta allt líf sitt og til þess þarf kjark. Kjark til að sætta sig við það sem þeir ráða ekki við og æðruleysi. Og trú! En það er ekki bara sá sem glímir við sjálfan sig sem þarf kjark

heldur og við öll sem verðum að hafa dug og dirfsku til að koma til aðstoðar. Sjálf erum við veikleika vafin og í okkur hvílir eðlislæg sjálfsvörn – við erum hrædd við að stjórnlaust háskali annarra valdi okkur tjóni – við búumst til varnar en viljum þó sýna kærleika – og gerum það oft og finnum að það gerir ekki bara sjálfum okkur gott heldur og þeim sem ræður ekki sinni eigin för.

Ættingjarnir sem eftir standa – eru þeir ekki í sumum tilvikum bara fegnir? Kaldranaleg spurning sem heyrir stundum. Auðvitað eru tilfinningar stundum blendnar. En sonur eða dóttir sem deyr í fangelsi eða í skuggasundum mannlífsins verður alltaf sonur eða dóttir. Barnið sem fólkið átti. En kveðjustundin getur verið skelfilega sár og samviskubitið hvasst.

Líf annarra getur valdið fólki sársauka og oft óbærilegum. Þau eru ráðþrota og varnarlaus. Horfa á manneskjuna sem þau elska fara sér að voða og geta fátt gert. Sársauki annarra verður þeirra eigin sársauki sem þau verða að lifa við og vona að hann líði hjá. Stundum gerist það og stundum ekki. Eitt er víst að þessi sársauki skilur eftir sig ör á sálu og líkama – hjá öllum.

Kirkjunni er annt um þetta fólk. Hún minnst orðanna: „... í fangelsi var ég og þér komuð til mín.“ (Mt 25.36). Þess vegna hefur hún meðal annars sérþjónustu til að sinna því.

Prestur fatlaðra

Sr. Guðný Hallgrímsdóttir

Forsendur, lög og reglur

Lögin um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 kveða á um hvað sérþjónusta kirkjunnar sé: „Par sem almennri prestsþjónustu verður ekki við komið, svo sem á sjúkrahöfnum, við fangelsi og meðal heyrnarlausra, skal kalla til presta ...“

Sérþjónustan byggir þess vegna á því að tiltekinn hópur fólks í vissum aðstæðum myndar söfnuð sem ekki getur notið hefðbundinnar kirkjulegrar þjónustu vegna sérstakra aðstæðna sem ýmist vara ævina út (eins og hjá heyrnarlausum, fötluðum, sjúkum og deyjandi) eða eru tímabundnar (eins og hjá föngum, sjúkum sem fá endurheimt heilsu, og innflytjendum). Segja má því að þetta sé frumástæða þess að kirkjan hefur talið þörf á því að setja á laggirnar sérþjónustuprestsembætti. Allt þetta fólk tilheyrir að sönnu formlega séð söfnuði í tilteknu prestakalli en getur ekki nýtt sér þá þjónustu sem þar býðst vegna aðstæðna sinna.

Ég sem prestur fatlaðra tilheyrir þjónustusvæði Reykjavíkurprófastsdæmis vestra og hlít umsjón viðkomandi prófests, sæki fundi á vegum prófastsdæmisins og tek þátt í starfi á prófastsdæmisgrundvelli. Hvað skipulag starfans snertir er ég sem embættismaður í fyrirsvari um kirkjulegt starf á starfsvettvangi mínum og hef forystu um mótun þess og skipulag eins og aðrir þjónandi prestar þjóðkirkjunnar. Ég er í samstarfi við fólk sem sinnir öðrum störfum á vettvangi mínum hvort sem

Það hefur einhver mannaforráð eða ekki. En fyrst og síðast erum ég kölluð til að veita kirkjulega þjónustu, leiðbeina, styrkja og hugga.

Umfang og staðsetning

Ég er nú á 25. starfsári mínu sem prestur fatlaðra. Þjónustan nær yfir þá staði þar sem fatlað fólk lifir og starfar s.s. heimili, sambýli, vinnustaði, stofnanir og skóla. Hin síðari ár hefur verið lögð meiri áhersla á að þjóna fólki með þroskahömlun, þar sem þau hafa í sama mæli og aðrir ekki haft tækni til að tileinka sér almenna þjónustu kirkjunnar.

Starfið einkennist af ferðum til og frá þessum stöðum sem og samskiptum mínum við fólk með þroskahömlun, aðstandendur og fagfólk. Ég kem frekar til fólksins en það til mín vegna þess að ég á einfaldlega mun hægara um vik með að ferðast milli staða en fatlaður einstaklingur sem í flestum tilvikum þarf að reiða sig á ferðaþjónustu fatlaðra eða annan ferðamáta. Staðsetning skrifstofunnar í Grensáskirkju er mjög góð og aðgengi fyrir fatlaða til fyrirmyndar. Síðast en ekki síst er dýrmætt að starfa í góðu samfélagi alls þess góða fólks sem starfar í Grensáskirkju eða hefur þar starfsaðstöðu.

Sorgarvinna

Ég er í flestum tilvikum kölluð til þjónustu þegar dauðsföll verða meðal fólks með þroskahömlun og/eða vandamanna þeirra. Í sumum tilvikum er ég líka kölluð til þegar starfsfólk í þessum geira fellur frá. Útköllin tengjast flest heimilum fólks með þroskahömlun en einnig er farið í skóla, á vinnustaði og skammtíavistanir til þess að tilkynna sorgarfréttir og/eða hafa þar umsjón með bæna- og minningarstundum. Stundum er einnig óskað eftir því að hafa minningarstundir á sambýlum, vinnustöðum og í heimahúsum. Ef þess er kostur, er bænum og útförum beint til viðkomandi sóknarprests og samvinna höfð um alla sorgarvinnu.

Hlutverk prests fatlaðra á þessum sorgarstundum er fyrst og fremst að vera stuðningsaðili einstaklingsins með þroskahömlunina. Hann gæti verið að missa ástvin, vin úr sínum röðum eða tengst öðrum sem er að missa einhvern sér nákominn. Leitast er við að styðja einstaklinginn í gegnum sorgina allt frá því að vitað er að ástvinur er deyjandi eða frá tilkynningu dauðsfalls, við kistulagningu, útför og eftir útför eins lengi og þörf er á. Boðin er liðveisla og stuðningur við viðkomandi sóknarpresta í þessum efnum s.s. við að undirbúa kveðjustundir á „aðgengilegar“ máta svo að fólki með þroskahömlun sé mætt þar sem það er stöð í sorginni og fái tækifæri til þess að kveðja á sinn hátt. Á síðasta starfsári voru haldnar 15 minningar- og bænastundir í tengslum við missi.

Samtal

Ég er með fasta viðtalstíma á skrifstofu minni en er einnig með viðtalstíma einu sinni í viku á fjórum vernduðum vinnustöðum í Reykjavík og Kópavogi. Þar gefst fólki með þroskahömlun tækifæri til þess að ræða við prestinn í einrúmi án þess

Múrbrjótarnir mínir. Fyrsta parið með downs heilkenni sem ég gaf saman. Nú eru þau bæði látin. Blessuð sé minning Gunnars Gunnbjörnssonar og Hildar Óskarsdóttur.



að fara út af vinnustað sínum. Ég heimsæki reglulega mörg af sambýlum stór höfuðborgarsvæðisins. Þá eru ótalin þau útköll sem sinnt er í tengslum við sambýli, skóla og vinnustaði fólks með þroskahömlun. Heimsóknir og húsvitjanir á vinnustaði, skammtíma vistarir, heimili fatlaðra o.fl. voru á síðasta ári 215 talsins.

Erindi, fræðslufundir og málþing

Hluti starfans er að kynna málefni fatlaðra sem víðast innan kirkjunnar. Leitast er við að sækja alla þá viðburði sem tengjast fötludum og fólki með þroskahömlun. Ekki þarf að taka fram hversu mikilvægt það er starfi sem þessu að sjá og heyra hvað aðrir eru að gera á sama vettvangi, bæði til að styrkjast í starfi og efla það sem fyrir er. Ég sæki t.d. ár hvert landsþing Þroskahjálpar, enda á ég mikið og gott samstarf við samtökin sem og við Sjónarhól. Sjónarhóll er ráðgjafamiðstöð sem lætur sig varða hag langveikra og fatlaðra barna. Þessi samtök eru: ADHD samtökin, Landssamtökin Þroskahjálpar, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra og Umhyggja sem er félag til stuðnings langveikum börnum. Til upplýsingar fyrir þau sem vilja kynna sér starfsemi Sjónarhóls betur, er bent á vefslóðina <http://www.sjonarholl.net>.

Á hverju ári er ég beðin um að halda fyrirlestra, erindi og námskeið fyrir hin ýmsu félagsamtök, stofnanir og fólk sem á einhvern hátt tengist málefnum fatlaðra. Á síðasta ári voru m.a. haldnir fyrirlestrar fyrir nemendur á þroskajálfabraut Kennaraháskóla Íslands, leiðtoga í ÆSKR, starfsfólk á starfsdögum hjá Styrktarfélaginu Ás og félagsamtökum ýmis konar. Efnistöð voru m.a. hjónavígslur og fólk með þroskahömlun, hugvekjur fyrir fólk með fötlun, sorg og sorgarviðbrögð, sálgæsla meðal fólks með þroskahömlun, margbreytileiki samfélagsins, samskipti kynjanna og siðfræði.

Guðsþjónustur og hátíðir

Hið hefðbundna messuform hentar ekki alltaf fólki með þroskahömlun, þar sem orð og athafnir virka oft of flókin. Mikilvægt er að prestar og starsfólk kirkjunnar bjóði líka fólki með fötlun þátttöku í helgihald kirkjunnar s.s. messuhópum og þar með velti því um leið fyrir sér hvernig kirkjan getur nálgast betur fólk með þroskahömlun. Ég hef bent á ýmsar leiðir í þeim efnum, eins og að bjóða fólki með þroskahömlun að taka þátt í samtali um messuna. Að þau taki þátt í messuhópum t.d. með því að lesa léttu texta, bjóða fólk velkomið, útdeila sálmabókum eða tendra ljós í upphafi samveru.

Ég flyt hugvekjur á fjölmörgum aðventustundum fatlaðra sem og í kyrruviku fyrir páska. Tel ég að kirkjan mætti nýta sér enn betur það sóknarfæri sem felst í því að flytja hugvekjur fyrir páska eins og mikið er gert af um allt land á jólaföstunni. Samverur sem þessar eru venjulegar haldnar á vinnustöðum á vinnutíma en einstöku sinnum hafa verið haldnar aðventu- og páskastundir á sambýlum eða á öðrum stöðum. Útbúið hefur verið sérstakt fræðsluefni til þess að styðjast við þegar fólk vill halda aðventustundir á heimilum. Ég sendi ávallt út til allra sambýla og verndaða vinnustaða, kveðju frá kirkjunni í upphafi aðventu þar sem hvatt er til helgihalds á heimilum. Einnig er bent á allar þær stundir sem kirkjur landsins bjóða upp á í jólamánuðinum og fólk hvatt til kirkjuheimsóknna. Á síðasta starfsári voru haldnar tíu hugvekjur.

Samverur í Grensáskirkju í samvinnu við ÆSKR

Samvinna við ÆSKR hófst í byrjun árs 2005. Tilgangurinn var að opna betur kirkjuna fólki með þroskahömlun og koma til móts við trúarpörf þeirra. Reynslan hefur sýnt að fólkið sem sækir samverurnar telur þær mjög dýrmætar. Það telur gott að eiga stund frá öllu amstri, þar sem áhyggjur, líf og hugsanir eru lagðar í hendur Guðs. Samverunar eru annan hvern fimmtudag yfir vetrartímann, frá klukkan fjögur til fimm. Það er ánægjulegt að segja frá því að samverurnar njóta mikilla vinælda og hefur orðið mikil fjölgun þátttakenda á milli ára. Ég hef átt mikið og gott samstarf við Dagnýju Hölla Tómasdóttur, framkvæmdastýru ÆSKR og á hún miklar þakkir skildar fyrir gefandi og góða samvinnu. Þorvaldur Halldórsson hefur svo séð um söng og undirleik af sinni alkunnu snilld. Ég þakka þeim báðum trausta og góða samvinnu og hlakka til áframhaldandi samstarfs. Samverur síðasta vetrar voru sextán talsins.

Samvinna

Ég hef átt mjög góða samvinnu við mörg þau sem starfa með fólki með þroskahömlun s.s. þroskaþjálfra, forstöðumenn sambýla og vinnustaða, sérkennara og annað starfsfólk. Samstarfið við Sjónarhól hefur verið nefnt en síðast en ekki síst hef ég átt gott samstarf við kollega mína, presta um allt land sem hafa leitað til mín þegar þau hafa þurft á upplýsingum eða annarri aðstoð að halda í tengslum við samstarf með fólki með þroskahömlun í sinni heimabyggð. Í því sambandi má sérstaklega minna á fermingarfræðslu ungmenna með þroskahömlun sem unnin er

af hendi kollega minna um allt land. Ég vil þó nota tækifærið og hvetja starfssystkin mín til enn frekari dáða, að þau komi enn meira til móts við fólk með þroskahömlun í sóknnum sínum og leggi sig fram um að þjónusta þau eins vel og önnur sóknarbörn sín.

Fermingarfræðsla þroskaheftra

Frá árinu 1990 hefur verið boðið upp á sérhæfða fermingarfræðslu í sérskólum borgarinnar sem og við ákveðnar sérdeildir grunnskólanna. Umfang fermingarfræðslunnar hefur breytst heilmikið, sérstaklega á síðustu árum. Í því sambandi má helst nefna þá stefnu menntayfirvalda að hvert barn á rétt á því sækja sinn heimaskóla óháð fötlun, svo nefndur: „Skóli án aðgreiningar“. Þróunin undanfarin ár hefur verið sú að nemendum í sérskólum fækkar á meðan nemendum í sérdeildum almennra grunnskóla fjölgar. Þetta kallar á breyttar vinnuaðferðir þar sem ég kem oftast til fermingarbarnsins heldur en að það komi til mín. Ég hef leitast við að tengja sóknarprestana við fermingarbörn með þroskahömlun í þeirra sóknnum. Starf mitt er þá aðallega fólgið í því að tengja saman barn og fjölskyldu þess við prestinn sinn, benda á fræðsluefni við hæfi og vera þeim öllum innan handar með það sem þau telja sig þurfa aðstoðar við. Í sumum tilvikum hef ég annast fræðsluna og síðan hafa börnin verið fermd með sínum bekk í sóknarkirkjunni. Þá hef ég komið inn í þær fermingarguðspjónustur og þjónað með viðkomandi presti/prestum.

Í Reykjavík hefur skapast sú hefð að flest börnin fermast á Sumardaginn fyrsta og er það nú orðið ómissandi þáttur í helgihaldi Langholtskirkju. Kirkjan býður upp á gott aðgengi og starfsfólk þar hefur verið einstaklega velviljað mínu starfi. Organisti Langholtskirkju, Jón Stefánsson hefur frá upphafi starfans annast tónlistina í messunni og hefur kór hans, Gradualekór Langholtskirkju séð um að styrkja okkur í söngnum. Fyrir það er af hjarta þakkað.

Faðir einnar fermingarstúlkunnar, (Sígús Sig) tók fermingarathöfnina í Langholtskirkju 24. apríl 2014 upp og klippti til og setti á youtube:

<https://www.youtube.com/watch?v=fnQ4xGhDuml>

Umfang fermingarfræðslunnar fer ört vaxandi vegna nýrrar þróunar eins og áður hefur verið vikið að. Á síðasta starfsári var ég með sex fermingartíma á viku. Fermingarbörnin komu frá sex grunnskólum. Fermingarnar voru sex talsins og fóru fram bæði í kirkjum og í heimahúsum, allt eftir fötlun fermingarbarnsins og aðstæðum þess.

Kirkjan öllum opin

Mikið og gott starf er unnið á vegum þjóðkirkjunnar. Til þess að fatlað fólk finni sig þar heima þarf að huga vel að góðu aðgengi. Taka þarf burt alla þröskulda, vanda til handriða við tröppur, litavals á gólfi og veggjum og breidd hurða svo eitthvað sé nefnt. Rýma þarf fyrir hjólastólum inni í kirkjubekkjaraðum og gera þar með fólki sem notar hjólastól kleyft að sitja „meðal“ safnaðarins en ekki fyrir framan eða utan við kirkjubekki. Eins þarf að huga sérstaklega að því hvernig við nálgumst fólk með þroskahömlun. Að við tölum ekki við þau eins og börn heldur sem fullorðið fólk á

jafnréttisgrundvelli. Að við bjóðum þau velkomin t.d. í messuhópin, kvenfélagið eða kirkjukórinn. Innan kirkjunnar okkar eru mikil tækifæri til þess að skapa fötluðu fólki hlutverk. Það er von mín og bæn að við finnum fötluðu fólki góð og velmetin hlutverk innan kirkjunnar og auðgum þar með kirkjustarfið fleiri litum og meiri vídd.

Aukaverk, heimsóknir o.fl á starfsárinu

Skírnir – 16

Fermingar – 6

Hjónavígslur – 3

Kistulagningar – 5

Útfarir – 5

Messur – 3

Kyrriðar- og bænastundir - 1

Samverur fyrir fólk með þroska-
hömlun í Grensáskirkju - 16

Minningar og bænastundir – 15

Heimsóknir á sambýli og vinnustaði og húsvitjanir – 215

Viðtöl á vinnustöðum - 136

Hugvekjur á aðventu og páskum á sambýlum, vinnustöðum o.fl. fyrir fatlaða – 10

Fyrirlestrar/málþing – 8



Það eru alltaf góðar móttökur hjá Maríu í Lækjarási

Kirkja heyrnarlausra

Sr. Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir

Kirkja heyrnarlausra er söfnuður fólks sem á það sameiginlegt að hafa íslenskt tákniál að móðurmáli, þ.e fólki sem er heyrnarskert, heyrnarlaust og dauþblint. Söfnuðurinn er ekki bundinn við ákveðna sókn heldur nær yfir allt landið þar sem tákniálstalandi einstaklingar eru. Flestir þeirra búa á Stór-Reykjavíkursvæðinu en eins eru döff einstaklingar búsettir á Reykjanesi, Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum. Þó nokkur hópur er af erlendum heyrnarlausum einstaklingum sem fluttst hafa til landsins síðastliðin ár og eru þau einnig dugleg að sækja starf kirkju heyrnarlausra. Döff (heyrnarlausir sjálfir skilgreina sig sem „döff“, sem þýðir að tákniálstalandi heyrnarlausir einstaklingar sem tilheyra menningarsamfélagi heyrnarlausra) á Íslandi er um 300 og sinnir prestur heyrnarlausra þessum einstaklingum og aðstandendum þeirra.

Starfið

Kirkja heyrnarlausra hefur aðstöðu í Grensáskirkju, þar er skrifstofa prests heyrnarlausra og fara guðsþjónustur safnaðarins að jafnaði þar fram. Messað er að meðaltali einu sinni í mánuði og er messusókn mjög góð. eru allt frá 30 og upp í 200 sem sækja guðsþjónustur safnaðarins. Söfnuðurinn tekur góðan og virkan þátt í starfi kirkjunnar. Á síðasta ári voru tvær guðsþjónustur haldnar í samstarfi við aðra söfnuði. Var sú fyrri haldin í Grensáskirkju í október, í samstarfi við sóknarprest og söfnuðinn þar, og var það gert í tilefni þess að 50 ár voru liðin frá stofnun Grensássafnaðar. Kirkja heyrnarlausra hefur mjög lengi haft aðsetur í Grensáskirkju og átt gott samstarf bæði við Grensássöfnuð og einnig starfsfólkið þar. Guðsþjónusta Kirkju heyrnarlausra í maí fór fram í Ytri-Njarðvíkurkirkju, í samstarfi við sóknarprest og söfnuð þar. Tókust báðar þessar guðsþjónustur mjög vel og vonandi verður framhald á því samstarfi.

Allar athafnir og starf Kirkju heyrnarlausra fer fram á tákniáli og til staðar er að jafnaði túlkur. Tákniálmálstúlkur, ef full tákniálmálkunnátta/tákniálmálshotkun er ekki hjá þeim sem sinnir athöfninni og raddtúlkur, ef sá sem athöfninni sinnir notast eingöngu við tákniál. Mikilvægt er að allir þeir einstaklingar sem taka þátt í starfsemi Kirkju heyrnarlausra, bæði heyrnarlausir og heyrandi geti tekið þátt og skilji það sem þar fer fram. Því er gríðarlega mikilvægt að hafa tákniálmálstúlk/raddtúlk í starfi kirkjunnar. En sú þjónusta kostar peninga og upplifi ég að ekki hafi verið nægjanlegur skilningur á því hjá yfirstjórn kirkjunnar þegar veittir eru styrkir úr sjóðum hennar. Á þetta bæði við styrkveitingar sérstaklega til túlkþjónustu, sem og til rekstur á Kirkju heyrnarlausra hvert ár. Fær Kirkja heyrnarlausra 300.000 kr. á ári til rekstursins og jafngildir það 1000 kr. á hvern heyrnarlausan/heyrnarskertan einstakling. Mikilvægt er að hækka þá upphæð sem veittur er til rekstur Kirkju heyrnarlausra. Réttast væri að sóknargjöld heyrnarlausra einstaklinga rynnu til Kirkju heyrnarlausra því þangað sækja þeir sína þjónustu og athafnir, en ekki þeirra

safnaða þar sem einstaklingarnir hafa lögheimli og fæstir þeirra sækja þjónustu. Erfiðlega gengur að reka Kirkju heyrnarlausra fyrir þá upphæð sem veitt hefur verið í styrk síðastliðin ár, þátt fyrir mikinn sparnað og aðhaldsemi. Er alveg ljóst að ef ekki fæst hærrí styrkur á næstu árum verður erfitt að halda við, hvað þá auka og efla safnaðarstarfið í kirkjunni.

Táknamálskór Kirkju heyrnarlausra tekur þátt í öllum guðsþjónustum og mörgum öðrum athöfnum á vegum hennar. Er hann gríðarlega mikilvægur fyrir safnaðarstarfið og skiptir söngur kórsins miklu málið við guðsþjónustur safnaðarins. Táknmálskórinn samanstendur af heyrnarlausum einstaklingum sem syngja á táknmáli. Táknmálskór Kirkju heyrnarlausra er fyrsti táknmálskórinn á Norðurlöndum. Kórinn hefur unnið til verðlauna erlendis og er mjög virkur innan safnaðarins og utan.

Mikill hluti af starfi prests heyrnarlausra fer í sálgæslu og vitjanir. Fastir viðtalstímar eru í Grensáskirkju tvo daga í viku og eins eftir þörfum ef óskað er eftir. Auk fastra viðtalstíma hafa sl. ár verið gríðarlega mörg viðtöl og vitjanir til einstaklinga bæði í heimahúsum og á vinnustöðum. Mánaðarlega eru helgistundir í Gerðubergi og reglulega eru samverustundir með íbúum sambýlis fyrir heyrnarlausra í Lækjarási. Prestur heyrnarlausra fer á DAS og heimsækir heyrnarlausra íbúar þar, sem og starfsmenn Blindravinnustofunnar.

Góð og mikil samvinna er við Félag heyrnarlausra, sem er öflugt hagsmunafélag og veitir hvers konar ráðgjöf og álit er snúa að málefnum heyrnarlausra og hefur ávallt að leiðarljósi hagsmuni félagsmanna sem tryggir þeim jafnræði hvarvetna í samfélaginu. Heimasíða þeirra er www.deaf.is.

Fermingarfræðsla var í hverri viku sl. vetur. Mismunandi er hversu margir það eru sem sækja fermingarfræðslu og fermist hjá Kirkju heyrnarlausra hvert ár. Ástæðan er m.a. sú að misjafnt er eftir árum hversu mörg heyrnarskert/heyrnarlaus börn (eða börn sem eiga heyrnarlaus foreldra) eru á fermingaráldri. Eins ganga þau flest í Hliðarskóla og mörg þeirra velja að fá fræðslu og fermast með sínum bekkjarsystkinum. Ef óskað er eftir því, kemur prestur heyrnarlausra að fræðslu þeirra barna sem þetta vilja, í samstarfi við sóknarpresta.

Athafnir, helgistundir og fleira

Messur - 11

Helgistundir - 11

Heimsóknir/helgistundir á sambýli, DAS og vinnustöðum - 23

Skírn - 8

Hjónavígslur - 8

Kistulagnirnar - 3 / Útfarir – 3

Fermingar – 3

Fermingarfræðslutímar – 38

Fyrirlestrar - 2

Ég horfi björtum augum á komandi vetur og starfið framundan í stórkostlegum söfnuði.

Bið ég fyrir Guðs blessun yfir Kirkju heyrnarlausra og öllum söfnuðum landsins.

Prestur innflytjenda

Toshiki Toma

Tilgangur og starfsemi þjónustunnar

Megintilgangur þjónustu prests innflytjenda á Íslandi er eftirfarandi:

1. Að aðstoða innflytjendur, flóttamenn, hælisleitendur og langtímagesti sem búsettir eru á Íslandi. Í því felst að auðvelda þeim og fjölskyldum þeirra að byrja nýtt líf hérlendis og vernda mannréttindi þeirra.
2. Að stuðla að gagnkvæmum skilningi á milli ólíkra trúarbragða hér á landi þannig að fyrirbyggja megi óþarfa fordóma sem upp geta komið gagnvart öðrum trúarbrögðum en kristni.

Helstu þættir starfseminnar eru:

- að tala við fólk sem á í erfiðleikum og að hjálpa því að finna lausn á sínum vanda
- að veita fólki aðstoð til að það geti iðkað trú sína
- að skipuleggja námskeið og/eða fræðslufundi um málefni innflytjenda og trúarbrögð þeirra
- að veita upplýsingar um kristna trú og kirkju
- að sjá um messur, bænastundir og fleiri kirkjulegar athafnir

Það er mikilvægt að hafa í huga að markmið og tilgangur þjónustu prests innflytjenda er að hjálpa innflytjendum að aðlagast íslensku samfélagi og fræða og upplýsa bæði innflytjendur og Íslendinga í þeim tilgangi að koma í veg fyrir fordóma sem kunna að vera á milli þeirra.

Prestur innflytjenda vinnur starf sitt sem prestur kristinnar kirkju og reynir að vitna um kærleik Jesú Krists.

Formáli

Prestsþjónusta við innflytjendur hófst í nóvember árið 1996.

Skrifstofa prests innflytjenda hefur aðsetur í safnaðarheimili Neskirkju.

Starfsemi á tímabilinu júní 2013 – maí 2014

Viðtöl, ráðgjöf og sálgæsla

Tímabil: 1. júní 2013 – 31. maí 2014

Fjöldi fólks: 151 einstaklingur

Fjöldi viðtala: 496

Þjóðerni: 28 (*inniheldur ósjálfstæð svæði)

Trúarbrögð: lútersk trú, kapólsk, rétttrúnaðartrú og önnur mótmælendatrúarbrögð. Íslam, búddhatrú, bahá'íatrú, hindúatrú, utan trúfélaga og ókunnugt.

***Fjöldinn inniheldur ekki fjölda hælisleitenda sem prestur innflytjenda heimsækir reglulega á Flóttamannahælið Fit og í aðrar íbúðir í Reykjanesbæ, Kópavogi ásamt sjálfboðaliðum Rauða Kross Íslands, en fjöldi hælisleitenda þar var að meðaltali á bilinu 30 - 40. Fjöldi hælisleitenda alls voru um 150 -160 á árinu 2013.

Innihald viðtala – aðgreining (miðað við fjölda einstaklinga)

Fjölskyldumál og almenn lífskjör	38
Atvinnu- og fjármál	18
Mál sem varða lög	13
Húsnæði	12
Veikindi, meiðsli og sorg	11
Mennta- og menningarmál	64
(***innifelur mál sem varðar fordóma)	
Trúarbrögð	28
Málefni hælisleitenda	32
Samtals	216

Samanburður við tölur undanfarinna fjögurra ára

	2009	2010	2011	2012	2013
Fjöldi fólks	119	157	137	136	148
Fjöldi viðtala	286	355	368	349	489
Þjófðerni	24	31	25	24	28

Aðaltilgangur þjónustu prests innflytjenda er sálgæsla og lífsstuðningur þar sem þarf meira en eitt til tvö viðtöl til. Sem dæmi um slík langtímaviðtöl má nefna fjölskyldumál almennt, mál sem fylgja aðlögun, veikindum og hælisleitendamál.

Fjöldi fólks sem leitaði til prestsins á tímabilinu 2013-14 var 148 eða aðeins fleiri en á tímabilinu 2012-13 (136). Uppruna fólksins sem leitaði til prestsins mátti rekja til 28 þjóða sem er næstum því það sama og á fyrra tímabili (24). Fjöldi viðtala 489 og var það meira en á fyrra tímabili (349). Fólk kemur venjulega í viðtöl oftar en einu eða tvisvar sinnum jafnvel mörgum sinnum.

Viðtal fór nokkrum sinnum í gegnum Skype. Fjöldinn á þessu tímabili var fimm sinnum (í fyrra 6 sinnum) og er enn ekki mjög stór. Skype nýtist vel til samskipta við innflytjendur á landbygðinni og þarf að skoða meiri notkun og auglýsa betur viðtöl í gegnum Skype á komandi starfsári.

Það sem einkennir viðtöl og ráðgjafþjónustu prests innflytjenda á þessu tímabili er hvað viðtölum við hælisleitendur hefur fjölgað. Nokkrir hælisleitendur bjuggu fyrir í Reykjanesbæ en nú búa fleiri í Reykjavík með nýju samkomulagi, þar sem erfitt var að tryggja þeim húsnæði í Reykjanesbæ. Í byrjun ársins 2014 ákvað Reykjavíkurborg að taka á móti 50 hælisleitendum og nú búa þeir fleiri en það í Reykjavík. Það þýðir að það er auðveldara fyrir prest innflytjenda að hafa samband við þá en áður og fjölgun viðtala er m.a. afleiðing þess.

Samstarf við aðila utan þjóðkirkjunnar

Á því tímabili sem skýrslan nær yfir var ákveðin samvinna á milli prests innflytjenda og stofnana bæði innan þjóðkirkjunnar og utan hennar.

Prestur innflytjenda er varafulltrúi í MRSÍ fyrir hönd þjóðkirkjunnar, en samvinna við MRSÍ var ekki mjög virk á þessu tímabili. Samstarf við MRSÍ er mikilvægt á mörgum sviðum. Aukning samvinnuverkefna er eftirsóknarverð, en þarf að leita leiða til þess.

Frá haustinu 2009 hefur prestur setið í stjórn Rannsóknarstofu HÍ í fjölmenn-ingarfræðum. Stjórnarmenn funda einu sinni í hverjum mánuði og skiptast á skoðunum og skipuleggja málþing eða starfsemi sem varðar fjölmenningu.

Prestur innflytjenda er í „Teymi um innflytjenda- og fjölmenningsarmál“. Þetta er óformlegur vettvangur stofnana, sem tengd eru við málefni innflytjenda og fjölmenningar. Teymið er góður vettvangur til að safna upplýsingum sem varða málefni þess.

Samstarf við Rauða Kross Íslands og Háskóla Íslands var farsælt á skýrslutímabili. Sjá hér á eftir um nánara um samstarfið við Rauða Kross Íslands og Háskóla Íslands.

Samstarf við ýmsar stofnanir utan kirkjunnar er ómissandi fyrir prest innflytjenda. Engu að síður virðist samstarfið fara að verða erfiðara en mörg undanfarin ár, þar sem svo virðist sem opinberar stofnanir í samfélaginu fari varlegar í samvinnu við trúfélög um þessar mundir. Það blasir við að fordómar og misskilningur eins og allt sem kirkjan geri sé „öfgafullt trúboð“ og kirkjan þurfi að setja skýra stefnu um þjónustu presta á opinberum vettvangi og kynna hana fyrir stofnunum utan kirkjunnar til að losna við ótta og fordóma í garð prestanna.

Samstarf við söfnuð Neskirkju og aðra söfnuði

Prestur innflytjenda tók þátt í safnaðarstarfi Neskirkju, þar sem hann er með aðsetur, og tekur þátt í fermingarfræðslu og sunnudagsmessum.

Prestur innflytjenda hafði óskað eftir messuskyldu svo að hann mætti messa á föstum grundvelli. Árið 2012 var samþykkt að prestur innflytjenda myndi leita að tækifærum til að messa mánaðarlega í prófastsdæmi Reykjavíkur vestra, til að byrja með. Þessi tilraun er enn ekki komin á fasta braut. Í fyrra messaði prestur innflytjenda þrisvar, í Laugarneskirkju (jan.), Seltjarnarneskirkju (apr.) og Langholtskirkju (apr.).

Á skýrslutímabili annaðist prestur innflytjenda messu/guðsþjónustu fjórum sinnum, í Kópavogskirkju (feb.), tvisvar í Seltjarnarneskirkju (júl.), og í Háteigskirkju (sept.).

Prestur innflytjenda vill styrkja reglulegt samband við söfnuði enn meira og því verður það nauðsynlegt að velta næsta skrefi fyrir sér svo að aðkoma prests innflytjenda að helgihaldi geti orðið bæði presti innflytjenda og söfnuðum til góðs.

Prestur innflytjenda hefur haft það á stefnuskránni eftir sumarið 2009 að prédika a.m.k. einu sinni í hverjum mánuði í mismunandi söfnuðum á höfuðborgarsvæðinu. Því óskaði hann eftir að heimsækja messur og fá að prédika í þeim að eigin frumkvæði. Með góðfúslegu leyfi presta í söfnuðum, prédikaði prestur innflytjenda fimm sinnum í söfnuðum á höfuðborgarsvæðinu á árinu. Þetta var, fyrir utan ofangreint, í Breiðholtskirkju (feb.), í Seljakirkju og í Hafnarfjarðarkirkju (maí).

Prestur innflytjenda vill þakka viðkomandi söfnuðum fyrir tækifærið til að messa eða prédika og hlýjar móttökur.

Nánara um kirkjulega þjónustu er:

Prédikun: Sjö sinnum (safnaðir eru ofangreindir)

Þjónusta í altarisgöngu: Átta sinnum

Messa og guðsþjónusta: Fjórum sinnum

Brúðkaup: Prisvar sinnum

Prestur innflytjenda tók þátt í samkomu Nedó (unglingastarfsemi Neskirkju) tvisvar. Annað skipti var til þess að kynna málefni hælisleitenda fyrir unglingum í Nedó, og hitt skipti var til þess að vera með ungan hælisleitanda sem Nedó bauð í samkomu.

Heimsóknir til hælisleitenda í samstarfi við RKÍ

Hælisleitendum á Íslandi fjölgaði mikið nýlega og um 150-160 menn voru á listanum á árinu 2013. Þeir gista í sérstöku hóteli í Njarðvík, gistiheimilinu Fit, og einnig félagslegum íbúðum í Reykjanesbæ og í Reykjavík.

Prestur innflytjenda tók þátt í verkefni sem hófst árið 2005, þar sem nokkrir einstaklingar tóku sig saman og mynduðu litla hreyfingu, sem hafði það að markmiði að heimsækja hælisleitendur. Tilgangurinn er að rjúfa einangrun hælisleitenda með mannlegum samskiptum og veita þeim stuðning í erfiðum aðstæðum á meðan þeir biðu eftir úrskurði opinberra stofnana um sín mál.

Sumarið 2006 var þetta tilraunaverkefni þróað frekar og samkomulag gert við RKÍ um að móta heimsóknarvinahóp undir merkjum RKÍ (formlegur samstarfssamningur er ekki til milli RKÍ og prests innflytjenda). Starfsemi hófst á ný í nóvember 2006.

Heimsóknirnar eiga að vera reglulegar, einu sinni í viku. Prestur innflytjenda fór í heimsókn 10 sinnum (níu sinnum í Fit í Reykjanesbæ og eitt sinn í bústað í Kópavogi) á þessum vettvangi. Ein heimsókn í Fit var til að leiða fulltrúa UNHCR í Stokkhólmi sem fulltrúi sjálfboðaliða hjá Rauða Krossinum.

Í heimsóknnum sem eru í samstarfi við RKÍ talar prestur innflytjenda ekki um trúmál, samkvæmt stefnu RKÍ. En með því að kynnast hælisleitendum á þennan hátt, gerist það oft að þeir óska eftir frekari viðtölum og samtali. Þá fer prestur innflytjenda í heimsókn á ný eða býður viðkomandi á fund á annan stað. Sum þeirra eru kristin og óska eftir bænargerð og hugvekjju.

Annað verkefni hjá presti innflytjenda um málefni hælisleitenda er að kynna málaflokkinn fyrir samfélaginu. Málefnið er oft til umfjöllunar þessi misserin og stundum valda fréttir misskilningi hjá fólki og fordómum í garð hælisleitenda.

Til þess að berjast við slíkan misskilning og fordóma, reynir prestur innflytjenda að skapa tækifæri til að kynna einstaklinga sem eru hælisleitendur fyrir fólki í söfnuðum á beinan hátt eða skrifa greinar í dagblöð.

Í þessu samhengi var gleðilegt að Nedó í Neskirkju hafði áhuga á málefninu og bauð ungum hælisleitanda til samkomu sinnar eins og greint er frá hér að ofan.

Einnig var það fagnaðarefni að málstofan „Hælisleitendur segja frá“ skyldi vera haldin 20. mars í Háskóla Íslands. Málstofan var skipulögð af starfshópi stúdenta í

samstarfi við námsbraut í Mannfræði við Háskóla Íslands, Rauða krossinn á Íslandi og MARK (Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsóknna). Prestur innflytjenda tók þátt í atburðunum frá alveg upphafi sem ráðgjafi.

Málstofan vakti athygli meðal fólks og hundrað manns mættu í fundarsalinn.

Samráðsvettvangur trúfélaga á Íslandi

Að byggja brú á milli þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga sem eru nágrennar í samfélaginu er mikilvægt hlutverk og eitt af markmiðum prests innflytjenda.

Samráðsvettvangur trúfélaga var stofnaður í nóvember 2006 og eru núna í honum 16 trúfélög. Félögin eru: Þjóðkirkjan, Rómversk-kaþólska kirkjan, Fríkirkjan í Reykjavík, Krossinn, Kirkja sjöunda dags aðventista á Íslandi, Búddistafélag Íslands, Fríkirkjan Vegurinn, Bahá'í -samfélagið, Félag múslima á Íslandi, Ásatrúarfélagið, FFWPU – Heimsfriðarsamband fjölskyldna og sameiningar, Söfnuður Moskvu-Patríarkatsins í Reykjavík, Kirkja Jesú Krists hinna síðari daga heilögu, Soka Gakkai á Íslandi (Búddistafélag), Óháði söfnuðurinn í Reykjavík, Menningarsetur Múslíma og Guðfræði- og trúarbragðafræðistofnun HÍ.

Reglulegir fundir voru haldnir, yfirleitt mánaðarlega. Samráðsvettvangurinn hélt málþingið „Trú, skoðunarfrelsi og mannréttindi“ 27. febrúar í safnaðarheimili Háteigskirkju. Prestur innflytjenda var aðalskipuleggjandi og beitti sér að því að framkvæma málþingið.

Fyrirlesarar voru: Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður, Jón Ólafsson heimspekingur og prófessor við Háskólann á Bifröst og Arnfríður Guðmundsdóttir guðfræðingur og prófessor við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands.

Málþingið var vel heppnað og voru þátttakendur 60 talsins.

Að mati prests innflytjenda, er stofnunarferli aðildartrúfélaga komin vel af stað og samráðsvettvangurinn verður að stíga næstu skref á næstunni svo að starfsemi vettvangsins verði raunverulegt tækifæri til að skapa samráð meðal trúfélaga á Íslandi.

Prestur innflytjenda tekur þátt í starfsemi vettvangsins sem fulltrúi þjóðkirkjunnar ásamt Bjarna Randveri Sigurðarsyni, guðfræðingi og stundakennara við HÍ, og Sveinbjörgu Pálsdóttur, guðfræðingi og skrifstofu- og mannauðsstjóra Biskupsstofu.

Fræðslustarf og forvarnarstarfsemi

Samstarf við móðurmálskennsluhóp Japana og „Móðurmál“ samtök foreldra tvítyngdra barna. Samtökin „Móðurmál“ hlutu Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins 2014.

Fyrirlestrar og fræðslustundir, samtals 11 sinnum.

Fræðslan var haldin m.a. hjá HÍ (fjórum sinnum), fyrirlestur í Fjölbrautaskólanum Ármúla, innlegg á aðalfundi *Ísbrú* samtaka kennara móðurmáls, innlegg í móttöku fulltrúa UNHCR frá Stokkhólmi, fermingarfræðslu Dómkirkju, fermingarfræðslu Neskkirkju, innlegg í samkomu Nedó, innlegg í móttöku stúdentahóps frá Wartburg Seminary í Bandaríkjunum.

Greinargerðir í blöð og vefblöð (fyrir utan Trú.is) samtals 17.

Pistlar og prédikanir á Trú.is, samtals 14.

Viðtöl við blöð, sjónvarpsstöðvar, útvarpsstöðvar o.fl. samtals 5 skipti.

Lokaorð

Að lokum er best að endurtaka þau „lokaorð“ sem sögð voru í síðustu ársskýrslu, þar sem útskýra vel grunstofnu í þjónustu prests innflytjenda og ástæðu hennar.

„Þjóðkirkjan þjónar öllum í þjóðfélaginu“. Þjónusta prests innflytjenda byggir á þessum anda að þjóðkirkjan þjóni öllum í þjóðfélaginu. Og sú þjónusta hefur áunnið mikið fyrir innflytjendur á Íslandi. Árangurinn er tileinkaður ákvörðun og frumkvæði kirkjunnar. Þjóðkirkjan var fyrsta stofnunin á ríkisstigi sem ákvað að leggja sitt að mörkum í málefnum innflytjenda með velferð þeirra að sjónarmiði en ekki eftirlitssjónarmiði.

Prestur innflytjenda hefur tvöföldu hlutverki að gegna. Hann þjónar innflytjendum á vegum kirkjunnar en færir jafnframt raddir innflytjenda til samfélagsins og reynir þannig hann að skapa gagnkvæm samskipti í þjóðfélaginu. Raunar hefur þjóðkirkjan verið leiðandi í samfélagslegri umræðu um innflytjendamál á Íslandi síðustliðin tuttugu ár og íslenskt þjóðfélag mun viðurkenna það.

Þjónusta við innflytjendur felur eðlilega í sér viðhorf til fjölmenningar og trúarlegar fjölhyggju. Starfshættir prests innflytjenda byggist því á „ólínulegri boðun fagnaðarerinds“ fremur en hefðbundnu trúboði. „Ólínuleg boðun fagnaðarerindsins“ er í stuttu máli sagt að sýna innflytjendum af ólíkum trúarlegum upprunum fram á að kirkjan hugsar til þeirra og kirkjan stendur með þeim hvenær sem þá vantar lífsstuðning.

Samt er þetta þjónusta og prestur þarf að skjótast inn í krossgötur manneskju eins og þegar dauða ber að garði, veikindi og hjónaskilnað. Þetta atriði birtist skýrt þegar um hælisleitendur að ræða.

Mál um hælisleitendur þykja á gráu svæði þar sem hælisleitendur þurfa að sanna sjálfir sögu sína en auðvitað er það án undantekninga erfitt í raun. Þess vegna standa hælisleitendur stöðugt á milli fordóma frá ákveðnu fólki og stuðnings frá öðrum.

Í slíkum aðstæðum er afstaða prests innflytjenda sú að trúa sögu þeirra eins og þeir segja frá nema sérstakt andsvar sé fyrir hendi. Prestur innflytjenda telur að málefni hælisleitenda sé raunverulegt dæmi sem kirkjan og fólk hennar verður að vinna með trú sína til þess að fylgjast með orði og verki Drottins Jesú.

Drottinn blessi starfið og varðveiti aðila þess.

Prestur Íslendinga í Noregi

Sr. Arna Grétarsdóttir og
Ása Laufey Sæmundsdóttir, fræðslufulltrúi

Íslenski söfnuðurinn í Noregi er hluti af hinni íslensku þjóðkirkju og sproti af alheimskirkjunni og fær fjármagn til starfsins í gegnum norsk sóknargjöld. Við erum lánsöm og njótum mikilla forréttinda að hafa nægt fé til að boða trú á frelsarann Jesú Krist.

Verkefni eru mörg og mismunandi, ná yfir stórt landsvæði og eru öll jafn mikilvæg. Við getum ekki án starfa hvers annarra verið. Þannig er söfnuðurinn sem einn líkami sem hefur marga limi sem starfar í þeirri einingu að vera eitt í Kristi. Kristur er uppspretta næringar, krafts og vilja til trúar og verka.

Söfnuðurinn tók stórt og mikilvægt skref í að bæta þjónustu við safnaðarmeðlimi þegar fræðslufulltrúi var ráðinn til starfa um mitt árið 2013. Eftir vinnu við þarfagreiningu var auglýst og lagði valnefnd mikla vinnu í umsóknarferlið allt. Fræðslufulltrúi hefur umsjón með barna- og unglingastarfi safnaðarins, ásamt því að vera innan handar í öðru safnaðarstafi. Stór hluti starfsins felst í viðburðarstjórnun og kynningarstarfi fyrir söfnuðinn. Eins hefur fræðslufulltrúi verið tiltækur í þau önnur kærleiksþjónustuverkefni sem til hafa fallið ásamt því að sinna bæna- og helgihaldi sem prestur hefur falið honum. Nú eru þrjú í fullu starfi sem höfum aðsetur í Ólafíustofu. Inga Erlingsdóttir er öllum innan handar með fastri viðveru á skrifstofunni og ber henni sérstaklega að þakka fyrir alla aðstoð og umhyggju sem hún ber fyrir starfinu öllu.

Í safnaðarstjórn hefur valist einvali lið með áhuga á að byggja upp safnaðarstarfið og reka söfnuðinn með ábyrgum hætti. Oft er miklu fórn að tíma og kröftum og fyrir það ber að þakka. Öllum þeim sem lagt hafa söfnuðinum lið á einn eða annan hátt biðjum við blessunar Guðs í öllu starfi og einkalífi og þökkum fyrir elju og trúfesti á akrinum við hin ýmsu störf.

Prestsþjónusta, guðsþjónustur, helgihald og athafnir

Guðsþjónustuhald var á einum 15 stöðum árið 2013.

Messað var í: Ósló, Drammen, Fredrikstad, Kristiansand, Stavanger, Bergen, Þrándheimi, Tromsø, Haugesund, Kristiansund, Sandefjord, Geil, Ålesund, Farsund og á Íslandi (Fermingarmessa á Seltjarnarnesi).

Haldnar voru 36 guðsþjónustur, bæna- og/eða helgistundir og 68 sunnudaga-skólar um landið. 4100 sálir sóttu helgihald safnaðarins á árinu. Í annað safnaðarstarf hefur ekki verið talið. Árið 2013 voru skirð 15 börn, fimm í kirkjum og tíu í heimahúsum. Hjónavígslur voru þrjár og fimm útfarir/minningarathafnir. 49 börn voru skráð í fermingarfræðslu safnaðarins veturinn 2012-13 og á árinu 2013 voru fermð 22 börn í fjórum athöfnum.

Hluti fermingarbarnanna fermist á Íslandi hjá prestum á fyrri heimaslóðum fjölskyldnanna eða hjá prestum innan norsku kirkjunnar. Þetta er gert í góðu

samstarfi og gefur prestur út vottorð um að fermingarfræðslu sé lokið eða muni ljúka hjá söfnuðinum í Noregi. Kórástarfið fer vaxandi meðal Íslendinga í Noregi. Nú eru starfandi þrjár kórar, Ískórinn í Ósló, Íslendingakórinn í Bergen og Kór Kjartans í Þrándheimi. Þessar kórar hafa allir gegnt hlutverki kirkjukórs í messuhaldinu á árinu.

Í mars fór safnaðarstjórn með presti í messuferð til Geilo þar sem stift var fundað og síðan var skíðamessa haldin upp í fjalli í samstarfi við skátana í Geilo og Norsku kirkjuna. Þau hraustu skíðuðu inn að ískirkjunni sem skorin hafði verið út í snjó en aðrir fengu far með vélsleða upp á fjall.

Alþjóðlegur bænadagur kvenna er fyrsta föstudag í mars ár hvert. Íslenski söfnuðurinn tók þátt ásamt fleiri kristnum söfnuðum í Nordbergkirkju í Ósló.

Aðventuhátíð var haldin í Ósló og heppnaðist vel. Hátíðarræðu flutti Þórarinn Eldjárn rithöfundur við mikið lof. Hulda Björk Garðarsdóttir söng sig inn í hjörtu kirkjugesta við undirleik Hjörleifs Valssonar fiðluleikara. Þau fóru einnig til Stavanger og Bergen og glöddu þar kirkjugesti aðventunnar.

Prestur hefur getað leitað til íslenskra presta sem starfandi eru hjá Norsku kirkjunni til að taka einstaka guðsþjónustu eða athafnir sem prestur safnaðarins nær ekki að sinna. Við slíka beiðni er greitt fyrir viðvikið, skýrslu skilað og skráð í kirkjubækur. Íslenskir prestar starfandi í Noregi hafa fundað vegna þessa samstarfs. Fundur var haldinn í Ósló í mars. Þar kom fram að flest allir norskir yfirmenn (prófastar) hafa tekið vel í þessa viðbót prestanna sem þó verður að vinna á frídegi í flest öllum tilvikum.

Sálgæsla og kærleiksþjónusta

Prestur sinnti sálgæslu og kærleiksþjónustu sem fyrr og fór í 11 hús- og sjúkra- vitjanir á árinu. 122 sálgæsluviðtöl voru veitt á skrifstofu/kirkjum eða hótelum og 195 símasálgæsluviðtöl voru veitt. Þá er ótalin sálgæsla sem veitt er í gegnum tölvupóstssamskipti. Sálgæsluteymi er starfandi um landið og hefur prestur samstarf við íslenskt fagfólk sem sinnir kristinni sálgæslu eða meðferðarúræðum sem ekki verður með góðu móti sinnt nema á móðurmálinu. Fagleg handleiðsla og endurmenntun hefur verið hluti af sálgæsluvinnu prestsins og er nauðsynleg til að tryggja faglega þjónustu sem og að viðhalda starfsánægju.

Fræðsla og námskeið

Í ársbyrjun 2013 var haldið námskeið sem heitir *Lífsýn og trú* fyrir fullorðna sem fjallaði um ýmsar hliðar trúar ásamt uppbyggjandi samskiptum og hvatningu. *Sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir konur* er námskeið sem hefur fengið fastan sess í ársrútinu safnaðarstarfsins. Eygló Sigmundsdóttir sálfræðingur og sr. Arna Grétarsdóttir sömdu námskeiðið og hafa kennt það nú í um fjögurra ára skeið. Sambærilegt námskeið fyrir karla var haldið í upphafi árs 2014 og var vel sótt. Árlegt leiðtoganámskeið var haldið fyrir sunnudagaskóla leiðtoga safnaðarins á vegum fræðsluviðs Biskupsstofu. Að þessu sinni var námskeiðið haldið í Jónshúsi í Kaupmannahöfn í samstarfi við safnaðarstjórnir í Danmörk og Svíþjóð. Námskeið fyrir ungleiðtoga var haldið 12. október þar sem sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir fór í

gegnum helstu atriði í tengslum við þátttöku ungleiðtoga í safnaðarstarfi. Á sama tíma var námskeið fyrir starfsfólk og stjórn safnaðarins í höndum Sr. Árna Svans Danielssonar verkefnastjóra og sérþjónustuprests á Biskupsstofu.

Feringarnámskeiðin eru tvisvar á ári, í maí og september. Þessi námskeið eru samstarfsverkefni Íslensku safnaðanna á Norðurlöndum. Farið er til Åh Stiftgaard í Svíþjóð þar sem hópurinn fær fræðslu í formi fyrirlestra, samtala og leikja. Þessi námskeið hafa slegið í gegn hjá unglingunum og umhverfið allt frábært til að koma góðum boðskap og fræðslu til skila.

Upplýsingamál, samstarf og fundir

Fréttabréfið kemur út ár hvert í lok janúar og september. Söfnuðurinn heldur úti nokkrum facebooksiðum til þess að miðla starfi safnaðarins til fólks ásamt því að nota facebook til samskipta við sjálfboðaliða og leiðtoga í barna- og unglingastarfinu. Einnig heldur söfnuðurinn úti heimasíðu, sem fór í loftið á síðasta ári, www.kirkjan.no, þar sem safnaðarstarf er auglýst.

Ólafíurósín sem er merki safnaðarins var hannað á árinu og var unnið í samvinnu Hrafnhildar Brynjarsdóttur, Hönnu Maríu Helgadóttur og Maríu Gunnarsdóttur. Má nú segja að útlit safnaðarins sé fullfrágegnið.

Lýðveldishátíðin er haldin í samstarfi við Íslendingafélögin þar sem óskað er eftir.

Hátíðarhöldin hefjast þá með helgihaldi eða prestur flytur hugleiðingu inn í hátíðardagskrá.

Samstarf við sendiráðsskrifstofu er mikilvægt þegar á reynir og er sendiherra og öllu starfsfólki hans þakkað gott samstarf. Eins er mikilvægt fyrir prest að starfa með norskum prestum þar sem allt guðsþjónustuhald er háð því að fá inni í norskum kirkjum. Prestur sótti 56 fundi á árinu í tengslum við safnaðarstarfið allt. Fer þessi þáttur starfsins vaxandi þar sem miklar breytingar fylgja því að vinna í eins eða tveggja manna teymi og þar sem margar hendur koma að. Prestur hefur verið 2. varamaður inn á Kirkjuþing og tók sæti á þinginu á haustmánuðum 2013.

Æskulýðs- og öldrunarstarf

Sunnudagaskólar eru haldnir víða um land. Sunnudagaskólar hafa verið á tíu stöðum á landinu, Ósló, Fredrikstad, Drammen, Sandefjord, Kristiansand, Kristiansund, Bergen og Stavanger auk þess sem þeir eru haldnir í tengslum við helgihald á vegum safnaðarins á öðrum stöðum, t.d. Tromsø og Prándheimi. Að sunnudagaskólanum koma fjölmargir starfsmenn og sjálfboðaliðar eða um 25 manns. Íþróttálfurinn kom í heimsókn til Óslóar Kristiansand, Kristiansund, Bergen og Stavanger á vormánuðum. Veturinn 2010 fór presturinn í það átak að koma sunnudagaskólanum inn á heimilin með DVD disknum „Daginn í dag“ sem er nú gefinn við skírnir og í sunnudagaskólanum. Með þessu er reynt að mæta börnunum í dreifðinni og styrkja heimilisguðrækni.

Æskulýðshópur safnaðarins er stór hópur unglunga sem búa vítt og breitt um Noreg. Margir í hópnum fá tækifæri til þess að kynnast í gegnum feringarfræðsluna sem fram fer með sameiginlegum ferðum til Åh Stiftgård í Svíþjóð þar sem

fermingarbörnum af öllu landinu ásamt íslenskum fermingarbörnum frá Svíþjóð og Danmörku mæta saman til þess að taka þátt í fræðslu og leik. Dagana 25.-27. október fóru ungmenni á aldrinum 14-17 ára á landsmót ÆSKP sem haldið var í Keflavík að þessu sinni. 30 unglingar fóru frá Noregi, með í ferðinni voru 6 leiðtoga á vegum safnaðarins auk ungleiðtoga sem tóku virkan þátt.

Starf eldri borgara hefur verið haldið mánaðarlega í Ósló í vetur. Þátttakendur hafa hist í Ólafíustofu og þar hefur verið rætt um daginn og veginn, litið í blöð, horft á fréttapætti frá Íslandi, unnið að handverki og borðaður góður matur. Eldri borgarar fóru á jólatónleika í Drammen í desember þar sem 20 manns voru samankomnir. Í janúar var haldin árleg hangikjötsveisla þar sem um 50 manns mættu og áttu saman góða stund.

Ólafíusjóður og listanefnd

Úthlutanir úr Ólafíusjóði safnaðarins er hluti af kærleikspjónustu safnaðarins. Formaður sjóðsstjórnar er Dr. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. Sjóðurinn fær 50.000 nkr. til úthlutunar samkvæmt skipulagsskrá á ári og er það fé tekið af vaxtatekjum safnaðarins. Eins komu inn í formi gjafa, safnana og útleigu á Ólafíustofu 20.981 nkr. Osvald Kratsch gaf höfðinglega gjöf 10.000 nkr. Þakkað er sérstaklega fyrir þann hlýhug. Árið 2013 var úthlutað 75.581 nkr. til 10 fjölskyldna. Eins var úthlutað fyrir jólin sérstakri úthlutun til Hjálparstarfs Kirkjunnar á Íslandi 30.000 nkr.

Ólafíuhátíð var haldin í júní 2013 en á því ári voru 150 ár liðin frá fæðingu Ólafíu Jóhannsdóttur. Margt var gert til að minnast þessara tímamóta. Ráðist hefur verið í gerð heimildarmyndar um Ólafíu og söfnuðinn. Ólafíudagurinn er 22. október og þá var boðið upp á listadagskrá í Ólafíustofu.

Listanefnd hefur nú fengið sína skipulagsskrá þar sem aðalverkefni og hlutverk nefndarinnar er skilgreint. Helstu verkefni starfsársins er listaverkakaup inn í Ólafíustofu og undirbúningur aðventuhátíðar og Ólafíudags. Formaður listanefndar er Eygló Sigmundsdóttir að auki sitja í nefndinni Hjörleifur Valsson, Ingibjartur Jónsson, Einar Traustason og prestur safnaðarins sr. Arna Grétarsdóttir.

Af þessari skýrslu má sjá að starfið vex og blómstar ár frá ári. Þó er ekki allt sem kemst að í skýrslu sem þessari. Það er mikil gleði sem fylgir því að fá að þjóna í söfnuði þar sem trú, kraftur og vilji til starfa er svo mikill sem raun ber vitni. Það er mat prests að starfið hafi náð þeim vexti sem því er unnt innan þess fjárhagsgramma sem söfnuðurinn hefur yfir að ráða núna. Eftir mikla uppbyggingu síðustu ára tekur nú við tímabil viðhalds og endurmats sem undirritaðar munu vinna að ásamt fjölmörgum trúum höndum, án þess þó að líta fram hjá þeim tækifærum sem bjóðast til að bæta boðunarstarf og skipulag á hverjum tíma.

Trúarleg þjónusta á Sjúkrahúsinu á Akureyri

Sr. Guðrún Eggertsdóttir, sjúkrahúsprestur

Inngangur.

Trúarleg þjónusta hefur verið starfandi við FSA síðan 1. janúar 1995 og er nú sinnt af presti í 75% starfi. Vegna skipulagsbreytinga er ekki lengur um sjálfstæða deild að ræða en þjónustan heldur þó áfram á svipaðan hátt og verið hefur eftir því sem mögulegt er eftir niðurskurð og minnkun stöðugilda.

Starfsemin

Starfið felst í sálgæsluviðtölum, samfylgd, fræðslu og helgihaldi.

Þjónustan stendur öllum til boða, jafnt sjúklingum, aðstandendum og starfsmönnum.

Sálgæsla og helgihald eru aðal þættir trúarlegrar þjónustu.

Leitað er leiða til að laga helgihaldið sem best að þörfum deilda og einstaklinga.

Stór hluti þess fer fram í dagstofum og sjúkrastofum, en um 140 bæna- og helgistundir voru á árinu 2013.

Kapellan, sem vígð var í desember 2007, nýtist öllum þeim sem finna vilja skjól í erli dagsins, athvarf til bænar og íhugunar. Kapellan er alltaf opin öllum sem þangað vilja leita. Vikulegar fyrirbæna- og íhugunarsamverur eru öllum opnar.

Í fjögur ár hefur verið boðið upp á vikulegar bæna- og íhugunarsamverur í kapellu. Alla miðvikudaga kl. 17.00 er boðið upp á slíka samveru ásamt fræðslu um Kyrrðarbæn (Centering prayer).

Sjúkrahúsprestur sinnir einnig fræðslu til starfsmanna sem og ýmissa hópa utan Sjúkrahússins m.a. með kynningu á trúarlegri þjónustu og starfi sjúkrahúsprests, fræðslu um áfallahjálpi, sálgæslu, sorg, áföll, bæn og íhugun.

Samstarf

Hið góða samstarf við starfsfólk á deildum og öllum einingum Sjúkrahússins er sjúkrahúspresti mjög mikilvægt og stuðlar að skilvirkri þjónustu við sjúklinga og aðstandendur.

Sjúkrahúsprestur tekur þátt í sameiginlegu bakvaktarkerfi presta í prófasts-dæminu. Því er ætlað að tryggja að alltaf sé hægt að ná í prest í neyðartilvikum utan hefðbundins vinnutíma.

Samstarf við presta og starfsfólk kirknanna hér á Akureyri, sem og í prófasts-dæminu öllu er gott og gefandi.

Starfið í prófastsdæmunum

Suðurprófastsdæmi

Sr. Halldóra Þorvarðardóttir, prófastur

Á ný lítum við um öxl yfir liðið ár og í meginráttum er kirkju- og safnaðarstarf í sínum hefðbundnu skorðum. Mér er efst í huga þakklæti til alls þess góða fólks sem hefur með einum eða öðrum hætti komið að starfi kirkjunnar og staðið með prestum sínum að þjónustu og helgihaldi í þeim 14 prestaköllum, 51 sóknarkirkju, auk Sólheimakirkju, Þingvallakirkju og annarra kirkna og kapellna sem athafnir fara fram í, alls tæplega 60 guðshúsum sem eru á Suðurlandi.

Breytingar á starfsliði

Magir hafa staðið vaktina lengi. Einn af þeim er Jónas Jónsson sem lét af störfum sem sóknarnefndarformaður í Kálholtskirkju eftir tæpra hálfra aldar þjónustu við kirkjuna sína og við keflinu tók dóttir hans Brynja Jónasdóttir í Lyngholti. Sæunn Sigurlaugsdóttir hætti sem formaður í Skeiðflatasókn og við tók Jóhanna Jónsdóttir í Nykhól. Í Eyrarbakkasókn lét af störfum Svanhildur Hauksdóttir og Þórunn Gunnarsdóttir tók við formennsku í hennar stað. Öllu þessu góða fólki eru þökkun þeirra ómældu og fórnfúsu störf sem þau hafa lagt af mörkum í safnaðarstarfinu við kirkjurnar sínar, sum um langt árabíl, og um leið er nýtt fólk boðið velkomið til starfa.

Á síðasta ári var Mosfellsprestakall lagt niður við starfslok sr. Rúnars Egilssonar og var hann virðulega kvaddur af sóknarbörnum sínum við kveðjumessu á Mosfelli 16. júní og er nú Mosfellsprestakall sameinað Skálholtsprestakalli.

Sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson hefur verið í sjúkraleyfi í vetur, en sr. Axel Árnason Njarðvík hefur leyst af í Selfoskirkju líkt og þar síðasta ár.

Sr. Sveinn Valgarðsson á Eyrarbakka og sr. Anna Sigríður Pálsdóttir höfðu „embættaskipti“ en Sveinn snéri til baka í haust.

Eins gerðu þeir sr. Eiríkur Jóhannsson í Hruna og sr. Halldór Reynisson. En Eiríkur tók við sínu gamla embætti í sumarlok að nýju.

Sr. Baldur Kristjánsson í Þorlákshöfn hefur verið í veikindaleyfi og hefur Sr. Jón Ragnarsson í Hveragerði leyst hann af, en Baldur snéri til starfa á ný þann 1. apríl.

Kirkjustarf

Þegar litið er yfir skýrslur frá sóknum og prestum um þjónustu og starf innan kirkjunnar á Suðurlandi sést mikil jákvæðni og samstaða og fjölbreytileiki í verkum. Kemur glögg í ljós að allt það góða fólk sem er að vinna á akrinum er reiðubúið

til að horfa á tækifæri til bættar þjónustu og gera það besta úr oft á tíðum, mjög skertu fjármagni. Ég sé alla leggjast á eitt til að halda uppi starfi og hlú að því sem þeim er helgast og lætur sér ekki detta laun í hug. Og þetta er það sem nú bjargar kirkjunni og starfi hennar. Það er svo margt gott og uppbyggilegt að gerast á vettvangi safnaðanna út um allt Suðurland.

Þetta er fimmta árið okkar saman á vegferðinni sem eitt Suðurprófastsdæmi. Þessi sameining var ekki það sem við óskuðum eftir, en okkur hefur hins vegar borið gæfa til að vinna úr því sem okkur var rétt, og höfum tekið höndum saman og reynt að mynda okkur sameiginlega sýn á kirkjustarf á Suðurlandi og mér sýnist að við höfum borið gæfu til að stíga ölduna í takt, þó vissulega sitji ákveðin héruð við skarðan hlut og það er verkefni sem krefst áframhaldandi umhugunar um hvernig við bregðumst við.

Síðustu ár hafa verið kirkjunni erfið fjárhagslega, og það umræðuefni hefur eiginlega verið sagan endalaus síðustu árin. Nú hefur próuninni aðeins verið snúið til betri vegar og á síðasta ári hækkuðu sóknargjöldin upp í 728 kr á mann úr kr. 701. En betur má ef duga skal, því halli hjá flestum sóknum var orðinn verulegur og eflaust víðast búið að nýta allt það fjármagn sem fyrirfannst, svo hvergi eru neinir varasjóðir tiltækir. En þessi staða kallaði á endurskoðun og endurmat í rekstrinum og það eitt og sér er af því góða.

Kirkjukórarnir og barna- og æskulýðsstarfið er blómlegt í öllum prestaköllum Suðurlands og prestar leggja mikið starf í undirbúning fermingarbarnanna.

Eins er ljóst að þeir og hið virka starfsfólk í kirkjustarfinu kappkosta við að mynda tengsl milli fólks og félagasamtaka og stofnana í sóknum sínum og efla þannig nærsamfélagið. Það er, þrátt fyrir allar fjárhagsáhyggjur, svo ótal margt gott og uppbyggilegt að gerast á vettvangi safnaðanna út um land allt.

Nokkur námskeið voru haldin á vegum prófastsdæmisins og langar mig að nefna sérstaklega sóknarnefndarnámskeið sem haldið var sl. haust á Hellu. Magnhildur Sigurbjörnsdóttir sem heldur utanum reikningshald ársreikninga sókna á Biskupsstofu fór yfir gerð ársreikninga fyrir kirkjur og garða og leiðbeindi um uppsetningu þeirra. Og Þorvaldur Karl Helgason fór yfir helstu lög og reglur þjóðkirkjunnar er snerta hlutverk og störf sóknarnefnda sem og helstu stefnumál kirkjunnar. Námskeiðið var vel sótt og gerður af því góður rómur og það sýndi sig að það er mikilvægt að halda námskeið sem þetta með jöfnu millibili, ekki aðeins vegna nýrra fulltrúa sem koma til starfa í sóknarnefndum, heldur og fyrir þá sem reyndir eru í starfi, þó ekki væri nema til að halda sér við og fylgjast með þeim breytingum sem ævinlega eiga sér stað, bæði í starfsaðferðum, lögum og reglugerðum.

Þá var líka haldið námskeið í sálgæslu fyrir presta prófastsdæmisins í lok nóvember. Það námskeið var í höndum Sr. Vigfúsar Bjarna Albertssonar sjúkráhusprests í umhyggju, handleiðslu og viðrun starfsfólks á heilbrigðisstofnunum.

Dagur eldri borgara var víða haldinn hátíðlegur að venju á uppstigningadag. Þessi dagur, tileinkaður eldri borgurum og hátíðir og atburðir sem að er staðið í kirkjunni að þessu tilefni er dæmi um farsælt samstarf milli prestakalla og sókna við eldri borgarafélög víða um prófastsdæmið. Hátíðir voru haldnar m.a. í Vík, Akureyarkirkju, Skálholti og víðar.

Heimsóknir

Héraðsnefnd tók á móti góðum gestum frá Bandaríkjunum á þrettándanum. Um var að ræða rannsóknarferð bandaríks prófessors og guðfræðinemenda og íslenskra gestgjafa þeirra. Tekið var á móti þeim í Fellsmúla, boðið í mat og allir áttu góða stund saman, rætt var um kirkjulíf á Suðurlandi og þau voru sérstaklega áfram um að heyra allt um eldgos og jarðskjálfta og þær náttúruhræringar sem yfir hafa riðið undanfarin ár og enn eru ókomnar. Góðar umræður sköpuðust og tengsl milli „Atlantsála“.

Skrifstofa og aðstaða prófastsdæmisins er í menningar- og safnaðarheimilinu á Dynskálum 2 á Hellu. Sú aðstaða nýtist ákaflega vel og hefur sannað sig. Þar komum við til fundar prestar mánaðarlega og þar eru haldin þau námskeið sem boðið er upp á á vegum prófastsdæmisins svo miðstöðin er þar. Og sannarlega hægt að segja að með tilkomu þessa húsnæðis hafa skapast miklir möguleikar á útvíkkun alls kirkju- og safnaðarstarfs, bæði hjá þeim í Oddaprestakalli sem og prófastsdæminu.

Kirkjuping hefur nú síðustu ár hvatt til aukins samstarfs og að komið yrði á samstarfssvæðum innan prófastsdæmanna. Samstarf presta og prestakalla hefur aukist jafn og þétt með samráðsfundum og ráðstefnum innan prófastsdæmisins og samvinna og kynni hafa aukist milli sókna, oft í sambandi við kórastarf og barna- og æskulýðsstarf, en einnig önnur kirkjuleg mál og afmörkuð verkefni.

Dæmi um slík samstarfsverkefni eru samstarf um barna- æskulýðsstarf hjá prestaköllum, eldri borgarahátíðir á uppstigningadag, æðruleysismessur, fermingar-barnamót í Skálholti, Vatnaskógi, í Eyjum og víðar, aðventutónleikar, samstarf kirkjukóra, lífsleikni í fjölbrautarskólunum, Hjálparsjóðurinn o.fl. mætti nefna.

En mál er að linni, en ítrekað að starf kirkjunnar er hvarvetna unnið af miklum dugnaði og ósérhlífni. Megi Guðs andi leiða okkur öll og styðja til góðra verka úti á akri hans.

Kjalarnessprófastsdæmi

Dr. Gunnar Kristjánsson, prófastur

Héraðsfundur Kjalarnessprófastsdæmis árið 2014 var haldinn 12. mars á Hvalsnesi og í Sandgerði. Ein ástæðan fyrir þeim fundarstöðum var fjögurra alda minning séra Hallgríms Péturssonar sem steig sín fyrstu skref sem prestur á þessum slóðum. Leiðarþing var haldið í Hafnarfjarðarkirkju 16. október 2013.

Á síðastliðnu ári bar hæst vísitásiuferð biskups. Frú Agnes M. Sigurðardóttir heiðraði Kjalarnessprófastsdæmi með því að visitera prófastsdæmið í upphafi embættistíma sína. Langt er liðið frá síðustu biskupsvísitásiu en Ólafur Skúlason visiteraði prófastsdæmið árið 1996. Undirbúningur vísitásiunnar var til umræðu á héraðsfundi 2013. Af sérstökum ástæðum hófst vísitásían í Bessastaðasókn 17. mars en viku síðar var biskup staddur í Reynivallaprestakalli og síðan visiteraði hún hverja sóknina á fætur annari. Síðasta sóknin, Grindarvíkursókn, var svo visiteruð 7. júní. Biskup heimsótti kirkjur og safnaðarheimili en jafnframt stofnanir, m.a. sjúkrahús, dvalarheimili fyrir aldraða, skóla og fyrirtæki af ýmsum gerðum í sóknunum og blandaði þar geði við fólk, biskup messaði í það minnsta í einni kirkju hvers prestakalls. Hvarvetna var biskupi vel tekið og ljóst var að eftirvænting lá í loftinu þar sem hún kom.

Segja má að biskupsvísitásían hafi að þessu verið unnin í nánú samstarfi biskups, prófests og heimamanna á hverjum stað, í fyrsta lagi með sameiginlegum undirbúningi, í öðru lagi með vísitásiunni sjálfri og í þriðja lagi með úttekt þar sem menn lögðu mat á gildi þessarar fornu hefðar í íslenski kirkju. Ekki verður annað séð en að sú hefð hafi með þessari vísitásiu sannað gildi sitt. Á vorfundi presta og djákna 10. júní, sem haldinn var í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu í Reykjavík, var vísitásiuferð biskups til umfjöllunar. Biskupi og biskupsritara var boðið til þess fundar. Voru þar rifjuð upp atvik úr vísitásiunni og fjallað um gildi hennar og tilgang.

Af prestsþjónustunni

Séra Jón Hrönn Bolladóttir fékk námsleyfi frá 1. sept. 2013 til 31. maí 2014. Séra Friðrik J. Hjartar var settur sóknarprestur í námsleyfi hennar.

Séra Kristín Þórunn Tómasdóttir héraðsprestur var sett til þjónustu sem prestur í Garðaprestakalli meðan á námsleyfi séra Jónu Hrannar Bolladóttur stóð, 1. sept. 2013 til 31. maí 2014.

Séra Gunnar Jóhannessonar, sóknarprestur í Hofsóssprestakalli, var settur til þjónustu sem héraðsprestur í Kjalarnessprófastsdæmi í stað séra Kristínar Þórunnar, 1. sept. 2013 til 31. maí 2014.

Séra Guðbjörg Jóhannesdóttir sagði embætti sínu lausu sem prestur í Hafnarfjarðarprestakalli og fékk lausn frá embætti frá og með 1. október 2012. Hún var skipuð sóknarprestur í Langholtsprestakalli í Reykjavík frá sama tíma.

Embættið var auglýst laust til umsóknar og sóttu ellefu um en einn dró umsókn sína til baka. Valnefnd prestakallsins náði ekki samstöðu um einn umsækjanda og

vísaði málinu þá til biskups sem tók ákvörðun um skipa sr. Þórhildi Ólafs í embættið frá 1. maí 2013. Setti prófastur hana inn í embætti prests við Hafnarfjarðarkirkju 26. maí 2013.

Séra Þórhildur Ólafs var sett til að þjóna sem sóknarprestur í Hafnarfjarðarprestakalli frá 22. október 2012 til 31. ágúst 2013 í launalausum leyfi séra Þórhalls Heimissonar. Hann sagði embætti sóknarprestis lausu og var það auglýst laust til umsóknar með umsóknarfresti til 15. ágúst. Tíu umsækjendur sóttu um embættið og ræddi valnefnd prestakallsins við þá alla á fundi sínum 6. september, nefndin náði ekki tilskilinni samstöðu og vísaði málinu til biskups, sem vék sæti við afgreiðslu málsins og fól afgreiðslu þess séra Kristjáni Val Ingólfssyni vígslubiskupi sem skipaði séra Jón Helga Þórarinsson í embættið til fimm ára.

10. nóvember 2013 setti prófastur Margréti Gunnarsdóttur djákna inn í embætti í Bessastaðakirkju. Eftir að Margrét hafði lokið djáknanámi við guðfræðideild Háskóla Íslands leysti hún af í Bessastaðasókn í ársleyfi Grétu Konráðsdóttur djákna. Að því ári loknu var djáknastarfið auglýst og var hún ráðin frá 1. ágúst s.l. og vígð sem djákni til Bessastaðasóknar 1. sept. s.l.

Ráðstefnur

Í ellefta sinn bauð Kjalarnessprófastsdæmi til seminars um prédikunina í Skálholti. Í þetta sinn var kastljósinu beint að sögu siðbótarinnar en fimm alda afmæli hennar nálgast nú óðum. Thomas Kaufmann prófessor frá Göttingen í Þýskalandi flutti fjóra fyrirlesttra. Prestar fluttu fjórar prédikanir í Skálholtskirkju þar sem byggt var á ritningarversum um frelsið í Gamla og Nýja testamentinu. Sigríður Þorgeirsdóttir, prófessor í heimspeki við Háskóla Íslands, var gestur seminarsins eitt kvöldið. Eins og endranær var þátttaka afar góð og eindregin ánægja með seminarið.

Fundir

Eins og endranær á prófastur fjölda funda þar sem fjallað er um starf presta og safnaða en einnig um ytra starfið, tengingu þess við stofnanir samfélags og kirkju. Auk funda héraðsnefndar vil ég nefna hér þá fundi sem eru fastir liðir í þessu samhengi, það eru fundir með prestum og djáknum, og með sóknarnefndaformönnum. – Ljóst er að áhugi kirkjufólks er nú vakinn á því að gera siðbótarafmælinu árið 2017 góð skil, umræður um það efni settu svip á fundi með leikum og lærðum á árinu.

Á haustfundi presta í Kirkjuhvoli, Garðabæ, 18. september 2013 kynnti formaður Garðasóknar og forseti Kirkjuþings, Magnús E. Kristjánsson, helstu viðfangsefni sem við er að glíma á Kirkjuþingi og almennt í kirkjumálum liðandi stundar.

Á haustfundi formanna sóknarnefnda 19. september 2013 var fjallað um sama meginefni. Einnig kynntu formenn kirkjustarfið í sínum sóknum og ræddu sameiginleg málefni sóknanna, þeir lýstu safnaðarstarfi og fjölluðu um þá þætti þar sem skórin kreppir. Eins og við var að búast bar á góma þann niðurskurð á sóknargjöldum sem orðið hefur á undanförunum árum og almennt hefur komið illa við allar sóknir, þótt með misjöfnum hætti sé, og haft sín neikvæðu áhrif á kirkjulífið í heild.

Árlegur aðventufundur prófests með prestum prófastsdæmisins var haldinn í Víðistaðakirkju 12. desember 2013. Eins og við var að búast var þar fjallað um prédikarnir prestanna á aðventu og jólum, prófastur innleiddi umræðuna en í framhaldi urðu – sem endranær – líflegar og gefandi umræður. Nokkrir prestar utan prófastsdæmisins sóttu þessa fundi.

Prófastur kynnti á þessum fundum ósk biskups til prófesta að láta gera þriggja mínútna heimildarmynd um starfið í prófastsdæmum landsins í þeim tilgangi að sýna á prestastefnunni 12.-14. júní á Ísafirði. Héraðsnefnd setti þetta mál í gang og fór fyrsta taka fram á héraðsfundi 2014. Í tengslum við þetta kom upp sú hugmynd að láta gera heimildarkvikmynd um það fjölbreytilega kirkjustarf sem fram fer í prófastsdæminu, í reynd liggur nærri að kirkjustarf í sóknum Kjalarnessprófastsdæmis gefi sýnishorn af kirkjustarf í landinu öllu vegna fjölbreytninnar.

Hér verða ekki taldir upp fleiri fundir en ótaldir eru héraðsnefndarfundir, fundir með próföstum hér á suð-vesturhorninu og fjöldi funda með sóknarnefndum, prestum, djáknum og starfsmönnum sóknanna í prófastsdæminu, prófastur hefur m.a. sótt fundi með eldri borgurum, með sóknarnefndum og 17. febrúar 2014 flutti erindi um samstarf kirkjusókna á Suðurnesjum í ljósi sögu.

Útgáfur

Vorið 2014 kom út bókin *Siðbótarrannsóknir á tímamótum* en það eru fjórir fyrirlestrar sem Thomas Kaufmann flutti á prédikunarseminari haustið 2013, prófastur þýddi fyrirlestrana á íslensku. Hér er fjallað um mikilvæga þætti í framlagi Lúthers til evrópskrar menningar og til kirkjulífs vítt og breitt um heiminn undanfarnar aldir. En þó einkum hvernig arfur siðbótarinnar lítur út núna í augum þeirra sem vinna við að gera frumsöguna aðgengilega nútímanum.

Áður hefur prófastsdæmið gefið út *tíu fyrirlestra um praktíska guðfræði* eftir Wilhelm Gräß professor í Berlín, sem voru fluttir á þrem prédikunarseminörum Kjalarnessprófastsdæmis í Skálholti og bókina *Á mælikvarða mannsins* eftir Wilfried Engemann.

Annað

Meðal verkefna héraðssjóðs eru kóramótið sem er orðin gömul og gróin hefð í prófastsdæminu og organistar og kirkjukórar bera allan veg og vanda af ásamt tónlistarnefnd prófastsdæmisins, að þessu sinni var það haldið í Vídalínskirkju 22. febrúar s.l. Tónlistarnefnd prófastsdæmisins stóð þar vel að undirbúningi og framkvæmd. Einnig var efnt til ýmissa annarra tónlistarhátíða sem héraðssjóður styrkti á árinu. Æskulýðsstarfið hefur einnig verið með miklum blóma og er þar einkum æskulýðsnefnd fyrir ötult starf að þakka en einmitt á þessu ári var mikil hátíð haldin á vegum æskulýðsnefndar þjóðkirkjunnar í prófastsdæminu. Einnig á þessum vettvangi er grósku að finna þótt hitt sé flestum ljóst að þar sem verk að vinna og mikils átaks er þörf til að vinna upp þekkingu yngri kynslóðarinnar á Biblíusögum.

Þá styrkti héraðssjóður Stoppleikhúsið til þess að setja upp leikrit sem verður tilbúið til sýninga haustið 2014. Það fjallar um unga manninn Hallgrím Pétursson sem síðar átti eftir að verða einn þeirra sem uppúr stóðu við að kenna þessari þjóð að trúa. Það verður sérstaklega ætlað til sýninga í barna- og unglíngastarfi.

Í lok ársins 2014 mun Hafnarfjarðarsöfnuður halda upp á aldarafmæli kirkjunnar og í upphafi 2015 mun Keflavíkursöfnuður halda upp á aldarafmæli sinnar kirkju. Báðar þóttu stórvirki á sínum tíma og bera vitni um stórhuga fólk sem bar kirkju-starfið fyrir brjósti og tókst að fá fólk til samstarfs og samvinnu. Ω

Reykjavíkúrprófastsdæmi eystra

Sr. Gísli Jónasson, prófastur

Þegar horft er tilbaka yfir liðið starfsár þá blasir við enn eitt ár niðurskurðar og margs konar vandamála sem honum fylgja. Það er hins vegar von mín og trú, að nú sé botninum endanlega náð og að við getum senn, með Guðs hjálp, snúið vörn í sókn. Það hefur verið ákaflega uppörfandi og lærdómsríkt að fylgjast með viðbrögðum safnaðanna við þessu ástandi. Vel hefur verið unnið og af miklum dugnaði og fórnfýsi, þrátt fyrir erfiðar ytri aðstæður, sem er mikið þakkarefni. Það má þó ljóst vera, að víða er fólk að komast að þrotum, enda álagið mikið og fjárhagur verst stöddu safnaðanna gjörsamlega við það að breyta.

Við slíkar aðstæður skiptir öllu máli, að okkur auðnist að setja traust okkar á Drottin og að við göngum fram minnug fyrirheita hans um að hann muni vel fyrir sjá. Glemjum ekki eftirfarandi huggunarorðum sem hann talar til okkar fyrir munn spámannsins Jesaja:

*„Minnist hvorki hins liðna
né hugleiðið það sem var.
Nú hef ég nýtt fyrir stafni,
nú þegar vottar fyrir því,
sjáið þér það ekki?
Ég geri veg um eyðimörkina
og fljót í auðninni.“ (Jes. 43:18-19)*

Látum þessi fyrirheiti Drottins fylgja okkur inn í nýtt starfsár og vera okkur til uppörfunar og hvatningar. Göngum fram í þeirri fullvissu, að sé Drottinn með þá þurfum við þrátt fyrir allt ekkert að óttast. Hann hefur nýtt fyrir stafni, gerir veg um eyðimörkina og lætur spretta fram fljót í auðninni. Það er gott að eiga fyrirheit hans á göngu lífsins. Við skulum því enn á ný fela honum allt okkar ráð og biðja hann að styrkja okkur til þjónustunnar, efla samstarf okkar og samstöðu, og auka okkur fúsleika til eftirfylgdar við hann á komandi starfsári.

Ég mun nú í þessari skýrslu leitast við, að nefna það helsta, sem gerst hefur í starfi prófastsdæmisins á síðasta starfsári, um leið og horft er til þess sem framundan bíður.

Starfið í söfnuðunum

Helstu tölur um helgihald í prófastsdæminu árið 2013 eru sem hér segir, (tölur frá 2012 eru í sviga): Almennar guðsþjónustur 930 (957), barnaguðsþjónustur 375 (481), aðrar bæna- og helgistundir 922 (986). Guðsþjónustur voru því samtals 2227 (2424). Fermingarbörn voru 929 (1003) og altarisgestir 21.802 (21.270). Þá voru skírð 731 (768) börn, hjónavígslur voru 211 (218) og útfarir 365 (324).

Starfs- og messugjöfðaskýrslur presta eru fyrir nokkru orðnar rafrænar, sem er til bóta, en það vantar þó enn allnokkuð upp á að þær gefi nægjanlega glögga mynd af umfangi kirkjustarfsins. Þess vegna höfum við haldið áfram talningu á völdum þáttum starfsins í prófastsdæminu og verður svo enn um sinn. Samkvæmt þessari talningu tóku alls 269.880 (202.361) manns þátt í þeim liðum safnaðarstarfsins sem talið var í árið 2013 og er þar þó ýmislegt undanskilið, eins og t.d. kórarstarfið, fermingarfræðslan og fundir og samverur af ýmsu tagi. Meðalþátttakan í þeim 619 (602) sunnudagsmessum, sem fram fóru á árinu 2013 var 96,6 manns, en var 98,3 árið áður. Sé starfið í heild skoðað þá fjölgar þátttakendum verulega eða um 33,4% og munar þar mestu um mikla fjölgun í útförum. Þáttaka í öðru starfi en útförum hefur þó einnig aukist umtalsvert, eða 12,8% milli ára.

Samstarf innan hinna þriggja samstarfssvæða í prófastsdæminu hefur heldur verið að aukast á liðnu starfsári og meðal nýjunga í þeim efnum má nefna hina stórglæsilegu Listahátíð „Djúp og breið“, sem haldin var í kirkjunum í Breiðholti 29. mars til 5. apríl sl. og ákaflega velheppnað fermingarmót, sem Árbæjar-, Grafarholts- og Grafarvogssóknir héldu í Grafarvogskirkju 1. mars. Ég tel ákaflega mikilvægt, að við leggjum aukna áherslu á samstarfssvæðin og leitum allra leiða til að efla starf kirkjunnar í prófastsdæminu með margvíslegu samstarfi og verkaskiptingu, þegar það á við. Er því, eins og síðustu fjögur árin, gert ráð fyrir talsverðri fjárveitingu til samstarfssvæðanna á fjárhagsáætlun næsta árs.

Einnig vil ég minnst á messuhópana, en slíkir hópar eru nú starfandi við helming kirkna í okkar prófastsdæmi. Þátttakendur í messuhópum eru samtals töluvert á annað hundraðið og hefur þetta starf tvímælalaust orðið til að auðga og efla guðsþjónustuhaldið. Það er því full ástæða til að hvetja fleiri söfnuði til að huga að möguleikunum á því að koma á slíku starfi.

Lítið hefur verið um verklegar framkvæmdir á starfsárinu, enda hafa endurbætur eða viðhald á húsnæði safnaðanna verið í algjöru lágmarki undanfarin ár. Í Árbæjarsókn liggja fyrir samþykktar teikningar að viðbyggingu við safnaðarheimilið, en framkvæmdir hafa frestast ár eftir ár vegna óvissu í efnahagsmálunum. Horfur eru á að loks verði byrjað á viðgerðum á þaki Breiðholtskirkju í sumar enda nú svo komið að fjarlægja hefur orðið 20-30 stóla hér og þar um kirkjuna til að forða kirkjugestum frá því að lenda í sturtu. Sömuleiðis er lekinn kominn þétt að orgeli kirkjunnar og gæti því hvenær sem er orðið stórtjón ef ekkert verður að gert. Í Grafarvogssókn var 27. apríl sl. vígt kirkjusel, sem staðsett er í þjónustumiðstöð borgarinnar í Spönginni. Þar er fjölnota salur, sem notaður verður fyrir guðsþjónustur og annað helgihald og margs konar safnaðarstarf. Sömuleiðis eru þar tvær skrifstofur og því möguleiki á því að prestarnir og annað starfsfólk hafi þar aðstöðu. Orgelkaup fyrir Grafarvogskirkju frestast áfram vegna efnahagsástandsins og sömuleiðis er ljóst, að vígsla Lindakirkju í Kópavogi mun dragast enn um sinn.

Ráðstefnur, námskeið, fræðslustarf o.fl.

Að venju var boðið upp á ýmiss konar fræðslustarf á vegum prófastsdæmisins á liðnu starfsári og skal það helsta talið upp hér:

Prédikunarklúbbur presta kemur saman vikulega yfir vetrartímamann undir leiðsögn dr. Sigurjóns Árna Eyjólfssonar, héraðsprests. Þá sá hann einnig um vikulega biblíulestra, sem samtals stóðu yfir í 20 vikur. Einnig hefur hann boðið upp á ýmsar fræðslusamverur eins og t.d. fræðslunámskeið fyrir sóknarnefndir.

Fermingarnámskeið voru í Vatnaskógi á vegum flestra safnaðanna í samvinnu við Skógarmenn KFUM. Er þar bæði um að ræða dags námskeið auk hefðbundinna námskeiða með einnar nætur gistingu.

Prófastsdæmið hefur mörg undanfarin ár tekið þátt í fræðslustarf í samstarfi við Biskupsstofu og Reykjavíkurprófastsdæmi vestra undir merkjum *Starfs- og leikmannaskóla kirkjunnar*. En vegna niðurskurðar og manneklu á Biskupsstofu þá lá þetta starf því miður alveg niðri á sl. starfsári, að öðru leyti en því, að haldið var eitt námskeið fyrir sóknarnefndarfólk. Það er hins vegar vilji héraðsnefndar að fræðslustarfið verði eftl á ný og hafa héraðsprestarnir báðir unnið að undirbúningi þess. Þá standa söfnuðunum jafnan til boða eldvarnarnámskeið, framsagnarnámskeið og námskeið í skyndihjálpi á vegum prófastsdæmisins og eru þau einkum ætluð starfsfólki og sjálfboðaliðum safnaðanna.

Ný döggun, samtök um sorg og sorgarviðbrögð, stóð að venju fyrir nokkrum fræðslufundum fyrir syrgjendur í samvinnu við prófastsdæmin, Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma og Fræðsludeild Biskupsstofu. Loks er þess að geta, að auk þess sem hér er upp talið þá er að sjálfsgöðu margvíslegt fræðslustarf í boði á vegum safnaðanna.

Þá skal þess einnig getið, að biskup fór fram á það á árlegum prófastafundi í byrjun janúar, að prófastarnir gengjumst fyrir því, að gerð yrðu stutt myndbönd um kirkjulega starfsemi í prófastsdæmunum. Héraðsnefnd fékk Þorleif Einarsson til að taka þetta verkefni að sér fyrir okkar hönd og var myndbandið frumsýnt á Prestastefnu Íslands, sem haldin var á Ísafirði í júní sl.

Fundir, aðrar samverur o.fl.

Héraðsfundur var haldinn í Seljakirkju 21. maí sl. og aukahéraðsfundur í Fella- og Hólakirkju 22. október 2013. Héraðsnefnd prófastsdæmisins, hefur að jafnaði haldið einn fund á mánuði og voru þeir alls 11 á starfsárinu. Sitja bæði aðal- og varamenn alla fundi. Að auki héldu héraðsnefndirnar í eystra og vestra prófastsdæminu tvo sameiginlega fundi. Þá eigum við prófastarnir í Reykjavíkurprófastsdæmunum reglulega með okkur fundi þar sem við ræðum sameiginleg málefni og sömuleiðis áttum við nokkra samráðsfundi með prófasti Kjalarnesprófastsdæmis. Samráðsfundir presta og djákna voru þrír á starfsárinu og sömuleiðs voru haldnir þrír formannafundir.

Haldinn var almennur kirkjufundur á vegum Reykjavíkurprófastsdæmanna í Bústaðakirkju 12. febrúar sl. til að ræða og álykta um fjármál safnaðanna og hugmyndir um enn frekari fækkun presta á höfuðborgarsvæðinu. Er skemmt frá því að segja, að fundarmenn, sem voru flestir fulltrúar úr sóknarnefndum

í Reykjavík, um 50 talsins, voru nánast einróma í málflutningi sínum og voru samþykktar samhljóða ályktanir um bæði þessi mál.

Auk þeirra funda sem hér hafa verið nefndir, hefur prófastur setið marga fundi um málefni ÆSKR, Ellimálaráðs, Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, Kirkjugarða Reykjavíkur og Kirkjugarðasambands Íslands, svo eitthvað sé nefnt. Þá hefur prófastur einnig setið samráðs-fundi með prestum, sóknarnefndum, biskupi Íslands, öðrum próföstum, félagsmálayfirvöldum o.fl., auk margvíslegra nefndarstarfa, eins og td. starfshóp innanríkisráðherra um sóknargjaldamálin.

Í febrúar sl. hófst vísitasía vígslubiskupsins í Skálholti, hr. Kristjáns Vals Ingólfs-sonar, í prófastsdæmin. Hann byrjaði á því að heimsækja Árbæjarsöfnuð og hefur síðan einnig vísitarað Breiðholts-, Linda- og Seljasóknir. Hlé verður gert á þessum vísitasíum í sumar en hann mun ljúka vísitasíunni á haustmísserinu.

Breytingar á starfsliði

Allnokkrar breytingar hafa orðið í hópi presta og djákna í prestaköllum prófastsdæmisins á starfsárinu. Í Hjallaprestakalli hafði sóknarpresturinn, sr. Sigfús Kristjánsson, sl. haust embættaskipti við sr. Halldór Reynisson fræðslustjóra á Biskupsstofu og standa þau skipti í eitt ár. Þá fór sr. Lena Rós Matthíasdóttir, prestur í Grafarvogsprestakalli í launalaust leyfi sl. sumar og hefur sr. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir þjónað í hennar stað. Áður hafði sr. Petrína um hríð þjónað sem prestur í Lindasókn í námsleyfi sr. Guðna Más Harðarsonar, prests í Lindaprestakalli, sem kom til starfa á ný sl. haust. Embætti það, sem sr. Bjarni Þór Bjarnason gegndi áður í Grafarvogsprestakalli, hefur hins vegar verið ósetið allt starfsárið, en var loks auglýst nú í byrjun maí og verður ráðið í það frá 1. september n.k. Þá er þess einnig að geta, að sr. Sigrún Óskarsdóttir, prestur í Árbæjarprestakalli, hefur verið í hálfu starfi sl. vetur og hefur sr. Kristín Pálsdóttir þjónað á móti henni þann tíma. Þá mun sr. Valgeir Ástráðsson láta af störfum í Seljaprestakalli 1. ágúst n.k. Loks er þess að geta að sr. Sigurjón Árni Eyjólfsson, héraðsprestur var í leyfi frá 1. apríl til 1. september 2013 og gegndi á þeim tíma stöðu gestaprófessors við háskólann í Kiel í Þýskalandi.

Af djáknaþjónustunni er það að segja, að Ragnhildur Ásgeirsdóttir lét af störfum djákna við Fella- og Hólakirkju sl. sumar. Fór hún fyrst í launalaust leyfi, en hefur nú sagt starfi sínu lausu og gegnir nú starfi framkvæmdastjóra Hins íslenska Biblíufélags. Þá var Ingunn Björk Jónsdóttir sett inn í embætti sem djákni við Árbæjarkirkju 16. febrúar sl., en hún hafði áður starfað við kirkjuna, sem almennur starfsmaður. Loks lét Þórey Dögg Jónsdóttir af störfum sem djákni við Breiðholts- og Hjallakirkjur eftir að hún var ráðin í starf framkvæmdastjóra Ellimálaráðs frá og með 1. september 2013 í stað Valgerðar Gísladóttur, sem gengt hafði starfinu í 15 ár.

Þjónandi djákna í prófastsdæminu eru nú aðeins þrír og aðeins tveir í fullu starfi, en voru þegar best lét 7 og þar af 3 í fullu starfi. Þjónandi prestar eru hins vegar 20 í 19,5 stöðugildi og hafa prestar í prófastsdæminu ekki verið færri til fjölda ára, en flestir voru þeir 23-24 í 22,5 stöðugildi. Er þessi fækkun mikið áhyggjuefni og ekki bætir það ástandið hvað óvígðu starfsfólki í söfnuðum hefur fækkað, en þeim starfsmönnum hefur fækkað um tæplega 40% frá því sem var fyrir árið 2008. Hefur

Þetta bæði leitt til niðurskurðar í safnaðarstarfinu og eins hins, að starfsálag þeirra sem eftir eru hefur stóruáskil. Er því full ástæða til að standa vörð um þau störf sem eftir standa og andmæla þeim röddum sem halda því fram, að enn þurfi að fækka í okkar hópi.

Sameiginlegt starf Reykjavíkurprófastsdæma o.fl.

Megin verkefni Ellimálaráðs Reykjavíkurprófastsdæma er að styðja við kirkjustarf eldri borgara í söfnuðunum. Er það m.a. gert með margvíslegum námskeiðum og samráðsfundum fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða safnaðanna, sem munu vera um 130, og með því að skipuleggja og sjá um ýmiskonar sameiginlega viðburði fyrir þennan aldurshóp, en nú mun vera opið hús fyrir aldraða í nánast öllum kirkjum í prófastsdæmunum tveimur. Þá hefur einnig verið mikil aðsókn í sumardvöl fyrir aldraða á Löngumýri, sem Ellimálaráðið skipuleggur í samráði við Ellimálanefnd kirkjunnar. Framkvæmdastjóri Ellimálaráðs er, eins og áður sagði, Þórey Dögg Jónsdóttir og er hún boðin velkomin til starfa á þessum vettvangi.

ÆSKR býður sömuleiðis upp á fjölbreytt starf bæði fyrir leiðtoga og unglinga í æskulýðsfélögum safnaðanna. Má sem dæmi nefna, að Farskóli leiðtogaefna útskrifaði 28 þátttakendur á þessu vori og hefur skólinn nú útskrifað um 270 einstaklinga, sem margir hverjir taka eða hafa tekið virkan þátt í starfinu í söfnuðunum. Einkunnarorð ÆSKR á síðasta starfsári voru: „Græn með Guði“ og var í samræmi við það lögð sérstök áhersla á það í starfinu, að minna á ábyrgð okkar gagnvart sköpunarverki Guðs. Framkvæmdastjóri ÆSKR er Dagný Halla Tómasdóttir.

Starfsemi Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma er bæði viðamikil og fjölpætt, en prófastarnir í Reykjavíkurprófastsdæmunum sitja fundi framkvæmdanefndar sitt hvort árið og sat undirritaður þessa fundi sl. starfsár.

Starfsemi Fjölskylduþjónustu kirkjunnar hefur dregist töluvert saman á síðustu misserum vegna niðurskurðar. Prófastsdæmið hefur frá upphafi stutt þetta starf með verulegum fjárfamlögum og telur héraðsnefnd mikilvægt að þessum stuðningi verði ekki hætt, enda um ákaflega mikilvæga þjónustu kirkjunnar að ræða. Er því stefnt að því að stuðningur við Fjölskylduþjónustuna verði heldur aukinn á næsta ári.

Þá vil ég geta þess, að prófastsdæmið hefur styrkt starf Hjálparstarfs kirkjunnar með allmiklum framlögum, enda heldur umsóknunum um aðstoð Hjálparstarfsins áfram að fjölga og þá ekki hvað síst úr okkar prófastsdæmi.

Sjóðir, samskipti við Reykjavíkurborg o.fl.

Ekki var úthlutað styrkjum úr Starfssjóði safnaðarhjálparrinnar í Reykjavíkurprófastsdæmunum á þessu vori, enda hafa tekjur sjóðsins dregist mjög saman í kjölfar bankahrunsins. Er nú stefnt að því að endurskoða starfsreglur sjóðsins.

Samkvæmt ákvörðun kirkjuráðs um úthlutun úr Jöfnunarsjóði sókna árið 2014 koma 21,5 milljónir kr. í hlut fjögurra sókna í prófastsdæminu, en árið áður fengu sex sóknir alls 24,3 milljónir kr.

Þá fengu tveir söfnuðir í prófastsdæminu úthlutun úr Kirkjubyggingarsjóði Reykjavíkur á þessu ári, en framlag borgarinnar til sjóðsins hefur verið nánast óbreytt að krónutölu frá hrúni eða 11,2 milljónir. Það er því ekki er von á háum fram-
lögum til hvers aðila, þegar umsóknir í sjóðinn voru níu.

Ljóst er að með nýrri – og breyttri túlkun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur á reglum um samskipti skóla og trúar- og lífsskoðunarfélaga, sem samþykktar voru í Borgarráði haustið 2010, hafa möguleikar safnaðanna til samstarfs við skólanna enn þengst. Er nú svo komið, að nánast hefur verið tekið fyrir alla möguleika frjálsra félagasamtaka á því að kynna starf sitt í skólunum. Hefur þetta valdið mörgum aðilum miklum erfiðleikum og kemur í raun í veg fyrir að skólinn sé í eðlilegu samstarfi við nærumhverfið. Undirstrikar þessi staða enn mikilvægi þess, að við leitum allra leiða til að fá þessar reglur endurskoðaðar sem allra fyrst, þannig að sníða megi af þeim mestu vankantana. Hefur þetta mál m.a. verið tekið upp í samstarfsnefnd Reykjavíkurborgar og Reykjavíkurprófastsdæma, en sú nefnd hefur því miður verið nánast óvirk seinni hluta kjörtímabilsins.

Á vorfundum presta og sóknarnefndaformanna kom upp sú hugmynd, að senda framboðunum í Reykjavík og Kópavogi nokkrar spurningar varðandi afstöðu þeirra til samskipta sveitarfélaganna og stofnana þeirra við þjóðkirkjuna og söfnuði hennar. Sendum við því þrjár spurningar til allra framboðanna og voru svörin síðan birt á heimasíðum kirkjunnar.

Fjárhagur sókna- og prófastsdæmis

Það má öllum ljóst vera, að hinn mikli niðurskurður sóknargjaldsins síðustu fimm árin hefur haft verulega neikvæð áhrif á starf safnaðanna, prófastsdæmisins og kirkjunnar allrar. Ég hef tekið saman yfirlit yfir niðurskurðinn eins og hann hefur verið í hverjum söfnuði fyrir sig og kemur þar fram, að heildarniðurskurðurinn í prófastsdæminu er nú orðinn um 850 milljónir króna eða að meðaltali u.þ.b. 170 milljónir kr. á hverju ári. Heildarniðurskurðurinn til allra safnaða þjóðkirkjunnar nemur nú rúmlega 3,2 milljörðum. Það þarf því engan að undra, þótt víða stefni í þrot. Það er líka ljóst, og hefur verið viðurkennt af opinberum aðilum, að sóknargjaldið hafi verið skorið niður langt umfram þann niðurskurð, sem aðrir aðilar hafa almennt mátt þola vegna efnahagshrunsins.

Í ljósi þessa skipaði innanríkisráðherra sl. vetur starfshóp, sem falið var að finna ásættanlega lausn á fjárhagsvanda kirkjunnar vegna þessa niðurskurðar, og var undirritaður skipaður hópurinn fyrir hönd kirkjunnar ásamt Ingu Rún Ólafsdóttur, kirkjupingsfulltrúa og formanni sóknarnefndar Breiðholtssóknar. Starfshópurinn hefur skilað skýrslu sinni til ráðherra og kemur þar enn í ljós, hvað sóknargjaldið hefur verið skorið mikið niður, umfram þann niðurskurð sem aðrir aðilar hafa mátt þola. Gerir hópurinn það að tillögu sinni, að þessi munur verði leiðréttur á næstu þremur til fjórum árum og að síðan verði að því stefnt, að sóknargjaldalögin komi að fullu til framkvæmda sem fyrst eftir það. Verði farið að tillögum hópsins má gera ráð fyrir að sóknargjaldið yrði á árinu 2015 hækkað í 850 - 870 kr. á mánuði.

Á aukahéraðsfundi haustið 2012 var samþykkt að héraðssjóður skyldi, vegna hinnar erfiðu fjárhagsstöðu, endurgreiða söfnuðum prófastsdæmisins 1% sóknar-

gjaldsins. Kom þessi endurgreiðsla til framkvæmda í fyrsta sinn á sl. ári. Nam endurgreiðslan alls kr. 4.512.820 og var u.þ.b. fjórðungur þessarar upphæðar endurgreiddur til samstarfssvæðanna, en hinn hlutinn beint til sóknanna.

Kirkjuþing

Sl. vor var kosið til kirkjuþings skv. nýjum kosningareglum. Nokkrir hnökrar komu í ljós við framkvæmd rafrænnar kosningar, auk þess sem túlkun kjörstjórnar á kjörgengi kemur mörgum undarlega fyrir sjónir. Hlýtur það því að verða eitt af fyrstu verkum nýs kirkjuþings að yfirfara og endurskoða kosningareglurnar.

Þá tel ég það brýnt, að kirkjuþingsfulltrúar okkar svæðis standi saman að því, að hafna þeim hugmyndum um fækkun presta á höfuðborgarsvæðinu, sem ítrekað hafa komið fram m.a. á kirkjuþingi, og sömuleiðis um það, að tryggt verði að þau embætti sem losna á svæðinu séu auglýst þegar í stað. Við þolum ekki meiri fækkun starfsfólks en orðið er.

Niðurlagsorð

Að lokum vil ég færa þeim mörgu, sem komið hafa að starfinu í prófatsdæminu á sl. starfsári, innilegar þakkir. Það er blessun þessa starfs, hversu mörg þau eru, sem eru fús að leggja hönd að verki og gefa bæði af tíma sínum og kröftum til þjónustunnar á guðsríkisakrinum. Og síðast, en ekki síst, vil ég svo fá að þakka góðum Guði, sem hefur blessað starfið svo ríkulega á liðnum árum þrátt fyrir margvíslegt andstreymi og erfiðleika. Hann yfirgefur okkur ekki á hverju sem gengur, heldur hefur nýtt fyrir stafni. Því megum við treysta. Hann gerir veg um eyðimörkina og fljót í auðninni og hefur heitið því, að gefa okkur þann styrk og kraft, sem við þurfum á að halda til að starfa og þjóna í kirkju hans. Við skulum því fela honum þá vegferð sem framundan bíður.

Reykjavíkúrprófastsdæmi vestra

Birgir Ásgeirsson, prófastur

Lúkasarguðspjall 17:10

„Eins skuluð þér segja, þá er þér hafið gert allt sem yður var boðið: Ónýtir þjónar erum vér. Vér höfum gert það eitt sem oss bar að gera.“

Orð sköpunarinnar opnar augu fólks fyrir möguleikum lífsins, miskunn Guðs tengir saman og kærleikur hans brýnir til dáða. Þjónar kirkjunnar, leikir og lærðir, leggja sig fram til góðra verka, leggja stein í hús Drottins til uppbyggingar. Orð og verk Drottins eru fyrirmyndin, þjónustan er köllunin. Allir reyna af fremsta megni að gera vel og vilja gjarnan gera betur og reynast betur en mögulegt er. Fólkið í kirkjunni er samstarfsfólk Jesú Krists. Hann kallar til dáða og laðar fram það besta sem býr í hverjum og einum. Orð hans eru hvatning, fyrirheit hans vonin, kærleikur hans faðmlag hans og bros. Lof sé þér Kristur.

Mikilvægt er að skoða og skilgreina án ótta. Gagnrýna af kostgæfni og vanda samræðuna. Allt stefnir að því að bæta samfélagið, mannlífið. Áfram enn. Náð Drottins er óendanleg, öllum til reiðu, sífelld svölun, lífsins lind.

Sóknargjöldin

Hrunið 2008 setti mark sitt á þjóðlífið allt á Íslandi. Þjóðkirkjan og aðrir söfnuðir, sem eiga rekstur sinn undir sóknargjöldum hafa orðið fyrir miklum búsigfum vegna niðurskurðar sóknargjalda. Á héraðsfundi í RPV 2012 var samþykkt harðorð ályktun um þá ráðstöfun ríkisins að halda eftir innheimtum sóknargjöldum. Þá lá einnig fyrir að „niðurskurðurinn“ var meiri hjá þjóðkirkjunni en öðrum stofnunum sem eiga í fjárhagslegum tengslum við ríkið. Í vetur setti prófastur Reykjavíkúrprófastdæmis eystra, sr. Gísli Jónasson, fram yfirlit yfir hina raunverulegu stöðu á skilum ríkisins á innheimtum sóknargjöldum. Skýrslan sýnir svart á hvítu hversu mjög hefur verið sorfið að þjóðkirkjunni og söfnuðunum í landinu, vegna þessa samdráttar. Í krónum talið munar þar tæpum 500 milljónum samtals. Þessar upplýsingar hafa vakið athygli og hefur sérstök nefnd verið skipuð til þess að setja fram tillögur til úrbóta. Hún er að störfum og miklar vonir bundnar við tillögur hennar. Ráðherra innanríkímála og ráðuneyti hans hafa með því tekið spor í þá átt að leiðrétta þessa mismunun og koma til móts við ályktanir og umkvartanir þjóðkirkjunnar.

Prestsembættin

Ofangreindur samdráttur hefur haft margvísleg áhrif á starfsemi kirkjunnar og dregið úr þjónustumætti hennar. Þá hefur það gerst að prestsembættum innan þjóðkirkjunnar, sem byggir á samkomulagi „um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar 10. janúar 1997“ hefur verið fækkað úr 138 í 106. Byggist sá samningur þó á föstum grunni jarðamatsins og hefur í raun ekki

með „hrunið“ að gera. Á fyrsta Kirkjubingingu eftir hrun (2009) var talið eðlilegt og samþykkt að fækka embættum og sýna þannig samstöðu í almennum aðgerðum. Fækun embætta hefur síðan verið ítrekuð og samþykkt af kirkjubingingu árlega. Nú er komið í ófni og ljóst að afleiðingarnar eru svo alvarlegar að ekki verður við unað. Til stóð m.a. að leggja niður prestsembættið í Háteigssókn og jafnvel í fleiri tvímenningsprestaköllum. Þeirri þróun hefur nú verið snúið við. Skilningur og viðbrögð biskups, hefur þar ráðið miklu, og þau einbeittu viðbrögð sóknarbarna almennt (sóknarnefnda og annarra leikmanna í kirkjunni). Þegar embætti prests við Háteigskirkju var auglýst, nú á vordögum, sóttu 19 manns um. Það eru gleðileg viðbrögð við auglýsingu um embætti, en bendir einnig til þess að misvægi hafi orðið á milli fjölda presta og embætta vegna samdráttarins. Það getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér, m.a. flóttu úr stéttinni og minni aðsókn í guðfræðinám.

Kirkjufundur

Að frumkvæði sr. Sigurðar Árna Þórðarsonar, kirkjubingsmanns í RPV og beggja prófastanna í Reykjavík kom fram sú hugmynd, að haldin skyldi almennur kirkjufundur til að ræða og álykta um þessi tvö mikilvægu mál. Þeirri hugmynd var vel tekið og fundurinn haldinn í Bústaðakirkju 12. febrúar sl. Skemmst er frá því að segja að fundarmenn, sem voru flestir fulltrúar úr sóknarnefndum í Reykjavík, um 50 talsins, voru nánast einróma í málflutningi sínum og voru samþykktar samhljóða eftirfarandi ályktanir:

1. Kirkjufundurinn vekur athygli biskups Íslands, kirkjuráðs og kirkjubings, á því, að víða er misræmi í þjónustuskýldu presta eftir íbúafjölda og mikilvægt sé að miða þjónustuna meira við íbúafjölda en gert er í dag. Þess vegna er þörf á því að fjölga prestum á höfuðborgarsvæðunum en ekki fækka.
2. Ennfremur minnir kirkjufundurinn á, að svo gróflega hafi verið vikið frá því samkomulagi milli ríkis og þjóðkirkju um kirkjuarðirnar, sem birtist í lögum 78/1997, að við það verði ekki unað. Enda mun sú greiðsla sem birtist í fjárlögum á fyrstalandi ári aðeins duga fyrir u.þ.b. 106 prestsembættum í stað þeirra 138 embætta sem kirkjuarðasamkomulagið kveður á um. Hvetur fundurinn stjórnvöld til leiðréttingar á þessu ástandi þegar í stað, enda hafa þessar vanefndir leitt til óásættanlegs niðurskurðar á allri starfsemi og þjónustu kirkjunnar.
3. Kirkjufundurinn beinir þeim eindregnu tilmælum til ríkisstjórnar og Alþingis, að skila til safnaðanna þeim sóknargjöldum, sem innheimt hafa verið og leiðrétta fjárhæð þeirra til samræmis við gildandi lög um sóknargjöld.

Þjónustan í Reykjavík vestra og almennt í þjóðkirkjunni

Helgihald sunnudagsins er almennt það sem frekast blasir við, þegar spurt er um þjónustu prestsins. Prestsþjónusta er þó mun fjölbreyttari og flóknari en mörgum sýnist og mikilvægur þáttur mannlegs lífs í blíðu og stríðu. Menntun prestsins miðar að því að undirbúa hann fyrir afar brýnt starf og þjónustu, þar sem mikið reynir á í mannlegum samskiptum og í lífi fólks á örlagastundum. Það á við um samskipti augliti til auglitis, einkasamtöl, oft við erfiðar aðstæður, fjölskyldusamtöl eða hópvíðræður, áfallahjálp, sálgæslu. Á hinn bóginn eru fundir, helgiathafnir og

aðrar athafnir, þar sem margir koma saman og presturinn er leiðandi aðili. Hvað sem fyrir liggur hefur presturinn skyldum að gegna sem fræðimaður á sínu sviði, guðfræði og siðfræði, en einnig í sálgæslu og samskiptum, þar sem mjög reynir á persónulegan styrk og næmi á kringumstæður.

Prestsstarf er mjög krefjandi, tímafrekt og hlaðið óvæntum uppákomum. Skilgreiningar á hlutverki prestsins eru viðamiklar, en greining á vinnutíma og álagi hafa að mörgu leyti orðið útundan.

Undanfarin misseri hefur skýrslugerð presta verið gjörbreytt og er nú framsett í stafrænu formi. Annars vegar er um að ræða skýrslur um helgihald, sem er tiltölulega auðvelt í framkvæmd, hins vegar um önnur störf og þjónustu prests í fjölbreyttri mynd. Þessi breyting kallar á skilmerkilegri og nákvæmari skilgreiningar starfsins, en áður hafa verið gerðar. Þar hefur sannarlega reynt á regluverkið og höfunda þess, sem og prestinn sjálfan, sem gerir skýrslurnar. Þróunin stendur yfir og smátt og smátt verður útkoman greinilegri og gefur betra yfirlit yfir þjónustu prestanna og störf kirkjunnar í heild. Við megum alls ekki láta deigan síga í þessari endurbættu framkvæmd skýrslugerðar, heldur takast á við þetta verkefni af samviskusemi og áræði. Við þurfum betri og nákvæmari vinnuskýrslur svo að hægt sé að endurbæta og endurmeta starf og þjónustu kirkjunnar í heild og um leið þjóna hennar. Við þurfum líka betra og glegggra yfirlit yfir starf prestanna, svo hægt verði að skipuleggja betur vinnutíma þeirra og starfshætti. Þannig verða afköstin markvissari, hvíldartíminn betur afmarkaður og endurnýjun í starfi árangursríkari. Vinnutími presta er í flestum tilvikum yfir þeim mörkum, sem teljast eðlileg, forsvanleg heilsunnar vegna eða hagkvæm þeirri staðreynd að presturinn er oftast einnig í hlutverki maka og foreldris. Í sumum tilfellum eru þessi mörk yfir hætumörkum. En í öllum þessum tilvikum á þjóðkirkjan að vera til fyrirmyndar. Eftir 40 ára starfsreynslu lit ég svo á að hér sé um brýnt verkefni að takast á við innan þjóðkirkjunnar. Í því sambandi þarf að skoða vel vígslubréf prestanna og skilgreiningar og skipulag embættanna. Ný lög eru í vinnslu, sem verða kynnt hér á fundinum. Það er mikið ávinningsefni að fá kirkjulögin endurskoðuð, en þar þarf að skoða vel hvern lið. Við þurfum að hjálpast að við það og gera lögin betri en þau eru. Það er auðskilið markmið.

Þjónustan erlendis

Þau gleðilegu tíðindi urðu nú á útmánuðum þessa vetrar, að samþykki fékkst fyrir aukinni þjónustu í Svíþjóð og Danmörku. Lágmarksþjónusta hefur verið í Danmörku síðan 2009, nánast í viðlögum, en sr. Ágúst Einarsson, sem búsettur er í Gautaborg hefur verið sjúkráhusprestur þar á vegum Sjúkratrygginga Íslands, en þjónað íslensku söfnuðinum í Svíþjóð, einkum Gautaborg, eftir því sem hægt hefur verið. Hlutaun hefur hann þegið af söfnuðinum í Gautaborg. Síðan hefur sr. Ágúst farið nokkrar ferðir til Kaupmannahafnar og sýnt þar mikinn velvilja og þjónustulund, sem og í öðru, sem hann hefur gert í kirkjulegri þjónustu þar ytra.

Meðan umræður milli þjóðkirkjunnar, sendiráðsins í Kaupmannahöfn og utanríkisráðuneytisins áttu sér stað, var sú einstaka ákvörðun tekin af sóknarnefnd íslenska safnaðarins í Noregi að styrkja prestsþjónustuna í Svíþjóð og Danmörku

með myndarlegu fjárframlagi. Var það mikilvægt framlag á vog þeirrar skálar sem safnað var í. Nú er sr. Ágúst ráðinn í hálf starf á vegum Þjóðkirkjunnar og í hlutastarf á vegum Sjúkratrygginga. Með þessum ráðstöfunum hefur aftur náðst samstarf þessara 3ja fyrrnefndu aðila og er þess að vænta að nú vaxi þjónustunni fiskur um hrygg á nýjan leik.

Íslendingar búsettir á Norðurlöndum eru á 3ja tug þúsunda. Þjóðkirkjunni eru miklar skyldur á herðar lagðar við að missa ekki við tengsl við þá Íslendinga sem af einhverjum ástæðum búa erlendis um lengri eða skemmri tíma. Norðurlöndin skera sig þar úr að fjölda til. Kristileg þjónusta á móðurmáli efla samskipti fjölskyldna, vina og námsmanna og tengslin heim rofna síður. Ég geri mér grein fyrir því að þjónusta við aðra íslenska söfnuði hafa verið minni en ásættanlegt er, en vonast til að hægt verði að efla hana þegar fram í sækir. Þar á ég við íslenska söfnuðinn í London og Lúxemborg. Undir handleiðslu góðs áhugafólks hafa þessi söfnuðir verið ótrúlega duglegir í því að láta böndin ekki rofna. Það er mjög virðingarvert og sýnir hve þörfin er mikil. Ég þakka hér með jákvæð viðbrögð viðkomandi aðila að þessu máli og vonast til að þjónusta þjóðkirkjunnar erlendis eflist verulega á komandi árum.

Kynningarmynd

Á prófastafundi í janúar sl. óskaði biskup, frú Agnes, eftir því við okkur prófastana að við gengjumst fyrir því að gera 3ja mínútna yfirlitsmynd um kirkjulega starfsemi í prófastsdæmunum. Í framhaldi af því sneri ég mér til Karls Jeppesen, sem er reyndur maður á þessu sviði bæði hjá sjónvarpi og Námsgagnstofnun. Í samráði við okkur sr. Irmu Sjöfn gerði hann handrit og upptökuáætlun. Síðan hefur hann með góðu leyfi prestanna farið á milli hér í Reykavík vestra, verið viðstaddur ýmsa viðburði í kirkjunum og annars staðar, þar sem kirkjuleg starfsemi fer fram og tekið upp efni. Það hefur vakið undrun hans hversu fjölbreytt og viðamikil starf er unnið á vegum hinna ýmsu sókna og kirkna. Ljóst er að tímamörkin eru þröng, en 3ja mínútna yfirlitsmynd verður tilbúin í tæka tíð. Þá skal þess geta að efnissöfnunin er mun meiri og hefur Karl Jeppesen lagt fram hugmyndir að 40 til 50 mínútna upplýsingamynd um prófastsdæmið. Ég mun fara þess á leit við hann að fá hana keypta og mun kynna þá hugmynd nánar og síðar. Ef þetta á að geta gerst þarf þátttaka sóknanna að koma til og hugsanlega Biskupsstofa. Hins vegar er slík heimildarmynd áreiðanlega eftirsóttur kostur og hvetjandi þáttur í safnaðar- og kirkjustarfi okkar.

Þjónustan

Fastir fundir presta og annarra innan prófastsdæmisins hafa verið með svipuðu móti og áður. Störf prófasts eru að mörgu leyti svipuð ára í milli, aðeins mismunandi áherslur. Nú stendur yfir mikil umskiptahrina í embættum. A.m.k. fimm embætti hafa verið auglýst laus til umsóknar innan prófastsdæmisins á þessu ári. Prestur í Háteigsprestakall hefur verið valinn sr. Eiríkur Jóhannsson, sóknarprestur í Laugarnesprestakall, sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir, prestur í Dómkirkjuprestakall, sr. Sveinn Valgeirsson. Tvö eru nýlega skipuð dugmiklum prestum, Seltjarnarnes- og

Langholtsprestaköll. Þórey Jónsdóttir, djákni, hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Ellimálaráðs Reykjavíkurprófastsdæmanna í stað Valgerðar Gísladóttur.

Reykjavíkurprófastsdæmi vestra er fjölþættasta prófastsdæmi landsins, starf og þjónusta fjölbreytt. Aukin ferðaþjónusta hefur nú þegar sett mikinn svip á miðborg Reykjavíkur, en einnig á starf kirkjunnar í prófastsdæminu, svo sem víðar á landinu. Þjónusta við útlendinga er sérstakt verkefni sem auka þarf og bæta.

Vesturlandsprófastsdæmi

Sr. Þorbjörn Hlynur Árnason, prófastur

Héraðsfundur Vesturlandsprófastsdæmis var haldinn í Borgarnesi sunnudaginn 27 apríl. Fundurinn hófst með messu í Borgarneskirkju, þar prédikaði séra Anna Eiríksdóttir í Búðardal. Séra Elínborg Sturludóttir í Stafholti þjónaði fyrir altari ásamt sóknarpresti.

Á dagskrá fundarins voru hefðbundin aðalfundarstörf. Gestur fundarins var séra Þorvaldur Viðisson biskupsritari er fjallaði um megináherslur í kirkjustarfi.

Í héraðsnefnd sitja auk prófests sr. Gunnar Eiríkur Hauksson í Stykkishólmi og Indriði Valdimarsson á Akranesi. Varamenn eru sr. Elínborg Sturludóttir í Stafholti og Sigrún Baldursdóttir á Hellissandi. Fráfarandi kirkjupingsmenn prófastsdæmisins eru séra Óskar Ingi Ingason í Ólafsvík og Birna Konráðsdóttir Borgum.

Unnið er að tillögum að framtíðarskipan mála í hinu nýja Vesturlandsprófastsdæmis. Á síðasta ári vann starfshópur ágæta skýrslu um þau efni. Margar þarflegar ábendingar komu fram í skýrslunni. Bent var á auka mætti samstarf kirkjukóra og organista og hvatt til sameiginlegra kóramóta í prófastsdæminu. Fjallað var um samstarfssvæðin innan prófastsdæmisins. Þar hefur margt gerst, en uppleggið frá kirkjupingi er nokkuð hátimbrað, með tilliti til skipulags og samráðs og ljóst að mikill aukakostnaður vegna ferða leggst á presta sem leikmenn. Þá var bent á nauðsyn þess, að Vesturlandsprófastsdæmi nyti þjónustu héraðsprests, er gæti dregið úr því óhagræði er sameining prófastsdæmanna gömlu hefur í för með sér.

Sameining prófastsdæmanna hér á Vesturlandi var gerð í óþökk heimamanna, líkt og margoft hefur komið fram. Rýr efnisleg rök lágu þar að baki. Prófastsdæmin tvö voru ágætlega sjálfbærar starfseiningar. En nú er þetta orðið og víst er að einhvern tíma tekur að þróa samstarf innan þessa stóra svæðis. Alveg er þó ljóst að vinnu á borð við samstarf um fermingarfræðslu og æskulýðsmálefni þarf að vinna svæðaskipt, líkt og áður var. Það er engu að síður góður hugur og vilji meðal presta, sóknarnefndarfólks og starfsfólks safnaðanna að vinna saman að eflingu kirkjustarfsins á héraðsvísu.

Um hefðbundið kirkjustarf í prófastsdæminu er það að segja að þar er allt með svipuðum hætti og síðustu ár. Sóknirnar eru, líkt og víðast á landsbygginni ólíkar að stærð og burðum, en víða er þróttmikið æskulýðsstarf, auk hinnar hefðbundnu þjónustu. Prestar og starfsfólk í æskulýðsstarfi hafa verið dugleg að halda fermingarbarnasamverur innan samstarfssvæðann.

Líkt og öllum er kunnugt hefur kirkjan fengið sinn skerf af þeim efnahagserfiðleikum sem gengið hafa yfir þjóðina síðustu misseri og ár. Sóknargjöld, sem eru í raun félagsgjöld þjóðkirkjumanna hafa verið skert verulega. Það gildir einnig um sjóði kirkjunnar svo sem jöfnunarsjóð og kirkjumálasjóð. Vitaskuld hafa þessar skerðingar haft sín áhrif á fjárhagslega stöðu sóknanna í héraði, en sóknarnefndir hafa sýnt ábyrgð og varfærni og ekki farið fram úr sér varðandi framkvæmdir eða aðrar skuldbindingar, þannig að hvergi eru veruleg vandræði vegna lækkaðra sóknartekna, þótt vitaskuld þurfi að taka skrefin varlega.

Nú er hins vegar svo komið, að söfnuðir munu vart þola frekari skerðingar án þess að það bitni á starfi þeirra og þjónustu við sóknarfólk. Þá þarf að sinna viðhaldi á mannvirkjum, sem hefur verið látið bíða eftir því sem kostur er. Á síðasta ári varð ljóst að skerðingar þessar eru farnar að bita verulega, svo að til vandræða horfir varðandi nauðsynlegt viðhald.

Störf nefndar þeirrar er innanríkisráðherra skipaði til að kanna áhrif skerðinga á starfsemi sóknanna hafa hins vegar leitt í ljós að skerðingarnar, eða eignaupptakan er langt umfram það sem gefið var til kynna; alþingi virðist hafa verið blekk með villandi útreikningum frá fjármálaráðuneytinu, þar sem ekki var tekið tillit til verðlagsbreytinga milli ára. Því þarf verulega og skjóta hækkun á sóknargjöldum til að þau standi ámóta og tekjustofnar hliðstæðra stofnana. Kirkjan er ekki að heimta neitt umfram aðra, einvörðungu að stofnanir hennar sitji við sama borð og hliðstæðar stofnanir.

Nú er því brýnt að kirkjufólk, með biskup, kirkjuráð og kirkjuping grípi til varna sem duga svo ekki fari illa í kirkjustarfi.

Árið 2011 byrjaði samstarf um pílgrímagöngur. Fyrst voru það prestarnir í Stafholts- Reykhólts og Hvanneyrarprestaköllum hófu þetta starf, að frumkvæði séra Elínborgar Sturludóttur. Síðar var vettvangurinn stækkaður og Borgar- og Saurbæjarprestaköll bættust við. Upp var sett heimasíða, pílgrímar.is, þar sem göngurnar voru kynntar og sú hugsun er þar liggur að baki. Áhugasömum er bent á að kynna sér efni síðunnar. Þetta er afar dýrmætt samstarfsverkefni er hlotið hefur mjög góðar undirtektir, ekki aðeins meðal heimafólks, heldur hefur fólk komið um langan veg til að taka þátt. Héraðssjóður hefur stutt þetta framtak.

Að ganga í hópi frá einum helgistað til annars, fara götur og leiðir er farnar voru um aldir, er sérlega gefandi; gangan gefur andlega, trúarlega og líkamlega heilsubót, skapar ný kynni og eflir samkennd fólks og vináttu.

Ráðstefna um pílgrímagöngur var haldin í Reykholti í marsmánuði þann 20. mars var haldin ráðstefna um pílgrímagöngur í Reykholti. Fyrirlesarar voru þau Arne Bakken frá Noregi og Elisabet Lindell frá Danmörku, frumkvöðlar og þau reynt fólk á þessum vettvangi. Þáttaka í ráðstefnunni var mjög góð og alla vega fyrir mig persónulega einstaklega gefandi. Þökk sé þeim sem þar stóðu að undirbúningi.

Þá var í júlímánuði á síðasta ári, við upphaf göngu heimafólks á Skálholtshátíð, samkoma í Bæjarkirkju þar sem Karl Sigurbjörnsson biskup hafði afar fróðlegt erindi.

Leiðin austur um hefur nú verið stikuð. Það var mikið verk sem mun koma að stóru gagni.

Í þessu sambandi vil er rétt aðgeta þess, að biskup Íslands hefur falið séra Flóka Kristinssyni, með nýju erindisbréfi að þjóna að pílgrímaverkefnum á vegum

Úr óperunni
*Skáldið og
biskupsdóttirin*
eftir Alexöndru
Chernyshovu.



þjóðkirkjunnar. Þá er í hinu nýja erindisbréfi ákvæði um að hann sinni verkefnum á vegum prófatsdæmisins í samráði við prófast. Mér þætti verðugt að á Snæfellsnesi og í Döllum yrði hugað að undirbúningi og skipulagi pílagrímagangna, enda margar afar áhugaverðar leiðir þar að fara.

Á þessu ári er þess minnst, að 400 ár eru liðin frá fæðingu séra Hallgríms Péturssonar. Sr. Hallgrímur var sóknarprestur í Saurbæ á árunum 1651-1669 og þar orti hann Passíusálmana, sem hafa haldið nafni hans hvað hæst á loft alla tíð síðan. Sr. Hallgrímur var sextugur að aldri er hann andaðist á bænum Ferstiklu á Hvalfjarðarströnd þann 27. október árið 1674. Þessara tímamóta hefur verið minnst með veglegum hætti. Í dymbilviku var frumflutt í Hallgrímskirkju ópera eftir heimakonuna Alexöndru Chernyshovu, óperan „Skáldið og biskupsdóttirin“ og fjallar hún um vináttu sr. Hallgríms við Brynjólf biskup í Skálholti, en þó einkum vináttu hans við Ragnheiði dóttur hans, sem hann færði að gjöf eitt fyrsta passíusálmahandritið árið 1661 er Ragnheiður var einungis 19 ára að aldri.

Um var að ræða konsertuppfærslu. Handrit er eftir Guðrúnu Ásmundsdóttur leikkonu og Rúnar Kristjánsson samdi flesta söngtexta. Kór heimafólks söng ásamt einsöngvurum. Stjórnandi var Magnús Ragnarsson.

Þetta framtak er einstakt hér á Vesturlandi og var óperan flutt tvisvar fyrir fullri kirkju. Viðtökur voru mjög góðar.

Undanfarin fimm ár hafa Passíusálmarnir verið lesnir í Hallgrímskirkju á föstudaginn langa af Sigurði Skúlasyni, leikara, en að þessu sinni önnuðust lesturinn fjórar leikkonur, sem allar eiga það sameiginlegt að hafa leikið Guðríði Símonardóttur, eiginkonu Hallgríms, en fjöldi þeirra skírskotar til kvennanna fjögurra, sem Hallgrímur fékk í hendur fyrstu passíusálmahandritin áður en sálmarnir voru prentaðir, en fyrsta útgáfa þeirra var árið 1666. Leikkonurnar eru Helga Elínborg Jónsdóttir, Margrét Guðmundsdóttir, Ragnheiður K. Steindórsdóttir og Steinunn Jóhannesdóttir, sem jafnframt hafði umsjón með dagskránni.



Flytjendur hylltir í lok flutnings, frá vinstri: Egill Árni Pálsson, Kristján Jóhannsson, Guðrún Ásmundsdóttir, Alexandra Chernyshova, Ásgeir Páll Ágústsson, og Magnús Ragnarsson, stjórnandi.

Í tilefni af 400 ára fæðingarafmæli Hallgríms hefur Steinunn einnig tekið saman kver, sem fjallar um fyrstu passíusálmahandritin og hefur það hlotið nafnið „Svoddan ljós mætti fleirum lýsa“ en fyrirsögnin geymir tilvísun í umsögn sr. Jóns Jónssonar á Melum í Melasveit um sálmana, en hann var skáldabróðir sr. Hallgríms. Um sálmana sagði hann: „...væri óskandi að þessir hjartnæmu sálmar af svo dýrðlegu efni innilega samantekni lægi ekki í einu eður tveimur húsum, heldur að svoddan ljós mætti fleirum lýsa og til góðrar uppvakningar verða.“ Kverið stendur öllum ókeypis er vilja.

Á síðasta ári urðu prestaskipti í Staðastaðarprestakalli. Séra Guðjón Skarpheðinsson lét þá af þjónustu, en hann tók við kallinu árið 1996. Sóknarbörn þokkuðu honum dygga þjónustu með margvíslegum hætti og við prestar prófatsdæmisins kvöddum hann með hófi síðastliðið haust. Þeim ágætu hjónum séra Guðjóni og Klöru Bragadóttur fylgja góðar óskir úr héraði.

Umsækjendur um kallið voru átta. Sóknarbörn í Staðastaðarprestakalli fóru fram á almenna prestskosningu og gekk það eftir, enda skrifaði tilskilinn fjöldi sóknarmanna undir ósk þess efnis.

Í þessu ferli var skýrt að kirkjufólk vildi nýta lögbundinn rétt sinn; ekkert vantraust var uppi gagnvart valnefnd.

Prófastur hélt kynningarfund í október að Breiðabliki, þar sem umsækjendur kynntu sig og sátu fyrir svörum fundarmanna sem fylltu húsið. Kosningabarátta, ef kalla má ferlið það, er fólk fer um og kynnir sig, var öllum til sóma.

Kosningin fór fram þann 2. nóvember. Hlutskarpastur varð Páll Ágúst Ólafsson guðfræðingur. Hann hlaut vígslu þann 8. desember og var settur inn í embætti við messu í Fáskrúðarbakkakirkju þann 26. janúar.

Við bjóðum séra Pál Ágúst og Karen Ólafsdóttur eiginkonu hans, velkomin til þjónustunnar.

Sá háttur var hafður á, að embættið var auglýst með þeirri kvöð, að hluti, allt að

50 prósent, félli undir þjónustu á héraðsvisu. Þetta er nýmæli hér um slóðir. Séra Páll hefur þegar tekið að sér verkefni á vettvangi prófstsdæmisins, meðal annars sett upp heimasíðu, en frekari útfærsla á þessum verkþætti en nú framundan.

Aukahéraðsfundur var haldinn á Akranesi þann 30. október síðastliðinn. Tílefni fundarins var að gefa umsögn um tillögu að sameiningu Garðaprestakalls og Saurbæjarprestakalls, tillögu er fyrst kom fram á kirkjuþingi 2012. Ekki var kveðið á um hvernig sameiningin ætti að verða, orðalag hennar var afar opið, einfaldlega sagði að biskupi væri falið að kynna tillögu að sameiningu prestakallanna tveggja. Aðalsafnaðarfundir í viðkomandi prestaköllum höfðu fjallað um tillöguna og lagst gegn sameiningu, og hið sama gerði aukahéraðsfundurinn.

Ályktunin var svohljóðandi.

„Aukahéraðsfundur Vesturlandsprófstsdæmis, haldinn á Akranesi 30. okt. 2013, tekur undir þá afstöðu er kemur fram í umsögnum aðalsafnaðarfunda í Garða- og Saurbæjarprestaköllum, að leggjast gegn sameiningu prestakallanna – enda liggur ekki fyrir með hvaða hætti sú sameining yrði. Ekki hefur verið sýnt fram á að sparnaður hljótist af sameiningu prestakallanna.

Fundurinn bendir á, að jöfnun á þjónustubyrði mætti ná með aukinni samvinnu milli prestakallanna, líkt og áður hefur verið og góð reynsla er af.“

Ályktun þessi var samþykkt samhljóða.

Þá kom fram á fundinum eindregin krafa um að 6. mál kirkjuþings 2013, í þeirri mynd sem það er nú, verði ekki tekið til umfjöllunar og afgreiðslu án formlegrar umfjöllunar og aðkomu safnaðarfunda og héraðsfundar, enda er það mál efnislega ólíkt 6. máli 2012, þar sem þar er gert ráð fyrir niðurlagningu prestakallanna.

Afdrif þessa máls á kirkjuþingi urðu þau að málið fékk ekki framgang, meðal annars væntalega vegna umsagna úr héraði.

Staðan er því óbreytt varðandi Garða- og Saurbæjarprestaköll. Sr. Kristinn Jens í Saurbæ hafði með höndum stoðþjónustu, síðasta vetur. Nú í vetur hefur sr. Úrsúla Árnadóttir sinnt stoðþjónustu í hálfu starfi. Enn er óráðið hvað verður næsta vetur, en vonandi leysist úr því á næstu vikum. Það er óþægilegt að hafa þetta allt einhvern veginn í óvissu, samvinna milli prestakallanna, eða þá nýtt embætti á Akranesi virðist nú vænlegasti kosturinn.

Í Reykholti fer fram margháttuð starfsemi. Mikið líf er í Snorrastofu og þar meðal annars boðað reglulega yfir veturinn til fyrirlestra um efni er tengjast sögu og menningu í Borgarfirði.

Reykholtskirkju er áfram gert til góða. Þorvaldur Jónsson oddviti sóknarnefndar, lagði kirkjunni til að vanda mikla vinnu. Á árinu lauk hann við ný galvanhúðuð handrið framan við kirkju og við innganga með aðstoð Óskars Jóhannssonar flugstjóra. Gáfu þeir verk sitt og efnið að stærstum hluta. Fyrirtækið búhagur ehf, Árni Ingvarsson á Skarði í Lundar-Reykjadal annaðist smíðina.

Jón Emilsson rafvirkjameistari gaf kirkjunni lýsingu á háltari kirkjunnar og altari Pétursstúku og á kross á kórþili. Karl Emil Jónsson rafvirki aðstoðaði við uppsetningu. Gerðu þeir félagar við ýmislegt í rafbúnaði kirkju og safnaðarheimilis í leiðinni og gáfu allt verkið. Skólafélagar úr Héraðsskólanum í Reykholti árin 1958-

1962 gáfu jafnframt útilýsingu á steinda glugga kirkjunnar í stúkum að norðan og sunnan.

Þá má nefna, að börn Dr. Björns Magnússonar gáfu á liðnu sumri Biblíusafn hans og guðfræðibækur til varðveislu og notkunar við kirkjuna. Eru Biblíurnar á ýmsum tungumálum, grísku, hebresku og latínu og helstu nýmálum Evrópu og frá ýmsum öldum. Er kirkjunni mikill sómi gerður með gjöf þessari. Gjöfinni fylgdu prýðilegir bókaskápar með glerhurðum. Nokkrir pastores emeriti hafa gefið kirkjunni guðfræðirit á undanförunum árum: Á kirkjan nú myndarlegt safn Biblíu og Nýja-testamenta, en uppistaðan í því safni er Biblíusafn Helga Jónssonar, sem Ingibjörg, dóttir hans gaf ásamt syni sínum, Guðmundi Inga Kjerúlf.

Í tilefni af sextíu ára vígsluafmæli Norðtungukirkju í Þverárhlið var hátíðarmessa þann 8. desember. Þar prédikaði vígslubiskupinn í Skálholti séra Kristján Valur Ingólfsson. Fjölmenni var í kirkjunni og bærust henni margar góðar gjafir. Að athöfn lokinni var boðið til kaffisamsætis í Norðtungu hjá hjónunum Kolfinnu Jóhannesdóttur og Magnúsi Skúlasyni, sem jafnframt er formaður sóknarnefndar.

Samráðsfundur presta í prófastsdæminu hafa verið all nokkrir, bæði innan starfs-svæðanna, og sömuleiðis á prófastsdæmisvísu. Þannig áttu prestar ágætan fund með séra Kristjáni Val Ingólfssyni vígslubiskupi Hvanneyri í febrúar síðastliðnum.

Enn er hin Evangelísk-Lútherska kirkja þjóðkirkja á Íslandi. Hópar sem kunna vel að láta í sér heyra og kunna að ná eyrum fólks hafa gagnrýnt það mjög. Ýmislegt hefur verið á borð borið og misgáfulegt. Meira að segja hefur mannréttindahugtakið verið gengisfellt með staðhæfinum um að þjóðkirkjufyrirkomulagið fari í bága við mannréttindi.

Í atkvæðagreiðslu um drög stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá haustið 2012, var spurt um vilja fólks gagnvart þjóðkirkjuákvæði. Niðurstaðan var einkar afgerandi og ánægjuleg. Þvert á spár margra reyndist taugin römm. Þannig reynum við prestar og kirkjufólk lík hug almennings hér um slóðir til kirkju sinnar.

Margt hefur verið kirkjunni mótdrægt síðustu árin.

Guð gefi okkur gæfu til að vera samstæð og sterk út á við – ekki þurfum við að vera eins, en ef ekki ríkir sæmileg sátt innan kirkjunnar – þá verður heldur ekki sátt um hana í samfélaginu.

Það er ljóst að þjóðin vill áfram samleið kirkju og þjóðar og þakkar þjónustu og framlag kirkju til íslenkrar þjóðmenningar; það á að vera kirkjufólki öllu hvatning til góðra verka. Guð láti gott á vita.

Vestfjarðaprófastsdæmi

Sr. Magnús Erlingsson, prófastur

Enginn maður er eyland, einhlítur sjálfum sér; sérhver maður er brot meginlandsins, hluti veraldar; ef sjávarbylgjur skola moldarhnefa til hafs, minnkar Evrópa, engu síður en eitt annes væri, engu síður en óðal vina pinna eða sjálfs þín væri; dauði sérhvers manns smækkar mig, af því ég er íslunginn mannkyninu; spyr þú því aldrei hverjum klukkan glymur; hún glymur þér. Þannig orti breski presturinn og skáldið John Donne í þýðingu Stefáns Bjarmans. Orð, sem þessi, eru Vestfirðingum hugstæð því þau minna okkur á þann dóm, sem ávallt gengur yfir heimsbyggðina og það hvernig fækkun fólks á Vestfjörðum er einnig tap annarra Íslendinga því fólkið flytur héðan og aftur heim til Noregs. Eftir sitja hörðustu hörkutólin og hinar vöskustu meyjar, fólk, sem aldrei hefur látið hlut sinn hvorki fyrir höfuðskepnunum né nokkru öðru valdi ellegar tign. Hér verður sagt frá því prófastsdæmi, sem enn þraukar norður við Íshaf og Grænlandssund.

Skipulagið

Vestfjarðaprófastsdæmi nær yfir sjö prestaköll, sem öll eru á Vestfjarðakjálkanum. Syðst þeirra er Reykhólaprestakall en því tilheyra tvær sóknir sunnan Gilsfjarðar í Dölnum og eins Flateyjarsókn á Breiðafirði auk tveggja sókna, sem næst eru Reykhólasókn. Í norðurátt frá Reykhólum handan Þróskulda er Hólmavíkurstakall, afar víðlent prestakall með átta sóknum, sem nær bæði yfir Strandirnar allar auk þess að þjóna tveimur sóknum við innanvert Ísafjarðardjúp. Prestarnir á Reykhólum og Hólmavík hafa með sér samstarf og leysa þær sr. Elína Hrund Kristjánsdóttir og sr. Sigríður Óladóttir hvor aðra af. Einnig hafa þær átt gott samstarf við nágrannaprest sinn í Búðardal, sr. Önnu Eiríksdóttur. Er það samstarf einkum á sviði fermingarfræðslu en börn úr þessum prestaköllum hafa stundum farið saman í fermingarbúðir.

Vestast á Vestfjörðum er Patreksfjarðarprestakall. Það nær yfir átta sóknir, þar af eru þrjár í þéttbýli, það er á Bildudal, Tálknafirði og Patreksfirði. Sóknarprestur er sr. Leifur Ragnar Jónsson en auk hans þjónaði einnig í prestakallinu sr. María Guðrún Gunnlaugsdóttir. Því miður er sr. María að láta af störfum um þessir mundir þar eð hún er að flytja til Svíþjóðar. Er henni þökkuð vel unnin störf.

Á norðanverðum Vestfjörðum eru fjögur prestaköll. Þingeyrarprestakall er þeirra syðst. Því tilheyra þéttbýlissóknin Þingeyri og síðan tvær sveitasóknir við Dýrafjörð auk Hrafseyrarsóknar við Arnarfjörð og Sæbólssóknar við Önuðarfjörð. Sóknarprestur á Þingeyri er sr. Hildur Inga Rúnarsdóttir en hún sinnir einnig skyldum héraðsprests. Holtsprestakalli tilheyra tvær þéttbýlissóknir, það er á Flateyri og Suðureyri auk tveggja sveitasókna. Sóknarprestur í Holti er sr. Fjöltnir Ásbjörnsson. Hann og sóknarpresturinn á Ísafirði, sr. Magnús Erlingsson, skiptast á að heimsækja fólk á sjúkrahúsinu og hafa þar helgistundir auk þess að vera með sameiginlega biblíulestra á Hlíf. Ísafjarðarprestakall er fjölmennasta prestakallið, enda nær heima-



Unaðsdalur.

sóknin yfir þéttbýlið á Ísafirði og eins í Hnífsdal. Þá tilheyrir prestakallinu ein sókn á Snæfjallaströnd, Unaðsdalssókn. Bolungarvíkurprestakalli tilheyrja tvær þéttbýlis-sóknir, það er í Bolungarvík og Súðavík, auk tveggja sveitasókna við sunnanvert Ísafjarðardjúp. Sóknarprestur í Bolungarvík er sr. Ásta Ingibjörg Pétursdóttir.

Af þessari upptalningu má sjá að í mörg horn er að líta hjá prestum á Vestfjörðum enda munu vera 37 sóknarkirkjur í prófastsdæminu auk 13 annarra kirkna og kapellna, sem stundum er messað í. Þá ber að hafa í huga að sumar þessar kirkjur verður ekki komist í nema á báti og vaðandi yfir hnédjúpar ár með hempu og kaleik á bakinu. Í annan stað getur prestur þurft að aka meira en 200 km áður en hann er kominn að sinni sóknarkirkju til að embætta.

Skipulag kirkjunnar á Vestfjörðum hefur og táknræna skírskotun. Prestaköllin eru sjö, samanber það að Guð skapaði heiminn á sjö dögum. Sjö er hin fullkomna tala, jafnvel tíminn er mældur í sjöundum því hver vika er sjö dagar. Þess vegna eru vestfirskir prestar prímprestar. Og helgistaðirnir sem þeir þjóna eru 40 en það er einnig biblíuleg tala, sem tengist erfiði og raunum því að Ísraelsmenn voru 40 ár í eyðimörkinni og Jesús fastaði í 40 daga. Sýnir þetta á táknrænan hátt það ok er prímprestarnir sjö ganga undir. Í hvert sinn er prestur kyssir stólu sína áður en hann leggur hana um herðar sér hvort sem er til að skíra ellegar messa yfir fáeinum sálum þá minnst hann þess að nú tekur hann á sínar aumu herðar ok Krists.

Vísitásiur og fundir

Prófastur vísitaraði Staðarkirkju í Aðalvík í júlíbyrjun en hún hefur verið gerð upp og færð í sitt upprunalega horf. Er kirkjan í afar góðu standi og ber að þakka Áttthagafélagi Sléttuhrepps fyrir fórnfústar starf við að gera þessum gamla helgidómi til góða. Eins hefur kirkjugarðurinn verið sleginn og reist nýtt sáluhlið. Prófastur

Kór Reykhólaprestakalls í Barmahlíðinni



messaði í Staðarkirkju en ekki komst hann til síns heima því sjóleiðin var ófær og var hann veðurtepptur í Aðalvík eina helgi í júlí. Ekki kom það að sök því þetta veitti prófastinum tækifæri til að skella sér á harmónikkuball í gamla skólhúsinu. Þar sá hann að nútíminn hefur haldið innreið sína að Sæbólí því nú er boðið þar upp á leigubíl; er þetta hálfur fólksbíll, sem festur er aftan í fjórhjól.

Þá tók prófastur út tvo kirkjugarða. Kirkjugarðurinn í Unaðsdal hefur verið sléttaður, sleginn og girtur með kaðli. Reist hefur verið einfalt sáluhlið. Er mikil þrýði að þessum endurbótum. Ekki er lengur þörf á fjárheldri girðingu á þessum stað því engar eru kindur í sveitinni. Þær fóru með síðustu ábúndunum á ströndinni. Nú er einungis sumarbyggð á Snæfjallaströnd. Þá skoðaði prófastur gamla kirkjugarðinn á Kirkjubólí í Langadal. Er sá garður í mikilli órækt og svo þýfur orðinn að erfitt er að ganga þar um í leit að uppistandandi legsteinum. Þennan kirkjugarð þyrfti að slétta og endurbæta.

Tveir héraðsfundir voru haldnir á starfsárinu. Það kom auðvitað ekki til af góðu. Héraðsfundur Vestfjarðaprófastsdæmis 2013 var haldinn á Tálknafirði þann 1. september en ástæða þess að hann var haldinn svo seint á árinu var sú að áður hafði verið boðað til fundar tvisvar sinnum en í hvorugt skipti verið akfært sökum hríðarbyls. Héraðsfundurinn hófst með guðspjónustu í Tálknafjarðarkirkju þar sem sr. María Guðrún Gunnlaugsdóttir var sett inn í embætti. Eftir guðspjónustu var snæddur hádegisverður á Hópinu á Tálknafirði og eftir mat var tekið til við fundarstörf. Héraðsfundur Vestfjarðaprófastsdæmis 2014 var haldinn á Þingeyri þann 27. apríl síðastliðinn. Hann hófst með messu í Þingeyrarkirkju en síðan snæddu leikir og lærðir dýrfirskt lamb, hnossgæti. Á þeim fundi var samþykkt að eftirleiðis yrðu héraðsfundir haldnir að hausti til. Hyggjumst við gera þetta í trássi við starfsreglur kirkjuþings, enda sagði Marteinn Lúter að menn væru fremur bundnir af eigin sannfæringu en bábiljunum úr Babylon suðursins.

Hugmyndirnar að sunnan

Hér í vestrinu fær maður það stundum á tilfinninguna að allar slæmar hugmyndir komi að sunnan. Áður hefur verið minnst á þá samþykkt kirkjupings að halda héraðsfundi á vorin þegar fjallvegir eru enn ófærir. Í vetur hafa fréttir spurst hingað vestur að einhverjir menn í höfuðstaðnum hafi eftir nokkra rannsókn og umþenkjan komist að þeirri niðurstöðu að sóknir séu of litlar og fámennar hér í vestrinu. Sýnist þessum spekingum það þjóðráð að sameina prestaköll og kirkjugarða í bland við sóknir. Telja þeir uppá að stórar einingar hljóti að vera hagkvæmari en litlar. Nú kann þetta að vera rétt í henni Reykjavík. Til dæmis er stór matvörubúð eins og Bónus miklu hagkvæmari en litla matvöruverlsunin á horninu í Vesturbænum, sem tveir ágætir bræður reka. En í vestrinu er þessu farið á annan veg. Þar er lítið stundum hagkvæmara en það stóra. Stórt hér vestra þýðir nefnilega viðfeðmi og langur akstur. Þannig myndi sameining kirkjugarða þýða það að umsjónarmaðurinn þyrfti að aka langan veg. Verra er að þegar umsjónin og ábyrgðin er tekin úr höndum heimamanna þá munu þeir hætta að hugsa um garðinn og ekki lengur slá hann í frístundum sínum. Að fá verktaka til að aka 100 km og slá síðan í verktöku einn kirkjugarð er auðvitað miklu dýrara en að þetta sé gert í sjálfböðastarfi eins og nú er raunin.

Eigi alls fyrir löngu var greint frá því í fjölmiðlum að ráðherra hefði ákveðið að flytja eina af stofnunum ríkisins út á land, nánar til tekið til Akureyrar. Skömmu síðar var greint frá því að fyrirhugaður flutningur hefði komið illa við starfsfólk stofnunarinnar og væru vinnuandi og starfsgleði í lágmarki, enda hafði þessi hagræðing komið fólkinu í opna skjöldu. Hvenær skyldi það gerast að forustumenn og hugsuðir kirkjunnar átti sig á því að allar þessar bollaleggingar um hagræðingu út á landi og niðulagningu embætta og starfseininga geti verið skaðlegar fyrir starfsanda og frumkvæði? Raunar benda rannsóknir til að eitt að því, sem dragi hvað mest úr vinnugleði fólks, sé þegar það fái það á tilfinninguna að það hafi ekkert um það að segja hvernig starf þess sé skipulagt eða því breytt. Stundum held ég að við prestarnir á Vestfjörðum séum bara tölur í einhverju exelskjali þarna fyrir sunnan.

Í raun er aðeins ein tala, sem skiptir máli, og það er skráning í þjóðkirkjuna. Á þremur mánuðum á fyrri hluta ársins 2013 skráðu 300 manns sig úr þjóðkirkjunni. Á þremur mánuðum á fyrri hluta ársins 2014 skráðu 410 fleiri manns sig úr þjóðkirkjunni heldur en í hana. Ég held að það væri nær að kirkjuping velti fyrir sér þessum tölum heldur en að vera að einblína á hversu fáar sálir búa í einhverri sveitasókn hérna fyrir vestan. Fækkun í sveitum og afskekktum byggðum er þróun, sem erfitt er að sporna við, en úrskráningar úr þjóðkirkjunni eru sannarlega til marks um kirkjunni gangi ekki of vel að sinna sínu hlutverki og köllun, sem hófst þegar Kristur sagði við fiskimanninn Pétur: *Héðan í frá skalt þú menn veiða.*

Enginn er eyland, einhlítur sjálfum sér. Hver þjóðkirkjuþegn, sem snýr baki við kirkjunni, er missir. Spyrr þú því aldrei hverjum klukkan glymur; hún glymur þér.

Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi

Sr. Dalla Þórðardóttir, prófastur

Starfið

Starf kirkjunnar er fjölbreytt og nær til allra aldurshópa, misvel þó. Þegar fólk er innt eftir því hvaða þættir séu mikilvægastir í starfinu er svarið jafnan að það sé barna- og æskulýðsstarfið. Einmitt þar er áherslan mest í starfi okkar.

Yngstu börnin koma í sunnudagaskóla eða presturinn heimsækir börnin á leikskóla. Þar nær boðskapurinn til allra og foreldrar þurfa ekki að gera sér aukaferð til að börnin getir notið kristilegrar uppfræðslu. Efnið sem í vetur hefur staðið til boða frá fræðsludeildinni er mjög gott og fjölbætt. Fyrir það er sjálfsagt að þakka.

TTT starf er rekið í öllum prestaköllum. Fermingarstarfið stendur með blóma Æskulýðsfélög eru við lýði aðeins í tveimur prestaköllum.

Prestar og djákni fara reglulega í heimsóknir á spítala og dvalarheimili og auk þess fara prestar og kirkjukórar til skiptis og messa þar. Eru þessar guðsþjónustur vel þegar. Íðulega eru með í för ungmenni sem spila og syngja og þarf ekki að fjölyrða um hversu mjög það léttir stundina og gleður augu.

Það eru helst aldurshóparnir á fimmtugs- og sextugsaldri, sem missa af starfi kirkjunnar og er það vissulega áhyggjuefni.

Þó ber að geta þeirrar nýjungar sem messuhópar eru. Að starfa í messuhópi gefur fólki færi á að kynnast helgihaldinu og taka þátt í undirbúningi og messuhaldi.

Messur um hátíðar eru mjög vel sóttar, sérlega þó um jól. Má segja að allar kirkjur séu þá þétt setnar.

Starfsfólk

Máttarstólpur kirkjustarfsins eru kirkjukórarinn og þakka má það vel hæfum og áhugasömum organistum af hve mikilli tryggð fólkið sinnir því starfi. Annar ráðandi þáttur er að fólk sinnir vel um sína kirkju og er það metnaðarmál að guðsþjónustan fari vel fram og allt sé með sóma. Vel flestir kórar hittast reglulega til æfinga, en aðrir koma saman í tilefni hvernar messu. Í mörgum kórum eru þau sem lengi hafa sungið í kirkjunni sinni og muna áratugi aftur í tímann og unglingar eða börn vart af barnsaldri, sem eru að hefja sitt starf. Það er dýrmætt að þannig geta hin eldri miðlað sinni reynslu og hin yngri komið fram með sín sjónarmið. Íðulega er það að sest er niður til að spjalla og njóta veitinga eftir æfingar og má telja þessar stundir til uppbyggilegs starfs innan kirkjunnar.

Prestar hittast á fundi nær alla mánuði að vetrinum.

Haustið 2013 fékk sr. Ursúla Árnadóttir á Skagaströnd launalaust leyfi og var sr. Bryndís Valbjarnardóttir sett í hennar stað. Er leið á veturinn sagði sr. Ursúla embætti sínu lausu og í kjölfarið var Skagastrandarprestakall auglýst laust til umsóknar. Umsækjendur voru fjórir en einn þeirra dró umsókn sína til baka. Var sr. Bryndís ráðin og er skipuð frá 1. ágúst 2014.



Aðventuhátíð í
Sauðárkróskirkju.
Mynd: Hjalti Árnason,
Sauðárkróki

Sr. Gunnar Jóhannesson á Hofsósi flutti sig um set vetrarlangt til að sinna starfi héraðsprests í Kjalarnessprófastsdæmi. Sr. Gylfi Jónsson þjónaði prestakallinu þann tíma. Sr. Gunnar hefur nú fengið leyfi frá störfum í hálf t. ári til viðbótar.

Kristín Árnadóttir lætur af störfum djákna sökum aldurs í lok þessa árs. Hún var ráðin til starfa í Húnavatnsprófastsdæmi og hefur haldið áfram að sinna störfum í sameinuðu prófastsdæmi. Aðallega hefur hún sinnt barna- og öldrunarstarfi en hefur einnig séð um helgistundir og aðstoðað við athafnir að beiðni sóknarprestanna.

Fyrir hönd héraðsnefndar þakka ég henni samstarfið og einlægan áhuga.

Héraðsfundur 2014

Héraðsfundur ársins 2014 var haldinn á Hvammstanga. Fundurinn hófst með messu í Hvammstangakirkju kl. 11 þar sem Kristín Árnadóttir, djákni prédikaði en staðarprestur, sr. Magnús Magnússon, þjónaði fyrir altari.

Í skýrslu prófasts kom m.a. fram þessi ábending:

„Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands bjuggu hér í prófastsdæminu 5. 714 manns 1. desember 2013.

Sé Árbók kirkjunnar skoðuð má sjá þrjár tölur við hverja sókn, fyrst er mannfjöldi, þá tala sóknarfólks, þ. e. þeirra, sem eru í þjóðkirkjunni og loks tala gjaldenda, en það eru 16 ára og eldri.

Í sumum sóknum er nokkur munur á mannfjölda og tölu sóknarbarna. Ég hvet sóknarnefndir til að líta á þessi mál hjá sér og bjóða fólki að ganga í þjóðkirkjuna. Stundum mun svo að fólk veit ekki af því sjálft að það er ekki í kirkjunni og á það t.d. við um útlendinga, sem hér búa, hafa fengið ríkisborgararétt og telja að aðild að þjóðkirkjunni hafi fylgt með.“

Sr. Sigríður
Gunnarsdóttir
við fermingu í
Sauðárkróskirkju
vorið 2014.
Mynd: Hjalti
Arnason, Sauðárkróki



Ný héraðsnefnd var kjörin á fundinum, þar sem sr. Guðni Þór Ólafsson, sem verið hefur gjaldkeri héraðssjóðs frá sameiningu prófastsdæmanna, gaf ekki kost á sér.

Við höfum notið reynslu og vandvirkni sr. Guðna Þórs og flyt ég honum þakkar fyrir gott samstarf.

Kjörinn var sr. Magnús Magnússon og tekur hann við störfum gjaldkera.

Jóhanna Magnúsdóttir í Ártúnum var endurkjörin í héraðsnefnd, en varamenn voru kjörnir sr. Gísli Gunnarsson og Halldór Guðmundsson í Holti.

Fulltrúar á leikmannastefnu eru Guðrún Lára Magnúsdóttir á Melstað, Kristín Bjarnadóttir á Hofsósi og Kristján Kristjánsson á Steinsstöðum.

Fulltrúi á aðalfund Hjálparstarf kirkjunnar var kjörin Sigurlaug Guðmundsdóttir á Reynistað og til vara Kristín Árnadóttir, djákni.

Lögð var fram tillaga um sameiningu Vesturhópshólasóknar og Hvammstanga-sóknar og jafnframt var lagður fram samningur sem sóknarnefndir beggja sókna gerðu með sér um sameininguna. Var tillagan samþykkt.

Ágætar umræður urðu um mál fundarins.

Eftir kaffihlé var fundarfólki skipt í þrjá umræðuhópa um þessi efni:



Glitský yfir
Sauðárkróskirkju
Mynd: Hjalti
Árnason, Sauðárkróki

1. Kirkjurnar okkar, þurfum við þær allar?
2. Að færa verkefni þjóðkirkjunnar heim í hérað.
3. Hver eru mikilvægustu verkefni þjóðkirkjunnar?

Afkoma ársins var ágæt og má þakka þá niðurstöðu aðhaldi í fjármálum.

Héraðsnefnd hefur þó styrkt starfið myndarlega en stærstur hluti framlaga er til barna- og æskulýðsmála, sem von er. Munar þar mest um ferðir fermingarbarna á mót, ferðir á TTT mót og æskulýðsmót.

Hugleiðing

Samkvæmt skýrslum um messuhald má ráða að messur, sunnudagskólar og athafnir hafi á liðnu ári verið um 550.

Sálgæsla í síma mælist 430 skipti og vitjanir á heimili og stofnanir tæp fimm hundruð skipti. Starfsstundir átta sóknarpresta, samkvæmt skýrslum eru frá bilinu 49 á viku upp í 63 á viku. Þetta þýðir að hver einasti embættismaður hér hefur lengri vinnudaga en vera ber. Ekki getur það gengið svo til lengdar.

Eitt af því sem breyst hefur undanfarin ár eða síðasta áratug er að nú mun það undantekning að skírt sé í messu. Eftirsjá er að því en hins vegar hefur þessari breytingu fylgt að þeim hefur fjölgað sem koma til að fagna hinum nýja meðlim í kirkjunni. Auk fjölskyldunnar eru ættingjar og vinir. Þar er komið unga fólkið og miðaldra, sem við höfum ekki náð að laða til kirkjunnar.

Oft er kirkjan þéttsetin við skírn og þarna er tækifæri til boðunar.

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

Sr. Jón Ármann Gíslason, prófastur

Öll vinnum við að framgangi sama málefnis. Það er stórkostlegt að mega þjóna í kirkju Krists og leitast við að greiða orði hans veg inn í heiminn. Þar höfum við öll mikilvægu hlutverki að gegna. Miðlun fagnaðarerindisins, orðs sáttagjörðar og friðar, er sá leiðarsteinn sem við megum aldrei missa sjónar af. Horfum til fordæmis Jesú Krists, þess er sagði: *Því að Mannssonurinn er ekki kominn til þess að láta þjóna sér, heldur til þess að þjóna, og gefa líf sitt til lausnargjalds fyrir marga. (Mark. 10.)* Við megum treysta því, að Jesús Kristur, höfundur og fullkomnari trúarinnar, sleppi ekki hendi sinni af kirkju sinni. Það er hann sem nærir og viðheldur kirkju sinni með orði sínu og anda. Hér vil ég byrja á að tilkynna, að á hausti komanda mun biskup Íslands, Frú Agnes M. Sigurðardóttir vísitera prófastsdæmið og ef að líkum lætur mun heimsókn hennar verða kirkjulífi ogsafnaðarfólki til uppörvunar og blessunar. Dagsetningar liggja enn ekki fyrir, en reikna má með að nokkuð verði liðið á haustið, er vísitásián fer fram. Frú Agnes hefur raunar vísitarað austustu sóknir prófastsdæmisins í N-Þingeyjarsýslu, um pálmásunnudagshelgina í apríl. Agnes vitjaði raunar Dalvíkinga síðastliðið sumar í tengslum við Fiskidaginn mikla og prédikaði við guðsþjónustu þar.

